



Oft má satt kyrrt liggja

Vítaleysi sannra ærumeiðinga, einkum með tilliti til fjölmiðla

- Ritgerð til meistaraþrófs í lögfræði -

Skúli Á. Sigurðsson

Lagadeild
Félagsvísindasvið
Leiðbeinandi: Dr. Páll Sigurðsson
Febrúar 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Skúli Á. Sigurðsson

Oft má satt kyrrt liggja

Vítaleysi sannra ærumeiðinga, einkum með tilliti til fjölmiðla

Ritgerð til meistaraþrófs í lögfræði

Leiðbeinandi: Dr. Páll Sigurðsson

Lagadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2013

„En auk þess er það misskilningur, að til sé nokkur siðferðilegur eða lögvarinn réttur, eða réttur, sem ætti að njóta réttarverndar, til þess að viðhafa vítalaust hvers konar ummæli, ef sönn eru. Oft má satt kyrrt liggja, segir íslenskt máltæki.“

Dr. Gunnar Thoroddsen
(Fjölmæli, bls. 197)

AÐFARAORÐ

Innilegar þakkir færi ég Dr. Páli Sigurðssyni, leiðbeinanda mínum, fyrir trausta handleiðslu við ritgerðarsmíðina og ánægjulega samvinnu; Sigurði Karlssyni, föður mínum, fyrir ýtarlegan yfirllestur og fjölmargar gagnlegar athugasemdir við verkið, sér í lagi varðandi málfar og stíl; Elínu Sigurðardóttur, systur minni, fyrir umbrot og uppsetningu ritgerðarinnar; og Jóni Gunnari Ásbjörnssyni, hdl., fyrir yfirllestur verksins að hluta og þarfar athugasemdir. Þá færi ég vinum mínum og félögum í lagadeild bestu þakkir fyrir ánægjulegar stundir á undanförunum árum sem og fyrrum samstarfsfólki mínu á Morgunblaðinu, þar sem hugmyndin að efni þessarar ritgerðar kviknaði. Síðast en ekki síst stend ég í mikilli þakkarskuld við Ásdísi Skúladóttur, móður mína, fyrir ómetanlegan stuðning af ýmsum toga meðan á námi mínu stóð.

Reykjavík, 6. janúar 2013

Skúli Á. Sigurðsson

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	7
2. Af fjölmiðlum	10
2.1 Hvað er fjölmiðill?	10
2.2 Hlutverk og mikilvægi fjölmiðla	13
2.3 Réttarheimildir er varða fjölmiðla	18
2.3.1 Fjölmiðlalögin.	19
2.3.2 Upplýsingalög.	21
2.3.3 Önnur sett lög	22
2.3.4 Aðrar réttarheimildir	23
3. Tjáningarfrelsi	24
3.1 Almenn	24
3.2 Helstu réttarheimildir	25
3.2.1 Stjórnarskrá Íslands	26
3.2.2 Mannréttindasáttmáli Evrópu	27
3.2.3 Aðrar alþjóðaskuldbindingar	30
3.3 Nánar um tjáningarfrelsi	30
3.3.1 Umfang tjáningarfrelsis og vernd þess	30
3.3.2 Tjáningarfrelsi fjölmiðla	33
3.3.3 Hömlur á tjáningarfrelsi.	34
3.3.3.1 Ritskoðun og sambærilegar tálmanir	35
3.3.3.2 Ákvæði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár	35
3.3.3.3 Hömlur á tjáningarfrelsi fjölmiðla	37
4. Æra og æruvernd.	41
4.1 Almenn	41
4.1.1 Um æruna	41
4.1.2 Æruvernd	42
4.2 Ærumeiðingar	43
4.2.1 Helstu brot gegn æru að lögum	43
4.2.1.1 Móðgun	44
4.2.1.2 Aðdróttun	45
4.2.1.3 Önnur ákvæði laga	46
4.2.2 Ýmis atriði er varða ærumeiðingar	48

4.2.2.1	Framsetning, efni og fleira	48
4.2.2.2	Fullframning og saknæmi.	49
4.2.2.3	Málsforræði, úrræði og viðurlög	51
4.2.3	Ábyrgðarleysisástæður	52
4.2.3.1	Orðhefnd	52
4.2.3.2	Samþykki	53
4.2.3.3	Opinber umræða	53
4.2.3.4	Aðrar ábyrgðarleysisástæður	54
4.3	Fjölmæli í fjölmiðlum	54
5.	<i>Exceptio veritatis</i>	57
5.1	Reglan og grundvöllur hennar	57
5.1.1	Inntak	57
5.1.2	Grundvöllur reglunnar í íslenskum rétti.	59
5.1.3	Grunnrök að baki <i>exceptio veritatis</i>	61
5.2	Af sannindasönnun.	63
5.2.1	Almennt	64
5.2.2	Um gildisdóma	66
5.2.3	Staðhæfingar um staðreyndir	69
5.3	Ágrip af erlendum rétti.	74
5.3.1	Noregur	74
5.3.2	Danmörk	75
5.3.3	Engilsaxneskur fordæmisréttur	77
5.3.4	Réttur annarra þjóða.	78
5.4	<i>Exceptio veritatis</i> og fjölmiðlar	80
5.4.1	Þýðing reglunnar fyrir fjölmiðla	80
5.4.2	<i>Exceptio bona fidei</i>	82
5.4.3	Sönnunarbyrði vegna ummæla viðmælenda	86
5.4.4	Útbreiðsla orðróma og sönnun	88
5.4.5	Sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi.	89
5.4.6	Sönnun óhæfilegum erfiðleikum bundin	91
6.	Oft má satt kyrrt liggja	93
6.1	Rök gegn <i>exceptio veritatis</i>	93
6.2	Takmörk reglunnar.	94
6.2.1	Sönnunarfærsla óheimil.	95
6.2.2	Sönnun stoðar ekki	98

6.2.2.1	Tílefnislaus brigslyrði	98
6.2.2.2	Uppreist æru	103
6.2.2.3	Form og framsetning tjáningar	105
6.2.2.4	Friðhelgi einkalífs og fleira	106
6.3	Frávikin og fjölmiðlar	108
6.3.1	Þýðing takmarka <i>exceptio veritatis</i> , réttmæti þeirra og gagnsemi	108
6.3.2	Frávikin í ljósi sjónarmiða um rýmkað tjáningarfrelsi	109
6.3.3	Sönnunarbann og fjölmiðlar	112
6.3.4	Stjórnskipulegt gildi 2. mgr. 238. gr. alm. hgl.	112
7.	Ályktarorð	116
	Helstu skammstafanir	121
	Heimildaskrá	122
	Dómaskrá	128
	Lagaskrá	134

1. Inngangur

Hlutverk fjölmiðla er, meðal annars, að miðla og koma á framfæri upplýsingum um menn og málefni líðandi stundar eða fyrri tíðar. Þegar miðlar sem láta til sín taka í þjóðmálaumræðunni eiga í hlut er mikilvægt að þær upplýsingar sem miðlað er séu réttar og sannleikanum samkvæmar enda er vart unnt að tala um upplýsingar eða fréttir ef um er að ræða rangfærslur eða ósannindi. Segja má að þessir miðlar séu bundnir ríkri siðferðilegri og faglegri sannleiksskyldu. Þessi skylda, sem virðist hvergi fest í lög eða reglur um fjölmiðla hér á landi,¹ nær þó eðli máls samkvæmt ekki svo langt að segja þurfi frá eða miðla sérhverju því sem satt reynist í hverju efni. Undir vissum kringumstæðum er fjölmiðlum rétt og jafnvel skylt að láta hið sanna ósagt; oft má satt kyrrt liggja segir fornt íslenskt máltæki. Hér verður þó að taka mið af því að stundum er hægt ljúga með þögninni einni saman – hálf-sannleikur oftast er óhrekjandi lygi, orti Stephan G. Stephansson. Orða má þetta svo að fjölmiðlum beri að segja allan sannleikann um það sem máli skiptir hverju sinni fyrir umfjöllunarefnið, svo fremi hann eigi erindi við almenning og skerði ekki lögvarða hagsmuni annarra. Þegar þetta er metið koma, auk hefðbundins fréttamats, til skoðunar einkahagsmunir á borð við æru fólks og einkalíf en einnig almannahagsmunir á borð við landvarnir og áform ríkisins sem leynt skulu fara.²

Hvað varðar einkahagsmuni er sérstaklega að líta til togstreitunnar milli tjáningarfrelsis annars vegar og verndar æru manna og einkalífs hins vegar. Í þessu sambandi þarf að feta meðalveg milli þess að ganga of skammt í umfjöllum til að fjölmiðill gegni hlutverki sínu sem skyldi og að ganga of langt gagnvart æru og einkalífi þeirra sem fjallað er um. Stígi fjölmiðlamenn feilsþor á þessum vandrataða vegi eða villist af honum og láti of mikið uppi kann það að hafa lagalegar afleiðingar í för með sér, því þó svo að meginregla sé að hvorki varði bóta- né refsíabyrgð að segja satt er sú regla ekki án undantekninga. Augljóst er að þetta jafnvægi er ekki aðeins mikilvægt fyrir fjölmiðla, þá sem umfjöllun þeirra beinist að og þá sem fylgjast með fjölmiðlum, heldur einnig fyrir þjóðfélagið í heild sinni og þau gildi og viðmið sem lögð eru til grundvallar í lýðræðisríkjum og tryggja eiga viðgang þeirra. Meginreglan um vítaleysi sannra ummæla, *exceptio veritatis*, og undantekningar frá henni, einkum hvað varðar fjölmiðla, verða hér meginviðfangsefnið. Rýnt verður í grundvöll, inntak og beitingu reglunnar sem og mikla þýðingu hennar fyrir fjölmiðla. Ýmis atriði sem snerta fjölmiðla, ábyrgð þeirra og þátttöku í opinberri umræðu verða tekin til sérstakrar skoðunar.

¹ Rétt er að benda á að þó að enga beina sannleiksskyldu af þessum toga sé að finna í siðareglum Bláðamannafélags Íslands (BMÍ) þá rúmast hún innan bæði 1. og 2. mgr. 1. gr. þeirra. Í nýjum fjölmiðlalögum, nr. 38/2011, er hvergi vikið berum orðum að skyldu fjölmiðla til sannsögli.

² Sjá til dæmis 88., 91. og 92. gr. almennra hegningarlaga en undir þau ákvæði getur tvímælalaust fallið sönn fjölmiðlaumfjöllun sem varðað getur refsingu samkvæmt ákvæðunum.

Þá verður sjónum beint að rökum gegn reglunni og hvenær satt skuli kyrrt liggja að lögum. Áhersla verður lögð á hvernig þau tilvik horfa við fjölmiðlum en um það verður einkum að líta til þess hvort vegi þyngra á vogarskálunum, tjáningarfrelsi fjölmiðla og réttur almennings til upplýsinga eða æru- og einkalífsvernd fólks gagnvart því sem þó er satt.

Viðfangsefnið fellur fyrst og fremst innan sviðs *fjölmiðlaréttar*, þeirrar fræðigreinar lögfræðinnar sem fjallar um réttarreglur og réttarheimildir sem með einhverjum hætti varða stöðu og starfsemi fjölmiðla sem og réttarumhverfi það sem þeir búa við. Þetta réttarsvið er um margt sundurleitt og skarast við ýmsar aðrar greinar lögfræðinnar.³ Þarf þess vegna ekki að koma á óvart að viðfangsefnið hér snertir fleiri réttarsvið en fjölmiðlaréttinn, nefnilega *stjórnskipunarrétt* (tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs), *refsirétt* (meiðyrði o.fl.) og *persónurétt* (æru- og einkalífsvernd). Að auki verður fæti stigið inn á svið *heimspeki* í tengslum við tjáningarfrelsi og sannleika og skyggst inn í heim *fjölmiðla-* og *félagsfræði* þegar kemur að fjölmiðlunum sjálfum.

Þrátt fyrir þann ramma sem efnið skapar sér sjálft er óhjákvæmilegt að afmarka það enn frekar innan hans svo það verði ekki of viðamikið. Í fyrsta lagi verður, eins og framanritað ber með sér, áherslan lögð á *exceptio veritatis* og takmörk reglunnar frá sjónarhóli fjölmiðla og það hver þýðing hennar og frávika frá henni er fyrir þá í íslenskum rétti. Mun umfjöllunin fyrst og fremst taka mið af fjölmiðlaefni sem felur í sér einhvers konar innlegg í almenna þjóðmálaumræðu og fréttir af atburðum líðandi stundar (sjá kafla 2.1 um afmörkun fjölmiðlahugtaksins). Í öðru lagi verður sjónum fyrst og fremst beint að efninu í ljósi tjáningarfrelsis og æruverndar. Þessi afmörkun er nauðsynleg til að varna því að efnið verði of fyrirferðamikið og víðfeðmt. Þrátt fyrir þetta verður höfð hliðsjón af frávikum frá *exceptio veritatis* sem snúa að einkalífsvernd og nokkuð vikið að þeim og tengslum þeirra við frávik vegna æruverndar sökum þess hve náinn skyldleiki þeirra er. Þá verður áherslan á refsileysi sannra ærumeiðinga og aðeins stuttlega drepíð á firringu skaðabótaábyrgðar vegna þeirra. Í þriðja lagi verður umfjöllunin að mestu leyti takmörkuð við íslenskan rétt. Þó verður vikið með almennum hætti að réttarstöðunni meðal nokkurra erlendra þjóða og norrænn réttur hafður til hliðsjónar þegar hann hefur þýðingu fyrir íslenskt réttarumhverfi. Þá er óhjákvæmilegt að horfa til framkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg í allríkum mæli vegna sérstakra tengsla hans við íslenskan rétt á grundvelli skuldbindinga íslenska ríkisins.

Leitast verður við að draga upp skýra mynd af viðfangsefninu og gera grein fyrir öllum helstu atriðum þess með því að gaumgæfa íslenska löggjöf og réttarframkvæmd. Áherslan verður að mestu á gildandi rétt en litið verður til eldri réttar eftir því sem tilefni er til. Hvað

³ Sjá Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 21-23.

varðar réttarframkvæmd verður, eins og gefur að skilja, fyrst og fremst horft til dóma Hæstaréttar Íslands. Þar sem framkvæmd fyrir honum sleppir verður leitað fanga í framkvæmd héraðsdóma landsins með hefðbundnum fyrirvara um fordæmisgildi úrlausna þeirra. Þegar þess gerist þörf verður litið til danskra dómsúrlausna til hliðsjónar og eins og áður segir verður allnokkuð stuðst við dóma mannréttindadómstóls Evrópu enda eru áhrif þeirra að íslenskum rétti veruleg. Mikið verður byggt á íslenskum fræðaskrifum um viðfangsefnið, sem þó eru að töluverðu leyti fremur almenns eðlis og nokkuð komin til ára sinna. Að auki verður litið til fræðaskrifa erlendra höfunda um ýmis efni og verður það eðli máls samkvæmt fyrst og fremst þegar vikið er að rétti annarra þjóða.

Áður en *exceptio veritatis* og frávikum frá reglunni verða gerð skil mun í 2. kafla vikið að fjölmiðlum og ýmislegu er þá varðar. Næst verður, í 3. og 4. kafla, fjallað um hin stjórnarskrárvörðu réttindi sem koma til skoðunar, nánar tiltekið tjáningarfrelsið og takmarkanir á því annars vegar og æruvernd og ærumeiðingar hins vegar. Er þessi umfjöllun nauðsynleg til að skjóta stoðum undir meginviðfangsefnið sem leggur undir sig næstu tvo kafla þar á eftir.

Í 5. kafla verður meginreglan um *exceptio veritatis* tekin til athugunar og hún skoðuð ofan í kjölinn, sér í lagi með tilliti til fjölmiðla. Grundvöllur og bakgrunnur reglunnar verður gaumgæfður og rök að baki henni reifuð. Þá verður sönnun ummæla tekin til skoðunar og hugað að þeim greinarmun sem gerður er á gildisdómum og staðhæfingum um staðreyndir. Litið verður til erlends réttar áður en hugað er að nokkrum atriðum er að fjölmiðlum snúa. Í 6. kafla verður fjallað um frávik frá meginreglunni og þýðingu þeirra fyrir fjölmiðla. Fyrst verða helstu rök gegn reglunni reifuð og því næst verður sjónum beint að frávikum frá henni að íslenskum rétti. Að endingu verða nokkur atriði varðandi frávikin og fjölmiðla gaumgæfð. Verða þar fyrirferðamikil sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi og þýðingu þeirra í samhenginu.

Að öllu þessu frágengnu verða niðurstöður og ályktanir um efnið dregnar saman í 7. kafla. Þar mun höfundur einnig impra á nokkrum atriðum er efnið varða og setja fram hugleiðingar og athugasemdir sem því tengjast.

Umfjöllunin miðast við lög og rétt í lok árs 2012.

2. Af fjölmiðlum

Í þessum fyrsta efniskafla verða fjölmiðlar teknir til skoðunar og leitast við að varpa ljósi á þá eiginleika þeirra og einkenni sem skipta hér máli. Einnig verður hugtakið fjölmiðill gaumgæft og leitast við að skýra inntak þess eins og það verður notað hér en hugtakið og mörk þess skipta töluverðu máli fyrir umfjöllunarefnið og afmörkun þess. Þá verður fjallað um hlutverk og mikilvægi fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og stuttlega vikið að helstu réttarheimildum er þá varða. Um réttindi og skyldur fjölmiðla vísast að miklu leyti til 3. kafla.

2.1 Hvað er fjölmiðill?

Í íslenskri orðabók er orðið *fjölmiðill* skilgreint sem „tæki til að dreifa upplýsingum til mikils mannfjölda á stóru svæði (blöð, útvarp, sjónvarp, kvikmyndir o.fl.)“ og á orðið tæki hér óefað við úrræði eða aðferð frekar en áhald eða grip.⁴ Skilgreiningar á enska orðasambandinu yfir fjölmiðla, *mass media*, eru á sömu leið.⁵ Er ljóst af þessum skilgreiningum að mun fleira rúmast innan hugtaksins en það sem í daglegu tali er nefnt fjölmiðlar en þá er yfirleitt átt við tiltekna fréttá- og afþreyingarmiðla, oft kölluð fjölmiðlafyrirtæki, á borð við dagblöð, tímarit, hljóðvarp, sjónvarp, fréttavefi og slíkt.⁶ Hér getur einnig verið um að ræða bækur, ljósmyndir, dreifibréf, geisladiska eða vefsíður, svo fátt eitt sé nefnt. Einnig getur orðið hvort sem er átt við tiltekið fjölmiðlafyrirtæki, til dæmis Morgunblaðið eða fréttavefinn Mbl.is, eða úrræði til fjölmiðlunar, til dæmis hið prentaða orð eða veraldarvefinn, sem fleiri en eitt tiltekið fjölmiðlafyrirtæki nota eða geta notað sem tæki eða aðferð til að miðla efni. Af þessu má glögggt ráða að hugtakið er víðfeðmt og mörk þess og nákvæmt inntak óljóst.

Dreifing upplýsinga til fjölda fólks, fjölmiðlun, getur farið fram með ýmsum hætti, með ýmsum tækjum, úrræðum og aðferðum. Allt frá miðöldum hefur táknum og skilaboðum verið miðlað til fjölmenns hóps fólks á margvíslegan hátt, til dæmis með minnismerkjum, altarisöflum og sönglögum. Samræmt messuhald kaþólsku kirkjunnar er glögggt dæmi um þetta enda hefur hún þannig náð samtímis til óhemju fjölmenns hóps fólks.⁷ Tilfært er dæmi úr smíðju Umberto Eco:

⁴ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 18.

⁵ Sjá til dæmis *Collins English Dictionary - Complete & Unabridged*, 10. útgáfa (2009); *The American Heritage New Dictionary of Cultural Literacy*, 3. útgáfa (2005), og *Dictionary.com Unabridged* (skoðuð 18. maí 2012), byggð á *Random House Dictionary* (2012).

⁶ Sjá til dæmis Rowland Lorimer: *Mass Communications*, bls. 22, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 20.

⁷ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 215 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

1. Fyrirtæki framleiðir pólóboli með krókódíl á og auglýsir þá.
 2. Heil kynslóð byrjar að ganga í pólóbolunum.
 3. Sérhver kaupandi pólóbolanna auglýsir með krókóðilnum á brjósti sínu þessa tegund af pólóbolum. [...]
 4. Sjónvarpsútsending (sjónvarpsþáttur) sýnir, til að endurspegla raunveruleikann, ungt fólk sem gengur í krókóðilapólóbolunum.
 5. Ungir (og aldnir) horfa á sjónvarpsútsendinguna og kaupa fleiri pólóboli með krókóðilsmerkinu vegna þess að þeir bera með sér „æskuútlitið“.
- Hver er fjölmiðillinn? Auglýsingin? Útsendingin? Bolurinn?
Hver sendir skilaboðin? Framleiðandinn? Sá sem bolnum klæðist? Stjórnandi sjónvarpsþáttarins?
Sá sem greinir fyrirbærið?*⁸

Þetta sýnir vel hve teygjanlegt og órætt hugtakið fjölmiðill er, jafnvel þó að það sé notað í skýrt afmörkuðu samhengi. Vel virðist mögulegt að fella allt það sem að framan er tínt til undir hugtakið fjölmiðill í þeirri merkingu sem hér er til skoðunar en það hentar viðfangsefninu hér alls ekki og samræmist illa venjulegri notkun orðsins og almennri málvenju svo sem síðar verður vikið að.

Sá möguleiki fjölmiðla að ná til fjölda fólks er hluti allra þeirra orðabókarskýringa á hugtakinu fjölmiðill sem nefndar voru hér í upphafi, annað hvort beint eða óbeint. Íslensk orðabók bætir við að dreifing fjölmiðils nái til stórs svæðis. Þrátt fyrir þetta er hvorki unnt að gera að hugtaksskilyrði að fjölmiðill miðli efni til tiltekins lágmarksfjölda fólks né nái yfir ákveðið flatarmál landsvæðis. Svo dæmi séu tekin væri óeðlilegt að telja svæðisútsvarpsstöð í fámennu og smáu héraði eða bekkjarblað í grunnskóla ekki til fjölmiðla⁹ og með svipuðum hætti teldust bækur vera fjölmiðill, þ.e. tæki til fjölmiðlunar, þó að þær væru ekki lengur notaðar sem slíkur. Réttara er að horfa til þess hvort ætlaður fjölmiðill hafi möguleika, forms síns vegna, á því að ná til fjölda fólks á stóru landsvæði. Þannig væri eðlilegt að telja handskrifaðan minnismiða ekki til fjölmiðla þar sem með honum sem slíkum er ekki með góðu móti hægt að ná til fjölda fólks á stóru svæði. Væri þessi sami minnismiði fjölritaður má aftur á móti segja að um fjölmiðil geti verið að ræða, einhvers konar dreifibréf, í það minnsta í rúmum skilningi orðsins.

Í framhaldi af öllu þessu liggur beint við að spyrja hvort dreifing nokkurra minnismiða, með sömu skilaboðin handskrifuð á hvern þeirra, teldist fjölmiðlun. Meira púðri verður þó ekki eytt í mörk hugtaksins í þessari rúmu merkingu þar sem hér nægir að leiða í ljós að

⁸ Rowland Lorimer: *Mass Communications*, bls. 22-23. Þetta dæmi er tekið upp í athugasemdum við frumvarp til laga um fjölmiðla, þskj. 215, 139. lögb. 2010-11, bls. 215-216 (enn óbirt í A-deild Alþt.), og er hér að töliverðu leyti byggt á þýðingunni þar. Höfundur breytti henni og lagfærði nokkuð til samræmis við frumtextann. Áherslur eru úr frumtextanum.

⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 18-19.

hugtakið fjölmiðill, inntak þess og mörk, er langt í frá skýrt afmarkað og getur náð yfir ótal mismunandi „tæki til að dreifa upplýsingum“.¹⁰

Sú merking sem lögð er í hugtakið fjölmiðill í daglegu tali er fyrirtæki, nánar tiltekið fjölmiðlafyrirtæki, sem hefur sína aðferð eða aðferðir við miðlun, tiltekna viðskiptahagsmuni, hömlur og markhópa og miðlar efni einhliða og ópersónulega frá fámennum hópi til fjölmenns og óskipulegs hóps viðtakenda með skjótum og samfelldum eða reglubundnum hætti.¹¹ Segja má að þetta sé skilgreiningin á hugtakinu *fjölmiðill í eiginlegri merkingu* og er hún öllu þrengri en þær skilgreiningar sem áður eru reifaðar. Þessi skilgreining á fjölmiðlum er að mestu leyti í samræmi við 13. tl. 2. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla sem er svohljóðandi:

Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.

Óhætt má telja að leggja þessar tvær skilgreiningar að jöfnu að nánast öllu leyti en innan þeirra beggja rúmast fjölmargar ólíkar tegundir fjölmiðla sem nú eru fyrir hendi en einnig er svigrúm fyrir nýjar tegundir sem fram kunna að koma í framtíðinni. Vera kann að skilyrði skilgreiningar á fjölmiðli í eiginlegri merkingu um að miðlunin sé einhliða, ópersónuleg, frá fámennum hópi og fari fram með skjótum hætti, dragi eilítið önnur mörk um hugtakið en skilgreining laga um um fjölmiðla en ekki er ástæða til að ætla að þetta skipti sköpum. Þegar hugtakið fjölmiðill er notað hér framvegis verður átt við fjölmiðla í eiginlegri merkingu eins og þeim er lýst hér áður nema annað sé sérstaklega tekið fram. Víst er að þessi skilgreining er ekki fullkomin eða algild og vafalaust má tína til fjöldann allan af miðlum sem erfitt væri að ákvarða stað innan eða utan marka hennar. Þó verður að telja að hún sé nógu skýr fyrir viðfangsefnið hér og hefur frekari krufning eða afmörkun hugtaksins því ekki þýðingu. Þá þykir þetta henta viðfangsefninu betur en að notast við hinar yfirgrípsmeiri skilgreiningar.

Við þessa afmörkun fjölmiðilshugtaksins er því að bæta að í umfjölluninni hér verður athyglinni aðallega beint að fjölmiðlum sem miðla efni sem felur í sér einhvers konar innlegg í almenna þjóðmálaumræðu og frétttaflutning. Í daglegu tali er algengt að hugtakið fjölmiðill eigi fyrst og fremst við um þá miðla sem dreifa efni af þessum toga en þeir miðla í

¹⁰ Um þetta má vísa til athugasemda við frumvarp til laga um fjölmiðla, þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 214-215 (enn óbirt í A-deild Alþt.), og Rowland Lorimer: *Mass Communications*, bls. 22-23.

¹¹ Daniele Albertazzi og Paul Cobley: „Introduction“, bls. 6; Daniele Albertazzi og Paul Cobley: „What are the Media?“, bls. 75; þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 214 (enn óbirt í A-deild Alþt.), og Denis McQuail: *McQuail's Mass Communication Theory*, 5. útgáfa, bls. 4. Það athugist að fjölmiðill í þessum skilningi þarf ekki að vera sjálfstæð lögpersóna.

grundvallaratriðum raunsönnum frásögnum af atburðum líðandi stundar,¹² allt frá sviptingum í stjórnámálum og meðferð mála fyrir dómstólum til holdafars stjarnanna og mikilla vinsælda hljómplötu áður óþekktrar spútnikhljómsveitar. Í þessu samhengi er gjarna talað um fréttir og frétttaflutning en rétt er að staldra við að ekki er hér gert ráð fyrir að efnið sem miðlað er feli í sér nýmæli, skúbb¹³ eða eitthvað óvænt enda þýðir orðið frétt samkvæmt íslenskri orðabók ekki aðeins fregn eða tíðindi, sem bendir til að frétt þurfi að fela í sér einhver nýmæli, heldur einnig frásögn. Hér ber að athuga að efni og efnistöð fjölmiðils ákvarða hvort hann fellur undir framangreint, efnið skilgreinist ekki af fyrirfram ákveðinni flokkun miðilsins.

Þó að við fyrstu sýn mætti ætla að þetta tillit til efnisvals fjölmiðla sé til þess fallið að gera afmörkun fjölmiðilshugtaksins hér óskýrari en ella verður að nánar athuguðu máli að telja að svo sé ekki, afmörkunin sé eftir sem áður jafn skýr – eða óskýr. Þessi nálgun felur í sér vissa þrengingu hugtaksins fjölmiðill og þjónar, í samhengi þessarar ritgerðar, því mikilvæga hlutverki að skilja fjölmiðla á borð við fræðatímarit, teiknimyndablöð, samskiptavefsíður, vefdagbækur, auglýsingabæklinga, tónlistarútlit, afþreyingarkvikmyndir o.s.frv. undan umfjöllunarefninu.¹⁴ Að auki leiðir þessi hugtakanotkun til að umfjöllunin verður skýrari og minnkar hættuna á ruglingi um við hvað sé átt hverju sinni.

2.2 Hlutverk og mikilvægi fjölmiðla

Í aðalatriðum felst hlutverk fjölmiðla í lýðfrjálsu þjóðfélagi í því að upplýsa, fræða, mennta og skemmta almenningi, í það minnsta þeim hluta sem kys að fylgjast með þeim, auk þess að koma á framfæri almennum tilkynningum og auglýsingum. Mjög mismunandi er eftir fjölmiðlum hvar áherslurnar liggja.¹⁵ Um það sem þjóðfélagið þarfnast af fjölmiðlum segir í skýrslu Hutchins-nefndarinnar sem falið var að rannsaka stöðu og framtíðarhorfur tjáningarfrelsis fjölmiðla í Bandaríkjunum og kom út árið 1947:

Nú á tímum þarf samfélag okkar, *í fyrsta lagi* sanna, yfirgripsmikla og skynsamlega umfjöllun um atburði dagsins í samhengi sem gefur þeim merkingu; *í öðru lagi* vettvang fyrir orðaskipti og gagnrýni; *í þriðja lagi* leið til að miðla skoðunum og viðhorfum hópa samfélagsins frá einum

¹² Jackie Harrison: „News Media“, bls. 246-247. Sjá einnig *Collins English Dictionary - Complete & Unabridged*, 10. útgáfa (2009), og *Dictionary.com Unabridged* (skoðuð 24. maí 2012), byggð á *Random House Dictionary* (2012).

¹³ Orðið skúbb er slangur úr ensku (*scoop*) sem mikið er notað meðal fjölmiðlamanna og þýðir samkvæmt íslenskri orðabók að vera fyrstur með frétt eða sú frétt sem einhver er fyrstur með. Í daglegu máli fjölmiðlafólks er jafnvel talað um að skúbbna frétt þegar átt er við að vera fyrstur með hana.

¹⁴ Það ber að athuga að þær reglur sem eiga við um fjölmiðla í þeirri merkingu sem hér er höfð til grundvallar eiga vafalaust oft við annars konar fjölmiðla að einhverju eða öllu leyti.

¹⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlar*, bls. 40. Sjá einnig þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 205 og áfram (enn óbirt í A-deild Alþt.).

til annars; í fjórða lagi aðferð til að setja fram og skýra markmið og gildi samfélagsins; og í fimmta lagi leið til að ná til sérhvers meðlims samfélagsins með því flæði upplýsinga, hugmynda og tilfinninga sem fjölmiðlarnir veita.¹⁶

Hlutverk fjölmiðla getur þó verið allt annað þegar um er að ræða þjóðfélög sem ekki lúta leikreglum einhvers konar lýðræðis en óefað er fjölmiðlum víða ætlað að gegna áróðurs- og innrætingarhlutverki, hvort sem þeir sem völdin hafa gangast við því opinberlega eða ekki. Í þessu samhengi verður líka að athuga að þó að hlutleysi kunní almennt að teljast til dyggða fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélögum er fjölmiðlum frjálst að taka afstöðu til málefna og atburða, þótt þeir verði að gæta sín á að skrumskæla ekki sannleikann, og verða mörkin milli fréttafnis og stjórn mála- eða áróðursskrifa því oft óljós.¹⁷

Þeir fjölmiðlar sem láta til sín taka með einum eða öðrum hætti í þjóðmála- og stjórn málaumræðu leggja alla jafna fyrst og fremst áherslu á upplýsingahlutverk sitt þó að nánast sé óhjákvæmilegt að þeir sinni öðrum hlutverkum sínum um leið – að minnsta kosti ef rækja á upplýsingarhlutverkið svo vel sé. Komast má svo að orði að þeir skuli gefa snöggsóðið yfirlit yfir atburði líðandi stundar og boða það sem dagurinn kemur til með að bera í skauti sér. Þeir skuli vera eins konar áttaviti almennings í völuðarhúsi samfélagsins og koma reiðu á óreiðu tilverunnar með því að setja hlutina í samhengi.¹⁸

Allt frá því á 17. öld hefur verið litið svo á að lýðræði sem stjórnarform geti ekki þrífist án frjálsra fjölmiðla. Kenningasmiðir Upplýsingaraldarinnar héldu því fram að opinber umfjöllun og gegnsæi veittu öflugastar varnir gegn kúgun og geðþóttavaldi ráðamanna og gekk heimspekingurinn Montesquieu svo langt að tala um lækningu við misnotkun valds. Enn í dag er sú skoðun útbreidd að frjálsir fjölmiðlar gegni, þrátt fyrir hið mikla upplýsingaflóð nútímans, lykilhlutverki í að viðhalda og hlúa að lýðræðinu;¹⁹ þeir skapi vettvang fyrir umræður og kynni þá sem sækjast eftir völdum í þjóðfélaginu auk þess að gegna menningarhlutverki og endurspegla raunveruleikann og setja fram skilgreiningar á því sem þar er að finna.²⁰ Hefur því jafnvel verið haldið fram fullum fetum að engin almannaþjónusta sé eins mikilvæg

¹⁶ *A Free and Responsible Press*, bls. 20-21. Þýðing og áherslur höfundar. Rétt er að taka fram að í skýrslunni er yfirleitt talað um *the press* en í þessu samhengi má leggja það hugtak að jöfnu við það sem hér hefur verið kallað fjölmiðlar í eiginlegri merkingu.

¹⁷ Sjá til dæmis Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 41-42, einkum neðanmáls.

¹⁸ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 213-25 (enn óbirt í A-deild Alþt.). Það athugist að í tilvísuðum texta er talað um fjölmiðla en af samhenginu og orðunum sjálfum er ljóst að átt er við fjölmiðla sem miðla efni sem felur í sér innlegg í þjóðmálaumræðuna, sjá einkum bls. 213 þar sem dregin er lína milli „hinna eiginlegu fjölmiðla“ og annarra miðla.

¹⁹ Sheila S. Coronel: „The Role of the Media in Deepening Democracy“, bls. 3-4. Sjá einnig *A Free and Responsible Press*, bls. 6 og 13.

²⁰ Denis McQuail: *McQuail's Mass Communication Theory*, 4. útgáfa, bls. 4.

almenningi og fjölmiðlun.²¹ Er það ekki að ófyrirsynju þar sem upplýsingar fólks um veröldina utan nærumhverfisins og upplifun þess af henni er að mjög takmörkuðu leyti fengin milliliðalaust og flest það sem fólk telur sig vita og skilja um heiminn er komið til vitundar þess fyrir milligöngu fjölmiðla í rýmri merkingu. Fjölmiðlarnir hafa ekki aðeins á valdi sínu miðlun staðreynda og upplýsinga sem milliliður heldur móta þeir og leiða upplifun fólks með umfjöllun sinni og efnistöfum.²²

Fjölmiðlar verða á hverjum tíma sú heimild sem segir til um hvað sé satt og ósatt, hvað sé raunveruleiki og hvað sé hugarburður, hvað sé mikilvægt og hvað sé léttvægt. Ekkert annað afl mótar með áhrifameiri hætti viðhorf almennings, jafnvel valdbeiting sigrar aðeins ef henni tekst að skapa jákvætt viðmót gagnvart þeim sem valdinu beitir.²³

Fjölmiðlarnir geta því haft mikið að segja um hvernig staðreyndir, atburðir líðandi stundar, fólk og fyrirbæri koma almenningi fyrir sjónir og í raun haft áhrif á gang mála og jafnvel heimssögunnar með því hvort og hvernig þeir takast á við umfjöllunarefni sín.²⁴ Þetta má þó ekki skilja svo að fólk stjórnist beinlínis af fjölmiðlum; vísindalegar rannsóknir um áratugaskeið sýna að þeir gera ekki út um það hvað fólk hugsar eða hver skoðun þess er heldur hafa þeir áhrif á að hverju hugsunin eða skoðunin beinist.²⁵

Sé allt framangreint haft í huga er ekki að undra að fjölmiðlar séu oft nefndir fjórða grein ríkisvaldsins í lýðræðisríkjum enda er hér lýst virku þjóðfélagsafla og áhrifavaldi.²⁶ Þetta getur vissulega átt við um alla fjölmiðla, hvort sem er í rýmri eða þrengri merkingu, en hafið er yfir vafa að þetta á fyrst og fremst við um fjölmiðla í þeirri merkingu sem hér er lögð til grundvallar enda eru það þeir sem koma á framfæri staðreyndum og upplýsingum um veruleikann sem taka má trúanlegar eða er í það minnsta ætlað það hlutverk. Geta þeir því ekki aðeins mótað viðhorf til staðreynda, atburða og annars heldur einnig til þess hvað séu staðreyndir og hvað á sér stað. Um þetta segir í áður nefndri skýrslu Hutchins-nefndarinnar:

Þessi fyrirtæki [fjölmiðlar, innsk. höf.] greiða fyrir hugsun og umræðu. Þau geta kæft hana. Þau geta flýtt framþróun siðmenningar eða þau geta grafið undan henni. Þau geta spillt mannkyninu og gert það lágvægt. Þau geta stofnað friði í heiminum í hættu; það geta þau gert óviljandi, fyrir stundlegt hugsunarleysi. Þau geta ýkt eða dregið úr fréttum og mikilvægi þeirra, alið á og

²¹ *A Free and Responsible Press*, bls. 77.

²² C. Wright Mills: *The Power Elite*, bls. 311.

²³ Ben H. Bagdikian: *The Media Monopoly*, bls. xxvi. Þessi orð eru tekin upp í athugasemdum við frumvarp til gildandi fjölmiðlalaga og er þýðingin fengin þaðan, sjá þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 206 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

²⁴ *A Free and Responsible Press*, bls. 3.

²⁵ Jean Seaton: „A Diversity of Understanding: The Increasing Importance of Major Public Service Broadcasting Institutions“, bls. 121.

²⁶ Sjá til dæmis Sheila S. Coronel: „The Role of the Media in Deepening Democracy“, bls. 1 og 3-4; Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 39, og þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 205 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

nært tilfinningar, búið til andvaralausán uppspuna og blindbletti, misnotað stóru orðin og haldið á loft innantómum slagorðum. Svigrúm þeirra og vald eykst dag frá degi á meðan ný úrræði verða þeim möguleg. Þessi úrræði geta dreift lygum hraðar og víðar en forfeður okkar dreymdi um þegar þeir skrinlögðu tjáningarfrelsið í fyrsta viðaukann við stjórnarskrá okkar.²⁷

Þetta á ekki síður við í dag en þegar skýrslan kom út og jafnvel enn frekar nú þar sem þau úrræði sem fjölmiðlum stóðu til boða þá blikna í samanburði við það vopnabúr sem þeir búa að í dag. Munar þá óefað mestu um veraldarvefinn sem hefði í augum nefndarmanna virst vera lítið annað en vísindaskáldskapur.

Fari fjölmiðlar með þetta mikla áhrifavald sitt af heilindum og sinni áðurnefndum hlutverkum sínum vel verða þeir, þegar best lætur, eins konar varðhundar almennings og gæta hagsmuna hans með því að upplýsa hann um gang mála og atburði líðandi stundar, skapa vettvang fyrir umræðu og veita ráðandi öflum aðhald, meðal annars með því að miðla óánægju fólksins og gefa yfirvöldum færi á að bæta úr.²⁸ Fjölmiðlun af þessu tagi er iðulega kölluð rannsóknarblaðamennska:

Varðhundur almennings á að vera ópreytandi andstæðingur hinna valdamiklu þar sem líf lýðræðisins hangir á þræði slíkra vinnubragða fjölmiðla [rannsóknarblaðamennsku, innsk. höf.]. Blaðamennska á að vera sverð með beittri egg sem hristir upp í vitund almennings um misbeitingu eða misnotkun valds. Rannsóknarblaðamennska felur í sér að draga athygli að niðurbroti samfélagsins og upplausn innan opinberra stofnanna sem valda tjóni og óréttlæti; á móti krefjast umfjallanir þeirra fortakslaust viðbragða opinberra embættismanna og almennings sjálfs. Hinn augljósi tilgangur rannsóknarblaðamennsku er að draga veigamikil vandamál fyrir sjónir almennings.²⁹

Sögufrægt dæmi um þetta er hið svokallaða Watergate-hneyksli sem blaðamenn Washington Post afhjúpuðu og endaði með því að Richard M. Nixon, forseti Bandaríkjanna, var árið 1974 knúinn til að segja af sér embætti.

Þessi varðstaða fjölmiðla er þó háð því að fjölmiðlarnir búi við lágmarks tjáningarfrelsi (sjá nánari umfjöllun í 3. kafla, einkum kafla 3.3.2 og 3.3.3) og sjálfstæði auk þess að vera óhultir fyrir utanaðkomandi áhrifum á rækni starfs þeirra eða afleiðingar af henni.³⁰ Þannig græfi það verulega undan fjölmiðlum og getu þeirra til að sinna hlutverki sínu ef þeir eða starfsfólk þeirra þægju mútur í skiptum fyrir tiltekna umfjöllun, yfir þeim vofði líkamlegt ofbeldi af hálfu valdhafa ef umfjöllun væri yfirvöldum ekki þóknanleg, þeir segðu ekki frá því sem kæmi eigendum viðkomandi fjölmiðils illa og þar fram eftir götunum.

²⁷ *A Free and Responsible Press*, bls. 3. Þýðing höfundar.

²⁸ Sheila S. Coronel: „The Role of the Media in Deepening Democracy“, bls. 4-6. Sjá einnig Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 39-41.

²⁹ Herdís Thorgeirsdóttir: *Journalism Worthy of the Name*, bls. 229. Þýðing höfundar.

³⁰ Sheila S. Coronel: „The Role of the Media in Deepening Democracy“, bls. 4-5.

Hér koma einnig til skjalanna hættur sem steðja að fjölmiðlum, sem ekki leiða af illum vilja tiltekinna afla heldur felast í aðstæðum í þjóðfélaginu og því hagkerfi sem það býr við. Þannig hefur eignarhald á fjölmiðlum í heiminum safnast á sífellt færri hendur á síðustu áratugum með þeim afleiðingum að færri fara með hið mikla vald fjölmiðla nú en áður.³¹ Um hættuna sem af þessu getur stafað reit félagsfræðingurinn C. Wright Mills:

Svo framarlega sem fjölmiðlarnir lúta ekki algjerri einokun, getur einstaklingurinn teft einum fjölmiðli fram gegn öðrum, hann getur borið þá saman og þar með hafnað því sem einn þeirra gefur út. Því meiri raunveruleg samkeppni sem er á milli fjölmiðla, því betri tæk hefur einstaklingurinn á að veita viðnám.³²

Samþjöppun eignarhalds fjölmiðla getur með öðrum orðum í besta falli leitt til einsleitni fjölmiðlanna en í versta falli til þess að fjársterkir eigendur beiti valdi fjölmiðlanna í eigin þágu, burtséð frá því hlutverki sem þeim er ætlað í lýðræðisþjóðfélagi.³³ Er þetta eðlislíkt því þegar ríkisvaldið hefur bein völd yfir fjölmiðlum og beitir því í samræmi við eigin hagsmuni, til dæmis með ritskoðun (sjá kafla 3.3.3.1). Að auki hafa tækniframfarir í fjölmiðlum, betra aðgengi að fjölmiðlaefni og aukin samkeppni milli miðla stóraukið, líkast til margfaldað, upplýsingaflæðið svo að nú er jafnvel talað um síbylju fjölmiðlanna. Þetta offramboð hefur í för með sér að fjölmiðlanotendur geta átt í erfiðleikum með að notfæra sér fjölmiðla þannig að þeir nái tilgangi sínum.³⁴ Þetta skapar enn frekari þrýsting á að ná athygli notendanna, enda eiga fjölmiðlar allt sitt undir henni, og verður þannig til vítahringur sem viðheldur síbyljunni og elur jafnvel á henni. Lengi mætti halda áfram um ýmis utanaðkomandi öfl sem hafa áhrif á starf fjölmiðla og nefna til dæmis áhrif þess ef fjölmiðlar verða um of háðir auglýsingatekjum eða hvernig það að lestur og áhorf á netmiðlum sé mælt í innlitum á vefsíðu hefur áhrif á efnistöð en nú verður látið staðar numið enda hefði slík umfjöllun ekki þýðingu fyrir viðfangsefnið hér.

Að lokum skal minnt á að ekki er nóg að fjölmiðlum sé kleift að gegna hlutverki sínu; eðli máls samkvæmt verða þeir sjálfir líka að fylgja því eftir. Að þessu leyti bera fjölmiðlamenn sjálfir mikla ábyrgð og á almenningur í lýðræðisþjóðfélagi mikið undir því, bæði sem hópur og sem einstaklingar, að þeir standi undir henni og ræki starf sitt og skyldur af heilindum og kostgæfni:

³¹ Ben H. Bagdikian: *The Media Monopoly*, bls. ix-xviii. Sjá einnig Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 47-48, og *A Free and Responsible Press*, bls. 4-5.

³² C. Wright Mills: *The Power Elite*, bls. 311. Þessi orð eru tekin upp í athugasemdum við frumvarp til laga um fjölmiðla, sjá þskj. 215, 139. lögb. 2010-11, bls. 207 (enn óbirt í A-deild Alþt.), og er hér að töluverðu leyti byggt á þýðingunni þar. Höfundur breytti henni og lagfærði nokkuð til samræmis við frumtextann.

³³ Ben H. Bagdikian: *The Media Monopoly*, bls. ix og xii-xiii.

³⁴ Sjá til dæmis Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 42-43, sér í lagi neðanmáls.

[M]ikilvægt er, að til þeirra starfa [starfa fjölmiðlamanna, innsk. höf.] veljist menn, sem hafi ríka ábyrgðar- og siðferðiskennd, auk góðrar almennrar dómgreindar. Þeir geta aldrei varpað frá sér ábyrgð fyrirfram.

Gálaus fjölmiðlamaður getur, með óvandaðri, einhliða og illgirnislegru frásögn valdið óbætanlegu og ómælanlegu *tjóni* (bæði fjárhagslegu og tilfinningalegu) fyrir aðra menn, tjóni, sem hann getur hvorki bætt með fjármunum né heldur réttlætt siðferðilega – með öðrum orðum: tjóni sem hann fær ekki risið undir.³⁵

Svo dæmi séu tekin er afar mikilvægt að fjölmiðlamenn vandi til allrar heimildavinnu, gangi ekki of hart fram gagnvart þeim sem umfjöllun beinist að, geri sitt besta til að miðla efni sínu óspilltu og varpi ljósi á alla veigamikla þætti hvers viðfangsefnis svo frásögn þeirra sé trú raunveruleikanum. Ekki er síður átt við að þeir sýni þá dirfsku og þá áræðni sem nauðsynleg kann að vera til að gegna hlutverki sínu og standa undir ábyrgð sinni³⁶ en oft standa þeir frammi fyrir lokuðum dyrum í starfi sínu, mæta fjandsamlegu viðmóti, starfa við hættulegar aðstæður og sitja jafnvel undir hótunum og ógnunum. Þá eru þess dæmi víða um heim að fjölmiðlamenn hafi sætt ofsóknum, líkamlegu ofbeldi eða verið myrtir við störf sín eða vegna þeirra. Vart þarf að taka fram að hér er líka átt við að fjölmiðlafólk misbeiti ekki valdi sínu beinlínis og af ásetningi. Vikið verður að siðareglum Blaðamannafélags Íslands (hér eftir gjarna skammstafað *BMÍ*) í kafla 2.3.4.

2.3 Helstu réttarheimildir er varða fjölmiðla

Um það er engum blöðum að fletta að fjölmiðlar og fjölmiðlamenn eru eins og aðrir undir lög og rétt settir. Lög og aðrar réttarheimildir veita þannig fjölmiðlum réttindi af ýmsum toga eins og öðrum og leggja þeim líka skyldur á herðar og gera þeim boð og bönn. Vegna þess hve svið fjölmiðlaréttar er sundurleitt, eins og áður hefur verið imprað á, hafa ýmsir lagabálkar, lagákvæði og réttarheimildir, hér og hvar í réttarskipaninni, þýðingu fyrir fjölmiðla. Mikla þýðingu hafa lög nr. 38/2011 um fjölmiðla en einnig skipta máli ákvæði ýmissa annarra laga-bálka. Nú verður helstu réttarheimildum er varða fjölmiðla gerð skil en stiklað verður á stóru með hliðsjón af efni ritgerðarinnar og rýminu sem henni er afmarkað og er því ekki ætlunin að gefa tæmandi yfirlit.

³⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 49. Áhersla er úr frumtextanum.

³⁶ Sheila S. Coronel: „The Role of the Media in Deepening Democracy“, bls. 4-5.

2.3.1 Fjölmiðlalögin³⁷

Lengi vel var ekki fyrir að fara neinni samræmdri löggjöf eða lagabálki í íslenskum rétti á sviði fjölmiðlaréttar en þrátt fyrir það voru flestir meginþættir sviðsins lögfestir með einum eða öðrum hætti. Sett lög er snertu fjölmiðla sérstaklega voru helst til fáskrúðug í samanburði við það sem víða gerist erlendis og þóttu, sér í lagi á seinni árum, um margt ófullnægjandi og lítt í takt við tímann. Þó var töluverður akkur í lögum nr. 57/1956 um prentrétt (hér eftir ýmist kölluð *prentlög* eða skammstöfuð *prl.*) og útvarpslögum á hverjum tíma, síðast lögum nr. 53/2000 (hér eftir skammstöfuð *úvl.*).³⁸

Árið 2004 voru sett lög nr. 48/2004 á Alþingi er í daglegu tali og í fjölmiðlum voru kölluð fjölmiðlalögin, en þeim synjaði forseti Íslands staðfestingar svo sem alkunna er. Nafngiftin er þó varla réttnefni þar sem lögin höfðu aðeins að geyma tvö ákvæði er sneru að fjölmiðlum; bæði vörðuðu þau eignarhald á fjölmiðlum og voru þau því fyrst og fremst samkeppnisréttarlegs eðlis.³⁹ Aftur á móti var með setningu laga nr. 38/2011 um fjölmiðla (hér eftir ýmist nefnd *fjölmiðlalög* eða skammstöfuð *fml.*) í fyrsta sinn lögtekinn lagabálkur sem beint var sérstaklega að fjölmiðlum og var ætlað var að taka heildstætt til þeirra. Hvatinn að setningu þessara laga var tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2007/65/EB um breytingu á tilskipun ráðsins nr. 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna reglna í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur og var lagt upp með að semja ný útvarpslög. Úr varð að semja skyldi frumvarp til laga sem lyti að fjölmiðlum og starfsemi þeirra í víðasta skilningi.⁴⁰ Ekki eru allir á eitt sáttir um hvort þessi lög – sem eru töluverður bálkur; inniheldur á sjöunda tug greina, að undirgreinum hvers konar ótöldum, yfir fjörutíu skilgreiningar og er allýtarlegur og flókinn að efni til – feli í sér réttarbót eða hafi í raun verið nauðsynleg.⁴¹ Efni laganna og skipan þess verður ekki rakið í smáatriðum hér en rétt er að hreyfa við nokkrum atriðum er það varða.

Í 1. gr. laganna er að finna markmiðsákvæði þar sem tilgangur og markmið þeirra eru sett fram með almennum hætti:

Markmið laga þessara er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað.

³⁷ Hvorki er tilefni til né tók á að fara ítarlega í efni fjölmiðlalaganna hér en um það vísast m.a. til umsagnar Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um fjölmiðla; Páll Sigurðsson: „Fjölmiðlalögin nýju“, bls. 15-45; greinargerðar og fylgiskjala með frumvarpi til laganna, sbr. þskj. 215, 139. lögb. 2010-11 (enn óbirt í A-deild Alþt.), og að sjálfsgöðu lagatextans sjálfs.

³⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 25.

³⁹ Páll Sigurðsson: „Fjölmiðlalögin nýju“, bls. 16-17.

⁴⁰ Þskj. 215, 139. lögb. 2010-11, bls. 29-30 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁴¹ Um þetta má til dæmis vísa til umsagnar Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um fjölmiðla og Páll Sigurðssonar: „Fjölmiðlalögin nýju“, bls. 15-45, einkum bls. 26-29.

Ákvæði af þessu tagi var hvorki í prl. eða úvl. sem fjölmiðlalögin leystu af hólmi, þau fyrri að hluta en hin seinni í heild. Í athugasemdum við greinina eru þessi markmið áréttuð og útfærð nánar í þá veru að stuðlað skuli að því að almenningi sé gert kleift að meta, taka afstöðu til og taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum og vera virkir lýðræðisþegnar.⁴² Er þetta mjög í takt við það sem hér áður var sett fram um hlutverk og mikilvægi fjölmiðla (sjá kafla 2.2).

Áður hefur verið getið skilgreiningar fml. á fjölmiðlum (sjá kafla 2.1) en hana er að finna í 13. tl. 2. gr. þeirra. Telja verður að þótt hún sé nokkuð þröng eigi hún vel við þegar litið er til markmiðs laganna – lögunum er ekki ætlað ná til bóka, kvikmynda, geisladiska og annars sem fallið getur undir hugtakið í rýmri merkingu heldur fyrst og fremst fjölmiðla í eiginlegri merkingu hér á landi, samanber 3. og 4. gr. fml.

Mikil og merk en að sama skapi umdeild nýmæli⁴³ felast í stofnsetningu fjölmiðlanefndar, sjálfstæðs stjórnvalds sem samkvæmt 1. mgr. 7. gr. fml. fer með eftirlit og daglega stjórnsýslu eftir lögunum auk þess að vera æðsta úrskurðarvald á sínu sviði innan stjórnsýslunnar skv. 2. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 10. gr. fml. skal nefndin meðal annars stuðla að því að markmiðum og tilgangi laganna sé náð, standa vörð um tjáningarfrelsið og fylgjast með þróun fjölmiðlamarkaðarins. Nefndin tekur líka við skráningu fjölmiðla samkvæmt 1. og 2. mgr. 14. gr. fml. en slík skráning felur einnig í sér nýmæli í lögum. Vikið verður aftur að fjölmiðlanefnd í kafla 2.3.3.

Í IX. kafla fml., sem spannar 50.-59. gr. þeirra, er að finna ákvæði sem miklu máli skipta í lögfræðilegu tilliti og einnig fyrir viðfangsefnið hér en kaflinn fjallar um ábyrgð á fjölmiðlaefni, viðurlög við brotum gegn lögunum, fullnustu þeirra og fleiri skyld atriði. Í 50. og 51. gr. er fjallað um ábyrgð á efni, um hljóð- og myndefni fer eftir þeirri fyrri en sú seinni fjallar um ritefni. Ábyrgðarreglur samkvæmt 50. gr. eru efnislega óbreyttar frá því sem var í úvl. en 51. gr. felur í sér umtalsverða breytingu á þeim reglum sem giltu samkvæmt prl. Samkvæmt 15. gr. prl., sem varðaði ábyrgð á efni tímarita og blaða sem ekki fjölluðu um afbrot eða lostug efni samkvæmt 14. gr. laganna, var tilhögun ábyrgðar með þeim hætti að höfundur efnis væri ábyrgur fyrir því að því gefnu að hann nafngreindi sig. Í dómaframkvæmd var ákvæðið að meginstefnu túlkað þannig að blaðamenn, væru þeir tilgreindir höfundar efnis, bæru í það minnsta samábyrgð á ummælum viðmælenda sinna þrátt fyrir að þau væru rétt eftir viðmælenda höfð og hann heimilaði birtingu þeirra.⁴⁴ Ákvæði 51. gr. fml. breytir

⁴² Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 99-100 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁴³ Sjá til dæmis umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um fjölmiðla og Páll Sigurðsson: „Fjölmiðlalögin nýju“, bls. 15-45, einkum bls. 31-34.

⁴⁴ Sjá t.d. *Hrd.* 1961, bls. 815, *Hrd.* 5. mars 2009 (328/2008) og *Hrd.* 31. maí 2012 (591/2011). Aftur á móti má, hvað varðar að sá sem viðhefur ummæli sé ábyrgur fyrir þeim, benda á *Hrd.* 1977, bls. 1184 (sem reyndar varðaði birtingu opinberrar ræðu), *Hrd.* 1993, bls. 565 og til hliðsjónar *Hrd.* 2002, bls. 1485 (461/2001) en í

ábyrgðarreglum um ritefni á þann veg að fólk beri ábyrgð á eigin orðum sem rétt eru höfð eftir þeim í riti að því gefnu að birtingin hafi verið heimiluð og að mælandinn lúti íslenskri lögsögu. Verður því haldið fram hér að þessi tilhögun ábyrgðar á ritefni feli í sér nokkra réttarbót sem sé til þess fallin að auðvelda fjölmiðlum að gegna hlutverki sínu og samræmist betur sjónarmiðum um tjáningarfrelsi fjölmiðla. Þá virðist ekki rökrétt að hlífa þeim sem viðhefur ummæli við ábyrgð séu þau rétt eftir honum höfð og birt með hans samþykki.⁴⁵ Halda má því fram að þessar ábyrgðarreglur séu, þrátt fyrir að vera skref í rétta átt, langt í frá gallalausar en um það vísast til kafla 5.4.3.

2.3.2 Upplýsingalög

Hvergi í upplýsingalögum nr. 50/1996 (hér eftir skammstöfuð *uppl.*) er minnst berum orðum á rétt fjölmiðla til aðgangs að upplýsingum. Réttur fjölmiðla til upplýsinga felst þó í meginreglu laganna um rétt almennings til upplýsinga sem kveðið er á um í 3. gr. þeirra og verður það glögglega ráðið af athugasemdum við II. kafla frumvarps til laganna. Þar segir:

Aðalatriði þessarar meginreglu er að einstaklingar og lögaðilar, *p.m.t. fjölmiðlar*, eigi lögum samkvæmt rétt til aðgangs að gögnum mála innan stjórnáráðs án þess að þurfa að sýna fram á tengsl við málið eða aðila þess og *án þess að þurfa að sýna fram á hagsmuni* af því fá eða nota umbeðnar upplýsingar.

Einnig er rétt að benda sérstaklega á að meginregla, sem byggist á almennum aðgangi að upplýsingum, án þess að sá sem upplýsinga beiðist þurfi að tiltaka ástæður fyrir beiðni sinni, felur jafnframt í sér að aðgangi verður *ekki synjað á þeim grundvelli að ætlað sé að birta upplýsingarnar*.⁴⁶

Njóta fjölmiðlar því víðtæks réttar til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum sem án efa er til þess fallið að greiða götu þeirra og gera þeim betur kleift að rækja hlutverk sitt. Hér verður þó að athuga að rétturinn nær aðeins til fyrirbyggjandi gagna en veitir ekki rétt til munnlegra eða skriflegra skýringa stjórnvalda.⁴⁷ Þetta getur skipt nokkru máli þar sem fjölmiðlafólk byggir umfjallanir sínar gjarna á viðtölum eða samræðum við sér fróðari menn. Einnig er rétt að hafa í huga að réttur til upplýsinga eftir *uppl.* er bundinn við stjórnáráð ríkis og sveitarfélaga og nær ekki til einkaaðila nema að því marki sem leiðir af 2. mgr. 1. gr. laganna.⁴⁸ Þá eru upplýsingaréttinum settar töluverðar skorður og vísast til laganna sjálfra um það.

þessu síðastnefnda máli var hvorki blaðamanni né blaði hans stefnt. Sjá einnig Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 148-151, og „Ábyrgð á meiðandi ummælum í prentfjölmiðli, sem höfð eru eftir nafngreindum viðmælanda“, bls. 53-78. Þá er til hliðsjónar vísað til *MDE, Jersild gegn Danmörku*, 23. september 1994 (15890/89).

⁴⁵ Sjá Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 149. Þessu til stuðnings má benda á nýlega dóma mde. í tveimur málum gegn Íslandi er snertu þetta, *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (46443/09) og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi*, 10. júlí 2012 (43380/10).

⁴⁶ Alþt. 1995-1996, A-deild, bls. 3017. Áherslur höfundar.

⁴⁷ Páll Hreinsson: *Upplýsingalögin*, bls. 22.

⁴⁸ Sjá Páll Hreinsson: *Upplýsingalögin*, bls. 24-25.

2.3.3 Önnur sett lög

Áður en skilið er við sett lög verður stuttlega vikið að nokkrum þeirra fjölmörgu lagabálka sem snerta fjölmiðla.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993 skipta verulegu máli hvað varðar fjölmiðlanefnd, sem áður er getið, en hún er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. fml. sjálfstæð stjórnsýslunefnd. Samkvæmt athugasemdum við 11. gr. fml. ber að ganga út frá því að flestar ákvarðanir sem nefndin tekur á grundvelli laganna um rétt eða skyldu aðila að málum fyrir henni séu stjórnvaldsákvarðanir⁴⁹ og lýtur hún samkvæmt því stjórnsýslulögum nr. 37/1993 eftir því sem við á samkvæmt 1. og 2. gr. þeirra. Þetta skiptir máli fyrir fjölmiðlafyrirtæki sem aðild eiga að máli fyrir nefndinni þar sem stjórnsýslulögin veita aðilum stjórnsýslumála ýmis mikilvæg réttindi.

Lög nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. snerta, eins og nafn þeirra gefur til kynna, fyrst og fremst fjölmiðilinn Ríkisútvarpið. Er í 1. mgr. 1. gr. kveðið á um að félagið sé í eigu ríkisins og það megi ekki selja, sameina öðru félagi eða slíta. Í 3. gr. eru því lagðar á herðar hlutverk og sérstakar skyldur, meðal annars að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleið og að miðla efni af tilteknum toga, sem aðrir fjölmiðlar eru ekki bundnir af. Í 2. mgr. 1. gr. er ákvæði sem óbeinlínis snýr að öðrum fjölmiðlum en samkvæmt því er Ríkisútvarpinu ohf. óheimilt að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.⁵⁰

Þá skipta máli ákvæði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þess efnis að þinghöld skuli að meginreglu háð í heyranda hljóði enda veita þau almenningi og fjölmiðlum aðgang að þinghaldi dómstóla. Athuga ber að þrátt fyrir þetta eru hljóðritanir og myndataka ekki heimilar á dómþingi nema í undantekningartilfellum og hefur það óhjákvæmilega nokkuð að segja um störf fjölmiðlamanna og umfjöllun þeirra um dómsmál.

Tína má til ýmis fleiri lög sem snerta fjölmiðla, til dæmis lög nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, lög nr. 81/2003 um fjarskipti, samkeppnislög nr. 44/2005, höfundalög nr. 73/1972 og ýmis lagaákvæði um þagnarskyldu, en ekki er talin ástæða til að gera þeim skil á þessum vettvangi. Um þau ákvæði stjórnarskrár og almennra hegningarlaga sem höfuðmáli skipta fyrir efni þessarar ritgerðar vísast til 3. og 4. kafla. Til þessara sömu kafla er vísað varðandi mannréttindasáttmála Evrópu og aðra álíka sáttmála sem máli skipta.

⁴⁹ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 123 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁵⁰ Athyglivert er að bannið nær samkvæmt orðalagi sínu ekki til eignarhalds á fyrirtækjum sem reka netmiðla eða annars konar fjölmiðla en dagblöð og útvarpsstöðvar.

2.3.4 Aðrar réttarheimildir

Eins og á öðrum sviðum lögfræðinnar geta aðrar réttarheimildir en sett lög haft þýðingu að fjölmiðlarétti. Þannig geta réttarheimildirnar réttarvenja, fordæmi, meginreglur laga og eðli máls allar komið til skoðunar sem og lögjöfnun, hvort sem hún verður talin réttarheimild eða lögskýringaraðferð. Sama er að segja um stjórnarsýslufyrirmæli. Óþarft er að fara frekar ofan í saumana á þessum réttarheimildum en þess skal getið að í 1. mgr. 48. gr. og 1. og 3. mgr. 62. gr. fml. er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerðir um ákveðin efni.

Þrátt fyrir að þær teljist ekki til réttarheimilda er rétt að staldra hér við siðareglur Bláamannafélags Íslands, BMÍ, sem gilda fyrir félagsmenn þess. Eftir þeim kveður siðanefnd félagsins upp úrskurði og komist hún að þeirri niðurstöðu að brot gegn reglunum hafi verið framið lýsir hún það ámælisvert, alvarlegt eða mjög alvarlegt, samanber 6. gr. Reglurnar eru ekki bindandi að lögum og brot við þeim varða ekki eiginlegum viðurlögum en sé brot mjög alvarlegt er unnt að ávíta hinn brotlega samkvæmt 6. gr. reglnanna að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Táknrænt gildi áfellisúrskurðar og eftir atvikum ávítna má heldur ekki vanmeta en úrskurðir nefndarinnar eru birtir á vefsíðu BMÍ. Að auki sendir nefndin viðkomandi fjölmiðli áfellisúrskurði sína með ósk um birtingu verði brot talin alvarleg eða mjög alvarleg. Að lokum er rétt að gefa því gaum að margir starfandi fjölmiðlar hafa um árábil einnig haft sínar eigin siðareglur.⁵¹

⁵¹ Sjá vefsíðu BMÍ og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 239-256. Hliðsjón var höfð af þessum heimildum við ritun textans.

3. Tjáningarfrelsi

Meginreglan um *exceptio veritatis* á sér sterka stoð í tjáningarfrelsi, réttinum til að láta í ljós hugsanir sínar, og grunnrökum þar að baki. Þá starfa fjölmiðlar og gegna hlutverki sínu í lýðræðisþjóðfélagi í skjóli tjáningarfrelsis og er mikilvægi þeirra réttinda sem í því felst feikimikið fyrir þá. Er þess vegna óhjákvæmilegt, efnisins vegna, að gera megindráttum tjáningarfrelsis skil hér. Auk þess sem fjallað verður um tjáningarfrelsi, mikilvægi þess og vernd með almennum hætti, verður íslenskur réttur, þar á meðal áhrif alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins, grandskoðaður hvað þetta varðar sem og tjáningarfrelsi fjölmiðla. Einnig verður fjallað um takmarkanir á tjáningarfrelsi en í skjóli þeirra standa meðal annars frávikin frá *exceptio veritatis* sem til athugunar eru hér. Rétt er að taka fram að ekki verður vikið sérstaklega að skoðanafrelsi og rétti til frjálsrar sannfæringar sem þó eru nátengd réttindi og um margt samofin tjáningarfrelsi.⁵² Sama er að segja um trúfrelsi og funda- og félagafrelsi.

3.1 Almennt

Um miðja 18. öld komu víða um heim fram háværar kröfur um umbætur, að einveldi yrði lagt af og teknir upp lýðræðislegir stjórnarhættir, og bar þar hátt kröfuna um prentfrelsi og afnám ritskoðunar hinna ráðandi afla. Í kjölfarið rötuðu ákvæði um tjáningarfrelsi í stjórnarskrár margra ríkja,⁵³ meðal annars einstakra fylkja Bandaríkjanna en gjarna er talið að rætur mannréttindahreyfingar nútímans sé að rekja til þeirra.⁵⁴ Mannréttindayfirlýsing stjórnarbyltingar Frakka frá árinu 1789, *Déclaration des droits de l'Homme et du Citoyen*, var sniðin eftir hinum bandarísku mannréttindaákvæðum og varð hún mjög áhrifamikil um þessi efni. Þar segir:

Það eru ein mikilvægustu mannréttindi að mega láta í ljós hugsanir sínar og skoðanir; hver borgari má því tala, rita og prenta það, sem hann vill, en verður þó að bera ábyrgð á misnotkun þessa frelsis, eftir því sem lög mæla fyrir.⁵⁵

Þetta ákvæði og yfirlýsingin öll var um margt höfð til fyrirmyndar þegar mannréttindaákvæði voru tekin upp í stjórnarskrár ýmissa ríkja en oft var þó látið nægja að minnast á vernd

⁵² Sjá til dæmis Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 352-353, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 51-52.

⁵³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 346-347. Sjá einnig Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 56.

⁵⁴ Gunnar Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“, bls. 140.

⁵⁵ „La libre communication des pensées et des opinions est un des droits les plus précieux de l'homme ; tout citoyen peut donc parler, écrire, imprimer librement, sauf à répondre de l'abus de cette liberté dans les cas déterminés par la loi.“ Þýðingin er fengin frá Gunnari Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“, bls. 140. Áherslur höfundar.

prentfrelsis ólíkt því sem Frakkar og Bandaríkjamenn gerðu, en bæði prentfrelsis og tjáningarfrelsis er getið í fyrsta viðauka stjórnarskrár hinna síðarnefndu. Hafa hugmyndir sem sprottnar eru úr þessum jarðvegi endurómað gegnum aldirnar og er meginefni þeirra enn í dag talið lykilþáttur í mannréttindum borgaranna.⁵⁶

Tjáningarfrelsi í víðtækum skilningi tekur ekki aðeins til ræðu og rits heldur í raun til hvers kyns tjáningar, hvort sem er í formi tiltekinnar breytni, hegðunar, látbragðs, táknrænna athafna eða listrænnar sköpunar. Þó vilja sumir gera að skilyrði að eitthvað liggi að baki tjáningunni, að verið sé að tjá eitthvað, hvort sem er skoðanir eða sannfæringu; hugsanir, hugmyndir eða hugsjónir, jafnt manns eigin sem annarra.⁵⁷ Þessu frelsi er gjarna hampað sem einum af hornsteinum lýðræðisins.⁵⁸ Með því eru þegnum veitt dýrmæt persónuleg réttindi og búið í haginn fyrir frjálsa umræðu og skoðanaskipti sem eru lýðfrjálsu þjóðfélagi og viðgangi þess afar dýrmæt,⁵⁹ enda er þróað samfélag lifandi kerfi hugmynda og það breytist og þróast fyrir tilstilli hugmynda, hugsana og skoðana. Þess vegna er mikilvægt að fólk njóti frelisis til tjáningar og fái tjáð sig um það sem því býr í brjósti opinberlega og ekki síður sín á milli. Þetta frelsi er einstakt meðal þegnréttinda af því að ef menn mega ekki tjá hugsanir sínar og skoðanir er ekkert frelsi öruggt en njóti menn þess er fyrir hendi grundvöllur frjáls samfélags og möguleikinn á framrás almenns frjálsræðis. Með þessum hætti eflir tjáningarfrelsi önnur réttindi og verndar þau.⁶⁰ Tjáningarfrelsi stuðlar einnig að því að sannleikurinn og hið rétta í hverju máli komi fram auk þess að gera mönnum kleift að kveða niður villur og ranghugmyndir.⁶¹

3.2 Helstu réttarheimildir

Hér á landi er tjáningarfrelsi veitt vernd með ákvæðum 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir ýmist kölluð *stjórnarskráin* eða skammstöfuð *stjskr.*) og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu en samningurinn var tekinn í lög árið 1994. Árið eftir var stjórnarskránni breytt til samræmis við sáttmálann með lögum nr. 97/1995 og fólu þessi breytingalög meðal annars í sér umtalsverðar breytingar á eldra ákvæði um tjáningarfrelsi. Verður nú gerð grein fyrir þessum réttarheimildum og öðrum þeim er máli skipta.

⁵⁶ Gunnar Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“, bls. 140-141, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 55-56.

⁵⁷ Eric Barendt: *Freedom of Speech*, 1. útgáfa, bls. 37-38 og 41. Sjá einnig Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 572-573, og Gunnar Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“, bls. 140.

⁵⁸ Sjá til dæmis Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103-2105 Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 347, og Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 569.

⁵⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 347 og 359.

⁶⁰ *A Free and Responsible Press*, bls. 6. Sjá einnig Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 53.

⁶¹ Sjá til dæmis John Stuart Mill: *Frelsið*, bls. 53 og áfram, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 53.

3.2.1 Stjórnarskrá Íslands

Danir, og þar með Íslendingar, fóru ekki varhluta af umbótahreyfingu 18. aldarinnar. Árið 1849 var tekið upp ákvæði um *prentfrelsi* í 91. gr. dönsku grundvallarlaganna og varð það fyrirmynd ákvæðis sama efnis í íslensku stjórnarskránni árið 1874. Íslenska ákvæðið stóð óbreytt allt til ársins 1995 og var svohljóðandi:⁶²

Hver maður á rjett á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.

Löngum var talið að þetta ákvæði verndaði ekki tjáningarfrelsi eins og því er lýst hér að framan, almennt frelsi til að láta hugsanir sínar í ljós, heldur aðeins prentfrelsi.⁶³ Er þetta ekki óeðlileg túlkun í ljósi orðalags ákvæðisins sem er skýrt og afmarkað. Á þetta reyndi ekki fyrir Hæstarétti Íslands fyrr en í *Hrd. 1995, bls. 408* sem kveðinn var upp 16. febrúar 1995, fáum mánuðum áður er en ákvæðinu var breytt með stjórnskipunarlögum um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 97/1995 (hér eftir skammstöfuð *stjksl. nr. 97/1995*).⁶⁴

Hrd. 1995, bls. 408: „Tjáningarfrelsi er grundvallarregla í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Við skýringu á lagareglum, sem vernda æru manna, ber að hafa hliðsjón af þeim grundvallarreglum um frelsi manna til að *tjá sig í ræðu og riti, sem felast í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944* [þágildandi tjáningarfrelsisákvæði, innsk. höf.], sbr. meðal annars einnig Mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú hefur verið lögfestur hér á landi [...].“⁶⁵

Með þessum dómi virðist Hæstiréttur hafa slegið því föstu að málfrelsi auk prentfrelsis hafi notið verndar 72. gr. þágildandi stjórnarskrár. Virðist ótækt að draga aðra ályktun af texta dómsins sem er afdráttarlaus um þessa túlkun ákvæðisins, hvað sem líður orðalagi þess, enda er stjórnarskrárákvæðinu sjálfu beitt en ekki ákvæði hins lögfesta Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir skammstafaður *mse.*) þó að vísað sé til hans til hliðsjónar. Það er þó að athuga að hér gæti án efa óbeinna áhrifa sáttmálans en þeirra tók að verða verulega vart í dómum Hæstaréttar við upphaf tíunda áratugarins þrátt fyrir að *mse.* væri ekki lögtekin fyrr en með lögum nr. 62/1994.⁶⁶ Ómögulegt er að segja til um hvort Hæstiréttur hefði talið vernd prentfrelsisákvæðis

⁶² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 347 og 359.

⁶³ Sjá til dæmis Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipan Íslands*, bls. 462-466, þar sem þessi túlkun er sett fram afdráttarlaust, og Gunnar Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“, bls. 141-142. Einnig má vísa á Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 532, þar sem möguleika á lögjöfnun er reyndar gefið undir fótinn.

⁶⁴ Þessu álitaeefni var oftast en einu sinni hreyft fyrir réttinum og jafnvel tekið á því í úrlausn héraðsdóms, sjá til dæmis *Hrd. 1974, bls. 578; Hrd. 1979, bls. 588; Hrd. 1990, bls. 1103* og *Hrd. 1993, bls. 565*.

⁶⁵ Áhersla höfundar.

⁶⁶ Sjá til dæmis *Hrd. 1990, bls. 2* sem markaði tímamót um stöðu *mse.* að íslenskum rétti, og *Hrd. 1992, bls. 401*, sem varðaði vernd tjáningarfrelsis. Sjá einnig Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, einkum bls. 393-398.

meiri en orðalag þess bendir til áður en þessara áhrifa tók að gæta en ljóst er að sú hugmynd að tjáningarfrelsi sé grundvallarregla í lýðfrjálsu þjóðfélagi, eins og komist er að orði í dómnum, er hvergi nærri ný af nálinni auk þess sem Ísland var aðili að mse. allt frá árinu 1953 og bar því að túlka lög í samræmi við ákvæði hans þó að ekki hefði hann lagagildi (sjá kafla 3.2.2). Er því alls ekki útilokað að hefði mál sem þetta komið til kasta dómsins fyrir hefði dómurinn komist að áþekkri niðurstöðu og í *Hrd. 1995, bls. 408*. Vísbendingu í þessa veru má hugsanlega finna í *Hrd. 1987, bls. 748 og 757*, og *Hrd. 1990, bls. 1103* en í niðurstöðum Hæstaréttar er tekið fram að þær hömlur á hljóð- og sjónvarpssendingar sem málin snerust um yrðu ekki talin fara í bága við prentfrelsisákvæði stjórnarskrár. Þar sem rétturinn tók afstöðu til álitaefnisins með þessum hætti má ætla að hann geri ráð fyrir að útvarp hafi notið verndar ákvæðisins. Varast ber þó að draga of víðtækar ályktanir af þessu enda rökrétt að ef tjáningin fór fram með tjáningarhætti sem ekki naut verndar ákvæðisins hafi hömlur við þeirri tjáningu ekki getað brotið í bága við það.

Með stjksl. nr. 97/1995 var núgildandi ákvæðum um tjáningarfrelsi fundinn staður í 2. og 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar en í 1. mgr. er fjallað um skoðana- og sannfæringarfrelsi. Í fyrsta málslið ákvæðis 2. mgr. kveður á um rétt manns til að láta í ljós hugsanir sínar sem hann verði þó að ábyrgjast fyrir dómi. Annar málsliður leggur bann við að ritskoðun og sambærilegar tálmanir við tjáningarfrelsi verði í lög leiddar og 3. mgr. 73. gr. fjallar um þær skorður sem heimilt er að setja tjáningarfrelsi (sjá nánar kafla 3.3.3.2). Um skoðana- og sannfæringarfrelsi var ekki getið í eldri stjórnarskrá en þessi réttindi eru í raun forsenda þess að tjáningarfrelsi sé nokkurs virði; frjáls tjáning væri til lítils væru hugir manna fjötraðir og aðeins mætti tjá þær hugsanir sem leyfilegt væri að hugsa. Af þessum sökum er við hæfi að skoðana- og sannfæringarfrelsi sé skipað á undan tjáningarfrelsi í 73. gr. stjkskr.

3.2.2 Mannréttindasáttmáli Evrópu

Íslenska ríkið er aðili að flestum helstu alþjóðlegu mannréttindasamningum sem gerðir voru um og eftir miðja síðustu öld, sér í lagi þeim sem uppruna sinn eiga hjá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráðinu, samvinnuvettvangi yfir fjörutíu Evrópuríkja um að koma í framkvæmd hugsjónum og meginreglum sameiginlegrar arfleifðar þeirra og stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála. Hafa þessar skuldbindingar Íslands haft mikil áhrif á íslenskan rétt hvað varðar mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar undanfarinn aldarfjórðung eða svo. Er þar fyrirferðamestur Mannréttindasáttmáli Evrópu sem Ísland gerðist aðili að 3. september 1953 og skuldbatt sig þannig að þjóðarétti til að tryggja öllum á yfirráðasvæði sínu þau réttindi og það frelsi sem hann kveður á um. Í þessu felst að íslenska ríkið skal haga löggjöf, stjórn- og dóm-

sýslu þannig að réttindi þau sem sáttmálinn kveður á um séu virt.⁶⁷ Áhrif hans voru takmörkuð lengi framan af en á þeim tók þó að örla strax á áttunda áratug liðinnar aldar.⁶⁸ Samkvæmt tvíeðliskenningunni, sem felst í því að greint er á milli landsréttar og þjóðaréttar sem tveggja réttarkerfa og lögð er til grundvallar hér á landi,⁶⁹ höfðu ákvæði sáttmálans ekki beint lagagildi hér fyrir en með gildistöku laga nr. 62/1994 um lögfestingu hans eins og áður er getið. Var samningurinn fram að því íslenskum lögum til fyllingar og bar að skýra þau til samræmis við hann en þó skyldi hann víkja fyrir ákvæðum laga sem voru honum ósamrýmanleg.⁷⁰

Í 10. gr. mse. er fjallað um tjáningarfrelsi:

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.
2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutrægni dómstóla.

Aðild Íslands að sáttmálanum var ekki talin kalla á neinar lagabreytingar að landsrétti en svo var litið á að þau réttindi sem hann fæli í sér nyttu þá þegar verndar að íslenskum rétti.⁷¹ Er þetta athyglivert í ljósi þess sem áður hefur verið sagt um prentfrelsisákvæði eldri stjórnarskrár Íslands (sjá kafla 3.2.1) enda er orðalag 10. gr. mse. um tjáningarfrelsi langtum víðtækara og ýtarlegra. Þegar til lögfestingar mse. kom, um fjórum áratugum eftir að Ísland gerðist aðili að honum, hafði reynsla Norðurlandanna leitt í ljós að stjórnarskrár þeirra og almenn lög vernduðu þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum ekki nógu vel. Hér á landi var lögfesting talin til þess fallin að stuðla að auknu réttaröryggi og ríkari vernd til handa borgurunum en í því samhengi var sérstaklega vísað til misræmis milli prentfrelsisákvæðis þágildandi stjórnarskrár og ákvæða 10. gr. mse.⁷² Með lögum nr. 62/1994 var mse. veitt beint lagagildi að íslenskum rétti og er hann eini alþjóðlegi mannréttindasamningurinn sem lögfestur hefur verið hér á landi.

⁶⁷ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 784.

⁶⁸ Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 386-387; *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 71-72, og Stefán Már Stefánsson: *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið*, bls. 31-32.

⁶⁹ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson: *Þjóðaréttur*, bls. 31, og Guðrún Gauksdóttir: „Iceland“, bls. 400-401.

⁷⁰ Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 386.

⁷¹ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 5881.

⁷² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 86 og 88, og Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 83-84.

Þótt að nafninu til sé um að ræða almenn lög hefur sáttmálinn nokkra sérstöðu og má telja hann eins konar ígildi stjórnskipunarлага.⁷³ Ekki er líklegt að sérstaklega muni reyna á stöðu mse. gagnvart stjórnarskrá eða öðrum íslenskum réttarheimildum í ljósi þess að með stjksl. nr. 97/1995 var aukið við íslensku stjórnarskrána og henni breytt til samræmis við sáttmálann. Hefur ákvæðum hennar, frekar en mse., verið beitt í málum þar sem um mannréttindi hefur verið að tefla enda er um að ræða hina æðstu réttarheimild íslensks réttar. Fyrir dómstólum er þó mjög gjarna vísað til ákvæða mse. til skýringar og fyllingar ákvæðum stjórnarskrárinnar.⁷⁴

Auk þess að hafa beint lagagildi að íslenskum rétti hefur mse. veruleg áhrif fyrir tilstilli mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir skammstafaður *mde.*).⁷⁵ Fyrir dómstólinn má færa mál er varða túlkun og framkvæmd mse. og viðauka hans að uppfylltum skilyrðum II. kafla sáttmálans. Ákvæði 2. gr. laga nr. 62/1994 kveður á um að úrlausnir dómstólsins skuli ekki vera bindandi að íslenskum rétti en í dómum mde. er eingöngu kveðið á um hvort hlutaðeigandi ríki hafi brotið gegn ákvæðum mse. og hnekkja þeir ekki úrlausnum dómstóla aðildarríkja sem slíkum.⁷⁶ Þrátt fyrir þetta hefur eftirlitskerfi mse., sem mde. er veigamikill hluti af, verið talið eitt það skilvirkasta sinnar tegundar enda hafa aðildarríkin samið sig undir lögsögu dómstólsins og skuldbundið sig að þjóðarrétti til að virða úrlausnir hans. Þá leikur breið pólitísk samstaða um að hlíta þeim og hefð fyrir því meðal aðildarríkjanna stórt hlutverk í þessu samhengi. Hér á landi er brugðist við áfellingisdómum mde. með greiðslu skaðabóta eftir því sem kveðið er á um í dómunum auk lagabreytinga eftir því sem við á. Þannig hafa úrlausnir mde. mikið vægi að landsrétti og þótt ekki hafi þær eiginlegt fordæmisgildi er fyrir íslenskum dómstólum alla jafna farið eftir túlkun dómsins á ákvæðum mse.⁷⁷ Af þessu leiðir að dómaframkvæmd mde. hefur óbein en sterk áhrif á hvaða skilningur er lagður í mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, samanber það sem áður segir um tengsl hennar og mse.

⁷³ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 5890, og Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 83-85. Sjá einnig Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“, bls. 98-101.

⁷⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 89; Guðrún Gauksdóttir: „Iceland“, bls. 401-403 og 421, og Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 85.

⁷⁵ Ekki verður fjallað sérstaklega um mde. á þessum vettvangi heldur skal látið nægja að vísa til Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 81-83; Robert Blackburn: „The Institutions and Processes of the Convention“, bls. 3-29 (einkum bls. 11-20); Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 29-36; Jörg Polakiewicz: „The Execution of Judgments of the European Court of Human Rights“, bls. 55-76, og II. kafla mse.

⁷⁶ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 786-787.

⁷⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 82 og 90, og Guðrún Gauksdóttir: „Iceland“, bls. 404-405.

3.2.3 Aðrar alþjóðaskuldbindingar

Ekki er hér ástæða til að gera nána grein fyrir fleiri alþjóðasáttmálum sem Ísland er aðili að og kveða á um vernd tjáningarfrelsis þar sem vægi þeirra og áhrif að lögum eru hvergi nærri eins mikil og vægi mse. Enn hafa engir aðrir mannréttindasamningar verið lögfestir hér á landi og hafa þeir því aðeins óbeina þýðingu að íslenskum rétti, sjá umfjöllun í kafla 3.2.1 um gildi mse. fyrir lögfestingu. Hér skal þó getið alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi frá 1966 en 19. gr. hans hefur að geyma ákvæði um vernd tjáningar- og skoðanafrelsis.⁷⁸ Er ákvæðið efnislega sambærilegt 10. gr. mse. en þó hefur því verið haldið fram að samningurinn veiti samkvæmt orðalagi sínu ríkari rétt til upplýsinga en mse. Eru áhrif þessa að íslenskum landsrétti harla lítil en geta þó skipt máli þar sem samningurinn getur verið stjórnarskrá og mse. til fyllingar við túlkun þeirra. Þá er unnt að fá álit eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna á tilteknu máli en slík álit binda ekki íslenska ríkið.⁷⁹

3.3 Nánar um tjáningarfrelsi

Í þessum kafla verður fengist við efnislega vernd tjáningarfrelsis og hve langt hún nær, bæði almennt og hvað varðar fjölmiðla sérstaklega. Það sem einna helst afmarkar verndina eru þær hömlur sem heimilt eða óheimilt er að setja tjáningarfrelsi og verður því sérstaklega vikið að þeim tálmunum og skorðum sem fjallað er um í 2. másl. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. og 3. mgr. sömu greinar.

3.3.1 Umfang tjáningarfrelsis og lögvernd þess

Grunnreglan um tjáningarfrelsi er orðuð í 1. másl. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. og samkvæmt honum hefur hver maður rétt á að tjá hugsanir sínar. Tjáningu þeirra verður hann þó að ábyrgjast eftir á fyrir dómi en slíkri ábyrgð verður aðeins komið fram innan þess ramma sem 3. mgr. 73. setur hömlum á tjáningarfrelsi (sjá kafla 3.3.3.2).⁸⁰

Eins og áður hefur verið vikið að er skoðana- og sannfæringarfrelsi nátengt tjáningarfrelsi. Þrátt fyrir það ber ekki að skilja það svo að um þurfi að vera að ræða tjáningu eigin skoðana eða hugsana svo verndin eigi við. Verndin nær einnig til þess að tjá hugmyndir og hugrenningar annars fólks, frásagnir eða annað slíkt, með eðlilegum fyrirvara um hugverkarétt annarra, sem

⁷⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 77 og 350.

⁷⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 90-92 og 114, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 362.

⁸⁰ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 580.

og til þess að taka við tjáningu frá öðrum, en um þessa þætti vísast að nokkru til umfjöllunar um tjáningarfrelsi fjölmiðla í kafla 3.3.2.⁸¹ Einnig ber að athuga að verndin er að meginstefnu óháð innihaldi tjáningar og getur hér jafnvel verið um að ræða tjáningu sem er særandi eða hneykslanleg fyrir aðra.⁸² Nýtur léttmeti á borð við lyftutónlist og auglýsingar⁸³ verndar rétt eins og listræn tjáning, fréttir og opinber þjóðfélagsumræða en þó er viðurkennt að viðskiptatjáning á borð við auglýsingar njóti takmarkaðrar verndar og getur þurft að sæta ríkari takmörkunum en önnur tjáning.⁸⁴ Þá felur tjáningarfrelsi samkvæmt 2. mgr. 73. gr., í viðtækri merkingu, í sér rétt til að gera ekki kunnugt um skoðanir sínar.⁸⁵ Þar sem tjáningarfrelsi felur í sér rétt en ekki skyldu til að láta í ljós hugsanir sínar virðist þetta óhjákvæmilegt. Það ber þó að athuga að undir vissum kringumstæðum getur fólki verið skylt að tjá sig en ætla verður að slík frávik lúti sömu lögmálum og aðrar hömlur á tjáningarfrelsi (sjá kafla 3.3.3.2). Óljósara er hvort réttur til handa almenningi til aðgangs af upplýsingum hjá stjórnvöldum verður leiddur af ákvæðinu en það virðist þó vera túlkun Hæstaréttar, samanber *Hrd. 2002, bls. 1024 (397/2001)*.⁸⁶

Ólíkt fyrirrennara sínum um prentfrelsi tiltekur tjáningarfrelsisákvæði 2. mgr. 73. gr. stjkskr. ekki neina ákveðna tjáningarhætti en af athugasemdum við 11. gr. frumvarps til laganna, sem fjalla um hið nýja ákvæði, er ljóst að því er ætlað að taka afdráttarlaust til allra tjáningarháttá með sama hætti og 10. gr. mse.:⁸⁷

Með orðalagi grunnreglunnar [í 2. mgr. 73. gr. stjkskr., innsk. höf.] í frumvarpinu er þannig ekki aðeins ætlast til að frelsi til að tjá sig nái til prentað máls í bókstaflegum skilningi, heldur einnig til annars ritmáls, t.d. í rafrænu formi, og jafnframt mælt máls, hvort sem er í sjónvarpi eða útvarpi, á fundum eða annars á almannafæri. Þetta frelsi væri þó ekki unnt að binda við tjáningu í rituðu eða mæltu máli, heldur næði það allt eins til tjáningar án orða, t.d. í formi listrænnar tjáningar eða látbragðs.⁸⁸

Var þessi útvíkkun verndar tjáningarfrelsis eitt af meginmarkmiðunum með breytingu ákvæðisins en það þótti skjóta skökku við í nútímasamfélagi að formleg vernd tjáningarfrelsis næði

⁸¹ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103-2104, og Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 573.

⁸² Sjá t.d. *Hrd. 1999, bls. 781; Hrd. 2006, bls. 1689 (220/2005); Hrd. 23. október 2008 (491/2007); MDE, Lingens gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82)*, einkum 41. og 42. egr., og *MDE, Murphy gegn Írlandi, 10. júlí 2003 (44179/98)*, einkum 61. egr.

⁸³ Sjá *MDE, Autronic gegn Sviss, 22. maí 1990 (12726/87)*, einkum 47. egr.

⁸⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 360, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 364.

⁸⁵ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103.

⁸⁶ Sjá um þetta Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, bls. 413-415, og *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 361-363.

⁸⁷ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103-2104; Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 349 og 358, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 363-365. Sjá t.d. *Hrd. 1999, bls. 3386 (65/1999); MDE, Oberschlick gegn Austurríki (1), 23. maí 1991 (11662/85)*, einkum 57. egr., og *MDE, Müller o.fl. gegn Sviss, 24. maí 1988 (10757/84)*.

⁸⁸ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2103-2104.

aðeins til prentaðs máls. Má ráða af athugasemdunum að sá skilningur fræðimanna á hinu eldra stjórnarskrárákvæði, að það tæki aðeins til prentfrelsis, er þar lagður til grundvallar inntaki þess. Sá fyrirvari er þó gerður að gjarna er talið er að öllu víðtækari skilningur hafi jafnan verið lagður í ákvæðið en leiðir af orðalaginu.⁸⁹

Þrátt fyrir hina víðtæku vernd tjáningarfrelsis sem ákvæðið veitir verður að halda því til haga að fólk verður sjálft og af eigin rammleik að hafa veg að því láta hugsanir sínar í ljós – ekki er um að ræða rétt til fyrirgreiðslu eða aðstoðar stjórnvalda við þetta eða skyldu þeirra eða einkaaðila til að verða við ósk um birtingu eða miðlun.⁹⁰ Hér er þó rétt að drepa á að í 3. mgr. 14. gr. frumvarps til stjórnskipunarlaga, sem svokallað stjórnlagaráð afhenti forseta Alþingis 29. júlí 2011 til þinglegrar meðferðar, er að finna ákvæði er þetta varðar og ekki á sér hliðstæðu í gildandi stjórnarskrá.⁹¹ Er stjórnvöldum með því lögð á herðar jákvæð skylda til að tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu en í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að í þessari skyldu felist, auk þess sem leiðir af orðanna hljóðan, að stjórnvöld skuli tryggja að jafnvægi ríki í umfjöllun fjölmiðla, til dæmis milli ólíkra sjónarmiða, og að tryggja skuli aðgang fólks að veraldarvefnum.⁹² Ekki er fullljóst hve víðtækri þessari skyldu stjórnvalda er ætlað að vera en hæpið er að túlka það svo að í henni felist víðtæk skylda til aðgerða, ráðstafana og afskipta en nái frumvarpið fram að ganga mun ákvæðið efalaust þurfa nokkurrar fyllingar við í framkvæmd. Ákvæði um tjáningar- og skoðanafrelsi í frumvarpinu fela að öðru leyti ekki í sér frekari nýmæli heldur aðeins umorðun á núgildandi ákvæðum og ítarlegra orðalag um viss atriði.⁹³

Bæði einstaklingar og lögpersónur njóta tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjkskr. og 10. gr. mse., að því gefnu að þau falli undir lögsögu Íslands, en fyrir mde. hafa bæði stjórnmalaflokkar og opinberar stofnanir getað borið fyrir sig tjáningarfrelsi. Ber því ekki að taka orðalag greinanna, sem báðar tiltaka menn, bókstaflega.⁹⁴ Ekki aðeins tjáningarfrelsi íslenskra ríkisborgara og lögpersóna nýtur verndar heldur á „hver maður“, samanber 73. gr. stjkskr., eða „sérhver maður“, samanber 10. gr. mse., rétt til tjáningarfrelsis. Er tjáningarfrelsi útlandinga sem hér á landi eru staddir því einnig verndað og sama er að segja um þá sem búsettir eru erlendis, íslenska ríkisborgara og aðra, sem vilja með einum eða öðrum hætti tjá sig hér á landi, til dæmis með

⁸⁹ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2104, og Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 349.

⁹⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 360.

⁹¹ Ekki eru tók á að rekja tilurð og starf stjórnlagaráðs að neinu marki hér og vísast um það til vefsíðu ráðsins, <http://www.stjornlagarad.is>.

⁹² *Frumvarp til stjórnskipunarlaga*, bls. 53-54. Um svonefnd jákvæð mannréttindi, sjá Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 36-37.

⁹³ Sjá *Frumvarp til stjórnskipunarlaga*, bls. 11 og 53.

⁹⁴ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 367. Sjá ennfremur *MDE, Refah Partisi o.fl. gegn Tyrklandi*, 13. febrúar 2003 (41340/98, 41342/98, 41343/98 og 41344/98), einkum 87. og 88. egr., og *MDE, Radio France o.fl. gegn Frakklandi*, 30. mars 2004 (53984/00).

greinaskrifum eða útgáfu.⁹⁵ Sérstaklega er ástæða til að fara nánar út í það.⁹⁶

3.3.2 Tjáningarfrelsi fjölmiðla

Sé 73. gr. stjkskr. borin saman við 10. gr. mse. verður strax ljóst að þrátt fyrir breytingar stjkskl. nr. 97/1995 er ákvæði mse. nokkuð fyllra og ýtarlegra. Munar þar mest um réttinn til að taka við og skila áfram upplýsingum án afskipta stjórnvalda sem hvergi er getið í stjórnarskrárákvæðinu. Þrátt fyrir að hér virðist vera um sjálfstæð réttindi að ræða eru þau, að því er kemur fram í athugasemdum við 11. gr. frumvarps til stjkskl. nr. 97/1995, talin felast í ákvæði 2. gr. 73. gr. stjkskr., með hliðsjón af 1. mgr. 10. gr. mse. og 2. mgr. 19. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, þar sem um sé að ræða þátt í almennum tjáningarfrelsi.⁹⁷ Á þetta sérstaklega við um réttinn til að taka við upplýsingum þar sem gildi tjáningarfrelsis snarminnkar ef ekki má afla sér eða taka við þeim upplýsingum sem í tjáningu annarra felast.⁹⁸ Verður að telja að þrátt fyrir þetta sé efnisleg vernd ákvæðanna hin sama eða í það minnsta fyllilega sambærileg enda var samræming þeirra eitt markmið stjkskl. nr. 97/1995.

Hvorki í stjórnarskrá, greinargerð með stjkskl. nr. 97/1995 um tjáningarfrelsisákvæðin né mse. er minnst á fjölmiðla en þegar ákvæði mse. og Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna voru samin, um miðja síðustu öld, voru þessi réttindi hugsuð sem framlenging á hinu hefðbundna frelsi fjölmiðla. Hefur sá skilningur, sem leiðir af eðlilegri lagatúlkun, því iðulega verið lagður í ákvæðin að undir þau heyrir meðal annars réttur fjölmiðla til að miðla efni og réttur almennings til að taka við því.⁹⁹ Frelsi fjölmiðla til að miðla upplýsingum og öðru til borgaranna, tjáningarfrelsi fjölmiðla eða fjölmiðlafrelsi, og réttur borgaranna til að taka við slíku er því stjórnskipulega verndaður hér á landi eins og annað tjáningarfrelsi.¹⁰⁰ Þessi vernd samkvæmt 10. gr. mse. hefur ítrekað verið staðfest í dómum mde., sjá til dæmis *MDE, Barthold gegn Þýskalandi*, 25. mars 1985 (8734/79); *MDE, Lingens gegn Austurríki*,

⁹⁵ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 571-572.

⁹⁶ Sjá um þetta til dæmis Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 353-358; Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 150-289 (einkum bls. 183-186 og 288-289); Gaukur Jörundsson „Mannréttindaákvæði íslenzku stjórnarskrárinnar“, bls. 43, og Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 571-572.

⁹⁷ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2104.

⁹⁸ Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 33-34, og Susan Nevelow Mart: „The Right to Receive Information“, bls. 175.

⁹⁹ Herdís Thorgeirsdóttir: *Journalism Worthy of the Name*, bls. 89, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 52. Frekari umfjöllun um uppruna réttarins til að taka við upplýsingum er að finna í fyrrnefnda ritinu, bls. 89-95.

¹⁰⁰ Rétt er að vekja athygli á því að í frumvarpi stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlaga er í 1. gr. 16. gr. að finna sérstakt ákvæði sem ætlað er að vernda frelsi fjölmiðla. Ekki verður þó séð að ákvæðið feli í sér efnislega breytingu á tjáningarfrelsi fjölmiðla. Sjá *Frumvarp til stjórnskipunarlaga*, bls. 11 og 56.

8. júlí 1986 (98151/82) og MDE, *Observer og Guardian gegn Bretlandi*, 26. nóvember 1991 (13585/88). Þessi sjónarmið hafa einnig komið fram í úrlausnum íslenskra dómstóla, sjá til dæmis *Hrd. 1995, bls. 408*:

Hrd. 1995, bls. 408: „Tjáningarfrelsi er grundvallarregla í lýðfrjálsu þjóðfélagi [...] Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í nútímaþjóðfélagi og verður að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar. Hins vegar verður að gera þær kröfur til blaðamanna, að þeir byggi umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum.“¹⁰¹

Tjáningarfrelsi fjölmiðla lýtur í öllum megindráttum sömu takmörkunum og tjáningarfrelsi að öðru leyti en um þær verður nánar fjallað í kafla 3.3.3. Þá hefur því verið slegið föstu í dómum mde. að ekki sé aðeins um rétt fjölmiðla til miðlunar að ræða heldur einnig skyldu og samkvæmt því einnig rétt til handa borgurinum, sjá til dæmis *MDE, Jersild gegn Danmörku*, 23. september 1994 (15890/89).¹⁰²

3.3.3 Hömlur á tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsi er meðal verðmætustu réttinda borgaranna og er allvíðtækt eins og umfjöllunin hér að framan ber með sér. Það er þó vandmeðfarið enda fylgir því ábyrgð gagnvart hagsmunum annars fólks eða jafnvel samfélagsins alls og þess vegna er óhjákvæmilegt að setja því ákveðin takmörk¹⁰³ en ekki hefur, svo vitað sé, verið til það samfélag þar sem engar hömlur eru á tjáningarfrelsi.¹⁰⁴ Fólki er þannig gert að ábyrgjast ummæli sín fyrir dómi, eins og áður hefur verið minnst á, en í því felst annars vegar að sá sem tjáir sig verður að taka lagalegum afleiðingum tjáningar sinnar. Hins vegar felst í því að ábyrgð vegna ummæla verður aðeins komið fram fyrir dómi en til dæmis ekki með stjórnvaldsákvörðun. Hafa verður hugfast að fólk verður aðeins dregið til ábyrgðar fyrir ummæli sín í tilvikum sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjkskr.¹⁰⁵

Afar deildar meiningar eru um hve langt megi ganga í að takmarka tjáningarfrelsi og hvaða markmið geti réttlætt það.¹⁰⁶ Almennar hugleiðingar um slíkt falla utan efnissviðs þessarar ritgerðar og verður því látið nægja að vísa til þess sem áður segir um gildi tjáningarfrelsis og verður nú fjallað stuttlega um tálmanir og skorður við tjáningarfrelsi að íslenskum rétti.

¹⁰¹ Áhersla höfundar.

¹⁰² Í 31. egr. dómsins segir, í þýðingu höfundar: „[...] hvílir engu að síður sú skylda á þeim [fjölmiðlunum] að miðla upplýsingum og hugmyndum sem skipta almenning máli.“ Sjá einnig Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 384-385, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 47.

¹⁰³ Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 2103.

¹⁰⁴ David van Mill: „Freedom of Speech“, <http://plato.stanford.edu>.

¹⁰⁵ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 580.

¹⁰⁶ Sjá til dæmis Joel Feinberg: *Offence to Others*, einkum 7. og 8. kafli; Catharine A. MacKinnon: *Only Words*, einkum 3. kafli; John Stuart Mill: *Frelsið*, einkum 1. og 2. kafla; Daphne Patai: *What Price Utopia?*, einkum 3. og 20. kafli, og David van Mill: „Freedom of Speech“, <http://plato.stanford.edu>.

3.3.3.1 Ritskoðun og sambærilegar tálmanir

Í 2. málsl. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. er kveðið á um að ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Er hér um að ræða svokallaðar *fyrirfarandi hömlur* á tjáningarfrelsi en þær felast í því að tjáning er hindruð áður en hún fer fram eða birtist. Með ritskoðun er átt við að tjáning sé skoðuð af handhöfum ríkisvalds sem svo ákveða hvort birting skuli heimiluð. Hér gæti til dæmis verið um að ræða frétt sem lesin er yfir fyrir birtingu. Óljósara er hvað felst í orðasambandinu sambærilegum tálmunum en það hljóta þó að vera hverjar þær ráðstafanir sem koma í veg fyrir eða leggja bann við tjáningu fyrirfram og má þar nefna það að taka handrit bókar eignarnámi fyrir birtingu eða hindra mann í að halda ræðu vegna efnis hennar. Einnig myndi almennt bann við útgáfu tiltekinnar tegundar rita falla hér undir sem og algilt bann við að tjá ákveðna skoðun.¹⁰⁷

Þrátt fyrir að ákvæðið sé orðað fortakslaust er talið að heimilt geti verið að stöðva tjáningu fyrirfram ef sýnt er fram á að með henni yrði brotið gegni rétti annars manns, til dæmis gegn æru hans, einkalífi eða höfundarrétti.¹⁰⁸ Telja verður sennilegt að fyrirfarandi tálmun megi einnig koma við á grundvelli annarra sjónarmiða sem talin eru í 3. mgr. 73. gr. stjkskr. að þeim skilyrðum uppfylltum að þær teljist nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum eins og þar segir (sjá kafla 3.3.3.2). Kæmi þetta sérstaklega til skoðunar ef uppi væri sérstakt ófremdarástand á borð við styrjöld eða miklar hamfarir og myndi þá reyna á reglur um stjórnskipulegan neyðarrétt.¹⁰⁹ Í ljósi þessa leikur á því vafi hvort og þá hve mikla sjálfstæða þýðingu hið afdráttarlausu bann 2. mgr. 73. gr. hefur í raun. Í þessu samhengi er rétt að athuga að 10. gr. mse. hefur ekki að geyma sambærilegt ákvæði um fyrirfarandi hömlur, sjá til dæmis *MDE, Observer og Guardian gegn Bretlandi*, 26. nóvember 1991 (13585/88) þar sem í 60. egr. er tekin skýr afstaða um að greinin banni þess háttar úrræði ekki sem slík. Aftur á móti er í dómnum einnig hamrað á alvarleika fyrirfarandi hamla og hættunni sem tjáningarfrelsi getur stafað af þeim.

3.3.3.2 Ákvæði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár

Ákvæði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. hafa að geyma mikilvæg ákvæði um hvernig má setja tjáningarfrelsi skorður og hvaða skilyrði þær verða að uppfylla. Er hér fjallað um *eftirfarandi hömlur* á

¹⁰⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 363-367; Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 573-579, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 58-59.

¹⁰⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 367-368, og Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 575-576 og 578. Sjá til dæmis *Hrd. 1968*, bls. 1007; *Hrd. 1975*, bls. 578 og ummæli um höfundarétt í *Hrd. 1943*, bls. 237.

¹⁰⁹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 66-67 og 76. Um stjórnskipulegan neyðarrétt má vísa á Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 58-60.

tjáningarfrelsi sem ekki koma í veg fyrir tjáningu heldur fela í sér afleiðingar og viðurlög við henni. Samkvæmt ákvæðinu verða skorður við tjáningarfrelsi að vera lögmæltar og vera studdar við eitthvert þeirra markmiða sem þar eru tínd til. Þannig verða skorður við tjáningarfrelsi aldrei studdar við 3. mgr. 73. gr. sjálfa eða stjórnvaldsfyrirmæli heldur þurfa sett lög sem útfæra skorðurnar nánar að koma til.¹¹⁰ Slík lög þurfa ennfremur að verka í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins (sjá t.d. X. og XIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940), verndar heilsu eða siðgæðis manna (t.d. auglýsingabann áfengislaga nr. 75/1998 og ákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga um klám),¹¹¹ réttinda eða mannorðs annarra (sjá t.d. XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, sjá nánar 4. kafla).¹¹² Að auki þurfa skorðurnar að teljast nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum. Vandasamt getur verið að ráða í og túlka þessa vísireglu en mde. hefur í úrlausnum sínum byggt á því að nauðsynlegar séu þær hömlur sem helgast af „brýnni samfélagslegri þörf“,¹¹³ sjá til dæmis *MDE, Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku*, 17. desember 2004 (49017/99). Af íslenskri dómaframkvæmd má ráða að vettvangur og samhengi tjáningar, eðli hennar og tilgangur skipta einkum máli. Þá hefur meðalhóf gjarna verið haft til leiðsagnar um mat á nauðsyn takmarkana og hvort þær gangi of langt,¹¹⁴ bæði á vettvangi íslenskra dómstóla og mde. Þessu má til dæmis finna stað í *Hrd. 1999, bls. 781* og *Hrd. 2006, bls. 1689*, þar sem bann við auglýsingum á áfengi annars vegar og tóbaki hins vegar var tekið til skoðunar, og *MDE, Du Roy og Malaurie gegn Frakklandi*, 3. október 2000 (34000/96), sem varðaði bann við að greina frá kærnum einstaklinga í refsimálum. Að lokum skal þess getið að í samræmi við almennar lögskýringarreglur í íslenskum rétti um túlkun undantekningarreglna¹¹⁵ eru ákvæði um takmörk á tjáningarfrelsinu túlkaðar þröngt séu til þess gildar ástæður. Sama sjónarmið hefur verið lagt til grundvallar fyrir mde.¹¹⁶ Ekki verður vikið nánar að þessum sjónarmiðum hér en sum þeirra koma til athugunar þegar fjallað verður um hömlur á tjáningarfrelsi fjölmiðla í kafla 3.3.3.3.

Áður en lokið er almennri umfjöllun um hömlur á tjáningarfrelsi er rétt að impra á að dálítill munur er á þessu ákvæði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. og 2. mgr. 10. gr. mse. sem virðist kveða á um öllu víðtækari heimildir til takmarkana. Ummæli í greinargerð með stjórnarskrárákvæðinu

¹¹⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 373.

¹¹¹ Um heilsuvernd má t.d. benda á *Hrd. 28. október 2008 (491/2007)* og um siðgæslu *Hrd. 1984, bls. 855* og *Hrd. 1990, bls. 1103*.

¹¹² Um friðarbrot má t.d. benda á *Hrd. 1999, bls. 857*.

¹¹³ „Brýnn samfélagsleg þörf“ er þýðing höfundar á enska orðasambandinu „pressing social need“.

¹¹⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 377-379. Sjá nánar í sama riti, bls. 379-384 og 390-393, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 64-65.

¹¹⁵ Sjá Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 341-346.

¹¹⁶ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 369.

benda til að þessi munur sé af ráðnum hug og beri því að hafa áhrif á túlkun ákvæðisins.¹¹⁷ Við það verður þó að staldra að þau atriði 2. mgr. 10. gr. mse. sem ekki eru tekin upp í 3. mgr. 73. gr. má, í það minnsta með góðum vilja, fella undir hugtökin allsherjarreglu eða réttindi annarra sem tiltekið er í stjórnarskrárákvæðinu. Þá er sá munur á ákvæðunum að í mse. er kveðið á um nauðsyn takmarkana í lýðræðisþjóðfélagi en í stjórnarskrá er mælt fyrir um að takmarkanir séu nauðsynlegar og samræmist lýðræðishefðum. Í framkvæmd virðist hvorki hafa reynt á þennan orðalagsmun né þann sem varðar þau atriði sem réttlætt geta takmarkanir á tjáningarfrelsi og eftirleiðis verður þessi munur því látinn liggja milli hluta.

3.3.3.3 Hömlur á tjáningarfrelsi fjölmiðla

Hömlur á tjáningarfrelsi fjölmiðla lúta í megindráttum sömu lögmálum og hömlur á tjáningarfrelsi almennt. Þó eru viss sérsjónarmið sem taka verður með í reikninginn og leiða til þess að fjölmiðlar njóta meira olnbogaráymis við tjáningu sína en aðrir. Er gjarna talað um rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðu í þessu samhengi. Eins og endranær þurfa hömlurnar að vera lögmæltar, stefna að réttmætu markmiði og teljast nauðsynlegar og samræmast lýðræðishefðum en skilyrðið um nauðsyn og samræmi við lýðræðishefðir hefur verið metið strangt í framkvæmd þegar fjölmiðlar eiga í hlut. Segja má að orsakir og röksemdir þessa séu tvíþættar en þær tvinnast þó saman að ýmsu leyti þannig að örðugt getur verið að greina hvar annað endar og hitt tekur við.

Í fyrsta lagi leiðir hið stranga mat og þar með hið rýmkaða tjáningarfrelsi af hlutverki fjölmiðla. Mannréttindadómstóllinn hefur lagt ríka áherslu á mikilvægi hlutverks fjölmiðla og blaðamanna í lýðræðisþjóðfélagi en um það er fjallað í kafla 2.2 hér að framan. Hefur dómurinn í úrlausnum sínum sagt að grundvallarsjónarmið um tjáningarfrelsi séu sérstaklega mikilvæg þegar fjölmiðlar eru annars vegar og tekið fram að sérstaklega strangt sé tekið á því þegar íhlutun stjórnvalda er til þess fallin að hindra fjölmiðla í þátttöku í umræðu er varðar almenning.¹¹⁸ Orða má þetta svo að heimila þurfi fjölmiðlum að ganga svo langt sem þeim er nauðsynlegt til að gegna hlutverki sínu.

MDE, Sunday Times gegn Bretlandi, 26. apríl 1979 (6538/74) (65. egr.): „[T]jáningarfrelsið er ein af meginstöðum lýðræðislegs þjóðfélags [...] það á ekki aðeins við um upplýsingar eða hugmyndir sem er vel tekið eða litið er svo á að séu meinlausar eða léttvægar heldur einnig þær sem misbjóða, ganga fram af eða raska ríkisvaldinu eða hvaða hópi þjóðfélagsins öðrum sem er. [...] Þessar grundvallarreglur hafa sérstaklega mikið vægi hvað fjölmiðlana varðar.“

¹¹⁷ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2105, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 73-76.

¹¹⁸ Sjá t.d. Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 384-385.

MDE, Observer og Guardian gegn Bretlandi, 26. nóvember 1991 (13585/88) (60. egr.): „[H]ætturarnar sem eðlislægar eru fyrirfarandi hömlum eru slíkar að þær kalla á mjög ítarlega grannskoðun af hálfu dómsins. Þetta á sérstaklega við hvað varðar fjölmiðlana þar sem fréttir eru vara sem þolir illa bið og að seinka birtingu þeirra, jafnvel aðeins í stuttan tíma, getur auðveldlega sneytt þær gildi sínu og áhugaverðleika.“

MDE, Jersild gegn Danmörku, 23. september 1994 (15890/89) (35. egr.): „Fréttáflutningur sem byggður er á viðtölum, hvort sem þau eru klippt til eða ekki, er ein mikilvægasta aðferð fjölmiðlanna til að gegna hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ [...] Að refsfa fjölmiðlamanni fyrir að aðstoða við dreifingu yfirlýsinga annars fólks í viðtali myndi *hamla framlagi fjölmiðlanna til opinberrar umræðu um málefni sem varða almenning og ættu ekki að koma til nema að sérstaklega sterkar ástæður leiði til þess.*“

MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (65. egr.): „Að auki er dómstóllinn meðvitaður um þá staðreynd að fjölmiðlafrelsi nær einnig til þess að gripið sé til ýkja upp að vissu marki eða jafnvel ögrunar. Í málum eins og því sem liggur nú fyrir er *svigrúm ríkisins til mats [á nauðsyn hamla, innsk. höf.] takmarkað af hagsmunum lýðræðislegs þjóðfélags af því að gera fjölmiðlum kleift að gegna hinu brýna hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ með því að miðla upplýsingum sem varða almenning miklu.*“¹¹⁹

Ekki er fyrir að fara jafn afdráttarlausri stefnumörkun í íslenskri dómaframkvæmd en þó er unnt að benda á ummæli *Hrd. 1995, bls. 408* (tilfærð í kafla 3.3.2) og *Hrd. 1996, bls. 40*, sjá bls. 42-43 í dómnum. Þá er að finna ummæli í nýlegum dómi Hæstaréttar í þessa veru:

Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011): „Í lýðræðisþjóðfélagi hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Á almenningur rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að liggja til að skerðing á frelsi fjölmiðla til birtingar upplýsinga geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.“¹²⁰

Er þess vegna vafalítið að íslenskir dómstólar beiti og muni beita sömu meginsjónarmiðum varðandi hlutverk fjölmiðla og mikilvægi þeirra og mde. gerir við mat á nauðsyn hamla á tjáningarfrelsi fjölmiðla (samanber stöðu mse. og úrlausna mde. í íslenskum rétti sem fjallað er um í kafla 3.2.2).¹²¹

Í öðru lagi helgast hið stranga mat af innihaldi og eðli þess efnis sem í fjölmiðlum birtist en löngum hefur verið viðurkennt að ganga megi lengra í tjáningu, hvort sem er í fjölmiðlum eða á öðrum vettvangi, ef um er að ræða innlegg í þjóðmála- og stjórn málaumræðu, gagnrýni

¹¹⁹ Þýðing og áherslur höfundar. Í þessu samhengi má einnig benda á *MDE, Lingens gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82)*; *MDE, Oberschlick gegn Austurríki (1), 23. maí 1991 (11662/85)*, einkum 58. egr.; *MDE, Castells gegn Spáni, 23. apríl 1992 (11798/85)*, einkum 43. egr.; *MDE, Prager og Oberschlicks gegn Austurríki, 26. apríl 1995 (15974/90)*, einkum 34. egr., og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43380/10)*, einkum 59. egr. Sjá einnig Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 361-362.

¹²⁰ Áhersla höfundar.

¹²¹ Sjá Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar*, bls. 54.

á stofnanir samfélagsins eða opinbera starfsmenn og umfjöllun um málefni sem varða almenning eða um svokallaðar almannapersónur.¹²² Þar sem fjölmiðlar fjalla mjög gjarna um efni sem fellur innan þessara sviða eiga þessi sjónarmið oft við þegar skorið er úr um hvort réttlæt看legt sé að takmarka tjáningarfrelsi þeirra. Kemur þetta glöggt fram í dómaframkvæmd íslenskra dómstóla:

Hrd. 1977, bls. 375 (í úrlausn héraðsdóms): „Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að *opinberri umræðu séu ekki settar óþarfa skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla séu ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar* og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu.“

Hrd. 1997, bls. 3618: „Greinin snýr að *samfélagslegu málefni, sem eðlilegt er, að komi til almennrar umræðu*. Í slíkri umræðu verða stjórnvöld að þola, að gagnrýni sé beint að þeim þótt orðfæri í því sambandi kunni að verða hvasst. [...] verður ekki litið framhjá því að *meginefni greinarinnar varðaði störf stofnunarinnar* [fangelsismálastofnunar, innsk. höf.], sem forstjórinn veitti forstöðu, en um persónu hans var þar ekki fjallað. Hann verður að sæta því að stofnunin hafi verið samsömuð honum með notkun nafns hans, eins og hér var gert í almennri umræðu.“

Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005): „Skrif blaðsins höfðu að geyma *efni, sem átti erindi til almennings og varðaði mál, sem miklar deilur höfðu staðið um í þjóðfélaginu*. Þótt jafnframt hafi verið greint í umfjöllun blaðsins frá fjárhagsmálefnum áfrýjanda voru þau svo samfléttuð fréttæfninu í heild að ekki varð greint á milli. Verður fallist á með stefnda að ekki hafi verið gengið nær einkalífi áfrýjanda en *óhjákvæmilegt var í opinberri umræðu um málefni, sem varðaði almenning*.“

Hrd. 1. mars 2007 (278/2006): „Þegar metnar eru þær skorður sem friðhelgi einkalífsins setur tjáningarfrelsinu [...] skiptir grundvallarmáli hvort hið birta efni, myndir eða texti, *geti talist þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu og eigi þannig erindi til almennings*. Þær myndir sem hér eru til umfjöllunar tengjast á engan hátt slíkri umræðu.“

Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011): „[S]kiptir miklu hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í *þjóðfélagslegri umræðu og eigi þannig erindi til almennings* [...] Þegar meta skal hvar þessi mörk liggja og hvað eigi erindi til almennings verður að líta til stöðu þjóðfélagsmála á hverjum tíma, hvaða málefni beri hæst í opinberri umræðu og séu almennt talin miklu varða.“¹²³

Í dómum mde. kveður við sama tón en þar hefur rýmkuðu tjáningarfrelsi verið slegið föstu þegar um er að ræða þjóðmálaumræðu og því að mjög veigamiklar ástæður þurfi til að réttlæta hömlur við henni. Hefur dómstóllinn talið að þá skuli tjáningarfrelsi njóta víðtækastrar verndar

¹²² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 377-378 og 379-388; Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 64-65, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 371-374. Um hugtakið almannapersónur vísast til Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 119-122.

¹²³ Áherslur höfundar. Einnig má benda á *Hrd. 10. nóvember 2011 (65/2011)* og til hliðsjónar *Hrd. 1996, bls. 40*. Þá er í þessu samhengi athyglivert að bera saman *Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)*, sem vitnað er til í meginmáli, og *Hrd. 4. október 2007 (37/2007)* sem varðaði umfjöllun annars fjölmiðils um sama mál. Að lokum er bent á *Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)* en það mál var kært til mde. sbr. *ákvörðun MDE, Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi, 20. október 2005 (4591/04)*.

og bendir dómaframkvæmd til þess að í raun séu einu leyfilegu hömlurnar við tjáningarfrelsi í þessu samhengi þær sem stemma stigu við hvatningu til ofbeldis eða andúðar í garð tiltekinna þjóðfélagshópa. Þá þurfi stjórnvöld, stjórnámálamenn, opinberir embættismenn og dómstólar, hver flokkur að sínu marki, að una gagnrýni sem jafnvel geti verið ögrandi og móðgandi.¹²⁴

Hér skal staldrað við að um er að ræða tilbrigði við óræða vísireglu og er því erfitt að gera grein fyrir hvert nákvæmt inntak hinna sérstöku sjónarmiða er og hve langt þau ná. Þó kemur í ljós þegar sjónarmiðin tvö, sér í lagi hið síðara, eru athuguð að þau eiga sérstaklega við um þá fjölmiðla sem hafa fram að færa mikilvæg innlegg í þjóðmálaumræðuna. Af orðalagi flestra ef ekki allra þeirra dóma sem hér eru reifaðir eða vísað er til má jafnvel draga þá ályktun að þessum sjónarmiðum sé fyrst og fremst ætlað að eiga við slíka fjölmiðla.

Við þessi sjónarmið um mat á nauðsyn hamla á tjáningarfrelsi fjölmiðla verður að gera þann mikilvæga fyrirvara að það eitt og sér að í hlut eigi fjölmiðill, jafnvel fjölmiðill sem einblínir á mikilvæga og vandaða þjóðmálaumræðu, réttlætir ekki nema að litlu marki að strangara mati sé beitt. Umfjöllunarefnið hverju sinni þarf einnig að leiða til þess. Þannig kæmist fjölmiðill ekki frekar upp með rætnar ærumeiðingar eða ósvífna hnýsni í einkalíf fólks en Gróa á Leiti og sama er að segja um virt fréttablað og ómerkilegan slúðursnepil. Eru sjónarmiðin tvö því samofin og hið fyrra um margt háð hinu síðara. Þá ber að minnast þess að sjónarmið sem almennt hafa áhrif á mat á nauðsyn hamla geta eins og endranær skipt sköpum þegar fjölmiðlar eiga í hlut.

¹²⁴ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 371-374. Sjá t.d. *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi*, 25. júní 1992 (13778/88); *MDE, Özgür Gündem gegn Tyrklandi*, 16. mars 2000 (23144/93), einkum 60. egr.; *MDE, Feldek gegn Slóvakíu*, 12. júlí 2000 (29032/95), einkum 83. egr.; *MDE, Pedersen of Baadsgaard gegn Danmörku*, 17. desember 2004 (49017/99) og *MDE, Prager og Oberschlicks gegn Austurríki*, 26. apríl 1995 (15974/90).

Um frekari umfjöllun um rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðu má vísa til Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 379-388; Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 91-93; Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 213-221, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 370-375.

4. Æra og æruvernd

Að þargreindum skilyrðum uppfylltum er samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár heimilt að setja tjáningarfrelsi skorður til verndar réttindum og mannorði annarra. Á þessum grunni standa lagareglur um æruvernd og ærumeiðingar en tjáning eins getur hæglega meitt æru annars og mætast þá sjónarmið um frjálsa tjáningu og vernd æru manna. Vegur þetta efni því þungt fyrir viðfangsefnið hér þar sem *exceptio veritatis* felur í sér réttlætingu tjáningar sem ella teldist ærumeiðandi. Verður nú fjallað um hugtakið æru, vernd hennar og brot gegn henni og sérstaklega verður í lok kaflans vikið að ærumeiðingum sem hafðar eru í frammi á vettvangi fjölmiðla.

4.1 Almenn

Æran hefur verið Íslendingum hugðarefni í aldanna rás en ákvæði um æruvernd hafa verið í íslenskum lögum svo lengi sem rakið verður eftir rituðum heimildum. Frá öndverðu hefur í íslenskri löggjöf verið kveðið á um viðurlög eða aðrar afleiðingar árása á æru manna eða sæmd og voru þær áður kallaðar *fjölmæli*. Þannig höfðu lögbækurnar Grágás, Járnsíða og Jónsbók allar að geyma slík ákvæði.¹²⁵ Enn í dag er æruvernd að lögum allviðtæk hér á landi og má finna henni stað bæði í stjórnarskrá og almennum lögum. Með henni er fólki tryggð réttarvernd gagnvart óréttmætum atilögum að þeim persónulegu hagsmunum sem fólgir eru í ærunni.

4.1.1 Um æruna

Hugtakið *æra* hefur ýmsa og óræða merkingu í mæltu máli og er hvergi skilgreind í ákvæðum settra íslenskra laga. Samkvæmt íslenskri orðabók hefur orðið merkinguna heiður, sómi, sómatilfinning, virðing eða álit en að lögum er það skilgreint sem andlag ærumeiðinga og æruverndar og felur annars vegar í sér sjálfsvirðingu manns (*huglæg æra*) og hins vegar álit eða dóm annarra um mann (*hlutlæg æra*). Hér er ekki beinlínis um að ræða persónulegt gildi manns og mannkosti hans heldur hugmynd eða álit um þessi atriði og samkvæmt íslenskri réttarhefð er það þessi sýn á manninn, hans eigin og annarra, sem nýtur verndar.¹²⁶ Er æran því huglæg og óáþreifanleg en samt sem áður, þrátt fyrir að verða ekki metin til fjár með hefðbundnum hætti, afar dýrmæt verðmæti:

¹²⁵ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 127. Nánari umfjöllun um sögu æruverndarákvæða í íslenskum lögum má finna í Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 11-120.

¹²⁶ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 124; Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 1-2, og Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 125.

Þeim mönnum, sem á annað borð hefur verið gefin sómatilfinning í vöggugjöf, er að jafnaði afar annt um heiður sinn og mannorð. [...] Þá fyrst [þegar vegið er að æru þeirra, innsk. höf.] skynja menn hve æran er djúpstæður þáttur af einstaklingnum, persónu hans og tilveru. Árásir á æruna jafngilda, í augum margra, atlögum að líkama manna og heilbrigði og geta skilið eftir djúp sár, sem seint gróa. Fáir eru þeir, sem láta sér standa á sama um mannorð sitt, þ.e. skeyta hvorki um skömm né heiður.¹²⁷

Æran telst því til mikilvægra persónuréttinda og nýtur ríkrar lögverndar (sjá kafla 4.1.2 og 4.2) enda er það svo að það getur skipt fólki miklu máli að æra þeirra, orðspor og heiður séu óflekkuð, hvort sem er í huga þeirra sjálfra eða augum annarra.

4.1.2 Æruvernd

Æruvernd að lögum grundvallast á því sjónarmiði að æra sé fólki dýrmæt persónuleg verðmæti og styðst við áþekk rök og friðhelgi einkalífs, að hún sé nauðsynleg þar sem ærumeiðingar gangi nærri persónu og tilfinningalífi eða andlegu og líkamlegu sjálfræði þeirra.¹²⁸ Verndar njóta að meginstefnu allir menn og er þá ekki aðeins átt við fullorðið, lifandi og heilbriggt fólk heldur einnig, í það minnsta að nokkru marki, börn, vanheila menn og jafnvel látna.¹²⁹ Athugunarefni er hvort eða að hvaða marki ófætt barn getur haft æru og notið æruverndar. Þá njóta lögpersónur einnig æruverndar að nokkru leyti.¹³⁰ Verða þessir þættir og sérsjónarmið er þá varðar að mestu látin liggja milli hluta þar eð þýðing þessa er hverfandi fyrir viðfangsefnið hér.

Hvorki í stjórnarskrá né mse. er að finna sérstök ákvæði um æruvernd. Æra manna nýtur þó verndar samkvæmt orðum 3. mgr. 73. gr. stjkskr. og 2. mgr. 10. gr. mse. sem kveða á um, hvor með sínu orðalagi, að setja megi tjáningarfrelsi skorður til varnar mannorði annarra með sömu skilyrðum og endranær (sjá kafla 3.3.3.2). Þá hafa ákvæði 71. gr. stjkskr. og 8. gr. mse. um einkalífsvernd verið túlkuð svo í framkvæmd, bæði íslenskra dómstóla og mde., að þau taki einnig til verndar æru fólks og mannorðs sem séu þættir í einkalífi þess, sjá til dæmis *Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)*; *Hrd. 2004, bls. 1553 (382/2003)* og *ákvörðun MDE, Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi, 20. október 2005 (4591/04)* þar sem mde. tók af skarið um þetta efni. Leikur því enginn vafi á að æra manna nýtur verndar samkvæmt núgildandi stjórnarskrá.¹³¹

¹²⁷ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 123. Það athugist að höfundur textans virðist nota orðin heiður, mannorð og æru í sömu merkingu og á þá við æruna.

¹²⁸ Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 417.

¹²⁹ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 8-9. Sjá nánar í sama riti, bls. 9-40.

¹³⁰ Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 397-398, og Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 8-9. Sjá nánar í sömu ritum, bls. 395-420 og 465 í hinu fyrrnefnda og bls. 21-40 í hinu síðarnefnda.

¹³¹ Sjá til dæmis Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“, bls. 292-293 og *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 289-290; Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 536-537, og Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 127-128.

Öðru máli gegnir um æru lögpersóna. Talið er að hún falli ekki undir gildissvið 71. gr. stjkskr. og 8. gr. mse. þar sem rökin fyrir einkalífsvernd, sem áður er getið, eigi ekki við lögpersónur þar sem þær séu ópersónulegir aðilar og hafi ekki sömu persónulegu hagsmuna að gæta. Þá finnur stjórnskipuleg æruvernd lögaðila sér hvorki stoð í dómum Hæstaréttar Íslands né úrlausnum mde., hvort sem er samkvæmt ákvæðum stjkskr. og mse. um friðhelgi einkalífs eða skorður við tjáningarfrelsi. Aftur á móti njóta lögpersónur æruverndar samkvæmt almennum lögum, svo sem síðar verður vikið að.¹³²

Fyrir stjórnarskrárbreytingar stjkskl. nr. 97/1995 var aðeins kveðið á um friðhelgi heimilis, húsleit og bréflýnd en hvorki getið friðhelgi einkalífs né æruverndar með beinum eða óbeinum hætti. Þá hafði prentfrelsisákvæði hennar ekki að geyma sambærilegan fyrirvara og nógildandi tjáningarfrelsisákvæði um skorður vegna mannorðs annarra. Virðist æran því ekki hafa notið stjórnskipulegrar verndar í tíð eldri stjórnarskrár¹³³ en halda verður því til haga að hún naut vissulega verndar samkvæmt ákvæðum almennra laga enda mótaðist æruvernd á sviði almennra laga áður en hugmyndin um stjórnskrárbundna æruvernd kom til.¹³⁴

Í kafla 4.2 er fjallað um ærumeiðingar en æruvernd samkvæmt almennum lögum fjallar að mestu leyti um slíkar atlögur að ærunni og vísast því til nefnds kafla hvað almenna lögvernd ærunnar varðar.

4.2 Ærumeiðingar

Í ærumeiðingu felst, samkvæmt íslenskri lögfræðiorðabók, refsiverð háttsemi fölginn í árás á sjálfsvirðingu manns eða virðingu annarra fyrir honum. Með öðrum orðum er um að ræða atlögu að ærunni, eins og henni er lýst hér að framan, sem getur orðið henni til hnekkis. Lög-gjöf sem kveður á um viðurlög og úrræði vegna ærumeiðinga má kalla einn anga eða þátt æruverndar en vegna þess hve viðamikil þetta efni er og hve þungt það vegur fyrir viðfangsefnið er því helgaður sérstakur kafli hér.

4.2.1 Helstu brot gegn æru að lögum

Helstu ákvæði almennra laga um æruvernd fjalla um ærumeiðingar og viðurlög við þeim og má finna í XXV. kafla alm. hgl. Verður nú vikið að þessum lagaákvæðum og öðrum er fjalla

¹³² Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 416-419.

¹³³ Þessi ályktun fær ekki aðeins stoð í því að engin ákvæði eldri stjórnarskrár drepa beinlínis á vernd ærunnar heldur einnig í því að í fræðilegri umfjöllun um íslenskan stjórnskipunarrétt og æruvernd er ekki gert ráð fyrir stjórnskipulegri vernd æru manna. Sjá til dæmis Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, einkum bls. 147-171, og *Æran og vernd hennar*, einkum bls. 8-40, og Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, einkum bls. 435-438 og 462-472.

¹³⁴ Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 415-416, einkum neðanmáls.

um ærumeiðingar. Ekki verður um tæmandi yfirlit að ræða og aðeins vikið að þeim ákvæðum sem beina eða óbeina þýðingu hafa hér í þeim mæli sem tilefni er til.

4.2.1.1 Móðgun

Umfjöllunarefni 234. gr. alm. hgl. er *móðganir* og útbreiðsla þeirra. Við brotum gegn greininni liggur sekt eða allt að eins árs fangelsi. Í móðgun felst niðrandi tjáning sem til þess er fallin að lækka mann í álit, særa sjálfsvirðingu hans, lítilsvirða persónu hans eða gefa í skyn að lítið sé í hann spunið án þess þó að honum sé beinlínis borin á brún ósæmilegur verknaður eða lastverðir eiginleikar. Dónaskapur, ókurteisi og frávik frá almennum mannasiðum koma hér ekki til greina heldur verður að gera nokkrar kröfur um að tjáð sé megn óvirðing eða fyrirleitning.¹³⁵ Þó virðast dómstólar ekki alltaf gera mjög strangar kröfur til þessa en í *Hrd. 2. október 2008 (653/2007)* var það talið ærumeiðandi móðgun að bera nafngreindri konu það á brún að vera blönk.¹³⁶ Undir 234. gr. falla allar þær móðganir sem ekki teljast aðdróttanir en felí móðgun í sér aðdróttun tæmir 235. gr. sök gagnvart 234. gr.¹³⁷ Augljós dæmi um móðganir eru hvers konar uppnefni og skammaryrði á borð við „drullusokkur“, „asni“, „landeyða“ eða „strigakjaftur“¹³⁸ en eins og orðalag 234. gr. gefur til kynna er einnig unnt að setja móðgun fram í hvers kyns athöfnum og jafnvel athafnaleysi (sjá kafla 4.2.2). Það ber að athuga að talið er að lögpersónur njóti ekki verndar 234. gr. þar sem þær hafi ekki til að bera huglæga æru sem móðganir beinast aðallega eða eingöngu að.¹³⁹

Rétt er að geta þess að halda má því fram með sterkum rökum að 234. gr. alm. hgl. um móðganir falli ekki innan vébanda undantekningarákvæða 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 10. gr. mse. um takmarkanir á tjáningarfrelsi vegna mannorðs manna og sé því í andstöðu við nefnd ákvæði um tjáningarfrelsi. Þessi niðurstaða verður leidd af því að undantekningarnar taka aðeins til mannorðs sem er hin hlutlæga æra, annarra sýn á manngildið, en getur í engu sjálfsvirðingarinnar en að henni beinast móðganir fyrst og fremst og jafnvel eingöngu.¹⁴⁰ Verður hér tekið undir þetta með þeim fyrirvara að móðgunin þurfi að beinast að hinni huglægu æru eingöngu svo þetta eigi við og megi ekki á neinn hátt hnekkja hinni hlutlægu. Í þessu samhengi er niðurstaða *Hérd. Reykn. 27. júní 2012 (S-514/2012)* athygliverð en þar

¹³⁵ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 52-55.

¹³⁶ Fróðlegt er að bera þennan dóm saman við *Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008)* þar sem refsilaust var talið að kalla mann „aðal rasista bloggheima“.

¹³⁷ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 126, og *Safn greinargerða við almenn hegningarlög*, bls. 50. Sjá einnig Alþt. 1939, A-deild, bls. 393.

¹³⁸ Um skammaryrðin „strigakjaftur“ og „asni“ má vísa til *Hrd. 1944, bls. 295* og *Hrd. 1981, bls. 490*. Í nýlegum héraðsdómi, *Hérd. Reykn. 27. júní 2012 (S-514/2012)*, var sakfelld fyrir öllu grófara skammaryrði.

¹³⁹ Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 399-398.

¹⁴⁰ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 135-137, og *Fjölmíðlaréttur*, bls. 223-224.

var maður sem uppnefndi dómara með grófum hætti í réttarsal sakfelldur fyrir móðgun. Erfitt er að færa rök fyrir því að móðgunin, þótt gróf hafi verið, hafi verið til þess fallin að raska mannorði dómarans á nokkurn hátt. Nærtækt er að ætla að móðgunin þyki almennt að litlu hafandi og verði frekar talin bera mælandanum vitni en hinni meiðyrta. Er niðurstaða málsins um sakfellingu því vart tæk séu framanreifaðar hugmyndir lagðar til grundvallar. Ekki hefur enn reynt á þetta álitafni fyrir íslenskum dómstólum eða mde. og ekki verður séð að þessu hafi heldur verið hreyft fyrir dómi, í það minnsta hérlendis.

4.2.1.2 Aðdróttun

Í 235. gr. alm. hgl. er kveðið á um *aðdróttanir* og útbreiðslu þeirra. Með aðdróttun er átt við að manni sé borið á brýn eitthvað sem myndi lækka hann í álitum annarra eða særa sjálfsvirðingu hans. Varða brot gegn ákvæðinu sektum eða fangelsi allt að einu ári. Getur hér hvort sem er verið um að ræða áburð um tiltekna háttsemi, athafnir eða athafnaleysi, eða miður góða eiginleika og einnig skort á kunnáttu, hæfileikum eða heilbrigði til líkama og sálar. Ásakanir um refsiverð afbrot eru skýr dæmi aðdróttana, sjá til dæmis *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)* og *Hrd. 30. apríl 2009 (475/2008)*, en áburður um refsilausa og jafnvel lögsmæta háttsemi getur einnig talist aðdróttun. Sem dæmi um hið síðastnefnda má benda á *Hrd. 1978, bls. 535* og *Hrd. 1995, bls. 774* og nefna að auki ásakanir um ofdrykkju, lauslæti eða vanskil skulda. Þá varða lestir manna, til dæmis leti, ósannsögli, meinfýsi eða heigulsháttur, sjaldnast eða aldrei refsingu í sjálfu sér þó ásakanir um slíkt geti falið í sér refsiverða aðdróttun.¹⁴¹ Í öllum tilfellum verður að gera kröfu um lágmarks alvarleika aðdróttana, með öðrum orðum að þær séu raunverulega til þess fallnar að verða virðingu manns til hnekkis eins og 235. gr. kveður skýrlega á um. Þannig myndi ávirðing um léttvæga ólögsmæta háttsemi, sem þó fylgja viðurlög, í stakt skipti teljast lítt til þessa fallin og má þar nefna að greiða ekki í stöðumæli eða aka gegn rauðu ljósi í eitt sinn. Öðru máli gegnir ef mönnum er borið á brýn almennt skeytingarleysi um lög og reglur er varða bifreiðastöður eða ljósmerki götuvita. Sama er að segja um ásökun um ósannsögli í tiltekinni frásögn annars vegar og ásökun um almennar tilhneigingar til þess að ljúga hins vegar.¹⁴² Niðurstaða um þetta ræðst mjög af atvikum hverju sinni og samhengi hinna ætluðu ærumeiðinga en ekki er ástæða til að fara nánar úr í það hér.

Mörkin milli aðdróttunar og móðgunar geta verið óglögg en almennt er aðdróttun talin alvarlegra brot en móðgun þó að refsirammi vegna brotanna sé hinn sami, allt frá sektum

¹⁴¹ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 46-47 og 49-51, og Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 126-128.

¹⁴² Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 128-129. Sjá einnig Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur*, bls. 201.

að eins árs fangelsi.¹⁴³ Helgast þetta af því að móðganir lýsa aðeins almennri óvirðingu þess sem viðhefur móðgunina, beinast aðallega eða jafnvel eingöngu að hinni huglægu æru og eru mun óákveðnari en aðdróttanir. Aðdróttanir fela aftur á móti í sér áburð um eitthvað sem gjarna varðar við lög eða misbýður mjög siðgæðisvitund fólks og beinast bæði að huglægri og hlutlægri æru.¹⁴⁴ Þannig hlýtur að teljast þungbærara að vera sakaður um landráð eða morð en að vera uppnefndur labbakútur eða greppitrýni. Við þetta bætist að fúkyrði og uppnefni og önnur háttsemi sem varðað gæti við 234. gr. dæmir sig gjarna sjálf og segir jafnvel meira um þann sem tjáir sig en hinn móðgaða þó að það geti í einhverjum tilfellum einnig átt við um aðdróttanir.

Sá munur er einnig á aðdróttunum og móðgunum að vegna ólíks innihalds þeirra er mun hægara um vik, í það minnsta mögulegt, að sanna aðdróttanir með hefðbundnum aðferðum en öllu erfiðara að sýna fram á sannleiksgildi móðgunar (sjá nánar kafla 5.2).¹⁴⁵

Í 236. gr. alm. hgl. er fjallað um *auknar aðdróttanir*, einnig kallaðar *söguburður* eða *rógburður*, sem litnar eru alvarlegri augum en einfaldar aðdróttanir, svo nefndar til aðgreiningar, samkvæmt 235. gr. Þær geta annars vegar falist í að aðdróttun sé höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, samanber 1. mgr., eða að aðdróttun sé borin út opinberlega án þess að sakaráberi hafi haft sennilega ástæðu til að telja hana sanna, samanber 2. mgr. Athuga verður að móðganir samkvæmt 234. gr. koma ekki til greina.¹⁴⁶ Þyngri refsing liggur við auknum aðdróttunum en einföldum og varða þær allt að tveggja ára fangelsi og sé brotið gegn 1. mgr. kemur sektargerð ekki til greina.

4.2.1.3 Önnur ákvæði laga

Nú hefur verið gerð grein fyrir mikilvægustu ákvæðum laga um ærumeiðingar en rétt er að gera stuttlega grein fyrir örfáum ákvæðum til viðbótar. Verður sjónum helst beint að þeim ákvæðum sem máli skipta fyrir viðfangsefnið hér og er því alls ekki um tæmandi talningu að ræða.

Sértækt ákvæði um ærumeiðingar sem fela í sér *kynþáttahatur eða viðlíka fordóma* er að finna í 233. gr. a. alm. hgl. Samkvæmt greininni varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að ráðast opinberlega á mann eða hóp manna með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt vegna þjóðernis, litarháttar, trúarbragða eða kynhneigðar. Miðað við orðalag

¹⁴³ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 52-53, og Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 127-128.

¹⁴⁴ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 41-42 og 52-53, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 223.

¹⁴⁵ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 126-127.

¹⁴⁶ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 189-190, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls.

greinarinnar heyra hér undir bæði móðganir og ærumeiðingar, að því gefnu að þær verði hverju sinni heimfærðar til orðalags ákvæðisins að öðru leyti. Er hér hvort tveggja gert að skilyrði að ærumeiðingu sé beint að tilteknum manni eða hópi og að þær varði eitthvert tilgreindra efna. Rétt er að veita því athygli að ólíkt því sem almennt gerist um brot gegn ærunni er ekki nauðsynlegt að brotum samkvæmt 233. gr. a. sé beint að tilteknum manni heldur getur hún beinst almennt að tilteknum hópi. Réttarframkvæmd hvað þetta ákvæði varðar er heldur fátækleg en í *Hrd. 2002, bls. 1485 (461/2001)* er þó að finna glögg dæmi um beitingu þess. Einnig má benda á *MDE, Jersild gegn Danmörku, 23. september 1994 (15890/89)* til hliðsjónar.

Ákvæði 233. gr. b. alm. hgl. fjallar um stórfellda móðgun og smánun sem gerandi beinir að maka sínum eða fyrrverandi maka, barni sínu eða einhverjum sem nákominn er honum. Er ákvæðið sérstakt fyrir þær sakir að það kveður á um tiltekin tengsl milli geranda og hins ærumeidda en önnur ákvæði um ærumeiðingar eru ekki svo sértæk. Brot gegn greininni varða sektum eða allt að tveggja ára fangelsi. Af orðum greinarinnar og athugasemdum með henni í greinargerð má ráða að um aðdróttanir í garð þeirra sem taldir eru upp í ákvæðinu fer eftir 235. gr. eins og endranær og um móðganir sem ekki má telja stórfelldar fer eftir 234. gr.¹⁴⁷

Í 237. gr. alm. hgl. er fjallað um *tilefnislaus brigslyrði*. Í ákvæðinu er kveðið á um sektargerð fyrir að bera manni að ástæðulausu á brýn refsiverða eða vansæmandi háttsemi sem hann hefur þó gerst sannur að. Felur þetta ákvæði í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að sönnun leysi menn undan refsingu¹⁴⁸ og er því rétt að fjallað sé um það í 5. og 6. kafla sem helgaðir eru meginreglunni um *exceptio veritatis* og frávikum frá henni (sjá einkum kafla 6.2.2.1).

Með 240. gr. alm. hgl. er að finna mikilvægt ákvæði sem teygir refsivernd vegna ærumeiðinga út yfir gröf og dauða. Sé ærumeiðingum *beint að látnum manni* varðar það sektum eða allt að eins árs fangelsi og er í því samhengi rétt að athuga að eftir orðalagi greinarinnar er ljóst að hún á við burtséð frá því við hvaða ákvæði ærumeiðingin varðar. Getur refsing fyrir ærumeiðingar í garð látins manns því varðað vægari refsingu en ef hann væri á lífi, til dæmis ef um er að ræða ærumeiðingu samkvæmt 233. gr. b. eða 236. gr.

Í *sæmdarrétti* höfundar að verkum sínum, sem einkum er veitt vernd í 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972, felast réttindi sem nátengd eru æru hans. Segja má að þegar maður skapar hugverk verði til einskonaframlenging af persónu hans, tilfinningalífi eða hugarheimi, en flest slík verk eru afurð andlegrar iðju eða erfðis sem höfundur hefur kostað andargift sinni til.¹⁴⁹ Má

¹⁴⁷ Sjá Alþt. 2005-06, A-deild, bls. 1748-1749.

¹⁴⁸ *Safn greinargerða við almenn hegningarlög*, bls. 51. Sjá einnig Alþt. 1939, A-deild, bls.

¹⁴⁹ Alþt. 1971, A-deild, bls. 1280; Magnús Thoroddsen: „Sæmdarréttur“, bls. 398-399, og Páll Sigurðsson: *Höfundaréttur*, bls. 156.

Því segja að í vernd sæmdarréttar höfundar felist vernd æru hans að því marki sem hún er tengd verkinu og brot gegn því feli í sér árás á æru höfundar.¹⁵⁰

Ákvæði 94., 95. og 101. gr. alm. hgl. hafa að geyma fyrirmæli sem meðal annars varða viðurlög við því þegar ærumeiðingum er beint að embættismönnum, tilteknu fólki eða lögpersónum. Verður hér látið nægja að vísa til ákvæðanna sjálfra um efni þeirra.

Að lokum er rétt að geta laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Lögin vísa reyndar ekki beint til æruverndar en kveða á um að tiltekna lögpersónur skuli njóta sömu lögverndar og einstaklingar gegn óréttmætum prentuðum ummælum sem til þess eru fallin að hnekkja atvinnurekstri þeirra og virðist að einhverju leyti mega styðja æruvernd lögaðila við 1. gr. laganna.¹⁵¹

4.2.2 Ýmis atriði er varða ærumeiðingar

Verður nú vikið nánar að nokkrum atriðum varðandi ærumeiðingar, meðal annars hvað við kemur efni þeirra og eðli, lögfylgjum og réttarfari í meiðyrðamálum. Ýmsum efnum sem fella mætti hér undir verða gerð skil í 5. og 6. kafla eftir því sem við á í ljósi meginviðfangsefnis ritgerðarinnar.

4.2.2.1 Framsetning, efni og fleira

Oftast birtast ærumeiðingar í töluðu eða rituðu máli en hægt er að meiða æru manna með hverjum þeim hætti sem mannleg hugsun getur birst í. Má þannig hafa í frammi ærumeiðingar með látbragði eða athöfnum og jafnvel athafnaleysi og ekki síður í myndum og tónlist. Verður þetta glöggt ráðið af orðalagi 234. og 235. gr. alm. hgl. og athugasemdum við ákvæðin í greinargerð með lögnum.¹⁵² Lykilatriði er að meiðandi hugsun sé komið á framfæri sem uppfyllir að öðru leyti skilyrði lagaákvæða um ærumeiðingar. Hvort tjáning telst meiðandi ræðst af því hvort hún er almennt talin vera það og er þá litið til hlutlægra einkenna hennar og samhengis.¹⁵³ Af þessu leiðir að hafi tjáning enga einhlíta merkingu getur það leitt til þess að hún teljist ekki ærumeiðandi, samanber *Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005)*; *Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008)* og til hliðsjónar *Hérd. Rvk. 18. apríl 2012 (E-1572/2011)*. Skyld þessu er að ef tjáning felur í sér gildisdóm nýtur hún ríkari verndar en ef um staðhæfingu um staðreynd

¹⁵⁰ Sjá Magnús Thoroddsen: „Sæmdarréttur“, bls. 405.

¹⁵¹ Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 398.

¹⁵² Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 172-178 (einkum bls. 172), og *Safn greinargerða við almenn hegningarlög*, bls. 50-51. Sjá einnig Alpt. 1939, A-deild, bls. 393.

¹⁵³ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 170-180; Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur*, bls. 200.

væri að ræða. Leiðir þetta af því að ekki eru gerðar jafn strangar kröfur til sönnunar gildisdóma.¹⁵⁴ Vikið verður nánar að sönnun gildisdóma og staðhæfinga um staðreyndir í köflum 5.2.2 og 5.2.3.

4.2.2.2 Fullframning og saknæmi

Ærumeiðingar teljast til samhverfra brota og er því ekki skilyrði fullframningar að afleiðingar ærumeiðingar, skerðing ærunnar, komi sannarlega fram enda væri frágangssök að sýna fram á slíkt í hverju tilfalli.¹⁵⁵ Um þetta segir í athugasemdum við XXV. kafla í greinargerð með alm. hgl. að almennt þurfi ekki að sanna að hagsmunir sem verndar njóta samkvæmt ákvæðum kaflans hafi verið skertir heldur er nóg að friður um hagsmunina sé rofinn og sérstaklega tekið sem dæmi að sá sem ærumeiddur hefur verið þurfi ekki að sanna mannorðshnekki.¹⁵⁶ Tilraun til ærumeiðinga kemur til greina eftir almennum reglum um tilraunaverknaði.¹⁵⁷

Skilyrði fullframningar ærumeiðingar er að ærumeiðing komi til vitundar annarra með vitund og vilja þess sem viðhefur hana, en það athugist að ærumeiðingin þarf ekki að koma til vitundar þess sem vegið er að. Ærumeiðingar í dagbók eða öðru slíku sem er ekki ætlað öðru fólki en berst til vitundar þess án atbeina þess sem meiðingarnar skráði geta þannig ekki talist fullframdar og sama er að segja ef maður talar upphátt við sjálfan sig og til hans heyrst, að því gefnu þó að hann hafi ekki mátt vita að einhver heyrði.¹⁵⁸ Skortir hér ásetning sem er saknæmisskilyrði en sé það ekki uppfyllt telst brot ekki fullframið.¹⁵⁹ Um þetta tilfærir Gunnar Thoroddsen annað dæmi:

Sama gildir, þótt ummæli eigi að koma fyrir annarra sjónir síðar meir, en koma það fyrir, án hans [þess sem viðhafði ummælin, innsk. höf.] tilverknaðar; maður ritar t.d. ævisögu sína og niðrar þar einhverjum samtíðarmanni sínum, en hún á ekki að birtast fyrir en tilteknum tíma eftir lát þeirra beggja.¹⁶⁰

¹⁵⁴ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 49.

¹⁵⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*, bls. 77-79, og Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur*, bls. 206-207. Varðandi flokkun ærumeiðinga sem samhverfra brota má velja því upp hvort þær beri ef til vill frekar einkenni hættubrota þar sem þær verða að vera til þess fallnar að raska æru manna, þ.e. skapa möguleika eða hættu á röskun ærunnar. Þannig eru ærumeiðingar kallaðar hættubrot í Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 183, en af samhenginu er ekki fullljóst hvort vísað er til fræðilegrar flokkunar brotsins eða ekki. Sjá nánar um hættubrot Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*, bls. 79-81 (einkum umfjöllun um sérgreind hættubrot, bls. 80).

¹⁵⁶ *Safn greinargerða við almenn hegningarlög*, bls. 49-50. Sjá einnig Alþt. 1939, A-deild, bls. 392.

¹⁵⁷ Um tilraun til ærumeiðinga vísast til Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 183-184.

¹⁵⁸ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 182-178

¹⁵⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I*, bls. 73-74.

¹⁶⁰ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 182.

Sá mikilvægi munur er á þessu dæmi og því ef um dagbók eða slíkt væri að ræða, að meiðandinn ætlaði sér að koma ærumeiðingum til vitundar annarra. Hér væru allir efnisþættir 234., 235. eða 240. gr. alm. hgl., eftir atvikum, komnir fram og saknæmisskilyrði uppfyllt þar sem ekki er talið að frávík frá fyrirhugaðri atburðarrás á borð það sem hér um ræðir hafi áhrif á sakarmat.¹⁶¹ Engu getur hér skipt að heimfærsla til refsíákvæða velti á því hvort hinn ærumeiddi er lífs eða liðinn, ásetningur stendur til allra verknaðarþátta 240. gr. alm hgl. og þar með einnig til hvort sem er 234. eða 235. gr., enda fjallar fyrstnefnda greinin um brot gegn hinum tveimur síðari sem beint er að látnum mönnum. Er því ófært að fallast á að framangreint dæmi feli ekki í sér fullframda ærumeiðingu. Það að meiðandinn hafi einnig átt að vera fallinn frá hefur fyrst og fremst þá þýðingu að ekki hefði verið unnt að draga hann til ábyrgðar fyrir brot sitt en hefur ekki þýðingu fyrir brotið sjálft, fullframningu þess eða sakarmat.

Getið er þess að ásetningur er saknæmisskilyrði ærumeiðinga. Í alm. hgl. er ekki að finna heimild til refsingar fyrir ærumeiðingar af gáleysi svo sem 18. gr. laganna gerir að skilyrði fyrir refsingu vegna gáleysisbrots.¹⁶² Þessi formlega krafa um ásetning sem huglæga afstöðu til ærumeiðinga skiptir í raun naumast miklu máli þar sem að í framkvæmd hefur sakarmatið ekki verið strangt og yfirleitt látið nægja að meiðandi hafi haft í frammi tjáningu sem lagaðar eru til að meiða æru manns.¹⁶³ Þetta á þó ekki við þegar um er að ræða rógburð eftir 236. gr. en ákvæðið gerir auknar kröfur til ásetnings.¹⁶⁴ Til greina kemur að fallast á að ásetning skorti ef borið er við misritun, mismæli eða misskilningi en af *Hérd. Rvk. 6. mars 2012 (E-3832/2011)* og *Hérd. Reykn. 18. apríl 2012 (E-1572/2011)* má, með hefðbundnum fyrirvara um fordæmisgildi héraðsdóma, draga þá ályktun að á brattann sé að sækja þegar koma skal að vörnum af þessu tagi. Á þetta helst við þegar vankunnátta á tungumálinu eða tilhlýðilegu hátterni er fyrir hendi og geta þessar varnir því helst komið útlendingum og aðkomumönnum að gagni. Sama er að segja ef sýnt þykir að ekki hafi verið ætlunin að ærumeiðingar kæmu fyrir sjónir annarra, samanber það sem sagt hefur verið um ærumeiðingar í dagbók eða í samræðum manns við sjálfan sig.¹⁶⁵ Trú manna á sannindi ummæla sinna leysir menn alla jafna ekki undan refsingu eins og nánar verður fjallað um í 5. kafla. Í öllum tilfellum gildir meginreglan um frjálst sönnunarmat dómara óskoruð og má vel hugsa sér tilvik þar sem telja yrði að ærumeiðing hefði verið framin af gáleysi á öðrum forsendum en tíndar hafa

¹⁶¹ Um áhrif frávika í atburðarrás á sakarmat sjá Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 63.

¹⁶² Um almenna umfjöllun um saknæmi og ásetning vísast til Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 12-28 og 58-63.

¹⁶³ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 157, og Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur*, bls. 206-207.

¹⁶⁴ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 189-190. Ekki verður séð af dómasafni Hæstaréttar Íslands að sakfellt hafi verið fyrir brot gegn 236. gr. þótt byggt hafi verið á henni, ásamt öðrum ákvæðum, í málalíbúnaði.

¹⁶⁵ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 185-187.

verið til. Sem dæmi má taka að í minningargrein sé maður lofaður í hástert en á einum stað í henni sagður lyginn. Í ljósi samhengis ærumeiðingarinnar léti nærri að fallast á viðbárur um misritun þess efnis að höfundur hafi ætlað að segja hann laginn.¹⁶⁶

4.2.2.3 Málsforræði, úrræði og viðurlög

Mismunandi er hvort brot gegn æru manna sæta ákæru að frumkvæði ákærvalds, ákæru að kröfu þess sem misgert er við eða málshöfðun eins og um venjulegt einkamál sé að ræða. Í 242. gr. alm. hgl. er kveðið á um þetta:

1. Brot gegn ákvæðum 233. gr., 233. gr. a og 233. gr. b sæta ákæru.
2. a. Brot gegn ákvæðum 230., 231. og 232. gr. sæta ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við.
 - b. Hafi ærumeiðandi móðgun eða aðdróttun verið beint að manni sem er eða verið hefur opinber starfsmaður, og móðgunin eða aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, þá skal slíkt brot sæta ákæru eftir kröfu hans.
 - c. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega, en annaðhvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift, skal brotið sæta ákæru, ef sá krefst þess, sem misgert var við.
3. Mál út af öðrum brotum getur sá einn höfðað, sem misgert er við.

Ekki er þörf á að orðlengja þetta en rétt er að áréttta að af 3. tölulið greinarinnar leiðir að brot gegn meginákvæðum alm. hgl. um ærumeiðingar, 234. gr. um móðgun og 235. gr. um aðdróttun, auk aukinna aðdróttana samkvæmt 236. gr. og brigslyrða eftir 237. gr. sæta málshöfðun þess sem misgert er við nema í þeim tilfellum sem talin eru upp í b.- og c.-lið 2. töluliðar. Um meðferð mála vegna brota sem ekki sæta ákæru fer eftir lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, samanber reglur IV. kafla alm. hgl. um einkarefsimál.

Ýmis úrræði og viðurlög eru tengd ærumeiðingum. Unnt er að krefjast *lögbanns* við hafinni eða yfirvofandi athöfn eftir 24. gr. og öðrum ákvæðum IV. kafla laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. ef sýnt er fram á eða gert sennilegt að athöfnin, til dæmis birting eða útsending í fjölmiðli, brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum réttindum manns og að réttarspjöll séu líkleg til að hljótask af því að bíða endanlegrar dómsúrlausnar um málið. Er æra manna meðal þeirra hagsmuna sem hér koma til greina, samanber *Hrd. 1975, bls. 578* og að nokkru leyti *Hrd. 1979, bls. 588*. Í báðum tilfellum var lögbannið fellt úr gildi fyrir dómi. Komi ærumeiðing fram í fjölmiðli á hinn ærumeiddi rétt til *andsvara* sér að kostnaðarlausu samkvæmt 36. gr. fml. en þessi réttur er þó samkvæmt orðalagi ákvæðisins bundinn við að rangt hafi verið farið með staðreyndir. *Eignaupptaka* eftir ákvæðum VII. kafla A alm. hgl.

¹⁶⁶ Um gáleysislegar ærumeiðingar vísast að öðru leyti til Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 185-189, og Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 157-158.

kemur til greina eftir því sem átt getur við um ærumeiðingar, sjá til dæmis *Hrd. 1984, bls. 855* og *Hrd. 1987, bls. 748*. Til refsinga í formi sekta eða fangelsis getur komið verði maður fundinn sekur fyrir dómi um ærumeiðingar samkvæmt alm. hgl. en að því hefur áður verið vikið í umfjöllun um ákvæði laganna. *Féabætur*, skaðabætur fyrir fjárhagslegt tjón eða miskabætur fyrir ófjárhagslegt, má dæma úr hendi ærumeiðanda til hins meidda eftir almennum reglum skaðabótaréttar, samanber einkum 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um ólögmeta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu manna. Þá má samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. *dæma ómerk* óviðurkvæmileg ummæli án þess að refsing komi til en í þessu úrræði felst eins konar uppreist æru hins meiðyrta auk áfellis fyrir meiðandann. Athuga ber að ummæli þurfa ekki að vera ærumeiðandi svo þau verði ómerkt og að í ómerkingu felst ekki eiginleg refsing.¹⁶⁷ Að lokum kemur til greina að ærumeiðandi *fyrirgeri erfðarétti* sínum samkvæmt 2. mgr. 23. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Áfellisdóma vegna ærumeiðinga, hvers efnis sem þeir að öðru leyti eru, má svo skylda meiðandann til að *birta fyrir almenningi* eftir 2. mgr. 241. gr. alm. hgl. og í tilviki fjölmiðla 59. gr. fml.

4.2.3 Ábyrgðarleysisástæður

Ærumeiðingar, fullframdar að formi og efni, geta vegna aðstæðna og atvika verið refsilausar og lögmætar.¹⁶⁸ Yfirleitt er í þessu samhengi talað um refsileysisástæður en hér verður talað um *ábyrgðarleysisástæður* þar sem þær geta ekki aðeins firrt þann sem tjáir sig refsíabyrgð heldur einnig skaðabótaábyrgð og öðrum viðurlögum. Fyrst ber að nefna meginregluna um *exceptio veritatis* sem er meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Um þessa reglu vísast til 5. og 6. kafla þar sem henni verða gerð ýtarleg skil.

4.2.3.1 Orðhefnd

Ákvæði 239. gr. alm. hgl. heimila að láta refsingu fyrir móðgun eða aðdróttun falla niður hafi tilefni ærumeiðingarinnar verið ótilhlýðilegt hátterni þess sem telur vegið að æru sinni eða goldið hefur verið líku líkt.¹⁶⁹ Ekki kemur til greina að beita ákvæðinu ef svarið felur í sér ærumeiðingu eftir öðrum ákvæðum en 234. og 235. gr. Hefur þessi regla verið nefnd orðhefnd og er hún forn að stofni og má meðal annars finna henni stað í Grágás.¹⁷⁰ Í orðhefnd felst með

¹⁶⁷ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 289 og 296, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 181-183.

¹⁶⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 208-209.

¹⁶⁹ Sem dæmi um dómsúrlausnir þar sem ummæli hafa verið talin réttlætast af orðhefnd má benda á *Hrd. 1939, bls. 285* og *Hrd. 1998, bls. 1376*.

¹⁷⁰ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 277.

öðrum orðum að sá sem upphaflega er vegið að svarar fyrir sig og réttir þannig hlut sinn. Sé ákvæðinu beitt má segja að háttarni eins jafni háttarni annars út þannig að enginn beri skarðan hlut og við það fellur hegning allra hlutaðeigandi niður. Háttsemi sem orðið getur grundvöllur orðhefndar þarf ekki endilega að vera ærumeiðing eins og glögggt má ráða af orðalagi 239. gr. Um þetta reit Gunnar Thoroddsen:

Það [háttsemin, innsk. höf.] getur verið afbrot: líkamsmeiðing, skírlífisbrot, ærumeiðing, o.s.frv., en þarf ekki að vera refsivert, t.d. ósæmileg festaslit, ruddaskapur o.s.frv.¹⁷¹

Aftur á móti kemur samkvæmt ákvæðinu ekki til greina að gjalda fyrir háttsemina með öðru en móðgun eða aðdróttun, sjá til hliðsjónar *Hrd. 1976, bls. 4.*¹⁷² Þá þarf að vera nokkur jöfnuður með hinu upphaflega ótilhlýðilega háttarni og svari þess sem fyrir því verður en sé misræmi þarna í milli mikið verður ákvæðinu ekki beitt.¹⁷³

4.2.3.2 Samþykki

Unnt er að veita samþykki fyrir því að sæta ærumeiðingum og þegar það liggur fyrir getur það leyst þann sem hefur ærumeiðinguna í frammi undan refsingu og bótaábyrgð. Almennt samþykki af þessu tagi verður þó ekki veitt og verður það að vera afmarkað við tiltekið tilfelli svo gilt sé.¹⁷⁴ Um þetta má að nokkru vísa til *Hrd. 1940, bls. 352.* Samþykki fyrir því að sæta ærumeiðingum er afturkræft allt þar til að hin ærumeiðandi háttsemi hefur verið höfð í frammi í skjóli þess.¹⁷⁵

4.2.3.3 Opinber umræða

Í opinberri umræðu um málefni sem þýðingu hafa fyrir borgarana er viðurkennt að við vissar kringumstæður geti verið rétt að hygla tjáningarfrelsinu á kostnað æruverndar, samanber það sem ritað er um mikilvægi og hlutverk fjölmiðla í kafla 2.2, tjáningarfrelsi fjölmiðla í kafla 3.3.2 og einkum rýmkað tjáningarfrelsi í kafla 3.3.3.3. Þetta hefur í för með sér að tjáning sem annars gæti talist ærumeiðing verður vítalaus við þessar aðstæður. Þeir sem hafa sig í frammi í þjóðmálaumræðunni eða lenda í sviðsljósi hennar verða að sæta harkalegri og oft óvægnaði umfjöllun og gagnrýni en aðrir. Um þetta ber að vísa sérstaklega til *Hrd. 1977, bls. 375* og

¹⁷¹ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 278.

¹⁷² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð III*, bls. 121

¹⁷³ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 279-280, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 212.

¹⁷⁴ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamála“, bls. 140; Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 263-264, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 213.

¹⁷⁵ Þórður Eyjólfsson: *Persónuréttur*, bls. 46-48.

annarra úrlausna Hæstaréttar og héraðsdóma í málum þeim sem kennd hafa verið við Varið land og féllu á árunum frá 1975 til 1978.¹⁷⁶ Aftur verður vikið að rýmkuðu tjáningarfrelsi í opinberri umræðu í kafla 5.4.5.

4.2.3.4 Aðrar ábyrgðarleysisástæður

Í 2. mgr. 49. gr. stjkskr. segir að enginn alþingismaður verði krafinn reikningskappar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þingi nema að Alþingi heimili það. Í þessu felst að þingmaður verður ekki látinn sæta ábyrgð fyrir ærumeiðingar sem hann tjáir í þingræðu, við atkvæðagreiðslu, á nefndarfundi, í framígripi eða í rituðum gögnum á borð við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur. Tilgangur þessarar reglu er að þingmenn geti tjáð til óhikað og hindranalaust um opinber mál í þinginu en ákvæðið er ekki talið taka til einkasamtala þingmanna í þinginu og þingflokksfunda.¹⁷⁷

Að lokum er þess að geta að neyðarvörn og neyðarréttur geta, í það minnsta fræðilega, leitt til að menn verði ekki látnir sæta ábyrgð fyrir ærumeiðandi tjáningu.¹⁷⁸ Ekki er talin þörf á að fara nánar út í þetta hér.¹⁷⁹

4.3 Fjölmeili í fjölmiðlum

Áður en skilið er við æruvernd og ærumeiðingar er rétt að víkja að nokkrum atriðum er varða ærumeiðingar í fjölmiðlum sérstaklega og máli skipta fyrir meginviðfangsefnið hér. Þar sem töluverð skörun er milli umfjöllunarefnis þessa kafla og efnis sem áður hafa verið tekið fyrir verður nokkuð vísað til undanfarandi kafla ritgerðarinnar.

Lagareglur um æruvernd og ærumeiðingar eiga sér, eins og áður segir, stoð í 71. gr. og 3. mgr. 73. gr. stjkskr. og fela í sér frávik frá meginreglu 2. mgr. 73. gr. um tjáningarfrelsi og er því óhjákvæmilegt að skoða þessar reglur í ljósi tjáningarfrelsis og lagareglna um það. Eins og ráða má af undangenginni umfjöllun togast hér á tvö andstæð sjónarmið sem vandasamt getur verið að sætta, annars vegar er um það sjónarmið að ræða að tjáning skuli vera frjáls og hins vegar það að æra manna sé friðhelg og að henni skuli ekki vegið nema raunverulegt tilefni sé til.¹⁸⁰ Á vettvangi fjölmiðla getur spennan milli þessara skauta verið mikil og jafnvel orðið enn

¹⁷⁶ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 213-215.

¹⁷⁷ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 250-253.

¹⁷⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209.

¹⁷⁹ Um almenna umfjöllun um neyðarvörn og neyðarrétt er vísað til Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaðbyrgð III*, bls. 116-163 (einkum bls. 116-118, 129-133, 140-144 og 153-158).

¹⁸⁰ Páll Sigurðsson: *Mannhelgi*, bls. 101 og 123-124. Sjá einnig Gunnar Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“, bls. 139.

torveldara að setta þau en endranær. Leiðir þetta af hlutverki fjölmiðla í lýðræðissamfélagi (sjá 2. og 3. kafla, einkum kafla 2.2, 3.3.2 og 3.3.3.3), þeim ber að miðla upplýsingum til borgaranna en oft eru þær upplýsingar sem erindi eiga við almenning eldfimar og geta raskað friði þeirra sem hlut eiga að máli með ýmsum hætti.

Nærgöngul fjölmiðlun og fréttáflutningur geta oft helgast af tjáningarfrelsi, rétti borgaranna til upplýsinga og hlutverki fjölmiðla en það fer mjög eftir atkvikum og í erfiðustu takmarkatilvikum kunna skoðanir að vera mjög skiptar um hvar línuna skuli draga, jafnt frá siðferðilegu og lagalegu sjónarmiði. Þegar fjölmiðlaumfjöllun getur mögulega gengið nærri þeim sem tengdir eru umfjöllunarefninu er mikilvægt að fjölmiðlamenn stígi varlega til jarðar og sýni aðgæslu enda er ábyrgð þeirra mikil, samanber það sem segir í kafla 2.2. Á þetta ekki síst við hvað varðar ærumeiðingar. Vegna þess hve hratt fjölmiðlar miðla upplýsingum og til hve margra þeir ná, má telja að ærumeiðing sé þungbærari en ella þegar hún birtist í fjölmiðlum.¹⁸¹ Fjölmiðlar eru mjög öflugt tæki til útbreiðslu ærumeiðinga og erfitt getur verið að bera til baka eða leiðréttu ærumeiðingar sem í þeim birtast og mögulegt er að hinn ærumeiddi þurfi eftirleidis að þola blett á orðspori sínu að ósekju. Vel þekkt er hve fyrirferðalítlar leiðréttingar í fjölmiðlum eru og þó svo að meira færi fyrir þeim, jafnvel eins mikið og upprunalegri umfjöllun, er alls óvíst að þær myndu ná að kveða niður draug ærumeiðingarinnar sem tórt getur áfram í formi gróusagna og umræðu manna í millum. Eins og endranær kunna málaferli, dómur og möguleg birting hans að stoða nokkuð til að afmá æruhnekkinn en hættan á varanlegum skaða er engu að síður fyrir hendi. Mjög getur einnig sviðið undan ærumeiðingum sem leiðréttar eru síðar og þær jafnvel haft afleiðingar þrátt fyrir leiðréttingu. Einnig geta komið til aðrar og illfyrirsjáanlegar afleiðingar þegar fólk telur að sér vegið í fjölmiðlum, mögulega alvarlegri eða harkalegri en alla jafna vegna þess hve mikil og ör útbreiðsla þeirra er.¹⁸²

Þegar fjölmiðlar eiga í hlut getur hvort tveggja komið til að ærumeiðing sé höfð í frammi af fjölmiðlamanni sjálfum í umfjöllun hans og að ærumeiðing einhvers annars sé breidd út með birtingu í fjölmiðli, hvort sem er í viðtali eða aðsendri grein, þannig að varðað geti við 234. eða 235. gr. alm. hgl. Um hið fyrrnefnda gilda, eftir tegund fjölmiðils, fyrri málsliður a.-liðar 1. mgr. 50. gr. eða fyrri málsliður a.-liðar 1. mgr. 51. gr. fml. og samkvæmt þeim

¹⁸¹ Sjá Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 203-204.

¹⁸² Um hið síðastnefnda eru afleiðingar fréttar DV frá árinu 2006 um ásakanir um barnanið á hendur kennara glöggst dæmi. Voru manningnum borin niðingsverk á brún með beinskeyttum hætti á forsíðu blaðsins, hann nafngreindur og mynd af honum birt. Maðurinn fyrirfór sér sama dag og fréttin birtist og í bréfi sem hann skildi eftir sig sagðist hann ekki getað staðið undir atlögu fjölmiðla að sér. Sjá „Einhentur kennari sagður nauðga piltum“, bls. 1; „Heimakennari kærður fyrir að nauðga piltum“, bls. 8; Sunna Ósk Logadóttir: „Sagðist ekki geta staðið undir þessari fjölmiðlaatlögu“, bls. 1, og „Við fjölluðum af sanngirni um þetta mál“, bls. 4.

ber fjölmiðlamaður sjálfur ábyrgðina að því gefnu að hann komi fram í eigin nafni eða sé nafngreindur. Annars gilda c.-liðir greinanna en ekki er þörf frekari almennrar umfjöllunar um það. Við tiltekna þætti ábyrgðar á útbreiðslu fjölmiðils á ærumeiðingu annars en fjölmiðlamanns verður staldrað í kafla 5.4.3.¹⁸³

¹⁸³ Hér er ekki þörf á að víkja að ábyrgðarreglum sem giltu fyrir gildistöku fml. umfram það sem þegar er ritað í kafla 2.3.1 en þær reglur voru um margt ólíkar núgildandi reglum og líklegra var samkvæmt þeim að ábyrgð á birtum ærumeiðingum félli á fjölmiðla eða fjölmiðlamenn.

5. *Exceptio veritatis*

Í þessum kafla verður inntaki og lagagrundvelli *exceptio veritatis* sem refsí- og ábyrgðarleysisreglu lýst allýtarlega sem og sjónarmiðum sem liggja henni til grundvallar og sérstaklega vikið að þýðingu hennar fyrir fjölmiðla. Verður þess freistað að gera reglunni skil með heildstæðum hætti í íslenskum rétti og stiklað á stóru um réttarstöðuna erlendis. Vikið verður að sannleika, sönnun og góðri trú ærumeiðanda og muninum á sönnunarkröfum og sönnunarmöguleikum hvað varðar gildisdóma annars vegar og staðhæfingar um staðreyndir hins vegar. Undir lok kaflans verður horft til reglunnar af sjónarhóli fjölmiðlaréttar, mikilvægi hennar skoðað í því ljósi, vikið að atriðum sem sérstaka þýðingu hafa fyrir fjölmiðla og tekin til skoðunar möguleg réttarþróun reglna íslensks réttar um sannar ærumeiðingar í fjölmiðlum og almennt. Fjallað verður um rök gegn reglunni, galla hennar og undantekningar frá henni í 6. kafla.

Áður en lengra en haldið verður að gera fyrirvara við notkun og merkingu orðanna „tjáning“ og „ummæli“, einkum í þessum kafla og þeim næsta. Hefðbundið er í skrifum um ærumeiðingar og vítaleysi sannrar tjáningar að tala um „ummæli“, sem ljóslega merkir ritað eða mælt mál, þegar í raun er átt við hvers kyns tjáningu. Er þetta ekki að undra enda birtast ærumeiðingar oftast í ræðu og riti.¹⁸⁴ Þó að í því felist nokkur ónákvæmni verða, í samræmi við það sem hér segir, orðin tvö notuð jöfnum höndum um tjáningu, án tillits til þess hvernig hún birtist.

5.1 Reglan og grundvöllur hennar

Verður nú vikið að efni meginreglunnar um *exceptio veritatis* og því sem býr henni að baki, lagalega og að öðru leyti.

5.1.1 Inntak

Exceptio veritatis, eins og hún er útfærð í íslenskum rétti, felur í sér að sönn ummæli eða tjáning varði ekki refsí- eða bótaábyrgð þótt telja megi þau ærumeiðandi og þau uppfylli að öðru leyti skilyrði ærumeiðinga, að því gefnu að takist að sanna þau og þau séu ekki klædd í verri búning en tilefni standa til. Reglan er forn að stofni og upprunnin í Rómarrétti, *veritatis convicii tollit injuriam*, en hefur helgað sér sess í meiðyrðalöggjöf margra réttarkerfa

¹⁸⁴ Sjá t.d. Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru“; Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, einkum bls. 194-223; Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“; Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, einkum bls. 195-237, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, einkum bls. 371-380 og 386-389.

nútímans, meðal annars í dönskum og sænskum rétti (um það efni vísast til kafla 5.3).¹⁸⁵ Góð trú meiðanda um sannleik ummæla leysir hann ekki undan ábyrgð í íslenskum rétti eins og sumstaðar erlendis (sjá kafla 5.2, 5.3 og 5.4.2).¹⁸⁶

Við það ber að staldra hér að unnt er að líta á *exceptio veritatis* með tvennum hætti. Annars vegar þannig að sönn ummæli geti ekki skert æru manna þar sem þau bendi aðeins á blett sem þá þegar er á æru þess sem mælt er um og af þeim sökum séu ummælin vítalaus. Er með þessu lagt til grundvallar að æran bíði hnekk með háttsemi þeirri eða lesti sem um ræðir en ekki með því að þau komi til vitundar annarra. Hins vegar má skýra regluna þannig að sönn ummæli geti falið í sér ærumeiðingar af því að með þeim sé vegið að manngildi þess sem ummælin beinast að og það bíði hnekk af ummælunum. Þau réttlætist aftur á móti af því að þau eru sönn (sjá kafla 5.1.3 um gildi sannleikans) og því beri að telja þau vítalaus. Síðari nálgunin verður höfð að leiðarljósi hér þar sem hún samræmist betur hinni lagalegu skilgreiningu á hugtakinu æru, brotalýsingu ærumeiðinga og hugmyndinni um huglæga og hlutlæga æru (sjá kafla 4.1.1, 4.1.2 og 4.2). Þá þykir rétt að notast ekki við hina fyrri þar sem hún byggir í og með á því að fyrir hendi sé tiltekinn raunveruleiki burtséð frá skynjun mannsins. Að lokum er ekki rökrétt að tala um undantekningar frá reglunni, sem vissulega eru fyrir hendi, ef gengið er út frá því að sönn ummæli geti í eðli sínu ekki verið ærumeiðandi.

Áður en skilið er við inntak reglunnar er rétt að taka fram að fræðileg umfjöllun um regluna virðist að langmestu leyti aðeins fjalla um hana sem refsileysisástæðu. Þrátt fyrir þetta er víst að hún leiðir einnig til þess að ekki komi til bótaábyrgðar fyrir fjártjón eða miska vegna sannrar tjáningar þó svo að sýnt hafi verið fram á að hún hafi orðið tjónsins valdandi.¹⁸⁷ Vegna þessa er hér talað um vítaleyfi sannra ummæla og þannig vísað bæði til refsileysis þeirra og fíringar skaða- og miskabótaábyrgðar.¹⁸⁸ Þar sem sá þáttur reglunnar sem lýtur að bótaábyrgð og líta má á sem sjálfstæða reglu eða hliðstæða reglu skaðabótaréttar, hefur takmarkaða þýðingu fyrir efnið hér verður honum ætlað afar takmarkað rými.

¹⁸⁵ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 197; Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 167-168; Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209-210, og O.F. Robinson: *The Criminal Law of Ancient Rome*, bls. 50. Sjá einnig Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 45.

¹⁸⁶ Sjá til dæmis Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 189, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 210.

¹⁸⁷ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 287. Sjá einnig Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 45.

¹⁸⁸ Athuga ber að samkvæmt þessu teljast ummæli vítalaus þótt þau séu dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl.

5.1.2 Grundvöllur reglunnar í íslenskum rétti

Ólíkt því sem gerist víða erlendis (sjá kafla 5.3) á *exceptio veritatis* sér ekki beina stoð í tilteknu lagaákvæði að íslenskum rétti og ekki er kveðið berum orðum á um regluna í öðrum réttarheimildum. Hvorki í alm. hgl. né fyrirrennara þeirra frá 1869 er fjallað um regluna en af orðalagi ákvæða þeirra er varða meiðyrði má ráða að reglan gildi.¹⁸⁹ Þannig birtist reglan óbeinlínis en ljóslega í 237. og 238. gr. alm. hgl. þar sem segir að sönnun leysi þá sem gerast brotlegir við greinarnar ekki undan refsingu.¹⁹⁰ Þá er óefað að sönn tjáning nýtur verndar tjáningarfrelsisákvæða 73. gr. stjskr. eins og önnur tjáning og sækir *exceptio veritatis* því styrk til þeirra. Í athugasemdum við XXV. kafla frumvarps þess er varð að alm. hgl. segir:

Ef sá, sem fyrir sök er hafður, getur hins vegar sannað, að engin hagsmunaröskun hafi átt sér stað t. d. [...] vegna þess að ærumeiðandi ummæli séu sönn, þá er verknaður oftast en þó ekki ávallt refsilaus.¹⁹¹

Þá segir í athugasemdum við 237. gr. um tilefnislaus brigslyrði:

Hér er gerð *undantekning* frá þeirri reglu, að sönnun leysi undan refsingu.¹⁹²

Íslenskir dómstólar hafa í samræmi við þetta, bæði í tíð núgildandi alm. hgl. og hinna eldri hegningarlaga, byggt á því að sönn ummæli séu að meginstefnu refsilaus. Sérlega glögg dæmi um þetta er að finna í *Hrd. 1955, bls. 540*; *Hrd. 1962, bls. 159*; *Hrd. 1998, bls. 1376*; *Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005)* og *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009)*. Í öllum málunum var talið að ummælin sem þau vörðuðu, eða stærstur hluti þeirra, væru sönn og fælu því ekki í sér refsiverðar ærumeiðingar.

Hrd. 1955, bls. 540: Í nokkrum tölublöðum Þjóðviljans birtist árið 1949 umfjöllun um mann, Ó, sem dæmdur hafði verið til refsingar í Noregi fyrir vinnu sína í þágu nasista meðan á hernámi þeirra í landinu stóð. Var honum borið á brýn að bera ábyrgð á dauða nokkurs fjölda manna sem hann seldi í hendur nasista og voru, í það minnsta sumir, líflátnir. Hann var sagður dæmdur glæpamaður, morðingi og fleira auk þess sem sagt var að hann hefði verið kallaður „[i]slenzki böðullinn“ í Noregi. Þá var talað um „blóðferil“ Ó og „óskiljanleg illvirki“. Stefndi Ó ritstjóra Þjóðviljans fyrir ærumeiðingar. Í dómi Hæstaréttar segir svo: „Þegar virt eru afbrot þau, sem telja verður [Ó] sekan um samkvæmt hinum norska dómi, aðferðir hans við framkvæmd þeirra og afleiðingar þeirra, þá þykja eigi næg efni til að refsa fyrir ummæli þau, sem mál þetta er af risið [...] enda verður eigi talið, að þau hafi verið höfð uppi af tilefnislausu, sbr. 237. gr. laga nr. 19/1940.“ Er hér skýrlega á því byggt að ummælin hafi verið sönn. Miskabótakröfu Ó var einnig

¹⁸⁹ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 202.

¹⁹⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209.

¹⁹¹ *Safn greinargerða við almenn hegningarlög*, bls. 50. Sjá einnig Alþt. 1939, A-deild, bls. 392. Áhersla höfundar.

¹⁹² *Safn greinargerða við almenn hegningarlög*, bls. 51. Sjá einnig Alþt. 1939, A-deild, bls. 393. Áhersla höfundar.

hafnað og ómerkingu að nánast öllu leyti en tvenn ummæli voru dæmd dauð og ómerk án þess að dæmd væri refsing fyrir þau.

Hrd. 1962, bls. 159: Í Morgunblaðinu birtist grein eftir stefnda, M, þar sem gerðar voru athugasemdir við eldri grein G í sama blaði og fjallaði um tiltekið dómsmál, svokallað „Borgarmál“. Taldi G að í grein M væri vegið að æru sinni svo við lög varðaði og höfðaði hann því mál til refsingar M, miskabóta sér til handa og ómerkingar ummælanna. Þrenn ummælanna vörðuðu vítur sem G hafði fengið undir meðferð málsins í héraðsdómi og ætlaða niðurfellingu þeirra fyrir Hæstarétti. Um þau sagði í dómi héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti að þessu leyti: „[V]oru stefnandi og umbjóðandi hans í „Borgarmálinu“ vítt af héraðsdómara. Í dómi Hæstaréttar setti rétturinn sínar eigin forsendur [...] en vék ekki að vítum þessum [...] *Standa vítur héraðsdómara því óhraktar. Ummæli stefnda [...] eru þannig fyllilega réttlætt og verða hvorki talin meiðandi né móðgandi fyrir stefnanda.*“

Hrd. 1998, bls. 1376: Málið varðaði ýmis óvægin og harkaleg ummæli sem S lét falla um Húsnaðisstofnun ríkisins og ætlaðar brotalamir á starfsemi hennar í fréttum Stöðvar 2 og Bylgjunnar. Krafist var ómerkingar, miskabóta og refsingar vegna ummælanna. Hæstiréttur fór í allöngu máli yfir ummælin og komst að þeirri niðurstöðu að töluverður fjöldi þeirra réttlætist af því að þau væru sönn. Þannig taldist fullyrðing um að bréfum væri „yfirleitt ekki svarað, í besta falli seint og illa“ sönnuð með vitnisburði og framlagningu gagna auk þess að ekki var mótmælt að tilteknu bréfi var ekki svarað. Ummæli um að hjá stofnuninni væru „brotnar allar góðar venjur og reglur í stjórnáslunni“ voru talin réttlætt á sama grundvelli þar sem þau fælu í sér ályktun af því að bréfum væri ekki svarað eða þeim svarað seint og illa. Dómur Hæstaréttar var afdráttarlaus um aðdróttanir um refsiverða háttsemi á hendur starfsmönnum stofnunarinnar sem þeir sannarlega urðu uppvísir að: „*Brot tveggja lögfræðinga í starfi hjá stofnuninni var staðreynd og enn fremur, að þeir gegndu báðir störfum sínum lengi, eftir að uppvíst varð um háttsemi þeirra. Verður ekki fallist á kröfu um ómerkingu þessara ummæla.*“

Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005): Skattaráðgjafi, E, krafðist þess að tvenn ummæli sem ríkisskattstjóri lét falla í grein í Morgunblaðinu yrðu dæmd dauð og ómerk og að hann fengi bætur fyrir fjártjón og miska vegna þeirra. Hvorki fyrir héraðsdómi né Hæstarétti var talið sannað að önnur ummælin væru ærumeiðandi. Hin voru á þá leið að „það fór nú kannski ekki svo vel fyrir þessum danska ráðgjafa [sem reyndar er ekki danskur eins og tekið er fram í dómnum, innsk. höf.] eða ráðgjafafyrirtæki því það lenti í hremmingum vegna starfsemi sinnar í Danmörku.“ Í dómi héraðsdóms, sem ekki var áfrýjað að þessu leyti, var sýkna ríkisskattstjóra fyrst og fremst byggð á sannindum ummælanna. Vísað var til greinar sem birtist á vefnum Politiken.dk og sagði frá gjaldþroti E. Í dómnum segir: „[L]águ því fyrir upplýsingar um að fyrirtæki stefnanda var orðið gjaldþrota þegar ummælin voru höfð uppi. Fólst því hvorki refsiverð móðgun né aðdróttun [...] í ummælum stefnda.“ Var af þessum sökum ekki talið að ríkisskattstjóri hefði farið út fyrir mörk löglegs tjáningarfrelsis síns.

Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009): Konunni H var í grein DV borin á brýn þátttaka í kynlífi eiginmanns síns, G, með vistkonum á meðferðarheimilinu Byrginu sem hann veitti forstöðu. H stefndi blaðamanni DV vegna greinarinnar. G hafði verið sakfelldur í Hæstarétti fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn konunum. Til grundvallar sakfellingunni hafði meðal annars verið lagður framburður vitna sem báru að H hefði verið þátttakandi í kynlífsathöfnum hans og vistkvennanna með hliðstæðum hætti og lýst var í þrennum ummælum í greininni, sem höfð voru eftir fyrrum starfsmanni Byrgisins. Af þeim sökum var litið svo á að sönnur hefðu verið leiddar að þeim ummælum og varð ómerking þeirra því ekki reist á 241. gr. alm. hgl. Blaðamaður DV var

sýknaður af refsikröfu í héraði, meðal annars vegna þess að ummæli töldust sönnuð, en H krafðist ekki refsingar fyrir Hæstarétti.¹⁹³

Það athugist að ekki skiptir máli að í síðargreindu málunum tveimur skyldi ekki vera krafist refsingar, sjónarmið um *exceptio veritatis* sem leiddu til sýknu af gerðum kröfum hefðu haft sömu þýðingu fyrir refsikröfur. Einnig má tína til *Hrd. 1961, bls. 772; Hrd. 1971, bls. 1012; Hrd. 1981, bls. 652; Hrd. 2003, bls. 3136 (36/2003)* og *Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)* sem dæmi um að fallist hafi verið á sannindi ummæla eða byggt sé á slíkum sjónarmiðum beint eða óbeint.

Mjög oft er vörnum um að ærumeiðingar séu sannar og því refsilausar haldið fram en ekki fallist á þær, sjá til dæmis *Hrd. 1967, bls. 264; Hrd. 1993, bls. 932; Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)* og *Hrd. 10. mars 2011 (329/2010)*.

Firring bótaskyldu sem sönn ummæli kunna að valda leiðir af því að tjáning sannleikans getur almennt ekki talist ólögmæt en ólögmæti háttsemi er skilyrði bótaábyrgðar. Ólögmæti er vandskýrt hugtak og í raun er ekki til skilgreining á því í íslenskri lögfræði.¹⁹⁴ Ýmsir fræðimenn hafa þó á liðnum árum skilgreint það með almennum og ef til vill óræðum hætti á þann hátt að sú háttsemi sem stríðir gegn réttarskipaninni sé ólögmæt.¹⁹⁵ Þrátt fyrir að skilgreining þessi sé allóræð verður að telja allt að því fjarstæðukennt að halda því fram að tjáning sannleikans stríði gegn íslenskri réttarskipan nema eitthvað annað og meira komi til. Kæmi það til að mynda til greina ef hin sanna tjáning er sett fram á meiðandi hátt en þá væri svo komið að hin ólögmæta og tjónvaldandi háttsemi væri fyrst og fremst tjáningarhátturinn en ekki efni tjáningarinnar. Firring bótaábyrgðar styðst að öðru leyti mjög við sömu grunnrök og refsileysi þeirra (sjá kafla 5.1.3). Um dómaframkvæmd varðandi þetta má vísa til þeirra dóma sem að framan eru reifaðir varðandi refsileysi en um skaðabótaábyrgð vegna fjártjóns er vísað sérstaklega til *Hrd. 1926, bls. 368* og *Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005)*.

Að öllu þessu athuguðu má fullljóst vera að *exceptio veritatis* er meginregla í íslenskum rétti og stendur traustum fótum í réttarskipaninni.

5.1.3 Grunnrök að baki *exceptio veritatis*

Að baki *exceptio veritatis* liggja fyrst og fremst sú skoðun að sannleikurinn hafi gildi í sjálfu sér og þau siðferðisrök að öllum skuli að meginstefnu heimilt að tjá það sem er satt sér að vítalausu:

¹⁹³ Áherslur höfundar. Bent skal á að í síðastreifaða málinu var ekki byggt á 237. gr. og vekur Hæstiréttur sérstaklega máls á því að þess vegna sé ekki unnt að skoða málið á þeim grundvelli.

¹⁹⁴ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 114-115.

¹⁹⁵ A. Vinding Kruse: *Erstatningsretten*, bls. 33, og Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 114-115. Sjá nánar um ólögmæti í sömu ritum, bls. 33-36 í hinu fyrra og bls. 115-119 í hinu síðara.

Sannleikaást og *krafa um að mega segja sannleikann* er sterkur þáttur í siðgæðisvitund heilbrigðra manna; þeim eðlisþætti væri misboðið, ef algert bann væri lagt við því að skýra frá sannindum, þegar þau koma við kaun einhvers. Réttlætistilfinning manna heimtar, að menn beri ábyrgð á gjörðum sínum, en ekki aðeins refsíabyrgð og skaðabótaskyldu, þegar því er til að dreifa, heldur og hljóti áfellisdom í annarra augum fyrir misgjörðir sínar, þótt refsivöndur laganna nái ekki til; *réttlætiskennnd væri særð ef sannorðir og réttlátir áfellisdomar væru almennt felldir undir refsiverðar ærumeiðingar*.¹⁹⁶

Þannig getur enginn krafist þess að njóta meira en sannmælis um sjálfan sig eða að þagað sé um afglöp hans, yfirsjónir eða lesti. Fólk verður að sæta því að hljóta ámæli fyrir slíkt rétt eins og það nýtur lofs fyrir góðverk sín eða afrek enda myndi annað leiða til þess að allt mat á manngildi fólks, ærunni, yrði ófullkomið og óeðlilegt.¹⁹⁷ Hefði slíkt einnig í för með sér ákveðna gjaldfellingu ærunnar sem er þó það sem bann við sannsögli væri helst ætlað að hlífa.

Grunnrök tjáningarfrelsis (sjá nánar 3. kafla, einkum kafla 3.1) renna einnig stoðum undir regluna og væri gróflega vegið að því ef hún gildi ekki í það minnsta að einhverju marki. Tjáningu manna í millum yrði þröngur stakkur sniðinn ef þeir mættu ekki segja frá og ræða sanna atburði eða verk annars fólks vegna þess að það gæti orðið einhverjum til hnjóðs og lætur nærri að fótunum væri þannig kippt undan venjulegum samræðum fólks þar eð samborgararnir og gjörðir þeirra, góðar og slæmar, eru gjarna uppistaðan í slíkum viðræðum. Þá má ætla að verulega myndi þrengja að opinberri tjáningu fólks á skoðunum sínum, opinberri umræðu almennt og vægi slíkrar tjáningar þar sem sá sannleikur sem máli skipti en gæti meitt æru einhvers væri þeim ekki vítalaus og jafnvel refsiverður.¹⁹⁸ Sama má segja um hlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi og tjáningarfrelsi þeirra (sjá kafla 2.2, 3.3.2 og 3.3.3.3) eins og vikið verður að í kafla 5.4, einkum köflum 5.4.1 og 5.4.5.

Þá er enn ógetið um það samfélagslega taumhald sem felst í almannaálitinu og verulega myndi slakna á ef ekki mætti tala frjáltslega um afglöp eða lesti sem menn verðar sannir að:

Óttinn við almenningsálitnið og umtal manna er ein af máttarstoðum siðgæðis og löghlýðni; hræðslan við að lenda milli tanna á almenningi aftrar mörgu óhappaverki og misferli; bann og hegning við sönnum áburði myndi draga úr þessum ótta við orðsporið og lama siðferðisvitund og siðgæðisprótt.¹⁹⁹

Allt framanritað væri til þess fallið að koma verulega niður á heildarhagsmunum þjóðfélagsins, til dæmis hvað varðar upplýsta pólitíska afstöðu kjósenda og skipun embættismanna, og einnig einkahagsmunum tengdum ákvörðunum í viðskiptum, ráðningar í störf og samlífi manna

¹⁹⁶ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 198-199. Áherslur höfundar.

¹⁹⁷ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 195.

¹⁹⁸ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 199, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209. Nánari umfjöllun um þessi efni má finna í fyrrnefnda ritinu, bls. 195-200.

¹⁹⁹ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 199.

almennt.²⁰⁰ Til lengri tíma litið gæti þetta orðið til þess að sannleikurinn í mikilvægum málum félli í gleymsku og rataði aldrei á spjöld sögunnar sem yrði þar með langtum ónákvæmari, ófullkomnari og gagnminni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Þau rök sem hér hafa verið tíunduð vege þungt á metunum. Virðist einsætt að *exceptio veritatis* sé eðlilegasta reglan um sannar ærumeiðingar og að hafna henni gengi í raun gegn grunnhugmyndum menningarheims okkar um gildi sannleikans, réttlæti, leikreglur lýðræðisþjóðfélags og almennt siðgæði.

5.2 Af sannindasönnun

Sannsögli er yfirleitt talin heyra til dyggða mannsins. Þessi dyggð er af fornum stofni og henni má til dæmis finna stað í níunda boðorði kristinna manna og gyðinga, fjórðu lífsreglu búddista og kenningum spámannsins Múhameðs sem taldi lygina til þriggja stærstu syndanna. Víst má telja að almennt sammæli sé um að siðferðileg skylda til að segja satt hvíli alla jafna á fólki, í það minnsta skylda til að fara ekki vísvitandi með rangt mál, í samskiptum þess við aðra. Í öllu falli er erfitt er að gera sér í hugarlund hvernig menn gætu lifað í sátt og samlyndi án þess að hver og einn geti gengið út frá því að náunginn segði honum í megindráttum satt um það sem máli skiptir.

Í þessu samhengi verður að athuga að sannleikurinn getur verið afstæður. Hann er ekki endilega hlutbundinn, gjarna í auga sjáandans og erfitt eða ómögulegt getur verið að staðreyna hann eða sanna. Vegna þessa er ekki, frekar en endranær í lögfræði, hægt að miða við einhvers konar sjálfstæðan hlutlægan sannleika þegar *exceptio veritatis* er annars vegar heldur verður að miða sannleikann í hverju tilfelli við það sem hægt er að sýna fram á og sanna. Má því segja að reglan feli ekki í sér vítaleyssi sannra ummæla heldur mun frekar vítaleyssi sannaðra ummæla.

Verður hér gerð grein fyrir sannindasönnun og einnig tekin til skoðunar góð trú meiðanda og áhrif hennar að íslenskum rétti (sjá einnig kafla 5.4.2). Sérstaklega verður vikið að sönnun gildisdóma annars vegar og staðhæfinga um staðreyndir hins vegar, en umfjöllun um skilin á milli þessara tegunda ummæla verður í knappara lagi þar eð þýðing þeirra í samhenginu hér er ekki stórvægileg.²⁰¹ Um sönnunarkröfur og einkum tilslakanir hvað varðar sönnun vísast að nokkru leyti til kafla 5.4 en þar verða atriði í þá veru gaumgæfð með hliðsjón af fjölmiðlum.

²⁰⁰ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 199.

²⁰¹ Um nánari umfjöllun um aðgreiningu og sönnun gildisdóma og staðhæfingar um staðreyndir er vísað til greina Eiríks Jónssonar: „Miskabætur vegna ólögmeðrar meingerðar gegn æru“, einkum bls. 48-53, og Halldóru Þorsteinsdóttur: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, einkum bls. 48-73.

5.2.1 Almenn

Eins og áður segir er allalengst í meiðyrðamálum að borið sé við sannindum ærumeiðandi ummæla en þau þarf að sanna eigi varnirnar að halda. Að meginreglu er heimilt að færa fram sönnur fyrir sannindum ummæla sem ærumeiðandi geta talist. Með því að sannindi ummæla leysa undan refsingu hlýtur sönnun alla jafna að vera heimil og um þetta er til þess að líta að í 1. mgr. 238. gr. alm. hgl. er við tiltekna aðstæður sérstaklega lýst óheimilt í meiðyrðamáli að færa sönnur á verknað sem dróttað er að manni (um þetta vísast til kafla 6.2.1). Af gagnályktun leiðir að almennt hljóti sönnun að vera heimil. Sömu ályktun má draga af lestri 237. gr. og 2. mgr. 238. gr. alm. hgl.²⁰² Af sjálfu leiðir að *exceptio veritatis* væri lítills virði ef ekki mætti almennt færa sönnur á efni ærumeiðandi ummæla.

Um sannindasönnun gilda að meginstefnu almennar sönnunarreglur. Þannig er heimilt að freista þess að sýna fram á sannindi ærumeiðinga með því að taka skýrslu af aðila eða vitni, fá matsgerðir dómkvaddra manna og taka af þeim skýrslu. Þá er heimilt að færa fram skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn hvers konar. Oftlega er vísað til áður fallinna dóma sem varða áburðinn eða gagna um sakaferil²⁰³ en einnig hefur þess verið freistað að sanna ummæli með niðurstöðum rannsókna, sendibréfum, kynningarbæklingum, opinberum skýrslum, skýrslum endurskoðenda, vitnisburði og greinum úr fjölmiðlum.²⁰⁴ Sönnunarfærslan skal að meginstefnu vera milliliðalaus, samanber 1. mgr. 47. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (hér eftir skammstöfuð *eml.*) og 1. mgr. 111. gr. og 1. mgr. 112. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (hér eftir skammstöfuð *skml.*). Dómari leggur mat á sönnunargildi þess sem fært er fram og sker úr um hvort sönnun ummæla hafi tekist og sönnunarmat hans er að meginstefnu frjálst, samanber 1. mgr. 44. gr., 59. gr. og 2. mgr. 66. gr. eml. og 115. gr., 126. gr., 2. mgr. 133. gr. og 137. gr. skml. Um þetta vísast að öðru leyti til einkamála- og sakamálaréttarfars og einkum 2. þáttar eml. og 3. þáttar skml.²⁰⁵

Sönnunarbyrði um að ærumeiðing sé sönn og því vítalaus hvílir á þeim sem haft hefur hana í frammi. Sést þetta glögglega í dómaframkvæmd og einkum í niðurstöðum mála þar sem ekki er fallist á að ærumeiðingar séu sannar en í þeim er oft að finna ummæli um að meiðanda

²⁰² Sjá Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 167 og 169. Sjá einnig Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 203. Við þetta má bæta að sama niðurstaða leiðir af eldri 108. gr. alm. hgl., sem varðaði ærumeiðingar gegn opinberum starfsmönnum.

²⁰³ Sjá t.d. *Hrd.* 1955, bls. 540; *Hrd.* 19. mars 2009 (448/2008); *Hrd.* 18. febrúar 2010 (104/2009) og *Hérd. Reykn.* 5. júní 2007 (E-2299/2006).

²⁰⁴ Sjá, t.d. *Hrd.* 1981, bls. 652; *Hrd.* 1995, bls. 408; *Hrd.* 1998, bls. 1376 og *Hrd.* 2005, bls. 5105 (181/2005).

²⁰⁵ Sjá Eiríkur Tómasson: „Meginreglur sakamálaréttarfars“, bls. 18-19 og 22-29, og Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfars*, bls. 15-17 og 220-232.

hafi ekki tekist að sanna ummæli sín.²⁰⁶ Sönnunarbyrði er eins farið þegar meiðyrðamál er rekið sem sakamál og unnt er að líta svo á að þetta feli í sér undantekningu frá þeirri viðteknu meginreglu sakamálaréttarfars, sem á rót sína í rétti sakbornings til að vera talinn saklaus uns sekt er sönnuð samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjkskr., að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem honum eru óhagfelld hvíli á ákærvaldinu, samanber 108. gr. skml.²⁰⁷ Varðandi þetta er það þó að athuga að áður en til sannindasönnunar kemur verður ákærvaldið að sýna fram á að tjáningin sem um ræðir uppfylli að öðru leyti skilyrði ærumeiðinga. Má því segja að sönnunarbyrðin hvíli í upphafi á ákærvaldinu en færist svo yfir á ætlaðan meiðanda. Virðist það nokkuð rökrétt tilhögun. Þá er í 108. gr. skml. sérstaklega talað um atvik sem telja má sakborningi í óhag en sannindi ummæla í meiðyrðamáli eru óneitanlega hagfelld fyrir hann og ber ákærvaldið því alla jafna ekki sönnunarbyrði um þau, samanber ummæli í *Hrd. 2000, bls. 3412 (248/2000)*. Er sönnunarbyrði eins farið um sönnun refsileysisástæðna á borð við neyðarvörn og neyðarrétt.²⁰⁸ Þessi tilhögun sönnunarbyrðar kom til athugunar í *MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)*; *MDE, McVicar gegn Bretlandi, 7. maí 2002 (46311/99)* og *MDE, Steel og Morris gegn Bretlandi, 15. febrúar 2005 (68416/01)*.

MDE, Steel og Morris gegn Bretlandi, 15. febrúar 2005 (68416/01) (93. egr.): „Hvað varðar málatilbúnaðinn varðandi sönnunarbyrði vísar rétturinn til þess að í [*MDE, McVicar gegn Bretlandi, 7. maí 2002 (46311/99)*] (84. egr.), innsk. höf.] [...] komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að það væri *ekki að meginreglu ósamrýmanlegt 10. gr.* [mse., innsk. höf] að leggja sakborningi í meiðyrðamáli á herðar skylduna til að sanna, þannig að fullnægjandi teljist í einkamáli, sannindi ærumeiðandi fullyrðinga.“²⁰⁹

Af þessu og efnislega samhljóða ummælum í hinum tveimur málunum sem nefnd voru er ljóst að dómstóllinn telur að sú tilhögun að sönnunarbyrði um sannindi ærumeiðinga hvíli á herðum þess sem hefur þær í frammi stríði ekki gegn réttinum til tjáningarfrelsis.

Um það hvað þarf að sanna þegar sýnt er fram á sannindi ummæla hafa þróast tilteknar reglur, undir sterkum áhrifum úrlausna mde., sem eru ólíkar eftir því hvort í ærumeiðingu felst gildisdómur eða staðhæfing um staðreynd. Verður gerð grein fyrir þessum reglum í næstu köflum.

²⁰⁶ Sjá t.d. *Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)* þar sem segir: „Hefur stefndi engin gögn lagt fram um að tilgreind ummæli um áfrýjanda eigi við rök að styðjast og verður hann að bera hallann af því, en það stóð honum nær en áfrýjanda að tryggja sér slíka sönnun.“

²⁰⁷ Sjá t.d. Eiríkur Tómasson: „Meginreglur sakamálaréttarfars“, bls. 29-31, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 210.

²⁰⁸ Eiríkur Tómasson: „Meginreglur sakamálaréttarfars“, bls. 29-30. Í tilgreindum dómi segir orðrétt: „Samkvæmt 45. gr. opl. [laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, innsk. höf.] hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Leiðir þegar af þeim orðum að *ekki hvílir á ákærvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik, sem horft gætu honum til refsileysis*.“ Áhersla höfundar. Ákvæði 45. gr. nefndra laga svaraði til 108. gr. núgildandi skml.

²⁰⁹ Þýðing og áhersla höfundar.

5.2.2 Um gildisdóma

Í gildisdómi felst huglægt mat á staðreyndum eða ályktun af þeim, skoðun manns um eitt eða annað, en ekki tjáning eiginlegra staðreynda.²¹⁰ Hér getur til dæmis verið um að ræða einfalda móðgun samkvæmt 234. gr. alm. hgl., svo sem að kalla mann „forpokaðan rassálf“ eða „ræfilstusku“, eða dóm um verk hans, þau hafi verið „tóm asnastrík“ eða „einskis nýt tímasóun“. Mde. hefur skilgreint hugtakið með allvíðtækum hætti, einkum þegar telja má ummæli fela í sér innlegg í þjóðfélagslega umræðu, og til dæmis talið það gildisdóm að tala um „skápanasista“ sem þó ber nokkurn keim staðhæfingar um staðreynd. Dómstóllinn hefur jafnvel gengið svo langt að leggja til grundvallar að aðgreining staðhæfinga um staðreyndir frá gildisdómum hafi minni þýðingu þegar um er að ræða líflega stjórn málaumræðu og þá litið á staðhæfingu um staðreynd sem gildisdóm. Þá hefur dómstóllinn litið á ummæli sem gildisdóm þó að inni á milli sé að finna sannanlegar staðhæfingar um staðreyndir.²¹¹

Um sönnun gildisdóma, ef sönnun má kalla, hefur mde. lagt skýrar línur:

MDE, Lingens gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82) (46. egr.): „Að mati dómstólsins verður að gera vandlega greinarmun á staðreyndum og gildisdómum. Tilvist staðreynda er hægt að sýna fram á en aftur á móti eru gildisdómar ekki hæfir til sönnunar. [...] Hvað varðar gildisdóma er ómögulegt að uppfylla þessa kröfu [um sönnun, innsk. höf.] og hún brýtur gegn skoðanafrelsinu sjálfu sem er grundvallaratriði í réttindunum sem tryggð eru í 10. gr. sáttmálans [mse., innsk. höf.]“²¹²

Þannig hefur mde. ekki lagt til grundvallar að sanna þurfi meiðandi gildisdóm sem slíkan svo hann sé vítalaus heldur verði hann að eiga sér stoð í staðreyndum máls, vera settur fram í góðri trú og vera ekki of meiðandi.²¹³

Til staðreyndagrundvallar gildisdóma eða góðrar trúar um hann eru ekki gerðar mjög ríkar kröfur fyrir mde. og á það sérstaklega við ef það verður talið geta dregið úr kjarki fólks til

²¹⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur*, bls. 234, og Páll Sigurðsson: „Refsileyti meiðandi gildisdóma“, bls. 112. Sjá nánar í fyrrnefnda ritinu, bls. 234-36; Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögþráttar meingerðar gegn æru“, bls. 48-50, og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 49-55.

²¹¹ Sbr. *MDE, De Haes og Gijssels gegn Belgíu, 24. febrúar 1997 (19983/92)*; *MDE, Scharsach og News Verlagsgesellschaft gegn Austurríki, 13. nóvember 2003 (39394/98)* og *MDE, Kita gegn Póllandi, 8. júlí 2008 (57659/00)*. Sjá Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 51-52 og 94-95, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 376. Orðið „skápanasisti“ er þýðing höfundar á „closet Nazi“.

²¹² Þýðing og áherslur höfundar. Sjá einnig um gildisdóma fyrir dómstólnum t.d. *MDE, Oberschlick gegn Austurríki (2), 23. maí 1991 (11662/85)*; *MDE, Castells gegn Spáni, 23. apríl 1992 (11798/85)*; *MDE, Schwabes gegn Austurríki, 28. ágúst 1992 (13704/88)*; *MDE, Feldek gegn Slóvakíu, 12. júlí 2000 (29032/95)* og *MDE, Busuioc gegn Moldavíu, 21. desember 2004 (61513/00)*.

²¹³ Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögþráttar meingerðar gegn æru“, bls. 50, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 375. Sjá einnig Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 53-55, og Páll Sigurðsson: *Fjölmíðlaréttur*, bls. 234.

að tjá sig um stjórnvöld.²¹⁴ Þannig virðist dómstóllinn leggja til grundvallar að gildisdómar megi ekki vera alveg úr lausu lofti gripnir.²¹⁵ Er þetta allskýrt í *MDE, Scharsach og News Verlagsgesellschaft gegn Austurríki*, 13. nóvember 2003 (39394/98), þar sem talið var vítalaust að uppnefna konu „skápanasista“ þó að lítið eða ekkert benti í raun til þess að viðkomandi hefði slíkar skoðanir eða starfaði leynilega í þágu nasisma. Voru ummælin talin réttlætast af því að með uppnefninu væri átt við að konan hefði ekki afneitað hugmyndafræði nasista nógu afdráttarlaust.²¹⁶ Verður að telja þetta nokkuð eðlilega tilhögun, sér í lagi hvað varðar innlegg í þjóðmálaumræðuna, þegar lítið er til þess hve huglægt inntak gildisdóma er oft og tíðum og einnig hve þungvæg takmörkun á tjáningarfrelsi gæti orðið ef gildisdómum væri ekki ætlað þetta ríka svigrúm.

Eitt skilyrði vítaleysis gildisdóma er að þeir séu ekki of meiðandi. Mannréttindadómstóllinn hefur í dómum sínum ítrekað og afdráttarlaust tekið fram að gildisdómar megi ekki ganga of langt eða vera of meiðandi, það geti leitt til þess að þeir njóti ekki verndar.²¹⁷ Nokkuð mikið virðist þurfa til að gildisdómur teljist ganga of langt, samanber *MDE, Scharsach og News Verlagsgesellschaft gegn Austurríki*, 13. nóvember 2003 (39394/98) og *MDE, Oberschlick gegn Austurríki (2)*, 1. júlí 1997 (20834/92). Áður hefur verið dregið á fyrra málið en í hinu síðara var talið réttlætt að uppnefna mann „fábjárna“.²¹⁸ Að gildisdómum sem taldir eru of meiðandi til að teljast vítalausir verður vikið aftur í kafla 6.2.2.3.

Íslenskir dómstólar hafa fylgt mde. að málum hvað varðar vernd gildisdóma og má ljóslega sjá því stað í dómaframkvæmd Hæstaréttar á undanförunum árum.²¹⁹ Glögggt dæmi eru ummæli í eftirfarandi dómi:

Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008): G kallaði Ó “Aðal rasista bloggheima” og bar á hann útlendingahatur á vefsíðu sinni í tilefni skrifa hins síðarnefnda um þingframboð manns af erlendum uppruna. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Líta verður svo á að þetta hafi verið *ályktanir*, sem [G] taldi sig geta reist á orðum [Ó] sjálfs, og verður ekki slegið föstu að þær hafi verið með öllu staðlausar. Eins og [G] setti þessar ályktanir fram var á valdi hvers þess, sem kynnti sér grein hans, að móta sér á þeim grunni sjálfstæða skoðun á því hvort gildisdómar hans væru

²¹⁴ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 375. Sjá einnig Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 52.

²¹⁵ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 52.

²¹⁶ Sjá Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmaettrar meingerðar gegn æru“, bls. 49; Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 51, og Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 376. Sjá *MDE, Jerusalem gegn Austurríki*, 27. febrúar 2001 (26958/95).

²¹⁷ Sjá til dæmis ummæli í *MDE, De Haes og Gijssels gegn Belgíu*, 24. febrúar 1997 (19983/92) (47. egr.); *MDE, Oberschlick gegn Austurríki (2)*, 1. júlí 1997 (20834/92) (33. egr.) og *MDE, Jerusalem gegn Austurríki*, 27. febrúar 2001 (26958/95) (43. egr.).

²¹⁸ Orðið „fábjárni“ er þýðing höfundar á þýska orðinu „*trottel*“.

²¹⁹ Sjá til dæmis *Hrd. 1997, bls. 3618; Hrd. 1998, bls. 1376; Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001); Hrd. 2004, bls. 1553 (382/2003); Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005); Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008) og Hrd. 18. október (673/2011)*. Einnig má vísa til *Hérd. Rvk. 23. júní 2006 (E-7593/2005)*.

á rökum reistir, en gagnvart þeim, sem ekki voru sama sinnis, dæmdu orð áfrýjanda sig sjálf. Þótt þessi ummæli [G] hafi verið hvöss verða þau af þessum sökum og að gættum rétti hans samkvæmt 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar ekki ómerkt. [...] Eins og málið liggur fyrir verður ekki séð að tökuorðið „rasisti“ geti talist hafa einhlíta merkingu á íslensku, en úr því að áfrýjandi valdi þetta orð í fyrirsögn greinar sinnar verður að ætla að hann hafi með réttu eða röngu talið það skírskota til þeirrar afstöðu til útlendinga, sem meginefni greinarinnar var helgað.“ G var sýknaður af kröfum Ó.²²⁰

Sýna þessi ummæli og niðurstaða dómsins svo ekki verður um villst að Hæstiréttur Íslands leggur, rétt eins og mde., mjög rúman skilning í hugtakið gildisdóm enda bera álasanir þær sem hér var dæmt um mikinn keim staðhæfinga um staðreyndir. Ummæli réttarins um að G hafi talið sig geta reist ályktanir á ummælum Ó og að hann hafi með réttu eða röngu talið að orðið „rasisti“ skírskotaði til afstöðu Ó benda einnig til þess að góð trú um gildisdóminn skipti máli þó að ekki virðist hér gerðar strangar kröfur hvað það varðar. Þá er vart um að villast að rétturinn leggur til grundvallar að úrslitum ráði hvort gildisdómur eigi sér stoð í staðreyndum máls.

Með því að sannindasönnun gildisdóma felst fyrst og fremst í að sýna fram á að þeir eigi sér einhverja lágmarksstoð í staðreyndum máls má segja að þeir njóti ríkari verndar en staðhæfingar um staðreyndir sem þarf að sanna efnislega (sjá þó um góða trú 5.2.3 og 5.4.2).²²¹ Hér verður því haldið fram að verndin sé í raun ekki ríkari þar sem hinar ólíku sönnunarkröfur leiðir af eðlismun gildisdóma og staðhæfinga um staðreyndir og með þeim sé komið til móts við að ekki er unnt að sanna efni gildisdóma. Þannig sé vernd gildisdóma í raun ekki aukin nema að því marki að þeir njóti sambærilegrar verndar og staðhæfingar um staðreyndir.

Af framanrituðu er ljóst að strangt til tekið er ekki rökrétt að tala um *exceptio veritatis* eða vítaleysi sannra ummæla þegar um er að ræða gildisdóma, þar sem þeir geta hvorki talist sannir né ósannir eðlis síns vegna. Eru því áhöld um hvort rétt sé að fjalla frekar um gildisdóma í ritgerð sem ætlað er að fjalla um meginregluna um *exceptio veritatis*. Hvað þetta varðar er til þess að líta að sýna þarf fram á stoð meiðandi gildisdóms í staðreyndum máls. Að því leyti er mögulegt að tala um að sannindasönnun, sem lýtur í öllum meginatriðum sömu lögmálum og sönnun staðhæfinga um staðreyndir, leiði til vítaleysis meiðandi gildisdóma. Af þessum sökum, sem og vegna þess að refsileysi meiðandi gildisdóma getur varðað fjölmiðla og þar með viðfangsefnið hér miklu, er talið rétt að skilja gildisdóma ekki undan efninu og verður

²²⁰ Áherslur höfundar. Hér má til samanburðar benda á *MDE, Scharsach og News Verlagsgesellschaft gegn Austurríki*, 13. nóvember 2003 (39394/98) og *MDE, Bodrozic gegn Serbíu*, 23. júní 2009 (32550/05) sem vörðuðu svipuð ummæli. Niðurstaða í báðum málunum var sú að um vítalausa gildisdóma hefði verið að ræða.

²²¹ Sjá t.d. Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru“, bls. 48, Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 49, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 234.

sönnun staðreyndagrundvallar gildisdóma lögð að jöfnu við eiginlega sönnun ærumeiðandi tjáningar. Þar af leiðandi er unnt að virða gildisdóma með fullnægjandi staðreyndagrundvöll sem sannar ærumeiðingar á sama hátt og sannar staðhæfingar um staðreyndir. Verður það gert hér þótt vissulega felist í því ákveðin ónákvæmni.

Um sönnun staðreyndagrundvallar gildisdóma vísast, á grundvelli framanritaðs, eftir því sem við getur átt til kafla 5.2.1 og 5.2.3.

5.2.3 Staðhæfingar um staðreyndir

Ólíkt gildisdómum eru staðhæfingar um staðreyndir þess eðlis að þær er í sjálfu sér mögulegt að sanna á hlutlægan hátt með aðferðum sem viðurkenndar eru í réttarfari (sjá kafla 5.2.1).²²² Þessu viðhorfi hefur mde. slegið föstu í dómum sínum.²²³ Að íslenskum rétti hefur löngum verið gerð sú krafa að ærumeiðandi staðhæfingar um staðreyndir séu sannaðar að efni til eigi þær að vera vítalausar en í þessu felst að sanna þarf þau atvik eða atriði sem staðhæft er um. Sé maður vændur um verknað skal sanna að hann hafi framið hann, ef staðhæfing varðar last-verða eiginleika eða tilhneigingar skal sýna fram á slíkt í fari hins ærumeidda og sé honum frýjað hæfileika þarf að færa á það sönnur (um aðferðir við sönnun og sönnun almennt vísast til kafla 5.2.1). Til þess að þetta sé mögulegt verður fyrst að leiða í ljós merkingu og inntak staðhæfingar, um hvaða staðreynd er staðhæft. Verða engar einhlítar reglur eða aðferðir lagðar slíkri skýringu til grundvallar heldur verður að meta hver ummæli fyrir sig í ljósi atvika og aðstæðna hverju sinni. Þó verður alla jafna að leggja hlutlæg atvik, almennan skilning og málvenju til grundvallar frekar en hvaða skilning sá lagði í staðhæfinguna er hafði hana í frammi.²²⁴ Þetta getur skipt verulegu máli fyrir sannindasönnun þar sem inntakið ræður úrslitum um hvað þarf í raun að sanna svo að vítaleyfi leiði af. Af þessu leiðir einnig að sá sem staðhæfir eitthvað verður að vanda orðaval sitt og gæta nákvæmni svo hann fullyrði ekki annað eða meira en hann ætlaði sér.

Gerð er krafa til þess að sannað sé að staðhæfingar um staðreyndir séu í nokkuð nákvæmu samræmi við sannleikann. Þannig verður áburður um morð ekki réttlættur með því einu að sá sem sökum er borinn hafi sannarlega orðið mannsbani (hlutlægt skilyrði) heldur þarf að sanna ásetning til manndráps (huglægt skilyrði). Sama gildir að breyttu breytanda um ásakanir um

²²² Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögsmætrar meingerðar gegn æru“, bls. 48, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 234.

²²³ Sbr. t.d. *MDE, Lingens gegn Austurríki*, 8. júlí 1986 (9815/82) (46. egr.) og *MDE, McVicar gegn Bretlandi*, 7. maí 2002 (46311/99) (87. egr.). Sjá Clare Ovey og Robin C.A. White: *Jacobs and White, The European Convention on Human Rights*, bls. 326.

²²⁴ Gunnar Thoroddsen: *Fjölsmæli*, bls. 215. Hér er skýring ummæla og inntaks þeirra að mestu látin liggja milli hluta en um hana er t.d. fjallað í nefndu riti, bls. 215-223.

aðra refsiverða háttsemi og ósæmilega hegðun sem ekki er refsiverð. Tilraunaverknaði þarf að sanna með líkum hætti.²²⁵ Um nákvæmniskröfur ritar Gunnar Thoroddsen:

Það, sem fara verður eftir, er, að sönnuð séu öll meginatriði þess, sem ærumeiðandi er í ummælunum; ásökun getur því talist sönnuð, þótt ekki hafi tekizt að sanna aukaatriði. Ósamræmið má ekki vera það mikið, að breyti neinu að ráði um hið ærumeiðandi í ummælunum [...] Ef sakað er um verk, má það þannig ekki vera alvarlegra, ámælisverðara eða refsiverðara en það, sem raunverulega var framið [...] Á hinn bóginn mætti oft réttlæta ásökun um minna brot með sönnun um meira brot. Ef brotin eru svipaðs eðlis og lík að saknæmi, mætti stundum telja ummælin réttlætt [...].²²⁶

Um kröfur, einkum til fjölmiðla, varðandi sannindi staðhæfinga um verknað eða háttsemi, nákvæmni þeirra og sönnun er rétt að taka til skoðunar eftirfarandi dóma Hæstaréttar:

Hrd. 1955, bls. 540: Atvik málsins eru reifuð í kafla 5.1.2. Hæstiréttur ómerkti tvenn ummæli í málinu. Annars vegar voru ómerkt ummæli um að stefnandi, Ó, hefði á þriðja tug mannlífa á samviskunni þar sem dómur yfir honum bar með sér að ekki fleiri en níu manns hefðu látið lífið vegna atferlis hans. Hins vegar var um að ræða orðið „morðingi“ og vísað til héraðsdóms varðandi það. Í niðurstöðu héraðsdóms sagði um þetta atriði: „[M]á fallast á, að þessi ummæli séu mjög meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem þau hafa ekki verið réttlætt, ber að refsa stefnda fyrir þau. Þykja ummælin varða við ákvæði 235. gr. [alm. hgl., innsk. höf.].“ Hæstiréttur féllst ekki á refsingu fyrir ummælin heldur lét ómerkingu nægja.²²⁷

Varðandi fyrri ummælin verður að telja eðlilegt og sjálfsagt að krefjast þess að ekki skeiki fjölda mannlífa þegar á menn eru bornar sakir sem þessar. Rökstuðningur um hin síðari er afar knappur og fara ber varlega í að draga ályktanir af honum. Þó er varla hægt að skilja hann öðruvísi en svo að maðurinn hafi, þrátt fyrir að hafa selt menn í hendur þeirra sem svo líflétu þá, ekki gerst sekur um morð í eiginlegum skilningi og því sé ekki hægt réttlæta að kalla hann morðingja á þeim grunni að satt sé.

Hrd. 2. október 2008 (653/2007): Í opnugrein í tímaritinu Séð og heyrt sagði meðal annars: „[P] hefur látið byggja stærsta einbýlishús í Kópavogi í Asparhvarfi en gallinn er bara sá að hún hefur ekki enn borgað krónu í því.“ Óumdeilt var í málinu að Þ hafði ekki greitt kaupverðið að fullu en þar sem hún hafði staðið skil á meginhluta þess var ekki unnt að telja ummælin sönn og þannig vítalaus. Ekki var vikið beinlínis að sjónarmiðum um vítaleyfi sannra ummæla í dómnum umfram það að í héraðsdómi, sem að því leytir var staðfestur af Hæstarétti, var tekið fram að ummælin ættu ekki við rök að styðjast.

Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009): Málsatvik eru reifuð í kafla 5.1.2. Ummæli um að það væri „ekki við hæfi að sú [H] sem veiðir fyrir hann [G] vinni í grunnskóla“ voru talin fela í sér ásanir um refsiverða háttsemi sem ekki hefðu verið færðar sönnur á með dómi yfir G eða á annan hátt.

²²⁵ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 215-217.

²²⁶ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 221-222.

²²⁷ Áhersla höfundar.

Hrd. 11. mars 2010 (454/2009): Í grein blaðakonu DV um sakamál var einn sakborninga, R, borin sökum um innflutning kókaíns til sölu. R var sýknaður af ákæru þess efnis í héraðsdómi réttari viku eftir að greinin birtist og síðar staðfesti Hæstiréttur niðurstöðuna að því leyti, sjá *Hrd. 29. maí 2008 (435/2007)*. Ummælin sem um ræddi voru annars vegar fyrirsögnin „Hræddir kókaínsmyglarar“, sem vísaði til R meðal annarra, og hinsvegar setning úr meginmáli, „Kókaínið var falið í bifreið sem [R] flutti til landsins í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað en lögregla hafði þá gert efnið upptækt og skipt því út fyrir gerviefni.“ Þar sem ekki var gerður fyrirvari um að staðhæfingarnar væru byggðar á ákæru sem varist væri fyrir dómi voru varnir sem öðrum þræði byggðu á *exceptio veritatis* ekki teknar til greina. Voru varnirnar þær að sterkur grunur hefði fallið á R, svo sterkur að ákærandi hafi talið hann nægja til sakfellis og dómstólar talið hann réttlæta gæsluvarðhald, og að ekki hefði verið farið út fyrir efni ákæru í greininni. Í dómnum segir: „Í þeirri umfjöllun [grein DV, innsk. höf.] bar á hinn bóginn að gæta sérstaklega að því að það er hlutverk dómstóla að slá því föstu hvort sakaðir menn séu sannir að broti, en ekki fjölmiðla.“ Leit Hæstiréttur svo á að með greininni hefði kókaínsmygli verið dróttað að R, sbr. 235. gr. alm. hgl.

Hrd. 6. desember 2012 (314/2012): Í frétt DV var frá því sagt að J sætti lögreglurannsókn og væri „flæktur í“ slíka rannsókn. Rétt var í málinu að tilkynning hafði borist lögreglu um grun um refsivert athæfi stjórnarmanna félags og var J meðal þeirra. Þá höfðu borist kærur á hendur J sjálfum. Hafði lögregla tilkynninguna og kærurnar til athugunar en formleg lögreglurannsókn var ekki hafin, ákvörðun hafði ekki verið tekin um slíka rannsókn og sakarefni hafði ekki verið afmarkað. Því var borið við að ummælin væru sönn þar sem það að Ríkislögreglustjóri hefði tilkynningar og kærur „til skoðunar“ fæli í sér, samkvæmt almennri málvenju, að lögregla rannsakaði viðkomandi aðila. Í niðurstöðu héraðsdómara, sem Hæstiréttur staðfesti, sagði: „Stefndu byggja á því að ekki komi fram í ummælum þeim, sem krafist sé ómerkingar á, að sérstök formleg ákvörðun hafi verið tekin um rannsókn hjá Ríkislögreglustjóra og að ekki beri að túlka ummælin rýmra en almenn merking orðanna gefur tilefni til. Hér verður að líta til þess, að almennt eru gerðar þær kröfur til fjölmiðla að þeir byggji umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum. Að þessu virtu og með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um stöðu máls [...] verður ekki á framangreind sjónarmið stefndu fallist. Engin lögreglurannsókn var hafin gegn stefnanda og voru ummælin [...] því efnislega röng [...]“²²⁸

Af tilfærðum dómum, einkum þeim síðastreifaða, má sjá að Hæstiréttur gerir allnokkrar kröfur til nákvæmni staðhæfinga um staðreyndir þegar *exceptio veritatis* er annars vegar.

Einnig má, með hefðbundnum fyrirvara um fordæmisgildi, líta til tveggja héraðsdóma:

Hérd. Reykn. 5. júní 2007 (E-2299/2006): Maður nokkur, G, var kallaður „góðkunningi lögreglunnar“ í grein DV og taldi með því vegið að æru sinni. Var skilgreining orðabókar og almennur skilningur á orðasambandinu lagður til grundvallar og það talið vísa til þeirra sem lögregla þyrfti oft að hafa afskipti af, smáglæpamana og drykkjumanna. Að virtu sakavottorði og öðrum upplýsingum um sakaferil G var ekki fallist á að hann gæti talist góðkunningi lögreglunnar. Um þetta sagði í dómnum: „Er það mat dómsins að í þessari orðnotkun felist ærumeiðandi aðdróttun gagnvart stefnanda sem ekki eigi við rök að styðjast. Er þá haft í huga að þótt inntak orðasambandsins verði að telja matskennt þá felur það mat í sér fullyrðingu um staðreyndir sem líta að sakarferli þess manns sem sagður er „góðkunningi lögreglunnar“.“²²⁹

²²⁸ Áherslur höfundar. Sjá einnig *Hrd. 14. júní 2012 (671/2011)*.

²²⁹ Áherslur höfundar.

Hérd. Rvk. 6. mars 2012 (E-3832/2011): Málið snerist um ummæli í bók eftir stefnda, B, sem fjallaði um hið svokallaða „Baugsmál“ þar sem stefnandi, J, var meðal ákærðra. B byggði að nokkru leyti á því að ummælin væru í meginatriðum sönn eða hefðu a.m.k. í sér sannleikskjarna og bar því einnig við að „af lestri bókarinnar í heild megi sjá hver niðurstaða varð í Baugsmálinu og óþarft sé að elta ólar við smávægilegar ritvillur.“ Var dómur Hæstaréttar í Baugsmálinu, *Hrd. 5. júní 2008 (385/2007)*, helsta sönnunargagnið í meiðyrðamálinu. J taldi þrenn ummæli í bókinni vera röng og ærumeiðandi. Ummæli um að J hefði verið dæmdur fyrir fjárdrátt skv. 247. gr. alm. hgl. voru talin röng og ærumeiðandi skv. 235. gr. alm. hgl. þar sem hann hafði verið dæmdur fyrir meiri háttar bókhaldsbrot skv. 2. mgr. 262. gr. alm. hgl. Um þetta sagði í niðurstöðu dómsins: „Að lögum er munur á bókhaldsbroti, sem stefnandi var sakfelldur fyrir, og fjárdrætti. Almennir lesendur gera mun á þessu tvennu. Refsirammi [brotanna, innsk. höf.] er hins vegar sá sami. Þó má ætla að í huga almennings sé fjárdráttur yfirleitt talinn vera alvarlegra brot en bókhaldsbrot. Þá felst í ummælunum sú fullyrðing að stefnandi hafi verið sakfelldur fyrir fleiri brot en hann var í raun.“ Stefnda var gert að greiða stefnanda miskabætur vegna síðari ummællanna tveggja og kosta birtingu dómsins.

Sé fallist á að með ummælunum í síðara málinu hafi verið gefin í skyn frekari afbrot af hálfu stefnanda en rétt var, má taka undir þann rökstuðning niðurstöðunnar. Aftur á móti má velja því upp hvort of strangar kröfur séu gerðar til nákvæmni með því að telja ærumeiðandi og bótaskyld að rangnefna meiriháttar bókhaldsbrot fjárdrátt. Brotin eru vissulega um margt ólík, ekki síst þar sem heimilt er að refsa fyrir meiriháttar bókhaldsbrot af stórfelldu gáleysi, og má því fallast á að í huga almennings sé það minna afbrot. Aftur á móti liggur við brotunum, eins og fram kemur í dómnum, sama refsing og bæði varða þau ótilhlýðilega háttsemi í fjárreiðum. Með þetta í huga má halda því fram að munur á þeim sé ekki svo mikill að bótaskyld ærumeiðing teljist en ómerking sé þó eðlileg. Ekki verður tekin afstaða til þessa álitaefnis hér heldur látið nægja að slá föstu að hér sé um að ræða afar vandmetið takmarkatilvik.²³⁰

Ekki eru aðeins gerðar kröfur um nákvæmni meiðandi staðhæfinga um staðreyndir hvað varðar eiginlegt efni þeirra heldur hefur verið talið rétt að krefjast þess að hún standist á þeim tíma sem hún er höfð í frammi. Þannig réttlætir það ekki áburð um þjófnað ef hinn ærumeiddi verður ekki sannur að slíku fyrr en eftir að staðhæft er um það.²³¹ Hvað þetta varðar ber þó að athuga ummæli í nýlegum hæstaréttardómi:

Hrd. 6. desember 2012 (314/2012): Atvik málsins eru rakin fyrr í kaflanum en í athugasemdum Hæstaréttar við staðfestan dóm héraðsdóms sagði: „Ekkert liggur fyrir um að slík rannsókn [lögreglurannsókn, innsk. höf.] hafi hafist síðar og verður stefndi ekki látinn bera hallann af því að hafa ekki undir rekstri málsins sinnt áskorun áfrýjenda um að afla frekari staðfestingar á því að rannsókn væri ekki hafin.“²³²

²³⁰ Þess ber að geta að stefndi í héraðsdómsmálinu hefur lýst því yfir að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar og fengið til þess áfrýjunarleyfi, sbr. Björn Bjarnason: „Leiðrétting orða leiðir ekki til sýknu“, <http://www.bjorn.is/>, og „Björn má áfrýja“, <http://www.mbl.is/>.

²³¹ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 221-222.

²³² Áhersla höfundar.

Úr þessu virðist mega lesa að ummælin hefðu getað verið vítalaus á grundvelli *exceptio veritatis* hefði lögreglurannsókn hafist síðar þrátt fyrir að svo hafi ekki verið þegar ummælin féllu. Með góðum vilja má lesa svipað sjónarmið úr *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009)* en athuga ber að þá hafði háttsemin sem ummælin vörðuðu þegar farið fram þótt ekki hefði verið dæmt um hana. Gjalda ber varhug við að draga víðtækar ályktanir af þessum dómum og telja má að áðurnefnd sjónarmið um nákvæmni ummæla í tíma standi í megindráttum óhögguð.

Þá getur skipt máli hvenær það sem staðhæft er um átti sér stað eða hvenær það átti við. Vegna þessa myndi staðhæfing um að maður hefði nýlega framið afbrot sem hann í raun framdi fyrir mörgum árum eða jafnvel áratugum mögulega varða ábyrgð sem ærumeiðing þótt sannað væri að viðkomandi hefði á sínum tíma drýgt brotið. Aftur á móti er hæpið að sömu áhrif hafi ef tímaskekkjan er minniháttar eða ef hermt er að lengra sé liðið frá broti en rétt er.²³³ Að lokum verður að gæta að því að staðhæfing eigi við á þeim tíma sem hún vísar til. Í því felst að sé manni borið á brýn að vera umfangsmikill fíkniefnasali nú um stundir en aðeins er sannað að hann hafi verið það á árum áður er vel hugsanlegt að ábyrgð verði viðkomið vegna staðhæfingarinnar. Tilfæra má tvo dóma sem þetta varða.

Hérd. Rvk. 22. október 2008 (E-8596/2007): Í málinu var dómur yfir hinum ærumeidda færður fram til sönnunar, meðal annars vegna ummæla um að hann væri andlega vanheill. „Af dómi Landsréttar Würzburg má einnig ráða að stefnandi hefur þá [á þeim tíma, innsk. höf.] átt við sálræn veikindi að stríða. Í þessu máli nýtur hins vegar engra gagna við um andlegt heilsufar stefnanda. Ummæli stefnda um andleg vanheilindi stefnanda, [...] verða ekki skilin öðruvísi en svo að stefndi sé þar að fullyrða að stefnandi sé andlega vanheill [þegar ummælin féllu, innsk. höf.], en ekki að vísa til fortíðar hans. Hefur stefndi ekki fært fram sönnur fyrir fullyrðingum sínum.“ Var sakfelld í málinu að þessu leyti.

Hrd. 19. mars 2009 (448/2008): Málið varðaði staðhæfingar í blaðinu *Blaðinu* um að F hefði áður fyrr verið umfangsmikill í fíkniefnasölu hér á landi. Færðar voru fram sönnur fyrir ummælunum. F bar því við að það væri ósatt að hann væri (í nútíð) „stærsti eiturfjafa- og fíkniefnasali landsins“. Voru ummælin talin vítalaus meðal annars þar sem þau töldust sönnuð. Í héraðsdómi sagði: “Ummælin [...] vísa öll til stefnanda í þátíð. [...] Hér ber að leggja áherslu á að af ofangreindri umfjöllun *Blaðsins* verður glögglega ráðið að um áratugur er liðinn frá þeim atburðum er *Blaðið* greinir frá í umfjöllun sinni og nafn stefnanda er nefnt í því samhengi.“ Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm með vísan til forsendna hans.

Varðandi staðhæfingar um lastverða eiginleika eða tilhneigingar og hæfileikaskort er það fyrst að athuga að áburður um þá getur hæglega frekar borið svipmót gildisdóms en staðhæfingar. Þannig fela ummæli um að maður sé eigingjarn, uppvöðslusamur eða latur vissulega í sér áburð um lesti sem orðið geta virðingu hans til hnekkis en eru svo háðir mati og svo afstæðir að vart verður krafist sönnunar slíkum ummælum sem staðhæfingum um staðreynd. Aftur á

²³³ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 221-222.

móti hafa aðrar staðhæfingar á borð við að maður sé þjófóttur, lyginn eða óskilvís eða haldinn glæpahneigð eða morðfýsn svo sterka skírskotun til staðreynda að eðlilegt er að krefjast all-nákvæmrar sönnunar á þeim eins og staðhæfingum um staðreyndir endranær.²³⁴ Um þetta má að nokkru leyti hafa hliðsjón af áðurreifuðum *Hérd. Reykn. 5. júní 2007 E-2299/2006*.

Góð trú þess sem staðhæfir eitthvað ærumeiðandi um sannindi ummæla sinna hefur að íslenskum rétti ekki verið talin leiða til vítaleysis ummæla,²³⁵ ólíkt því sem talið er eiga við um gildisdóma. Verður að telja þetta í nokkru ósamræmi við þá braut sem mde. hefur fetað um töluvert skeið.²³⁶ Fjallað verður um afstöðu mde. til góðrar trúar í þessu samhengi og mögulegar hræringar í íslenskum rétti í kafla 5.4.2.

Um sönnun og sönnunargögn vísast að öðru leyti til kafla 5.2.1.

5.3 Ágrip af erlendum rétti

Nú verður stuttlega dregið á réttarstöðuna varðandi sannar ærumeiðingar í rétti nokkurra erlendra ríkja og stöðu *exceptio veritatis* þar. Aðeins er um að ræða örstutt yfirlit til glöggvunar og er því ekki ætlað að vera ýtarlegt eða tæmandi. Í samræmi við efnisafmörkun ritgerðarinnar verður áherslan hér fyrst og fremst á refsileysi ummæla en litlu púðri eytt í firringu bótaábyrgðar vegna sanninda þeirra.

5.3.1 Noregur

Í 1. mgr. 249. gr. eldri hegningarlaga Norðmanna, *lov om straff* frá 22. maí 1902 nr. 10, var skýrlega kveðið á um að ekki skyldi refsast fyrir ærumeiðingar sem sýnt væri fram á að væru sannar og gildi *exceptio veritatis* því með líkum hætti í Noregi og hér á landi.²³⁷ Þessi lög féllu úr gildi árið 2008 við gildistöku núgildandi hegningarlaga, *lov om straff* frá 20. maí 2005 nr. 28. Ólíkt forvera sínum hafa þessi nýju lög ekki að geyma kafla um ærumeiðingar og eru þær því almennt ekki refsiverðar með sama hætti og áður í norskum rétti. Þessu að baki bjó það sjónarmið að tryggja yrði tjáningarfrelsi eftir ákvæðum 10. gr. mse. og er einkaréttarlegum úrræðum nú ætlað að veita þeim sem fyrir ærumeiðingum verða færi á að rétta hlut sinn.²³⁸

²³⁴ Hér að miklu leyti byggt á Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 218-221, en þann fyrirvara verður að gera við umfjöllunina þar að í henni er margt ekki í takt við síðar tilkomin sjónarmið um sannindasönnun varðandi gildisdóma og muninn á þeim og staðhæfingum.

²³⁵ Sjá til dæmis Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 187-189, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 210.

²³⁶ Sjá til dæmis MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88).

²³⁷ „Om lov om endringer i straffeloven 20. mai 2005 nr. 28“, <http://www.regjeringen.no/>, bls. 157-158 og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209. Ákvæðið var svohljóðandi: „Straff efter §§ 246 og 247 [móðgun og aðdróttun, innsk. höf.] kommer ikke til anvendelse dersom det føres bevis for beskyldningens sannhet.“

²³⁸ „Om lov om endringer i straffeloven 20. mai 2005 nr.“, <http://www.regjeringen.no/>, bls. 160-162, og „Ytringsfriheten styrkes – straff for ærekrenkelser oppheves“, <http://www.regjeringen.no/>. Sjá nánar „Om lov om endringer i straffeloven 20. mai 2005 nr.“, <http://www.regjeringen.no/>, bls. 157-168, og Robert Gjerde: „Ærekrenkelse ikke straffbart lenger“, <http://www.aftenposten.no/>.

Lagaákvæði um refsileysi sannra ærumeiðinga er ekki að finna í nýju lögnum enda er það óþarft úr því að ekki liggur refsing við að meiða æru manna.

Í 2. mgr. 249. gr. norsku hegningarlaganna frá 1902 var ákvæði sem mælti fyrir um að heimilt væri að refsa fyrir sannar ærumeiðingar ef þær væru settar fram án heiðvirðrar ástæðu eða ef þær væru ótilhlýðilegar vegna tjáningarmáta eða af öðrum ástæðum.²³⁹ Svipar þessu ákvæði nokkuð til 237. gr. alm. hgl. um brigslyrði (sjá kafla 6.2.2.1) en gerir þó samkvæmt orðalagi sínu ríkari kröfur til réttlætningar ummælanna. Í norsku hegningarlögnum frá 2005 er ekki að finna sambærilegt ákvæði en í umfjöllun hegningarlaganefndar norska dómsmálaráðuneytisins um ærumeiðingar samkvæmt frumvarpi til hinna nýju laga segir að sannar ærumeiðingar megi heimfæra til ákvæða um brot gegn friðhelgi einkalífs.²⁴⁰

Sönn ummæli eru þannig sem fyrr refsilaus að meginreglu í norskum rétti en ekki á grundvelli *exceptio veritatis* eða álíka reglu, nema óbeinlínis, heldur vegna þess að ærumeiðingar sem slíkar eru almennt ekki refsiverðar. Með líkum hætti og áður getur aftur á móti komið til bótaskyldu vegna sannra ærumeiðinga og refsinga einnig ef með ummælum er brotið gegn friðhelgi einkalífs fólks.

5.3.2 Danmörk

Í dönsku hegningarlögnum með áorðnum breytingum, *straffeloven* nr. 1007 frá 15. apríl 1930, er í 1. mgr. 269. gr. að finna ákvæði sem meðal annars kveður á um að ekki skuli að meginreglu refsað fyrir sannaðar ásakanir.²⁴¹ Gildir *exceptio veritatis* því í dönskum rétti með líkum hætti og í íslenskum rétti en þó er sá mikilvægi munur á að í 2. mgr. 269. gr. er gert ráð fyrir að góð trú vegna aðstæðna sem gáfu tilefni til að telja ásakanir sannar geti leyst undan refsingu en svo er ekki héraendis (sjá nánar kafla 5.2.3 og 5.4.2).²⁴²

Kveðið er á um það í 1. másl. 1. mgr. 270. gr. hinna dönsku hegningarlaga að séu sönn ummæli sett fram með ótilhlýðilegum hætti megi refsa fyrir þau sem ærumeiðingu. Samkvæmt 2. másl. gildir hið sama ef ekki er góð ástæða fyrir hinni sönnu tjáningu og er

²³⁹ Ákvæðið var svohljóðandi: „Selv om det føres sannhetsbevis som nevnt under 1, er beskyldningen straffbar dersom den er fremsatt uten at der var noen aktverdig grunn til det eller dersom den ellers er utilbørlig på grunn av formen eller måten den er fremsatt på eller av andre grunner.“

²⁴⁰ „Om lov om endringer i straffeloven 20. mai 2005 nr. 28“, <http://www.regjeringen.no/>, bls. 148-149 og 163. Hér virðast einkum koma til greina 266. og 267. gr. nógildandi norskra hegningarlaga.

²⁴¹ Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov*, bls. 461-462. Ákvæðið er svohljóðandi: „En sigtelse er straffri, når dens sandhed bevises, såvel som når den, der i god tro fremsætter sigtelsen, har været forpligtet til at udtale sig eller har handlet til berettiget varetagelse af åbenbar almeninteresse eller af eget eller andres tarv.“

²⁴² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 209-210. Ákvæðið er svohljóðandi: „Straf kan bortfalde, når der oplyses omstændigheder, som gav føje til at anse sigtelsen for sand.“

ákvæðið nánast samhljóða eldra ákvæði 2. mgr. 249. gr. norsku hegningarlagna frá 1902.²⁴³ Er danska ákvæðið keimlíkt 237. gr. alm. hgl. en rétt eins og á við um nefnt ákvæði hinna eldri norsku hegningarlagna bendir orðalag greinarinnar til að meiri kröfur séu gerðar til ástæðna fyrir tjáningunni (sjá kafla 6.2.2.1). Samkvæmt 2. mgr. 270. gr. dönsku hegningarlagna skal, þegar aðeins hinn ærumeiddi krefst refsingar, einungis heimila sönnun ærumeiðinganna ef almannahagsmunir mæla með því. Er þetta ákvæði til þess ætlað að hefta ærumeiðingar af hefndarþorsta, kvalarlostu eða slíkum hvötum.²⁴⁴ Ákvæðið á sér ekki hliðstæðu í íslenskum lögum en telja má sennilegt að liggi ekki annað að baki brigslum en annarlegar hvatir teljist þau tilefnislaus í skilningi 237. gr. alm. hgl. Myndu ærumeiðingar sem þessar því einnig vera refsiverðar í íslenskum rétti en ekki vegna þess að sönnun sé óheimil og færi því ekki fram, heldur vegna þess að hún væri haldlaus þar sem tilefni brigslanna væri ónógt.

Ákvæði 266. gr. c. dönsku hegningarlagna er náskyld 270. gr. þeirra. Í því er kveðið á um að þegar úrskurðað hafi verið í máli skuli refsivert að bera aðila máls þeim sökum er það varðaði sé það gert þannig að ofsóknir megi telja og ef það sem uppi er látið er til þess fallið að skaða orðspor þess sem sökunum er borinn.²⁴⁵ Ekki þarf að vera um að ræða dómsúrlausn heldur koma stjórnsluákvæðanir einnig til greina og ummælin þurfa ekki að teljast ærumeiðandi.²⁴⁶ Ákvæðið ber ekki með sér að sá sem ofsóttur er þurfi að hafa verið sýknaður af ásökuninum og getur því komið til refsingar fyrir sannar ávirðingar og er því um að ræða frávík frá *exceptio veritatis*. Að íslenskum rétti væri mögulegt að fella tilfelli sem 266. gr. c. tekur til undir 237. gr. alm. hgl. þar sem sjaldan mun vera tilefni til að ofsækja fólk með þeim hætti sem danska ákvæðið lýsir.

Í 1. mgr. 271. gr. dönsku hegningarlagna er að finna ákvæði sem tekur fyrir sönnun meiðyrða um refsiverðan verknað sem hinn ærumeiddi hefur verið sýknaður af með fullnaðardómi, hvort sem er fyrir innlendum eða erlendum dómstóli.²⁴⁷ Greinin er sama efnis og 1. mgr. 238. gr. alm. hgl. (sjá kafla 6.2.1). Ákvæði 2. mgr. 271. gr. mælir fyrir um að sönnun ummæla um refsivert brot sem hinn ærumeiddi hefur verið dæmdur fyrir leysi ekki

²⁴³ Í heild er 1. mgr. 270. gr. dönsku hegningarlagna svohljóðandi: „Er sigtelsens fremsættelse ved sin form utilbørlig fornærmende, kan straf efter § 267 anvendes, selv om sandhedsbevis føres; det samme gælder, såfremt gerningsmanden ikke har haft rimelig anledning til at fremsætte fornærmelsen.“

²⁴⁴ Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov*, bls. 473. Ákvæðið var svohljóðandi: „Dersom den fornærmede alene nedlægger påstand om straf efter denne paragraf, tilstedes bevis for sigtelsens sandhed ikke ført, medmindre almene hensyn afgørende taler derfor.“

²⁴⁵ Ákvæðið er svohljóðandi: „Den, der, efter at en sag har fundet sin afgørelse, med hensyn til denne på ny fremsætter de underkendte beskyldninger mod den samme person så hyppigt, at deres fremsættelse udarter til forfølgelse, straffes, når oplysningerne er egnet til at skade den pågældende i offentlighedens omdømme, med bøde eller fængsel indtil 4 måneder.“

²⁴⁶ Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov*, bls. 445-446.

²⁴⁷ Ákvæðið er svohljóðandi: „Bevis tilstedes ikke ført for en strafbar handling, for hvilken den, som sigtes, ved endelig dom i ind- eller udland er frikendt.“

undan refsingu hafi hann réttmæta kröfu til þess að honum sé ekki borið það á brýn með tilliti til eðlis brotsins, hvenær það var framið og hegðun hans síðan.²⁴⁸ Ákvæðið er talið hafa litla sjálfstæða þýðingu gagnvart 1. mgr. 270. gr. laganna.²⁴⁹ Sambærilegt ákvæði er ekki fyrir hendi í íslenskum lögum en ætla verður að alla jafna kæmi til greina að beita 237. gr. alm. hgl. um tilfelli sem 2. mgr. 271. gr. dönsku laganna lýsir.

5.3.3 Engilsaxneskur fordæmisréttur

Í engilsaxneskum rétti²⁵⁰ er meginreglan sú að sönn ummæli eru refsilaus.²⁵¹ Er þetta stutt þeim rökum að sönn ærumeiðing sé aðeins til þess fallin að skerða æru manna að því marki sem þeir hafa til þess unnið og að sannleikurinn þjóni almannahagsmunum sem vegi þyngra en hagsmunir hins ærumeidda af því að honum sé haldið leyndum.²⁵² Til þess að ærumeiðing sé talin refsilaus hafa dómstólar látið nægja að ummæli séu í aðalatriðum sönn þar sem sannindi er oft erfitt að sanna nákvæmlega auk þess sem strangar kröfur til þess að rétt sé farið með í einu og öllu legðu of þunga sönnunarbyrði á fjölmiðla þegar þeir ættu hlut að máli.²⁵³ Er þessi regla alla jafna kölluð *the substantial truth doctrine* eða sannleikskjarnareglan.²⁵⁴ Samkvæmt henni skal horft fram hjá minniháttar frávikum frá sannleikanum ef tjáningin er í aðalatriðum sönn, hefur að geyma sannleikskjarna, og frekar litið til þess hvort heildarmerking tjáningar og það sem hún felur í sér er til þess fallið að meiða æru þess sem henni er beint að.²⁵⁵ Í sumum fylkjum Bandaríkjanna hefur reglan einnig verið talin leiða til refsileysis ærumeiðinga sem fela í sér ýkjur eða ofsögur.²⁵⁶

²⁴⁸ Ákvæðið er svohljóðandi: „Sandhedsbevis for en pådømt strafbar handling fritager ikke for straf, når den fornærmede henset til handlingens karakter, tidspunktet, da den blev begået, og hans forhold i øvrigt havde rimeligt krav på, at det pågældende forhold ikke nu blev fremdraget.“

²⁴⁹ Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov*, bls. 475.

²⁵⁰ Hér er sjónum fyrst og fremst beint að Bandaríkjunum og að nokkru leyti Bretlandi en líklegt er að eins eða líkar reglur gildi í rétti þeirra ríkja sem byggja á arfleifð enska fordæmisréttarins. Þá er það að athuga að réttur fylkja Bandaríkjanna er innbyrðis ólíkur þannig að reglunni er ekki alls staðar beitt með sama hætti og ekki er víst að hún sé viðurkennd í þeim öllum, sjá Lisa K. Snow: „A Broader Approach to the Substantial Truth Defence“, bls. 769 og 774-775.

²⁵¹ Sjá til dæmis *Culture, Media and Sport Committee - Second Report*, <http://www.publications.parliament.uk/>, 117., 130. og 232. egr.; Meiring de Villiers: „Substantial Truth in Defamation Law“, <http://www.law.unsw.edu.au/>, bls. 1 og 8-9; Lisa K. Snow: „A Broader Approach to the Substantial Truth Defence“, bls. 769, og Daniel Steven: „When Truth Is No Defence“, <http://www.publishlawyer.com>. Einnig ber að vísa til afar áhrifamikils dóms hæstaréttar Bandaríkjanna í *New York Times Co. gegn Sullivan*, 376 US bls. 254 (1964).

²⁵² Meiring de Villiers: „Substantial Truth in Defamation Law“, <http://www.law.unsw.edu.au/>, bls. 8-9.

²⁵³ Lisa K. Snow: „A Broader Approach to the Substantial Truth Defence“, bls. 769. Um sönnunarkröfur til fjölmiðla má til dæmis vísa til dóms hæstaréttar Bandaríkjanna í *New York Times Co. gegn Sullivan*, 376 US bls. 254 (1964) og dóms hæstaréttar Pennsylvania í *Jackson gegn Pittsburg Times*, 152 Pa., bls. 406 (1893),

²⁵⁴ Þýðing höfundar. Í enskum rétti er einnig gjarna talað um *justification*, sjá t.d. *Culture, Media and Sport Committee - Second Report*, <http://www.publications.parliament.uk/>, 130. egr.

²⁵⁵ Meiring de Villiers: „Substantial Truth in Defamation Law“, <http://www.law.unsw.edu.au/>, bls. 2-4 og 8-10.

²⁵⁶ Lisa K. Snow: „A Broader Approach to the Substantial Truth Defence“, bls. 778-780. Sjá til dæmis dóm hæstaréttar Vermont í *Weisburgh gegn Mahady*, 147 Vt. 70, 511 A.2d, bls. 304 (1986).

Sannleikskjarnareglan stendur sterkum fótum í engilsaxneskum fordæmisrétti og er oft talað um að sannleikur sé alger eða fullkomin vörn í ærumeiðingamálum.²⁵⁷ Undantekningar frá henni eru fáar og þröngar. Af þeim ber helst að nefna að þegar réttilega er skýrt frá en mikilvægum atriðum sleppt þannig að röng og meiðandi heildarmynd sé dregin upp, getur tjáningin talist refsiverð ærumeiðing.²⁵⁸ Áður fyrr voru einnig þær hömlur á refsileysi sannra ummæla að þau urðu að vera sett fram vegna almenningsheilla eða af heiðarlegum hvötum og í réttmætum tilgangi svo þau væru refsilaus.²⁵⁹ Þessar kröfur virðast nú að mestu eða öllu leyti vera horfnar úr engilsaxneska fordæmisréttinum en þó eimir enn eftir af þeim í löggjöf nokkurra fylkja Bandaríkjanna sem mælir fyrir um að sönn ummæli skuli refsilaus nema sýnt sé fram á að illur vilji liggi þeim að baki.²⁶⁰ Sem dæmi um þetta má nefna 92. gr. 231. kafla almennra laga Massachusetts-fylkis, *Massachusetts General Law*.²⁶¹ Eins og endranær geta sannar ærumeiðingar falið í sér brot gegn friðhelgi einkalífs með einhverjum hætti en það efni fellur utan afmörkunar viðfangsefnisins hér.

5.3.4 Réttur annarra þjóða

Í þýskum rétti leiða sannindi ærumeiðinga almennt til refsileysis þeirra.²⁶² Skýrlega er kveðið á um þetta í 186. gr. þýskra hegningarlaga með áorðnum breytingum, *Strafgesetzbuch* frá 15. maí 1871.²⁶³ Sama er að segja um rétt Svía og tekið er af skarið um þetta í 2. mgr. 1. gr. 5. kafla sænskra hegningarlaga með áorðnum breytingum, *brottsbalk* nr. 1962:700 frá 21. desember 1962. Þar er þó gert að skilyrði að sá sem hefur ærumeiðinguna í frammi hafi verið skyldugur til að tjá sig eða að hún hafi að öðrum ástæðum verið réttlæt看leg. Sama gildir hafi

²⁵⁷ Þýðing höfundar. Oft er talað um *complete defense to a defamation claim*, sjá til dæmis Meiring de Villiers: „Substantial Truth in Defamation Law“, <http://www.law.unsw.edu.au/>, og Lisa K. Snow: „A Broader Approach to the Substantial Truth Defence“.

²⁵⁸ Meiring de Villiers: „Substantial Truth in Defamation Law“, <http://www.law.unsw.edu.au/>, bls. 2-4. Sjá til dæmis dóm hæstaréttar Tennessee í *Memphis Publishing Co. gegn Nichols*, 569 S.W.2d, bls. 412 (1978) og dóm áfrýjunarréttar í Illinois í *Vachet gegn Central Newspapers, Inc.*, 816 F.2d, bls. 313 (1987).

²⁵⁹ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 196-197.

²⁶⁰ Lisa K. Snow: „A Broader Approach to the Substantial Truth Defence“, bls. 769, neðanmáls.

²⁶¹ „General Laws“, <http://www.malegislature.gov/>. Ákvæðið er svohljóðandi: „The defendant in an action for writing or for publishing a libel may introduce in evidence the truth of the matter contained in the publication charged as libellous; and the truth shall be a justification unless actual malice is proved.“ Nýlegt dæmi um beitingu þessa ákvæðis er að finna í dómi áfrýjunarréttar í Massachusetts í *Noonan gegn Staples, Inc.*, 561 F.3d, bls. 4 (2009).

²⁶² „Defamation“, <http://www.britannica.com/>.

²⁶³ Ákvæðið er svohljóðandi: „Wer in Beziehung auf einen anderen eine Tatsache behauptet oder verbreitet, welche denselben verächtlich zu machen oder in der öffentlichen Meinung herabzuwürdigenden geeignet ist, wird, wenn nicht diese Tatsache erweislich wahr ist, mit Freiheitsstrafe bis zu einem Jahr oder mit Geldstrafe [...]“

viðkomandi verið í góðri trú um sannindi hennar.²⁶⁴ Í sænskum rétti voru þó á árunum 1864 til 1962 miklar takmarkanir á sannindasönnun hvað varðaði ærumeiðingar.²⁶⁵

Í frönskum rétti varð um nokkurt skeið ekki komið við vörnum á grundvelli sanninda ummæla sem birtust í fjölmiðlum nema að þeim væri beint að opinberum persónum.²⁶⁶ Samkvæmt 3., 4. og 6. mgr.²⁶⁷ 35. gr. laga um frelsi fjölmiðla með áorðnum breytingum, *loi sur la liberté de la presse* frá 29. júlí 1881, er sönnun sanninda aðdróttunar ávallt heimil nema aðdróttunin varði einkalíf þess sem henni er beint gegn, hún varði fyrnd afbrot hans eða afbrot vegna hverra hann hefur fengið sakaruppgjöf, náðun eða uppreist æru. Ákvæði 5. mgr. 35. gr. mælti áður fyrir um að menn þyrftu ekki að sæta ærumeiðingum um staðreyndir eldri en tíu ára en það var fellt niður í kjölfar *ákvörðunar franska stjórnlagadómstólsins nr. 2011-131 QPC, 20. maí 2011* um að það stæðist ekki ákvæði frönsku stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi.²⁶⁸

Ákvæði 207. gr. spænskra hegningarlaga, *Código Penal* nr. 10/1995 frá 23. nóvember 1995, kveður á um að sá sem ásakaður er um að drótta afbroti að manni skuli ekki sæta refsingu sanni hann aðdróttunina.²⁶⁹ Í 3. mgr. 208. gr. laganna mælir fyrir um að sá sem hefur í frammi aðdróttun um tiltekna háttsemi sem meitt getur æru þess sem henni er beint að, verði að vita að ummælin séu ósönn eða sýna af sér mikið gáleysi hvað það varðar svo að refsingu verði komið við. Af þessu má ráða að aðdróttanir af þessu tagi séu ekki refsiverðar séu þær sannar eða ef sá sem hefur þær í frammi er í góðri trú um sannindi þeirra.²⁷⁰ Í rétti Ítala afsaka sannindi sjaldan ærumeiðingar og getur því komið til refsingar þar fyrir sönn ærumeiðandi ummæli.²⁷¹

²⁶⁴ Ákvæðið er svohljóðandi: „Var han skyldig att uttala sig eller var det eljest med hänsyn till omständigheterna försvarligt att lämna uppgift i saken, och visar han att uppgiften var sann eller att han hade skälig grund för den, skall ej dömas till ansvar.“

²⁶⁵ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 201, og Alvar Nelson: *Rätt och ära*, bls. 70-74.

²⁶⁶ „Defamation“, <http://www.britannica.com/>, og Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 201.

²⁶⁷ Það athugist að talning málsgreina í frönskum lagatexta er með nokkuð öðrum hætti en í íslenskum og því er talað um 4.-6. mgr. frekar en staflíði 3. gr.

²⁶⁸ Ákvæði 35. gr. eru svohljóðandi: “La vérité des faits diffamatoires peut toujours être prouvée, sauf :

a) Lorsque l'imputation concerne la vie privée de la personne ;

b) (Abrogé) [lorsque l'imputation se réfère à des faits qui remontent à plus de dix ans, hið niðurfellda ákvæði, innsk. höf.]

c) Lorsque l'imputation se réfère à un fait constituant une infraction amnistiée ou prescrite, ou qui a donné lieu à une condamnation effacée par la réhabilitation ou la révision ;“

²⁶⁹ Ákvæðið er svohljóðandi: „El acusado por delito de calumnia quedará exento de toda pena probando el hecho criminal que hubiere imputado.“

²⁷⁰ Ákvæðið er svohljóðandi: „Las injurias que consistan en la imputación de hechos no se considerarán graves, salvo cuando se hayan llevado a cabo con conocimiento de su falsedad o temerario desprecio hacia la verdad.“ Sjá til hliðsjónar Mercedes Boronat Tormo: „Razones contra el entendimiento de la «exceptio veritatis» como mecanismo de tutela de la libertad de expresion“, bls. 103 (sjá nánar bls. 103-110).

²⁷¹ „Defamation“, <http://www.britannica.com/>.

5.4 *Exceptio veritatis* og fjölmiðlar

Nú hefur verið farið nokkuð ýtarlega í saumana á *exceptio veritatis* með almennum hætti, fyrst og fremst hvað varðar íslenskan rétt en einnig varðandi erlendan rétt og framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Sjónum verður nú beint að fjölmiðlum og hvernig reglan horfir við þeim sem mikilvægum þátttakendum í opinberri umræðu. Gerð verður grein fyrir almennri þýðingu reglunnar fyrir fjölmiðla og áhrifum hennar á störf þeirra og möguleika til að gegna hlutverki sínu. Einnig verður farið ofan í kjölinn á þýðingu góðrar trúar fjölmiðlamanna um sannindi ummæla, hvernig reglur íslensks réttar er hana varða skipta fjölmiðla máli og síðast en ekki síst hvort vænta megi breyttra réttarviðhorfa til hennar vegna dómaframkvæmdar mde. Þá verður dregið á tilhögun ábyrgðar vegna útbreiðslu ummæla í fjölmiðlum að íslenskum rétti og sannindasönnun í því samhengi, sjónarmið um svonefnt rýmkað tjáningarfrelsi og fleira.

Rétt er að hafa nokkra hliðsjón af umfjöllun um hlutverk og mikilvægi fjölmiðla í kafla 2.2 hvað varðar efni næstu kafla og einnig að nokkru marki í köflum 3.3.2 og 3.3.3.3. Það athugist að hér er ekki um að ræða tæmandi umfjöllun um *exceptio veritatis* og fjölmiðla, enda væri slíkt verkefni frágangssök, heldur eru hér aðeins tekin fyrir þau atriði sem talin eru varða fjölmiðla hvað mestu og brýnast erindi eiga í ljósi efnisafmörkunar hér.

5.4.1 Þýðing reglunnar fyrir fjölmiðla

Af öllu því sem að framan er ritað má þykja einsýnt að *exceptio veritatis* hefur augljósa almenna þýðingu fyrir opna umræðu um þjóðmál í lýðræðisþjóðfélagi. Að sama skapi gefur augaleið að *exceptio veritatis* hefur gríðarmikla þýðingu fyrir fjölmiðla og sér í lagi þá fjölmiðla sem láta til sín taka í opinberri umræðu um þjóðmál og málefni sem snerta almannahag en það er fyrst og fremst á vettvangi þeirra og að miklu leyti fyrir þeirra tilstilli sem hin pólitíska og hugmyndafræðilega umræða fer fram en hún er eitt af höfuðeinkennum lýðræðisþjóðfélaga.²⁷²

Væri reglan ekki fyrir hendi myndi það þrengja svo verulega að tjáningarfrelsi fjölmiðla og þeirri tjáningu sem þeim er hvað mikilvægust að slá má því föstu að þeir gætu vart sinnt hlutverki sínu eins og því er lýst í kafla 2.2. Afar hæpið er að fjölmiðlar stæðu lengi í eiginlegum frétttaflutningi eða þátttöku í opinberri umræðu með refsivönd laganna hangandi yfir sér og sífelld málaferli, sektargerðir og bótagreiðslur myndu fljótt sliga þá fjárhagslega. Fjölmiðlar gætu ekki tekið á mikilvægum málum er varða almenning miklu nema að eiga á hættu að sæta refsingu fyrir ærumeiðingar, en oft er það svo að þau mál sem snúa að einhverjum

²⁷² Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 374

misjöfnum gerðum manna eða öðru sem ærumeiðandi má telja að ræða um opinberlega, eru einmitt þau mál sem einna helst eiga erindi í almenna umræðu og rétt er að komi fyrir sjónir almennings. Til dæmis myndu sannar frásagnir, staðhæfingar um staðreyndir, af mútubægni þjóðkjörins fulltrúa, valdniðslu embættismanns eða skattsvik umsvifamikils viðskiptajöfurs fela í sér refsiverðar ærumeiðingar. Því síður gætu fjölmiðlafólk og greinahöfundar kveðið upp gildisdóma í tjáningu sinni á vettvangi fjölmiðla, til dæmis lýst eindreginni og jafnvel meiðandi skoðun sinni á manni eða málefni, og ekki heldur dregið gildishlaðnar ályktanir af staðreyndum.

Myndi þetta hafa í för með sér að fjölmiðlum yrði í raun ókleift að fjalla með heildstæðum hætti um atburði líðandi stundar og veita almenningi skýra heildarsýn yfir það sem fram fer utan nærumhverfis hans. Óhægt væri um vik að draga upp haldbæra mynd af tilverunni, að minnsta kosti þeim hluta hennar sem er utan beinnar skynjunar fólks á hverjum stað og hverjum tíma. Sá vettvangur sem fjölmiðlar eru fyrir opna umræðu, skoðanaskipti og miðlun hvers konar upplýsinga og hugmynda myndi einnig líða undir lok eða í besta falli viðhaldast án þess að hafa viðlíka áhrif eða ná tilgangi sínum eins og hann er skilgreindur nú. Þá yrði fjölmiðlum líka nánast ómögulegt að veita stjórnvöldum aðhald með þeim hætti sem nú þekkist enda hætt við að ærumeiðandi teldist þegar gagnrýni á ráðamenn og verk þeirra væri sett fram, ekki síst ef hún væri eins hvassyrst og oft vill verða. Slík umfjöllun og umræða væri ólögleg og því gætu ráðamenn, í það minnsta ef lögum væri hlýtt, haft sína hentisemi án þess taumhalds sem fjölmiðlar og almenningsálitið veitir þeim.

Í raun virðist svo að ef fjölmiðlar nytu ekki þess skjóls sem *exceptio veritatis* veitir þeim væri einsýnt að fjölmiðlun varðandi þjóðmálin, í því formi sem hún þekkist í dag, myndi að miklu leyti leggjast af enda væri fjölmiðlum aðeins óhætt og refsilaust að miðla fréttum sem ekki vörðuðu afbrot og afglöp fólks eða lesti þess og ljóði. Meinlausar og léttvægar fréttir, frásagnir og umfjallanir sem ekki koma við kaun neins, varpað gætu neikvæðu ljósi á orðspor einhvers eða sært sjálfsvirðingu manna, væru einu vítalausu umfjöllunarefni. Væri hinn svonefndi varðhundur almennings þá múlbundinn og til lítills nýtur og verður að telja að í þessu fælist í raun ekkert minna en endalok frjálsrar fjölmiðlunar. Af þessu leiðir, sé fallist á það sem segir í kafla 2.2 um að frjálsir fjölmiðlar séu forsenda lýðræðis sem stjórnarforms,²⁷³ að lýðræðinu sjálfu væri veruleg hættu búin.

²⁷³ Sbr. Sheila S. Coronel: „The Role of the Media in Deepening Democracy“, bls. 3-4. Sjá einnig *A Free and Responsible Press*, bls. 6 og 13.

5.4.2 *Exceptio bona fidei*

Eins og áður segir hefur verið á því byggt í íslenskum rétti að góð trú um sannindi ærumeiðandi ummæla leiði ekki til vítaleysis þegar um er að ræða staðhæfingar um staðreyndir. Um góða trú segir Gunnar Thoroddsen:

Ef maður styður ummæli sín við góð gögn, svo að hann hefur ríka ástæðu til að telja ummælin rétt, getur óneitanlega verið harðleikið að refsa honum að fullu, þótt ekki takist að færa lögfullar sönnur að þeim. [...] Að íslenskum rétti hefur slík trú á sannindin ekki þá þýðingu að lækka eða leysa undan hegningu, þótt trúin styðjist við góðar og gildar ástæður, nema í sambandi við réttmæta hagsmunagæzlu: vitni, lögskyldu til umsagnar o. s. frv. Það gagnar manni því ekki, þótt hann hafi haft heimildarmann að ummælum sínum né þótt áburðurinn byggist á almennum orðrómi. Við ákvörðun hegningar ætti þó að hafa hliðsjón af því, hversu styrk trú manns hefur verið á sannindin og hversu gild rök hann hefur haft í hendi, sbr. 70. gr. hegnl. [alm.hgl., innsk. höf.] einkum 6. og 7. tölulið.²⁷⁴

Í hérlendri dómaframkvæmd hefur mjög sjaldan verið vikið að góðri trú um sannindi staðhæfinga um staðreyndir og því síður verið fallist á að hún leiði til eða gæti leitt til refsileysis, hvort sem er varðandi ærumeiðingu sem slíka eða útbreiðslu hennar. Sjónarmiðum um góða trú má þó gjarna finna stað í málsvörn þeirra sem sakaðir eru um ærumeiðingar.²⁷⁵

Ljóst er að sakarmatið hér er afar strangt og verður að taka undir með Gunnari Thoroddsen um að nokkuð óvægið sé að full refsing komi fyrir ærumeiðingu sem sett er fram í góðri trú um að hún sé sönn. Liggur við að hér megi tala um hlutlæga ábyrgð enda er ekki hægt að tala um ásetning og raunar ekki gáleysi heldur varðandi ærumeiðingu ef sá sem hefur hana í frammi er raunverulega í góðri trú um að hún sé sönn. Þetta stranga mat kemur einkar illa við fjölmiðla. Þetta leiðir annars vegar af því að fjölmiðlar byggja efni sitt, eðli máls samkvæmt, iðulega á utanaðkomandi upplýsingum og heimildum sem þeir taka saman, draga ályktanir af og miðla áfram. Þannig má vel hugsa sér að fjölmiðlamaður vinni umfjöllun af fullum heilindum, hafi mátt treysta heimildum sínum og viðmælendum og uppfylli allar þær kröfur um fagmennsku sem eðlilegt er að gera til hans en utanaðkomandi þáttur verði til þess að ósönn meiðandi staðhæfing um staðreynd, sem hann telur sanna, ratar í umfjöllun hans. Hins vegar getur eins ströng regla og þessi komið niður á getu fjölmiðla til að sinna hlutverki sínu því hún getur orðið til þess að draga kjark úr fjölmiðlafólki þegar kemur að miðlun upplýsinga um eldfim mál sem varðað geta almenning miklu.

²⁷⁴ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 188.

²⁷⁵ Um góða trú um sannindi staðhæfingar sjá t.d. *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008)*; *Hrd. 30. apríl 2009 (475/2008)*; *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009)* og *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)*. Um góða trú varðandi gildisdóma sjá hins vegar *Hrd. 1998, bls. 1376*; *Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005)* og *Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008)*. Sjá einnig Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 66-70.

Þetta stranga viðhorf til þýðingar góðrar trúar um sannindi að íslenskum rétti virðist í allnokkru ósamræmi við framkvæmd mde. en í niðurstöðum sínum hefur hann ítrekað slegið því föstu að krafan um sönnun staðhæfinga um staðreyndir sé ekki fortakslaus. Góð trú um sannindi staðhæfinga sem hafðar eru í frammi eða breiddar út skipti máli og geti riðið baggamuninn um vítur og vítaleysi ummæla. Er þetta einkum talið eiga við þegar staðhæfingar um staðreyndir þykja varða almenning og eiga erindi til hans (sjá einnig kafla 5.4.4).²⁷⁶ Hvað varðar fjölmiðlafólk hefur dómstóllinn í þessu samhengi einnig tekið til athugunar hvort vinnubrögð hafi verið fagleg og forsvaranleg þegar góð trú þess er metin:

MDE, Alithia Publishing Company Ltd. og Constantinides gegn Kýpur, 22. maí 2008 (17550/03) (65. egr.): „[V]erndin sem 10. gr. veitir fjölmiðlamönnum hvað varðar umfjallanir um málefni sem varða almenning er háð því skilyrði að þeir vinni í góðri trú í þeim tilgangi að veita réttar og áreiðanlegar upplýsingar í samræmi við siðferði fjölmiðlunar [...] Rétturinn mun athuga hvort einhverjar sérstakar ástæður hafi verið til þess að leysa stefnendur undan venjulegri skyldu þeirra til að staðreyna staðhæfingar um staðreyndir sem voru ærumeiðandi. Að áliti Réttarins veltur þetta sérstaklega á eðli og alvarleika ærumeiðingarinnar sem um ræðir og að hvaða marki stefnendur gátu af skynsemi talið heimildir sínar áreiðanlegar varðandi ásakanirnar sem um ræddi.“²⁷⁷

Við mat á verklagi fjölmiðlafólks hefur meðal annars verið litið til þess hvort að heimildir og heimildarmenn hafi verið áreiðanleg, hvort reynt hafi verið að staðreyna staðhæfingarnar og einnig huglægrar afstöðu fjölmiðlamanns til þess hvort hann hafi gengið nægilega úr skugga um sannindi þeirra.²⁷⁸ Hafi fjölmiðlamenn gætt nægilega að þessum atriðum hefur mde. talið ósannar eða ósannaðar ærumeiðandi staðhæfingar fjölmiðlamanna um staðreyndir réttlættar og þar með vítalausar. Þegar svo stendur á þarf því í raun ekki að sanna ærumeiðandi staðhæfingu um staðreynd, nóg er að sýnt sé fram á góða trú og forsvaranleg vinnubrögð.

Þrátt fyrir að sjónarmið mde. um góða trú og forsvaranleg vinnubrögð hafi ekki náð fótfestu í íslenskum rétti má á allra síðustu misserum merkja áhrif dóma mde. í íslenskum dómsúrlausnum.

²⁷⁶ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 58-59 og 93-94. Sjá t.d. *MDE, Alithia Publishing Company Ltd. og Constantinides gegn Kýpur, 22. maí 2008 (17550/03)*; *MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)*; *MDE, Maronek gegn Slóvakíu, 19. apríl 2001 (32686/96)* og *MDE, White gegn Svíþjóð, 19. september 2006 (42435/02)*. Sjá einnig og öllu nánar í nefndu riti bls. 59-63 og að nokkru leyti 64-73.

²⁷⁷ Þýðing og áherslur höfundar. Um góða trú og útbreiðslu ummæla má vísa til *MDE, Björk Eidsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09)* og að nokkru leyti kafla 5.4.3.

²⁷⁸ Sbr. *MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)*; *MDE, White gegn Svíþjóð, 19. september 2006 (42435/02)*; *MDE, Tønsberg Blad AS og Haukom gegn Noregi, 1. mars 2007 (510/04)*; *MDE, Europress Holding D.O.O. gegn Króatíu, 22. október 2009 (25333/06)* og *MDE, Flux gegn Moldavíu, 24. nóvember 2009 (25367/05)*. Sjá Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn æru“, bls. 51, og Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 59-63.

Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011): Málið varðaði umfjöllun S, fréttamanns Ríkisútvarpsins, um viðskipti P við G hf. en P taldi að í henni væri honum borin á brýn auðgunarbrot. Í niðurstöðu héraðsdóms var fjallað um mikilvægi efnisins fyrir almenning og opinbera umræðu og að P yrði stöðu sinnar vegna að þola nærgöngula umræðu. Um góða trú sagði í niðurstöðunni: „Þó að aðalstefnda kunni við samningu fréttarinnar að hafa skjátlást að einhverju leyti í mati sínu á heimildum, en stefnandi hefur leitt nokkrar líkur að því, *hefur ekki verið sýnt fram á að þær fullyrðingar, sem birtust í fréttinni, hafi verið settar fram í vondri trú.* Verður í þessu sambandi að líta til þess jarðvegs sem ummælin spruttu úr og til nauðsynlegrar umræðu í þjóðfélaginu um orsakir og afleiðingar bankahrunsins.“ Af þessum ástæðum var S sýknaður í héraði. Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu en hann byggði á að S hefði ekki sýnt fram á að ummælin ættu við rök að styðjast. Var S því sakfelldur. Að góðri trú og forsvaranlegum vinnubrögðum var þó vikið í rökstuðningi réttarins: „Þá er og til þess að líta sem fram er komið í málinu, að við vinnslu fréttarinnar leitaði stefndi [S] ekki eftir upplýsingum frá áfrýjanda um efni hennar. Gætti hann samkvæmt því ekki þeirrar skyldu sem fram kemur í 2. gr. reglna Ríkisútvarpsins frá 1. maí 2008 um fréttir og dagskráefni tengt þeim að leita „... upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og leitast við að kynna sjónarmið þeirra sem jafnast.“ *Getur hann því ekki talist hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra ummæla sem í fréttinni fólust.*“

Hrd. 14. júní 2012 (671/2011): Um tiltekin ummæli í grein DV sagði í dómnum: „Ummælin [...] eru tekin úr grein er birtist í dagblaðinu Tímanum á árinu 1987. Fram er komið að þegar áfrýjandi ritaði grein sína 17. september 2010 hafði hann undir höndum dóm sakadóms Reykjavíkur frá árinu 1989 og var niðurstaða dómsins ekki í samræmi við ummælin. *Samkvæmt því gat áfrýjandi ekki verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra ummæla sem hann birti í grein sinni um málefnið.* Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu þeirra.“

Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012): Málið varðaði ummæli S um J í sömu umfjöllun Ríkisútvarpsins og *Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011)* sem reifaður er hér áður. Var S fundinn sekur á sama grundvelli og í því máli og lét Hæstiréttur sömu ummæli um góða trú falla í rökstuðningi sínum.²⁷⁹

Í niðurstöðu héraðsdóms í málinu sem fyrst er reifað má glögglega sjá lík sjónarmið og mde. hefur lagt til grundvallar um góða trú en hafa ber hugfast að niðurstaða dómsins hefur lítið sem ekkert vægi þar sem Hæstiréttur féllst ekki á hana. Ummæli Hæstaréttar í öllum málunum þremur benda til þess að góð trú fréttamannsins og vandaðri vinnubrögð hefðu hugsanlega getað haft áhrif á málalok.²⁸⁰ Hér er þó ekki hægt að tala um skýra réttarþróun og enn síður viðsnúning réttarframkvæmdar og raunar eru ummælin ekki til þess fallin að neinu leyti að draga afdráttarlausar ályktanir um hugsanlega breytingu viðhorfa til góðrar trúar um sannindi meiðandi staðhæfinga um staðreyndir. Hér er aðeins um að ræða vísbendingu sem frekari réttarframkvæmd verður að leiða í ljós hvort sé merki um það sem koma skal.

Telja má líklegt að í fyrirsjáanlegri framtíð muni sjónarmið og aðferðafræði mde. varðandi góða trú ryðja sér til rúms í íslenskum rétti, annað hvort með breyttri réttarframkvæmd eða

²⁷⁹ Áherslur höfundar. Hér má einnig til hliðsjónar nefna *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012)* þar sem vikið er að kröfum til vinnubragða fjölmiðla í staðfestum héraðsdómi.

²⁸⁰ Einnig er lítillaga imprað á sjónarmiðum um góða trú í héraðsdómi í *Hrd. 18. október 2012 (673/2011)*.

ihlutun löggjafans, enda hefur íslenska ríkið skuldbundið sig að þjóðarrétti til að tryggja á yfirráðavæði sínu þau réttindi sem mde. er ætlað að vernda (sjá kafla 3.2.2).²⁸¹ Þá eru niðurstöður mde. afar áhrifamiklar þótt þær hafi ekki eiginlegt fordæmisgildi²⁸² en í því samhengi ber að athuga að í tveimur nýlegum dómum réttarins, *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09)* og *MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43380/10)*, var kveðinn upp áfellsdómur yfir íslenska ríkinu hvað varðar ábyrgð og sönnun fjölmiðlafólks á meiðandi ummælum annarra og höfðu góð trú og vinnubrögð fjölmiðlafólksins nokkur áhrif á niðurstöðu málsins.²⁸³ Reyndar sætir furðu að íslenskir dómstólar og löggjafinn hafi ekki enn brugðist við þeim skýru línunum sem mde. hefur lagt í þessu efni.

Að virtu öllu því sem að framan er ritað verður að telja æskilegt að viðhorf mde. varðandi þýðingu góðrar trúar um sannindi ærumeiðandi ummæla verði tekin upp í íslenskum rétti, bæði varðandi fjölmiðla og almennt. Eðlilegt væri að gera ríkari kröfur til góðrar trúar og vinnubragða fjölmiðlafólks en annarra á grundvelli sjónarmiða um fagleg vinnubrögð og siðgæði fjölmiðlunar eins og gert hefur verið fyrir mde.²⁸⁴ Jafnvel mætti að einhverju leyti láta slíkar auknar kröfur taka einnig til þeirra sem tjá sig opinberlega, til dæmis í fjölmiðlum, en ekki aðeins í afmörkuðum hópi. Núverandi réttarstaða leggur að vissu leyti þránd í Götu fjölmiðla og verður að telja að regla í anda aðferðafræði mde., sem mætti kenna við vítaleysi ummæla í góðri trú eða nefna *exceptio bona fidei*, væri sanngjarnari og eðlilegri með hliðsjón af tjáningarfrelsi í almennri umræðu, óhjákvæmilegum starfsháttum fjölmiðla, hlutverki þeirra og mikilvægi í lýðræðisþjóðfélagi. Þá væri slík regla langtum fullkornari frá refsiréttarlegu sjónarmiði, samanber það sem segir hér að framan um sakarmat varðandi sannar ærumeiðingar. Aftur á móti væri hún töluvert flóknari í framkvæmd vegna þess hve marga matskennda og huglæga þætti þyrfti að draga inn í matið á góðri trú sem yrði að auki mun háðara atvikum hverju sinni. Þá má hreyfa því að réttur hins ærumeidda væri fyrir borð borinn með þessu fyrirkomulagi en til þess er að líta að það útilokar ekki ómerkingu ummæla með dómi og enn síður skyldubundna leiðréttingu, afsökunarbeiðni eða önnur slík úrræði.

²⁸¹ Sjá Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 784.

²⁸² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi*, bls. 82 og 90, og Guðrún Gauksdóttir: „Iceland“, bls. 404-405.

²⁸³ Það athugist að dómarnir tveir féllu áður en dæmt var í tveimur af þremur íslensku málunum sem reifuð voru hér áður og hæpið er að telja að dómar mde. hafi haft bein áhrif á niðurstöðu þess þriðja í ljósi þess að ummæli um góða trú eru nánast orðrétt hin sömu og í elsta málinu auk þess sem niðurstaðan er efnislega hin sama.

²⁸⁴ Sjá Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 63 og 82-83.

5.4.3 Sönnunarbyrði vegna ummæla viðmælanda

Eins og vikið var að í köflum 2.3.1 og 4.3 var reglum um ábyrgð á fjölmiðlaefni breytt með ákvæðum fml. Tilhögun ábyrgðar á útvarpsefni er efnislega eins og hún var samkvæmt úvl., sjá 50. gr. fml., en nokkur breyting varð á ábyrgðarreglum varðandi ritefni frá því sem gilti samkvæmt prl., sjá 51. gr. fml., og munar þar mestu um brottfall ábyrgðar eða samábyrgðar blaðamanns á ummælum sem höfð eru beint eftir viðmælanda, samanber a-lið 1. mgr. greinarinnar. Viðmælandi blaðamanns ber nú ábyrgð á slíkum ummælum að skilyrðum greinarinnar uppfylltum. Þess er ekki getið í ákvæðum 51. gr. fml. en af athugasemdum við hana í greinargerð með fml. má ráða að hér sé aðeins átt við orðréttar tilvitnanir.²⁸⁵ Fer því eftir c-lið 1. mgr. 51. gr. fml. um ábyrgð á óbeinum tilvitnunum í ritefni sem heyrir undir fml. Í a-lið 1. mgr. 50. gr. segir að sá sem flytur efni eftir annan í útvarpi, hvort sem er hljóð- eða sjónvarpi, sé ábyrgur fyrir því að tilgreindum skilyrðum uppfylltum en undir þetta getur óbein tilvitnun í orð viðmælanda heyrð. Verði slík óbein tilvitnun til orða viðmælanda ekki talin vera efni sem flytjandi eða annar semur í skilningi greinarinnar fer um ábyrgð á slíkri tilvitnun eftir c-lið 1. mgr. 50. gr.²⁸⁶ Staldrá verður við tiltekna þætti þessarar tilhögunar ábyrgðar á miðlun tjáningar sem getur falið í sér útbreiðslu ærumeiðinga í skilningi 234. og 235. gr. alm. hgl. enda hefur hún mikla og augljósa þýðingu fyrir fjölmiðla.

Fyrst er þess að gæta að af lestri a-liðar 1. mgr. 50. gr. verður ráðið að viðmælandi ber ábyrgð á því sem hann segir sjálfur í útvarpi en er ekki ábyrgur fyrir beinni tilvitnun í orð sín sem flytjandi hefur eftir honum í útvarpi. Er þetta ólíkt því sem gildir um ritefni, samkvæmt a-lið 1. mgr. 51. gr., þegar orð viðmælandans eru höfð beint eftir honum í riti. Telja verður að af þessu leiði nokkuð ójafnræði með útvarpsefni annars vegar og ritefni hins vegar hvað varðar beinar tilvitnanir en það skýrist af ólíku eðli ritaðs máls og útvarps. Nærtækt virðist þó að halda því fram að þessi eðlismunur réttlæti ekki hinar strangari reglur enda geldur útvarpið hér fyrir það eitt að vera að því leyti fullkonnari miðill að fyrir tilstilli þess er unnt að útvarpa hinum eiginlegu ummælum sjálfum. Þetta ójafnræði verður ekki gert að sérstöku umfjöllunarefni hér en er engu að síður umhugsunarvert.

Í öðru lagi er til þess að líta – og þetta verður að telja öllu þungvægara atriði – að í ábyrgðartilhögun fml. felst, hvort sem varðar útvarps- eða ritefni, að flytjandi, greinarhöfundur, fjölmiðlamaður, efnisstjóri eða ábyrgðarmaður bera alltaf ábyrgð á ummælum viðmælanda sem höfð eru eftir í óbeinni ræðu (til einföldunar og hægðarauka verður þessi hópur mögulegra

²⁸⁵ Þskj. 215, 139. lögþ, 2010-2011, bls. 192 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

²⁸⁶ Sjá nánar þskj. 215, 139. lögþ, 2010-2011, bls. 190 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

ábyrgðarmanna kallaður *milliliðir* í þessum kafla).²⁸⁷ Af þessu leiðir óhjákvæmilega að viðmælandi verður aldrei gerður ábyrgur fyrir ummælum sem höfð eru eftir honum í óbeinni ræðu. Sama er að segja um ummæli sem farið er með orðrétt í útvarpi, samanber það sem áður segir, og á það sem hér á eftir fer þess vegna einnig við um slík ummæli eftir því sem við getur átt og að breyttu breytanda. Sé *exceptio veritatis* borið við vegna ummæla sem höfð eru eftir öðrum í óbeinni ræðu, bera milliliðirnir því sönnunarbyrði fyrir sannindum, jafnvel þó að þau séu höfð rétt eftir viðmælanda og hann samþykki birtingu þeirra. Spyrja má hvort slíkur munur sé á beinum og óbeinum tilvitnunum að rétt sé að draga svo skörp skil á milli en hér sýnist rétt að aðalatriði sé að ummæli séu höfð rétt eftir efnislega. Ekki virðist eðlilegt að milliliðirnir séu við slíkar aðstæður dregnir til ábyrgðar vegna ummæla og engin haldbær ástæða er fyrir því að á þessum grundvelli sé manni hlíft við ábyrgð vegna ummæla sem hann hafði raunverulega í frammi, sé innihald þeirra rétt eftir honum haft og hann heimili birtingu.²⁸⁸ Vart þarf að taka fram að allt öðruvísi horfir við ef rangt er eftir haft í óbeinni tilvitnun, hún birt án samþykkis eða í vondri trú um sannindi hennar og einnig ef viðmælandi er ekki nafngreindur. Að auki virðist sjálfsagt að varða eigi ábyrgð að bera út ummæli í vondri trú um sannindi þeirra.

Í þessu samhengi má horfa til viðhorfa og dómaframkvæmdar mde. um þetta efni en dómstóllinn hefur játað fjölmiðlum og öðrum ríkt svigrúm til að hafa ærumeiðandi ummæli eftir nafngreindu og ónafngreindu fólki, í viðtölum og á annan hátt, án þess að það varði þá ábyrgð. Hvað þetta varðar hefur verið gerð sú krafa að ummæli séu ekki breidd út gegn betri vitund (sjá að nokkru leyti kafla 5.4.2).²⁸⁹ Af úrlausnum réttarins verður ráðið að hann geri ekki sérstakan greinarmun á beinum og óbeinum tilvitnunum. Hann líti svo á að sams konar útbreiðsla á ummælum annarra felist í óbeinum tilvitnunum og beinum, án þess þó að taka afstöðu til þess hverjum standi næst að sanna efni þeirra. Virðist hann frekar horfa til þess hvort rétt sé haft eftir viðmælanda efnislega og frásögn hans komið óbjagaðri til skila.

MDE, Dyundin gegn Rússlandi, 14. október 2008 (37406/03) (37. egr.): „Að lokum fundu innlendir dómstólar að því við stefnanda að hann hefði *endurskrifað á skapandi hátt* ummæli hr. S þannig að þau urðu tilfinningaþrungnari og vissir þættir fengu meira vægi. Rétturinn veitir því athygli að í munnlegum málflutningi í réttarhöldunum staðfestu hr. S og hr. M *efnislega*

²⁸⁷ Það athugist hér að þegar ábyrgð fellur á millilið felur það ævinlega í sér, nema um sé að ræða aðsent ritefni, að ábyrgð er felld á fjölmiðil með einum eða öðrum hætti.

²⁸⁸ Sjá til hliðsjónar Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 149.

²⁸⁹ Sbr. t.d. *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)*; *MDE, Jersild gegn Danmörku, 23. september 1994 (15890/89)*; *MDE, Verlagsgruppe News GmbH gegn Austurríki, 14. desember 2006 (76918/01)*; *MDE, Dyundin gegn Rússlandi, 14. október 2008 (37406/03)* og *MDE, Godlevskiy gegn Rússlandi 23. október 2008 (14888/03)*. Sjá Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðryðamálum“, bls. 74-83.

nákvæmni frásagnarinnar eins og hún var sett fram í greininni. Rétturinn er þess vegna sannfærður um að stefnandi *för réttilega með staðreyndirnar án þess að bjaga þær*. Þó að satt sé að stefnandinn birti ekki viðtalið í heild sinni, sleppti úr hlutum þess og lagði áherslu á aðra með það að markmiði að auka tilfinningaleg áhrif verksins, er engin vísbending um að hann hafi farið út fyrir almennt viðurkennt svigrúm til ýkja og ögrunar [...]"

MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09) (73. egr.): „Á hinn bóginn er sammæli um að *hinar umdeildu staðhæfingar voru frá viðmælandanum komnar*, [...] Samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar var, þegar borin voru saman uppskrift viðtalsins og hljóðbandsupptaka af viðtalinu, ljóst að *greinin var ekki orðrétt framsetning* en var engu að síður, að mestum hluta, *efnislega nákvæm framsetning efnis staðhæfinga* fr. Z, sem síðar staðfesti að frásögn hennar hefði verið sett fram af efnislegri nákvæmni. Allar nema ein hinna umþrættu staðhæfinga [...] höfðu, með blessun fr. Z, verið settar fram sem beinar tilvitnanir. Hæstiréttur *virðist ekki hafa litið öðruvísi á nefnt atriði* [staðhæfinguna, innsk. höf.] en áður nefndar beinar tilvitnanir [...] Rétturinn sér enga ástæðu til að gera það heldur og þykir nægilega ljóst að undirfyrirsögnin [sem hafði að geyma staðhæfinguna, innsk. höf.] kom aðeins til skila frásögn og skoðunum fr. Z [...]"²⁹⁰

Telja verður að ábyrgðartilhögun fml. um útbreiðslu ummæla í óbeinum tilvitnunum geti komið illa við fjölmiðla, sem oftast en ekki byggja mikið á samtölum við fólk og koma því sem sagt er gjarna til skila í óbeinni ræðu, og geti torvelað þeim að rækja hlutverk sitt með fullnægjandi hætti. Er þetta ekki síst þungbært í ljósi þess að góð trú hefur að íslenskum rétti almennt ekki verið talin leiða til vítaleysis hvað varðar staðhæfingar um staðreyndir (sjá kafla 5.2.3 og 5.4.2) og yrðu milliliðirnir því að færa sönnur á efni ummæla viðmælanda til þess að þau teldust vítalaus. Þá verður, í ljósi dómaframkvæmdar dómstólsins og viðhorfa hans sem áður er getið, að ætla að mde. myndi telja fyrirkomulagið í núverandi mynd, kæmi það til kasta hans, brjóta gegn tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna og annarra milliliða. Með líkum röksemdum og settar voru fram í kafla 5.4.2 fyrir *exceptio bona fidei* um hlutverk fjölmiðla og mikilvægi má segja að æskilegt væri að haga ábyrgð þannig að hún liggi hjá þeim sem viðhafði ummælin í upphafi.

5.4.4 Útbreiðsla orðróma og sönnun

Skylt því efni sem fjallað er um hér áður í 5.4.3 er þegar sagt er frá sögusögnum og orðrómunum í fjölmiðlum. Um ábyrgð á slíkum ummælum og sönnun þeirra hvað varðar fjölmiðla fer eftir 50. og 51. gr. fml. og kæmi hún því í hlut einhverra þeirra sem kallaðir voru „milliliðir“ í kafla 5.4.3. Ekki er um auðugan garð að gresja hvað þetta varðar í íslenskri dómaframkvæmd, í það

²⁹⁰ Áherslur og þýðing höfundar. Setningarhlutinn „endurskrifað á skapandi hátt“ er þýðing á „*creatively rewritten*“. Sjá einnig MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi; MDE, Bergens Tidende o.fl. gegn Noregi, 2. maí 2000 (26132/95); MDE, Thoma gegn Luxemborg, 29. mars 2001 (38432/97) og MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43380/10).

minnsta ekki á síðari árum.²⁹¹ Um sönnun ummæla sem byggð eru á orðrómi segir Gunnar Thoroddsen:

[V]ið útbreiðslu ærumeiðinga, söguburð, *nægir ekki að sanna, að sá orðrómur sé á kreiki*, sem borinn er út, *heldur þarf að sanna hin ámælisverðu atvik*, sem felast í sjálfri ærumeiðingunni.²⁹²

Telja verður að þetta gildi enn með tilliti til þess sem áður er reifað um sönnun ummæla í íslenskum rétti, sjá kafla 5.2, 5.4.2 og 5.4.3, og má telja víst að hefðbundin sjónarmið leiði til þess að ummæli í fjölmiðlum og almennt sem byggja á orðrómi beri að sanna með venju-
legum hætti. Hér kunna þó eins og endranær að hafa áhrif sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðu, fyrirvarar um grundvöll ummælanna og eftir atvikum aðrir þættir.²⁹³

Varðandi þetta er mikilvægt að horfa til þess að mde. hefur slegið því föstu að útbreiðsla ósannra fullyrðinga sem uppruna sinn eiga í orðrómi eða sögusögnum án tiltekinnar heimildar eða heimildarmanns, geti notið verndar 10. gr. mse. séu þær ekki gersamlega úr lausu lofti gripnar, samanber *MDE, Timpul Infomagazin og Anghel gegn Moldavíu*, 27. nóvember 2007 (42864/05) og *MDE, Flux gegn Moldavíu*, 24. nóvember 2009 (25367/05). Í báðum málunum var fjölmiðlamaður talinn í góðri trú, gerður fyrirvari við grundvöll ummælanna í umfjöllunum þeim er um ræddi, talið að umfjöllunarefnið ætti erindi til almennings og að réttlæt看anlegt hefði verið að byggja á upplýsingunum vegna þess að aðrar heimildir lágu ekki á lausu.²⁹⁴ Má að þessu athuguðu telja að mde. líti svo á að nokkuð þurfi að koma til svo að heimilt sé að breiða út orðróma og sögusagnir. Í ljósi stöðu mse. að íslenskum rétti og áhrifa úrlausna mde. á hann, verður að ætla að nokkrar líkur séu á því að málalyktir yrðu í samræmi við þessi sjónarmið og má reyndar finna því nokkra stoð í *Hrd. 1995, bls. 752* en þar var meðal annars byggt á því að ummæli væru vítalaus vegna mikilvægis þess er þau vörðuðu. Ekki var fjallað um sannindasönnun í dómi Hæstaréttar.

5.4.5 Sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi

Löngum hefur að íslenskum rétti verið talið að í þjóðmálaumræðu í lýðræðisþjóðfélagi réttlætist nærgöngul og snörp ummæli um menn og málefni. Hefur þetta rýmkaða tjáningarfrelsi verið

²⁹¹ Hér má þó til hliðsjónar benda á *Hrd. 1995, bls. 752*. Í niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar er ekki beinlínis tekið á hverju skipti að ummæli séu reist á orðrómi en í sératkvæði eins dómara í málinu og niðurstöðu héraðsdómara í málinu er að finna áhugaverð ummæli. Eðlilega fyrirvara verður að gera við þýðingu þeirra og er gildi þeirra afar lítið. Þá má að takmörkuðu leyti hafa hliðsjón af *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008)* og *Hrd. 30. apríl 2009 (475/2008)* en í dómunum var ekki tekið á röksemdum um sögusagnir og orðróma sem voru fyrirferðalítar í málatilbúnaði.

²⁹² Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 215. Áherslur höfundar.

²⁹³ Aftur má hér að einhverju marki vísa til *Hrd. 1995, bls. 752*; *Hrd. 5. mars 2009 (328/2008)* og *Hrd. 30. apríl 2009 (475/2008)*.

²⁹⁴ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 79-80.

talið ná svo langt að tjáning sem annars yrði að telja refsiverða ærumeiðingu sé vítalaus.²⁹⁵ Mde. hefur slegið föstu að tjáning njóti ríkastrar verndar ef hún á erindi í þjóðfélagsumræðu og hana beri ekki að takmarka nema brýna nauðsyn beri til.²⁹⁶ Að þessu var vikið í köflum 3.3.3.3 og 4.2.3.3. Í dómaframkvæmd mde. er að finna vísbendingar um að þessi sjónarmið geti, í það minnsta þegar góð trú er fyrir hendi eða um er að ræða útbreiðslu ummæla í góðri trú (sjá kafla 5.4.2 og 5.4.3), leitt til þess að slakað verði á kröfum um sannindasönnun staðhæfinga um staðreyndir. Þó er óljóst hvort þessi sjónarmið ein og sér geti leitt til tilslökunar varðandi sönnun en ummæli í tiltölulega nýlegri úrlausn mde. benda óneitanlega til þess:²⁹⁷

MDE, Kita gegn Póllandi, 8. júlí 2008 (57659/00) (45. og 46. egr.): „Þó að satt sé að sum þessara ummæla [...] gætu verið talin staðhæfingar sem skorti fullnægjandi staðreyndagrundvöll bendir rétturinn á að meginmarkmið greinar stefnanda hafi verið að vekja vafa um hæfi stjórnámálanna á staðnum til að gegna opinberu embætti. *Hún tengdist málefnum sem varða almennung* og varðaði tiltekna gerninga bæjarráðsmanna á staðnum sem framkvæmdir voru í skjóli opinbers umboðs þeirra.

Hvað sem því líður myndi rétturinn benda á að aðgreiningin milli staðhæfinga um staðreyndir og gildisdóma skiptir minna máli í málum eins og því sem hér er fyrir hendi, þar sem hinar umþrættu staðhæfingar voru *hafðar í frammi í líflegri stjórnálaumræðu* á svæðisbundnum vettvangi og þar sem samfélagsþegnarnir ættu að njóta víðtæks frelsis til að gagnrýna gjörðir yfirvalda á staðnum *jafnvel þegar staðhæfingu kann að skorta skýran staðreyndagrundvöll [...]*“²⁹⁸

Þessi ummæli mde. má skilja svo að sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi geti leitt til þess, jafnvel ein og sér, að meta beri staðhæfingar um staðreyndir eins og þær séu gildisdómar. Í því felst, vegna þess að slíkar staðhæfingar er hægt að sanna (sjá kafla 5.2.3), nokkur tilslökun sönnunarkrafna.²⁹⁹ Íslensk dómaframkvæmd er að því er virðist fátækleg um þetta efni en þó virðast þessi sjónarmið hafa áhrif í *Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)*. Það athugist að í málinu var einnig talið skipta máli hve örðugt hefði verið að færa sönnur á þau ummæli sem málið varðaði (sjá kafla 5.4.6). Með hliðsjón af ströngum kröfum til sönnunar og viðhorfum til góðrar trúar varðandi staðhæfingar um staðreyndir má annars telja að allmikið þurfi að koma til svo að sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi geti haft áhrif með þessum hætti að íslenskum rétti.

²⁹⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 213-215. Sjá einnig t.d. *Hrd. 1977, bls. 375* og *Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)*.

²⁹⁶ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 91.

²⁹⁷ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum“, bls. 93-94. Sjá *MDE, White gegn Svíþjóð, 19. september 2006 (42435/02)*.

²⁹⁸ Áherslur og þýðing höfundar. Sjá einnig *MDE, Lombardo gegn Möltu, 24. apríl 2007 (7333/2007)*.

²⁹⁹ Það athugist að þó að fallist sé á að tilslökun sönnunarkrafna felist í að meta staðhæfingu um staðreynd eins og um gildisdóm væri að ræða er staðið við það sem segir í kafla 5.2.2 um að sjónarmið um gildisdóma feli ekki í sér tilslökun þegar í raun er um að ræða gildisdóma.

Tilslökun sönnunarkrafna vegna rýmkaðs tjáningarfrelsis í opinberri þjóðmálaumræðu varðar ekki aðeins fjölmiðla heldur alla þá sem láta til sín taka á þeim vettvangi. Mikilvægi þessara tilslakana er þó óneitanlega sérstaklega mikið fyrir fjölmiðla vegna hlutverks þeirra og geta þær, að því marki sem þær kunna að vera fyrir hendi, orðið störfum þeirra til framdráttar. Eðlilegt virðist að láta þessi sjónarmið hafa áhrif, að minnsta kosti þegar sá sem hefur ummæli í frammi eða breiðir út ummæli annars er í góðri trú um sannindi þeirra. Sú leið sem mde. virðist fara í áðurreifuðu máli, að líta á staðhæfingar um staðreyndir sem gildisdóma, kann þess vegna að vera nokkuð heppileg lending en hún gerir góða trú meðal annars að skilyrði (sjá kafla 5.2.2). Þó þykir einsýnt að í öllum tilfellum verði að stíga varlega til jarðar í því að láta sjónarmiðin ein og sér leiða til vægari sönnunarkrafna þar sem erfitt er að réttlæta að ósönn ærumeiðandi innlegg í þjóðmálaumræðu skuli vera vítalaus ef sá sem hefur þau í frammi er í vondri trú um sannleika þeirra. Hvað það varðar mætti gera strangari kröfur til fjölmiðlafólks á grundvelli sjónarmiða um fagleg og forsvaranleg vinnubrögð. Hér má einnig hreyfa því að heppilegt gæti verið að líta til þess hvort staðhæfing um staðreynd, sem metin er á svipaðan hátt og gildisdómur, telst of meiðandi til að vera vítalaus á sama hátt og gert er varðandi gildisdóma (sjá að nokkru leyti kafla 5.2.2 og 6.2.2.3).

5.4.6 Sönnun óhæfilegum erfiðleikum bundin

Í niðurstöðu Hæstaréttar í *Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)* var meðal annars á því byggt að torvelt myndi reynast að sanna ummæli og því yrði ekki krafist sönnunar á þeim:

Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000): Málið varðaði ummæli S í dagblaðinu Degi um mann sem var framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, hafði setið í bankaráði Landsbankans og verið formaður útvarpsnefndar. „Hagsmunir áfrýjanda af því að fá ummæli þessi ómerkt eru tæpast þess eðlis að líklegt sé að bankastarfsmönnum yrði gert skylt að bera um þau. Á það sérstaklega við þegar litið er til þess í hvaða samhengi ummælin koma fram. Verður ekki lagt á stefnda að færa fram sönnun fyrir þessum ummælum þar sem það gæti talist óhæfilegum erfiðleikum bundið fyrir hann.“ Af þessum sökum og á grundvelli sjónarmiða um rýmkað tjáningarfrelsi var S sýknaður.³⁰⁰

Freistandi kann að virðast að draga þá ályktun af þessum dómi að sé sönnun erfið leiði það almennt til þess að ekki þurfi að sýna fram á sannindi ummæla svo þau séu vítalaus. Slík regla væri óneitanlega til þess fallin að auðvelda störf fjölmiðla þótt óvíst sé hvort hún gerði þá betur í stakk búna til að gegna hlutverki sínu eða væri þjóðfélagsumræðunni til framdráttar þar sem augljóst er að hún getur leitt til hnignunar vinnubragða fjölmiðlamanna. Áður en of víðtækar ályktanir í þessa veru eru dregnar af dómnum er að nokkru að huga. Í fyrsta

³⁰⁰ Áhersla höfundar

lagi er óvíst hve mikla þýðingu sönnunarerfiðleikar hafa fyrir niðurstöðu málsins gagnvart sjónarmiðum um rýmkað tjáningarfrelsi en þó er það eitt að þeir séu látnir hafa áhrif allrar athygli vert. Þá ber að athuga að Hæstiréttur lítur sérstaklega til vægis hagsmuna stefnanda af því að fá ummælunum hnekkt og taka ber undir mat réttarins á þeim gagnvart kröfum til sönnunar. Að lokum eru hindranir þær sem í vegi voru svo miklar að jaðrar við ómöguleika. Að öllu þessu virtu verður að gera verulega fyrirvara við framangreinda ályktun þar sem hér virðist allmikið þurfa til að koma svo að sönnunarerfiðleikar leiði til tilslakana varðandi sönnun. Telja verður að víðtæk og almenn regla um slíkt væri ótæk þar sem að meginstefnu verður að telja réttlætanlegt að krefjast sönnunar á ærumeiðandi ummælum eigi þau að vera vítalaus.

Um það þegar sönnun er miklum erfiðleikum bundin má til hliðsjónar líta til *Hrd. 6. desember 2012 (314/2012)*, þar sem í staðfestum héraðsdómi er vikið að því hvort sönnun sé óhæfilega erfið og því hafnað, og *MDE, Steel og Morris gegn Bretlandi, 15. febrúar 2005 (68416/01)*, þar sem virðist þó að miklu leyti byggt á aðstöðumun aðila í málinu sem í sjálfu sér er athyglivert án þess að ástæða sé til að fara nánar út í það hér.

6. Oft má satt kyrrt liggja

Þessi síðasti efniskafli ritgerðarinnar verður helgaður takmörkum *exceptio veritatis* og frávikum frá reglunni. Allýtarlega verður farið í það þegar sönnun ærumeiðandi ummæla leiðir ekki til vítaleysis og einnig þegar sönnun ummæla er óheimil. Að auki verður vikið að rökum gegn reglunni en vegna þess hve rötgróin og viðtekin hún er að íslenskum rétti verður sú umfjöllun fremur knöpp. Í síðasta undirkaflanum verður á ný stigið á sjónarhól fjölmiðlanna og frávikin athuguð þaðan, sérstaklega í ljósi hlutverks og mikilvægis fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og tjáningarfrelsis þeirra (sjá kafla 2.2, 3.3.2 og 3.3.3.3). Augljós tengsl efnis þessa kafla og 5. kafla gera að verkum að hafa verður nokkra hliðsjón af honum varðandi textann sem hér fer á eftir.

Ítrekaður er sá fyrirvari sem gerður var í upphafi 5. kafla um notkun orðanna „tjáning“ og „ummæli“.

6.1 Rök gegn *exceptio veritatis*

Þótt *exceptio veritatis* kunni að virðast eðlileg og sjálfsgöð regla í ljósi alls þess sem ritað er í 5. kafla, einkum kafla 5.1.2 og 5.1.3, hafa ekki allir verið á eitt sáttir um það gegnum tíðina hvort hún eigi fyllilega rétt á sér og enn síður hve langt hún skuli ná og hver frávik skuli heimila frá henni.³⁰¹ Sjónarmið gegn reglunni hafa orðið undir hér á landi og víða erlendis (sjá kafla 5.3) og hefur hún um drjúgt skeið verið óumdeild meginregla í íslenskum rétti.

Rök gegn reglunni eru gjarna á þá leið að ærumeiðingar séu fyrst og fremst óþarfa friðarröskun, innrás í einkalíf fólks, og fráleitt sé að leyfa að vítalaust sé ráðist með meiðyrðum að fólki þar eð með þeim sé brotið gegn friðhelgi einkalífs þess, hvort sem þau eru sönn eða ósönn. Jafnvel geti meira friðarbrot falist í sönnum ummælum vegna þess að frekar sé lagður trúnaður á þau, enda eru þau sönn, og því særi þau hinn meiðyrta dýpra. Á þessum grundvelli hefur því verið haldið fram að árásir á æru manna, sannar eða ósannar, skuli ávallt telja refsiverðar.³⁰²

Þar sem höfuðreglan um *exceptio veritatis* er ekki umdeild í íslenskum rétti verður ekki vikið nánar að þessum sjónarmiðum hér eða rökum með og á móti þeim, umfram það sem leiðir af rökum að baki reglunni (sjá kafla 5.1.3), heldur sjónum fyrst og fremst beint að takmörkum hennar og undantekningum sem byggjast mörg hver á sömu eða áþekkingum sjónarmiðum og rök gegn reglunni (sjá kafla 6.2 og undirkafla hans um frávik frá reglunni).³⁰³

³⁰¹ Sjá Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 194.

³⁰² Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 194-195.

³⁰³ Um nánari umfjöllun um rök gegn *exceptio veritatis* og kenningar sem ganga í öfuga átt við hana er vísað til Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 194-200 (einkum bls. 194-197).

6.2 Takmörk reglunnar

Þrátt fyrir að standa traustum fótum sem aðalreglan um sannar ærumeiðingar er víst að að *exceptio veritatis* er langt frá því að vera óskoruð eða fortakslaus og sætir hún mikilsverðum takmörkum og undantekningum. Halda verður því til haga að í frávikum frá reglunni felast í raun takmarkanir á tjáningarfrelsi manna og lúta þær sömu lögmálum og slíkar takmarkanir almennt (sjá kafla 3.3.3, einkum kafla 3.3.3.2). Um frávik frá *exceptio veritatis* ritar Gunnar Thoroddsen:

[...] þessi regla [*exceptio veritatis*, innsk. höf.] getur ekki gilt óskorað, því þá væri gengið lengra en að fullnægja öllu réttlæti; það væri að gefa rógshneigð manna, illkvittni, öfund og illum hvötum lausan tauminn. Undantekningar verður því að gera frá reglunni.³⁰⁴

Tekið er undir þetta hér og enn fremur vísað til röksemda á móti *exceptio veritatis* sem reifaðar eru hér áður en þær liggja meðal annars að baki takmörkum reglunnar og þeim frávikum sem frá henni eru gerðar í íslenskum rétti.

Væri reglan takmarkalaus er hætt við að hún myndi í raun ekki þjóna þeim sjónarmiðum sem búa henni að baki og yrði að skálkaskjóli fyrir ótilhlýðilega notkun sannleikans til að koma höggi á fólk og sverta æru þess. Að einhverju marki er eðlilegt að menn séu bornir sönnum sökum þannig að æra þeirra bíði hnekki en sjónarmið um tjáningarfrelsi í lýðræðisþjóðfélagi leiða alls ekki af sér að allur sannleikur skuli dreginn fram í dagsljósið og honum haldið á lofti. Þá er lítill vandi að skrumskæla raunveruleikann með sannindum enda er það ekki svo að sérhver sannyrði séu til þess fallin að varpa raunsönnu ljósi á manngildi fólks, mennirnir eru breyskir og væru þeir aðeins dæmdir af yfirsjónum sínum er hætt við að margur yrði talinn ærulaus. Sannleiksleitinni er þannig enginn greiði gerður með því að láta óátalið að fólki sé sí og æ núið um nasir að hafa hlaupið á sig eða að á því sé einhver ljóður.

Því er það svo að jafnvel þó að fallist sé með öllu á grunnrök *exceptio veritatis* réttlæta þau alls ekki að reglan gildi óskoruð. Það myndi jafnvel frekar, samanber það sem segir hér á undan, ganga gegn markmiðum reglunnar, að minnsta kosti hvað varðar gildi og framgang sannleikans (sjá kafla 5.1.3).

Í næstu köflum verður vikið að frávikum frá reglunni og takmörkum hennar í íslenskum rétti. Í þessum frávikum og takmörkum felast ýmist réttarfarslegar reglur, þess efnis að ekki er heimilt að færa sönnur á ummæli, eða á hinn bóginn efnisreglur sem fela í sér að sönnun veldur ekki sýknu þótt hún takist. Ýmist er um að ræða lögfestar eða ólögfestar reglur. Hér verður efninu skipað þannig að fyrst verður sjónum beint að hinum réttarfarslegu frávikum

³⁰⁴ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 199. Áhersla höfundar.

og takmörkunum og þá hinum efnislegu.³⁰⁵ Þar sem dómaframkvæmd um þessi efni er helst til fátækleg verður umfjöllunin að miklu leyti á fræðilegum nótum.

6.2.1 Sönnunarfærsla óheimil

Frá því var sagt í kafla 5.2.1 að sönnunarfærsla um sannindi ærumeiðinga væri jafnan heimil. Frá þessu voru áður gerðar nokkrar undantekningar í íslenskum lögum en nú stendur aðeins ein slík lögfest undantekning eftir og er hana að finna í 1. mgr. 238. gr. alm. hgl. Er hér vikið frá *exceptio veritatis* með sérstökum hætti en af ákvæðinu leiðir að í vissum tilfellum ber að virða sönnun og sönnunargögn, sem fyrir hendi kunna að vera, að vettugi þar eð sönnunarfærsla er óheimil. Athuga verður að hér er ekki um að ræða efnisreglu heldur réttarfarslegt atriði og snýr það í raun aðeins óbeinlínis að *exceptio veritatis* þó að í framkvæmd leiði þau til þess að ummæli sem eru eða kunna að vera sönn verða ekki vítalaus. Er því rétt að fjalla um þetta um leið og bein frávik frá reglunni.

Samkvæmt 1. mgr. 238. gr. alm. hgl. er sönnunarfærsla um sannindi ærumeiðinga er varða refsiverðan verknað ekki heimil þegar hinn ærumeiddi hefur verið sýknaður af verknaðinum með fullnaðardómi hér á landi eða erlendis og ber dómstólum að hafna sönnunarfærslu að eigin frumkvæði burtséð frá vilja hins ærumeidda.³⁰⁶ Eftir því sem best verður séð hefur ekki reynt á þetta ákvæði fyrir dómi, í það minnsta ekki fyrir Hæstarétti, en efnislega samsvarandi ákvæði 1. mgr. 272. gr. danskra hegningarlaga var talið eiga við í *UfR. 1943, bls. 66 (Hæstiréttur)* og *UfR. 1943, bls. 113 (Hæstiréttur)* og má hafa nokkra hliðsjón af þeim.³⁰⁷

Sönnunarbann eftir greininni á við í málum vegna ærumeiðinga burtséð frá því hvort um er að ræða sakamál eða einkamál en samkvæmt orðalagi greinarinnar þarf sýknudómurinn að varða refsiverðan verknað og vera kveðinn upp í opinberu refsímáli, sakamáli. Leiðir af þessu að sýknudómur sem kveðinn er upp í almennu einkamáli eða einkarefsímáli girðir ekki fyrir sönnunarfærslu í meiðyrðamáli.³⁰⁸ Svo greinin eigi við þarf að vera um að ræða fullnaðardóm en með því er að öllum líkindum átt við dóma Hæstaréttar og úrlausnir héraðsdóma sem ekki er áfrýjað áður en áfrýjunarfrestur rennur út. Meðan áfrýjunarfrestur líður er vafamál hvor líta beri svo á að fullnaðardómur sé fallinn.³⁰⁹ Þar sem héraðsdómar eru í sjálfu sér

³⁰⁵ Sjá Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 199-200 og 204-214, sem allmikið verður byggt á hér, en þar er umfjölluninni skipað með þessum hætti.

³⁰⁶ Alpt. 1939, A-deild, bls. 394. Sjá einnig Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 214.

³⁰⁷ Sjá Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov*, bls. 473-475.

³⁰⁸ Sjá Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 212-213. Áhöld eru um hvort sönnunarbann greinarinnar á við þegar sýknað er vegna sakhæfisskorts eða fyrningar sakar. Gunnar Thoroddsen telur ólíklegt að svo sé varðandi síðara atriðið, sjá áður nefnt rit, bls. 213.

³⁰⁹ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 168; Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 212-213, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 212.

bindandi og endanlegir uns til áfrýjunar kemur sýnist eðlilegt að líta á þá sem fullnaðardóma þar til áfrýjunarfrestur er liðinn eða máli áfrýjað, samanber 1. mgr. 186. gr. skml.³¹⁰ Sé mál tekið upp aftur eftir að fullnaðardómur gengur eftir reglum 5. þáttar skml. má telja víst að sönnunarbannið gildi ekki.³¹¹ Eins og ákvæðið ber með sér hafa ekki aðeins dómur íslenskra dómstóla þessi réttaráhrif heldur einnig, með sömu skilyrðum, dómur sem kveðnir eru upp erlendis, en um það hvaða erlendir dómur teljast fullnaðardómar verður að líta til réttarfars og dómstólaskipunar þess lands sem um ræðir hverju sinni.³¹²

Vart þarf að taka fram að til þess að sönnunarbann 1. mgr. 238. gr. alm. hgl. eigi við þarf í fullnaðardómi að hafa hafa verið sýknað af þeim tiltekna verknaði sem hinum ærumeidda er borinn á brýn og meiðyrðamál varðar. Þannig kemur ákvæðið til dæmis ekki í veg fyrir að færðar séu sönnur á tiltekinn þjófnað þótt hinn ærumeiddi hafi verið sýknaður af öðrum þjófnaði. Verður dómari að ganga úr skugga um það hverju sinni að ákvæðið eigi við hvað þetta varðar.³¹³ Þá verður hinn meiðyrtri að vera einn og sami maður og sá er sýknaður var.³¹⁴

Eftirfarandi rök hafa verið færð fyrir sönnunarbanni 1. mgr. 238. gr.:

Það gæti rýrt traust almennings á dómstólum landsins, ef frjálst væri í meiðyrðamálum að reyna að hnekkja fyrri dómum og á þann hátt knýja dómstólana til að meta aftur og aftur uppkveðnar úrlausnir. Þótt endurupptaka refsímála sé heimil, ef rík rök mæla með, og þá að ákvörðun hæstaréttar, væri hitt varhugavert, að veita hverjum og einum, er vildi, færi á að knýja fram í einkamáli slíkt endurmat.

Sá, sem fyrir ákæru hefur orðið, og dómur talið hann sýknan saka, á einnig sanngirniskröfu til þess, að þar með sé ákæran úr sögunni. Tillitið til hans heimtar, að hann sé látinn í friði fyrir aðdróttunum um afbrotið og mannorð hans eigi ekki sífellt á hættu grunsemdir og tortryggni vegna nýrra sannanatilrauna út af því misferli, sem hann var sýknaður af.³¹⁵

Taka ber undir þetta og bæta má við að verndarandlag ákvæðisins virðist öðrum þræði vera réttlát málsmeðferð sakaðs manns og sú tilhögun 2. gr. stjkskr. að dómendur fari með dómsvaldið. Í ljósi þessa sýnist eðlilegra og réttlátara að telji einhver sig hafa sönnur um að maður hafi verið ranglega sýknaður með dómi þá skuli að hann koma upplýsingum þar að lútandi til lögreglu, ákæranda eða annarra sem hlutast gætu til um endurupptöku máls samkvæmt 5. þætti skml. Þannig væri málum komið í viðeigandi farveg réttarkerfisins sem eftir atvikum myndi leiða hið sanna í ljós með nýjum dómi. Þá má einnig benda á að viðurkennt er ríkt sönnunargildi áfellingdóma varðandi sönnun ærumeiðandi ummæla (sjá kafla 5.2) og

³¹⁰ Gunnar Thoroddsen kemst að sömu niðurstöðu, sjá *Fjölmeili*, bls. 213.

³¹¹ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 168. Sjá einnig Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 214.

³¹² Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 213.

³¹³ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 168; og Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 214.

³¹⁴ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 213-214.

³¹⁵ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 211-212.

er sönnunarbannið ekki óeðlilegt með hliðsjón af því. Hvað það varðar ber þó að athuga að séu ærumeiðandi ummæli studd dómsúrlausn um verknað er ekkert sem stendur því í vegi í meiðyrðamáli að hinn ærumeiddi sanni að dómurinn sé rangur og ummælin því ósönnuð.³¹⁶

Sérkennileg staða kann að koma upp, ekki síst ef fjölmiðlar ættu í hlut, ef fyrir lægju óræk sönnunargögn um að maður hafi verið ranglega sýknaður. Slík gögn yrðu ekki frekar en önnur færð fram í meiðyrðamáli en aftur á móti virðist ekkert því til fyrirstöðu að slík gögn yrðu gerð opinber og strangt til tekið leggur 1. mgr. 238. gr. ekki bann við umfjöllun um slíkt, heldur aðeins sönnunarfærslu sem vissulega hefur sömu áhrif fyrir dómi. Gæti því farið svo að dómstólum væri í raun að lögum uppálagt að sakfella og refsa í meiðyrðamáli þrátt fyrir að fyrir lægi að þau ummæli sem dæmt er fyrir væru sönn. Má segja að hér skilji leiðir með raunveruleika og réttarfari. Það verður þó að athuga að reglan leiðir ekki til þess að rangdæmi verði ekki leiðrétt, slíkri leiðréttingu má eins og endranær koma við með því að beina máli í þar til gerðan farveg dómskerfisins.

Áður en skilið er að sinni við sönnunarbann samkvæmt 1. mgr. 238. gr. alm. hgl. er vert að geta þess að í dómum sínum sem varða tjáningarfrelsi hefur mde. ítrekað fundið að því þegar sönnunarfærslu um sannindi ærumeiðandi ummæla er neitað í meiðyrðamálum eða horft fram hjá slíkum sönnunargögnum án nægilegs rökstuðnings á sama tíma og sönnunarfærslu ummæla er krafist.³¹⁷ Ekki verður þó séð að í þessum málum hafi verið um að ræða reglur á borð við þá sem 1. mgr. 238. gr. hefur að geyma. Ekki verður hér tekið til athugunar hvort svipaðar reglur hafa komið til athugunar fyrir dómstólum í ljósi réttar til réttlátrar málsferðar samkvæmt 6. gr. mse. eða réttar til raunhæfra úrræða til að leita réttar síns samkvæmt 13. gr. sáttmálans. Aftur verður vikið að 1. mgr. 238. gr. í kafla 6.3.3, fyrst og fremst hvað varðar fjölmiðla en einnig að nokkru leyti með almennum hætti.

Í íslenskum lögum er ekki að finna fleiri ákvæði sem banna sönnun ærumeiðandi ummæla með líkum hætti og 1. mgr. 238. gr. Í því samhengi ber þó að geta þess að í 2. mgr. 237. gr. frumvarps þess er varð að alm. hgl. var ákvæði sem lagði bann við sönnun sannra aðdróttana þegar aðeins var krafist refsingar samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, nema almannahagsmunir væru í húfi. Í frumvarpinu fjallaði 1. mgr. 237. gr. um refsingu samkvæmt 234. gr. alm. hgl. fyrir sanna aðdróttun sem borin er fram á ótilhlýðilega móðgandi hátt. Í meðförum Alþingis var 1. mgr. 237. gr. breytt og 2. mgr. hennar felld brott og varð þessi regla um sönnunarbann

³¹⁶ Sjá Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 216.

³¹⁷ Sbr. t.d. *MDE, Jerusalem gegn Austurríki*, 27. febrúar 2001 (26958/95) (46. egr.); *MDE, Busuioc gegn Moldavíu*, 21. desember 2004 (61513/00) (88. egr.); *MDE, Flux og Samson gegn Moldavíu*, 23. október 2007 (28700/03) (25. egr.) og *MDE Aqualina o.fl. gegn Möltu*, 14. júní 2011 (28040/08) (49. egr.).

því ekki að lögum (sjá um gildandi 237. gr. kafla 6.2.2.1 og um framsetningu ærumeiðinga kafla 4.2.2.1 og 6.2.2.3).³¹⁸

Þá er þess að geta að ýmsar lagareglur, til dæmis um þagnarskyldu og bankaleynd, geta falið í sér eða haft svipuð áhrif og sönnunarbann en í slíkum tilfellum er aftur á móti ekki endilega um að ræða eiginlegt bann við sönnun og væri eftir atvikum hægt að freista þess að sanna ummæli með öðrum hætti.³¹⁹ Verður ekki vikið frekar að þessu hér.

6.2.2 Sönnun stoðar ekki

Eins og ýtarlega var gerð grein fyrir í 5. kafla (sjá einkum kafla 5.1.2) er það meginregla að íslenskum rétti að ærumeiðandi ummæli eru vítalaus takist að færa sönnur á þau. Einnig er þess áður getið að þessi rótgróna meginregla, *exceptio veritatis*, er ekki óbrigðul og er því í vissum undantekningartilfellum unnt að draga menn til refsí- og bótaábyrgðar fyrir ærumeiðingar sem þó eru sannaðar. Í þessum tilfellum er sönnunarfærsla í sjálfu sér heimil en leysir ekki undan refsingu (sjá hins vegar kafla 6.2.1).³²⁰

Verður nú gerð grein fyrir þeim tilfellum þegar sönnun ærumeiðandi ummæla hefur ekki í för með sér vítaleyfi.

6.2.2.1 Tilefnislaus briglslyrði

Ákvæði 237. gr. alm. hgl. kveður á um að sektum varði að bera mann að tilefnislausu brigslum þótt sönn séu og er með því gerð skýr undantekning frá *exceptio veritatis*. Orðið brigsl hefur svipaða merkingu og orðið aðdróttun samkvæmt lögskýringargögnum og kenningum fræðimanna en kann þó helst að eiga við aðdróttanir í harðorðari kantinum.³²¹ Þetta fær stoð í íslenskri orðabók þar sem orðið er skilgreint sem álas eða aðdróttun. Af þessu leiðir að móðganir samkvæmt 234. gr. geta ekki heyrt undir greinina.³²²

Skilyrði ákvæðisins um að manni sé brigslað að tilefnislausu er allóljóst og hvergi útskýrt í lögskýringargögnum. Þó er ljóst að sannindi ummæla ein og sér fela ekki í sér tilefni.³²³ Hvort sannar ásakanir teljast hafðar frammi án tilefnis ræðst að miklu leyti af atvikum og aðstæðum

³¹⁸ Alþt. 1939, B-deild, bls. 769-798 (einkum bls. 777, 783-793 og 796), og Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 205 og 214.

³¹⁹ Sjá til hliðsjónar *Hrd. 2000*, bls. 4506 (272/2000).

³²⁰ Sjá Alþt. 1939, A-deild, bls. 394.

³²¹ Alþt. 1939, A-deild, bls. 393; Alþt. 1939, B-deild, bls. 796; Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 206, og Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 170.

³²² Sjá þó *Hrd. 1965*, bls. 448 sem síðar verður til athugunar.

³²³ Sjá Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 206.

hverju sinni og er óhægt um vik að setja fram nokkra skýra reglu í því efni.³²⁴ Hér hljóta þó að koma til skoðunar atriði á borð við hver á í hlut, um hvað honum er brigslað og hve langt er síðan verk var framið eða síðan sá sem fyrir brigslunum verður var haldinn lestinum.³²⁵ Sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðunni geta haft töluverð áhrif (sjá nánar kafla 6.3.2). Þá er líklegt að tilefni teljist skorta ef langt er um liðið frá því sem ummælin varða, einkum ef sá sem mælt er um hefur tekið út hegningu eða um er að ræða yfirsjónir eða afgang á unga aldri, enda virðist ranglátt að núna megi fólki slíku um nasir sí og æ og torvelda því þannig að ná virðingu sinni að nýju. Einnig virðist eðlilegt í þessu samhengi að hegðun hins ærumeidda í millitíðinni hafi áhrif.³²⁶ Þannig myndu til dæmis brigsl um smáþjófnað almenns borgara fyrir mörgum áratugum vera mun líklegri til að teljast tilefnislaus og heyra undir 237. gr. en ef um væri að ræða stórfelldan fjárdrátt alþingismanns úr opinberum sjóðum í liðinni viku.

Hæstiréttur hefur örsjaldan kveðið upp sakfellingardóma vegna 237. gr. og í málum þar sem byggt er á ákvæðinu er rétturinn fáorður um það í rökstuðningi sínum. Um hvort ummæli séu tilefnislaus má þó hafa nokkurt gagn af eftirfarandi úrlausnum réttarins.

Hrd. 1955, bls. 540: Atvik málsins eru reifuð í kafla 5.1.2 en við þau er því að bæta að sá sem taldi að sér vegið, Ó, hafði verið leystur úr haldi Norðmanna fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda, látið nokkuð til sín taka í tilteknum stjórnmalasamtökum og kom að þeirra hlut í óeirðunum sem brutust út á Austurvelli árið 1949 vegna inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Úr þessum jarðvegi spruttu þau skrif er birtust í Þjóðviljanum og málið varðaði. Hæstiréttur hafnaði því að 237. gr. alm. hgl. ætti við í málinu og sagði um það: „Þegar virt eru afbrot þau, sem telja verður [Ó] sekan um samkvæmt hinum norska dómi, aðferðir hans við framkvæmd þeirra og afleiðingar þeirra, þá þykja eigi næg efni til að refsa fyrir ummæli þau, sem mál þetta er af risið og skilmerkilega eru rakin í héraðsdómi, enda verður eigi talið, að þau hafi verið höfð uppi að tilefnislausu, sbr. 237. gr. [...]“ Kröfu um ómerkingu var að mestu hafnað á sama grundvelli.

Hrd. 1965, bls. 448: Málið snerist um ummæli í stefnu í eldra meiðyrðamáli en þar voru reifaðar ástæður fyrir því að mál til ómerkingar var höfðað eftir að refsikrafa fyrndist. Lutu ummælin meðal annars að því að blaðagrein hefði verið skrifuð meðan höfundur hennar afplánaði refsisdóm í fangelsi en það var í sjálfu sér óumdeilt. Greinarhöfundurinn og hinn stefndi í eldra dómsmálinu, H, taldi aftur á móti brotið gegn sér með ummælunum þannig að varðaði við 237. gr. alm. hgl. og höfðaði mál til refsingar, fébóta og ómerkingar. Um þetta sagði í staðfestum dómi héraðsdómara: „Líta verður svo á, að stefndu hafi mátt og átt rétt til að gera grein fyrir þeim ástæðum, sem lágu til þess, að meiðyrðamál var þá fyrst höfðað, er refsikrafa var fyrnd út af ummælum stefnanda í blaðagreininni. Í því sambandi var þeim heimilt að minnast á dvöl stefnda í fangelsi.“ Aftur á móti var talið að brotið hefði verið gegn 237. gr. með ummælum um að „þessi reynslutími [sem fólst í sjúkrahúsvist H vegna veikinda, innsk. höf.] kynni að opna augu fangans og gera hann að nýjum og betri manni“ og að H væri „sloppinn úr fangavistinni“.

³²⁴ Sjá Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 170.

³²⁵ Um þegar langt er liðið frá því sem brigslin varða, sjá Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 197 og 206.

³²⁶ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 197 og 206.

Athugavert er að í síðargreinda málinu virðist vera sakfelld fyrir síðastgreindu ummælin vegna móðgandi framsetningar þeirra og verður vikið að því síðar í kaflanum. Hvað varðar önnur ummæli í málinu ber að fallast á aðferð og rökstuðning varðandi þau ummæli sem sýknað er af og einnig, með mikilvægum fyrirvara um síðar tilkomin viðhorf til meiðandi gildisdóma (sjá kafla 5.2.2), rökstuðning vegna hinna fyrrgreindu þeirra tveggja ummæla sem sakfelld var fyrir.

Hrd. 1982, bls. 1648: Í málinu var meðal annars um að ræða ummæli sem V lét falla árið 1974 í sjónvarpsþætti sem hann stjórnaði. Þátturinn fjallaði með gagnrýnum hætti um framkvæmd refsisdóma hér á landi en ummælin lutu að refsidómi sem verslunarmaðurinn J hlaut fyrir fjársvik árið 1967 en hafði enn ekki afplánað og nýlegum kærnum á hendur honum vegna tékkamisferlis. Í málatilbúnaði J var meðal annars byggt á 237. gr. Hvorki í forsendum héraðsdóms né Hæstaréttar er vikið beinlínis að 237. gr. en þar sem V var sýknaður vegna ummælanna verður að líta svo á að ummælin hafi ekki talist tilefnislaus.

Í þessu máli kann að hafa haft áhrif að sá sem ummælin beindust að var ekki nafngreindur en þar sem „ekki [fór] fram hjá stefnanda, að við hann var átt, svo og þeim, er hagi hans þekkjja“, eins og segir í héraðsdómi sem staðfestur var að því leyti, verður að telja að það grafi ekki undan gildi dómsins hvað varðar tilefni samkvæmt 237. gr. alm. hgl.

Þrátt fyrir að nokkur vísbending felist í þeim dómum sem hér hafa verið tilfærðir verður að telja að allóljóst sé hvaða ummæli teljist tilefnislaus í skilningi 237. gr. alm. hgl.³²⁷ Orðalag greinarinnar bendir þó sterklega til þess að ekki þurfi neitt verulegt að koma til svo að brigsl verði talin réttlætt en löggjafanum var í lófa lagið að kveða fastar að orði hefði staðið til að gera ríkar kröfur um tilefni brigslýrða.³²⁸ Ofangreindir dómur hníga að nokkru leyti í sömu átt. Talið er að sönnunarbyrði um nægilegt tilefni hvíli á þeim sem hefur brigslýrðin í frammi.³²⁹

Þess var getið í kafla 6.2.1 að í frumvarpi til alm. hgl. fjallaði 1. mgr. 237. gr. um refsingu samkvæmt 234. gr. alm. hgl. fyrir sanna aðdróttun sem borin er fram á ótilhlýðilega móðgandi hátt. Í kjölfar deilna á Alþingi var greininni breytt í núverandi horf.³³⁰ Um þetta reit Gunnar Thoroddsen:

³²⁷ Auk þeirra dóma sem vísað hefur verið til má hafa hliðsjón af ummælum í *Hrd. 1929, bls. 1242* sem féll í tíð eldri hegningarlaga: „[E]nda ekki sjáanlegt, að gagnáfrýjandi hafi haft tilefni til að viðhafa þau, sum jafnvel tugum ára eftir að atburðir þeirra gjörðust, sem fundið hefir verið að í fari áfrýjanda.“ Þá ber að benda á *Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009)* en í þeim dómi vakti Hæstiréttur sérstaklega máls á að ekki var byggt á 237. gr. og að þess vegna væri ekki unnt að skoða málið á þeim grundvelli. Hugsanlegt er að í athugasemd réttarins felist vísbending um að ummælin sem málið varðaði hefðu mögulega geta falið í sér ólögmet brigslýrði.

³²⁸ Sjá Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 205.

³²⁹ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 170.

³³⁰ Alþt. 1939, B-deild, bls. 796, og Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 205. Í frumvarpinu hljóðaði 1. mgr. 237. gr. svo: „Ef aðdróttun er borin fram á ótilhlýðilega móðgandi hátt, má beita refsingu samkv. 234. gr., enda þótt sönnur hafi verið á hana færðar.“

Tilgangurinn með umræddri breytingartillögu [um 237. gr. í núverandi mynd, innsk. höf.] virðist hafa verið sá, að *efnislega*, um sannindi ummæla, *þýddi hún svipað og frumvarpsgreinin*, en hins vegar var refsing lækkuð og sönnunarbannið í 2. málsgr. niður fellt.³³¹

Á þennan skilning er ekki unnt að fallast. Í fyrsta lagi verður hann ekki dreginn af orðalagi ákvæðisins sem er skýrt og ber ekki á neinn hátt með sér að ákvæðið eigi sérstaklega við þegar aðdróttun er borin fram á ótilhlýðilega móðgandi hátt. Í öðru lagi er ómögulegt að ráða þessa skýringu af knöppum athugasemdum við ákvæðið í greinargerð.³³² Í þriðja lagi eru engar vís-bendingar í þessa átt í öðrum lögskýringargögnum og mæla umræður á þingi miklu frekar á móti þessum skilningi en með honum.³³³ Ber hér sérstaklega að athuga að frumvarpsákvæðinu var gerbreytt í kjölfar deilna á þingi og er því hæpið að halda fram að ákvæðinu í núverandi mynd hafi verið ætlað að þýða annað og meira en orðalag þess og athugasemdir bentu til og enn síður að þýðing þess ætti að vera sú sama eða svipuð og hinnar umþrættu frumvarps-greinarinnar sem var efnislega máð úr frumvarpinu áður en það var samþykkt. Varðandi allt þetta verður að gefa því gaum að jafnvel þó að fallist væri á að af lögskýringargögnum megi ráða þetta inntak 237. gr. alm. hgl. mætti það sín lítills gagnvart ákvæðinu sjálfu. Leiðir þetta af því að orðalag ákvæðisins er skýrt og afmarkað en meginregla er að þegar svo ber við skuli hlíta orðalagi ákvæðis nema gild rök leiði til annars.³³⁴ Er vægi lögskýringargagna talið minna við þessar aðstæður og almennt viðurkennt að texti lagaákvæðis gangi fyrir þegar þau samrýmast honum ekki. Að auki hefur verið talið að því eldra sem lagaákvæði er því minna vægi hafi lögskýringargögn.³³⁵ Þá fæli skilningur Gunnars óhjákvæmilega í sér rýmkandi lög-skýringu eða jafnvel frjálsa lögjöfnun en almennt er talið að refsilög beri að skýra þröngt frekar en rúmt þegar þau eru sökunaut í óhag og samkvæmt 2. gr. 1. gr. alm. hgl. verður frjálsri lögjöfnun ekki beitt sem refsheimild.³³⁶

Vert er að geta þess að áðurgreindum skilningi Gunnars Thoroddsen á 237. gr. alm. hgl. má þrátt fyrir allt mögulega finna stað í *Hrd. 1965, bls. 448*, sem reifaður er fyrr í kaflanum, en í málinu var sakfelld á grundvelli 237. gr.³³⁷ fyrir ummælin „sloppinn úr fangavistinni“.

³³¹ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli*, bls. 206. Áherslur höfundar.

³³² Sjá Alþt. 1939, A-deild, bls. 393.

³³³ Sjá Alþt. 1939, B-deild, bls. 777, 783-793 og 796.

³³⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 240. Sjá einnig Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 481, og Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 104.

³³⁵ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 147-153.

³³⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 195-196, 208 og 242-245, og Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 312-313 og 407-411.

³³⁷ Hér má til hliðsjónar vísa til úrlausnar héraðsdóms í *Hrd. 1953, bls. 503* þar sem tilefni ummæla var talið vera fyrir hendi en þau talin varða við 237. gr. vegna þess að þau væru sett fram á ótilhlýðilegan hátt. Dómurinn var ómerktur af Hæstarétti. Einnig má líta til héraðsdóms í *Hrd. 1955, bls. 540* þar sem bæði virðist horft til tilefnis og hvort framsetning sé ótilhlýðileg. Í dómi Hæstaréttar í málinu var ekki vikið að framsetningu ummæla heldur einblínt á tilefni þeirra.

Önnur ummæli um fangavistina voru ekki talin varða við 237. gr. (sjá hér á undan) og er því vandséð að brigslýrði hafi getað falist í eiginlegu efni ummælanna sem sakfellt var fyrir. Þá virðast illar hvatir að baki ummælunum (sjá hér síðar og kafla 6.2.2.4) varla vera ástæða sakfellingarinnar þar sem rökrétt hefði þá verið að átelja fleiri ummæli í málinu. Að þessu virtu virðist sakfelling vera byggð á móðgandi framsetningu ummælanna eingöngu, án tillits til tilefnis þeirra. Það athugist að sé fallist á að framsetningin sem slík hafi verið meiðandi verður að telja að það heyrði undir 234. gr. (sjá 6.2.2.3) en eingöngu var byggt á 237. gr. í niðurstöðu og málatilbúnaði. Ekki verður talið að þessi dómur, sem virðist vera einsdæmi hvað þetta varðar, haggi í neinu því sem áður er rakið um inntak og túlkun 237. gr. alm. hgl. Um áhrif forms og framsetningar sannrar tjáningar vísast að öðru leyti til kafla 6.2.2.3.

Því hefur einnig verið haldið fram að hvatir að baki ummælum geti komið til álita við skýringu skilyrðis 237. gr. alm. hgl. um að brigsl skuli vera tilefnislaus.³³⁸ Á grundvelli þeirra almennu raka sem tínd eru til varðandi þann skilning á greininni sem hér er nýreifaður og ekki snúa að honum með sértækum hætti verður að hafna því að hvatir einar, burtséð frá tilefni, geti ráðið úrslitum varðandi 237. gr. Sama má segja um tilgang brigslýrða. Þó er líklegt að oft fari saman ónógt tilefni og illar hvatir eða tilgangur annars vegar og nægt tilefni og góðar hvatir eða tilgangur hins vegar. Tilefni og hvatir eða tilgangur geta einnig verið svo samofin að ekki verður á milli þeirra greint. Þá er ekki hægt að útiloka að ef illar hvatir eða tilgangur liggja fyrir geti það haft óbein áhrif á mat á tilefni brigslýrðanna. Úrslitaatriði er samt alltaf, í það minnsta formlega, hvort brigslin séu tilefnislaus og geta hvatir og tilgangur af illum meiði engu breytt enda er enga stoð fyrir því að finna í ákvæðinu. Þannig yrði sönn ærumeiðing af nægu tilefni en af illum hvötum eða í illum tilgangi ekki talin refsiverð á grundvelli 237. gr. alm. hgl. Sem dæmi mætti taka að til að koma höggi á erkióvin sinn brigsl maður honum réttilega í fjölmiðlum um að stunda stórfelldan fjárdrátt í opinberu starfi. Hér lægi óvild að baki brigslunum og tilgangurinn væri niðurrif óvildarmannsins. Upplýsingar um fjárdrátt þennan, sem framinn væri af opinberum starfsmanni í starfi sínu, myndu líklega vera taldar eiga brýnt erindi til almennings og gætu brigslin þá varla talist tilefnislaus. Gætu hinar illu hvatir og tilgangur að baki brigslunum hér í engu haggð niðurstöðu. Vikið verður að sjálfstæðri þýðingu hvata og tilgangs að baki sannri ærumeiðandi tjáningu í kafla 6.2.2.4.

³³⁸ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 206-207, og *Æran og vernd hennar*, bls. 103-104 og 107.

6.2.2.2 Uppreist æru

Í 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. er eftirfarandi ákvæði að finna:

Hafi maður, er sætt hefur refsíðomi fyrir einhvern verknað, síðar öðlast uppreist æru, er ekki heimilt að bera hann framur þeim sökum, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á.

Ákvæðið er skýrt að orðalagi og efni en af því leiðir að falli sönn ummæli undir það varða þau refsingu samkvæmt 235. gr. alm. hgl. eins og hver önnur ólögmat aðdróttun. Viðurlög kunna þó að verða dæmt vægari en ella,³³⁹ en þrátt fyrir það er ljóst að í ákvæðinu felst skýr undantekning frá *exceptio veritatis*.³⁴⁰ Ákvæðið fól í sér nýmæli þegar það var tekið í lög og íslenskir dómstólar höfðu fram að því sjaldan eða aldrei dæmt viðurlög fyrir sönn ummæli á þeim forsendum sem felast í því.³⁴¹

Með „uppreist æru“ er hér átt við endurheimt borgaralegra réttinda sem glatast vegna fangelsisdóms og á það við hvort sem uppreist æru fæst sjálfkrafa eftir 2. mgr. 84. gr. alm. hgl. eða með atbeina forseta eftir ákvæðum 85. gr. laganna.³⁴² Að baki ákvæðinu búa þau rök að ef langt er um liðið síðan maður braut af sér, misferlið jafnvel öllum gleymt, og hann hefur tekið út sína hegningu sé ósanngjarnt að velta honum upp úr afbrotum sínum enda gæti það torveldað honum að endurheimta æru sína og stöðu sem kynni þó að vera verðskulduð.³⁴³

Af 2. mgr. 84. gr. alm. hgl. leiðir að sá hlýtur uppreist æru og endurheimtir þau borgararéttindi sem hann hefur misst vegna refsíðóms sem hann hefur hlotið þegar liðin eru fimm ár frá því að refsing er að fullu úttekin, fyrnd eða uppgefin. Í greininni eru sett þau skilyrði að um sé að ræða fyrsta refsíðóm, refsing fari ekki fram úr einu ári í fangelsi og að viðkomandi hafi ekki á frestinum verið ákærður fyrir brot sem þyngri refsing liggur við en sektir. Af orðalagi 2. mgr. 238. gr. má ráða að móðganir samkvæmt 234. gr. heyra ekki undir greinina enda myndu ummæli um refsiverðan verknað ævinlega fela í sér aðdróttun samkvæmt 235. gr. Jafnvel þó svo að aðdróttun væri borin fram á móðgandi hátt kæmi 234. gr. ekki til álita þar sem 235. gr. tæmir sök gagnvart greininni.³⁴⁴ Uppreist æru samkvæmt 2. mgr. 84. gr. fæst sjálfkrafa að hinum tiltekna tíma liðnum og að uppfylltum öllum skilyrðum.

³³⁹ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 171.

³⁴⁰ Sjá Alþt. 1939, A-deild, bls. 394.

³⁴¹ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 104-105. Sjá þó *Hrd. 1929*, bls. 1242.

³⁴² Sjá Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 171, og Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 104-105, og skilgreiningu íslenskrar lögfræðiorðabókar.

³⁴³ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 104-105.

³⁴⁴ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 126, og Safn greinargerða við almenn hegningarlög, bls. 50. Sjá einnig Alþt. 1939, A-deild, bls. 393.

Uppreist æru samkvæmt 85. gr. alm. hgl. öðlast menn ekki sjálfkrafa eins og þegar 2. mgr. 84. gr. á við heldur aðeins með atbeina forseta. Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. getur forseti veitt manni uppreist æru þegar tvö ár eru liðin af fresti 2. mgr. 84. gr. hafi hinn dómfelldi hegðað sér vel og að því gefnu að önnur skilyrði 2. mgr. 84. gr. séu uppfyllt. Af athugasemdum við 1. mgr. 85. gr. í greinargerð með frumvarpi til alm. hgl. má ráða að einkum kemur til álita að beita henni þegar um er að ræða smáfelld brot.³⁴⁵ Þegar maður hefur verið dæmdur til lengri fangelsisvistar en sem nemur einu ári eða ekki er um að ræða hans fyrsta refsíðóm getur forseti, samkvæmt 2. mgr. 85. gr., veitt honum uppreist æru þegar fimm ár liðin frá því að refsing var að fullu úttekin, fyrnd eða uppgefin, séu gildar sönnur færðar fyrir góðri hegðun hans á frestinum. Ákvæði 3. mgr. 85. gr. felur í sér að þegar sérstaklega stendur á getur forseti veitt manni uppreist æru sem sætt hefur fangelsi vegna refsíðóms lengur en eitt ár uppfylli hann að öðru leyti skilyrði 1. mgr. 85. gr.³⁴⁶

Ákvæði 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. á aðeins við þegar um er að ræða refsíðóma sem unnt er að öðlast uppreist æru fyrir samkvæmt 84. og 85. gr. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að sannar aðdróttanir heyra ekki undir 2. mgr. 238. gr. ef um er að ræða ummæli um hvers konar refsilaus siðferðisbrot og refsíðóma sem leiða ekki til missis borgaralegra réttinda. Eru sannar aðdróttanir um slíkt því vítalausar nema þær heyri undir aðrar lagareglur, til dæmis 237. gr. alm. hgl. Talið hefur verið að refsíðómur samkvæmt 2. mgr. 238. gr. sé dómur í sakamáli um refsingu en telja má sennilegt að dómur í einkarefsimálum sem kveða á um refsingar komi hér einnig til greina enda verður að telja þá til refsíðóma.³⁴⁷ Um beitingu ákvæðisins skiptir ekki máli hvort viðkomandi hefur afplánað refsíðóm sinn allan, að hluta eða alls ekki, til dæmis vegna skilorðs, en ef hann er sekur fundinn en refsing er ekki dæmd vegna fyrningar, sakhæfisskorts eða af öðrum slíkum ástæðum verður greininni ekki beitt.³⁴⁸

Ákvæði 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. er að efni til bersýnilega mjög líkt ákvæði 237. gr. um tilefnislaus brigsli. Vegna þess hve afmarkaðra tilfella 2. mgr. 238. gr. nær í raun til vegna skilyrða sinna, sem greint er frá hér á undan, má ætla að þar sem henni sleppir geti oft komið til athugunar að beita hinu almennara ákvæði 237. gr. Eins og endranær verða brigslyrði samkvæmt þeirri grein þó að teljast tilefnislaus. Varðandi það ber að gefa því gaum að af

³⁴⁵ Alpt. 1939, A-deild, bls. 371.

³⁴⁶ „Uppreist æra“, <http://www.innanrikisraduneyti.is>. Það athugist að í 3. mgr. 85. gr. er tilvísun í 2. mgr. ótilgreindrar lagagreinar. Þó að eðlilegt væri að ætla að með þessu sé vísað til 2. mgr. 85. gr. verður með hliðsjón af orðalagi og efni að telja að hér sé vísað til 2. mgr. 84. gr. vegna þess að þar er talað um refsítímann sem vísað er til en hans er hvergi getið í 2. mgr. 85. gr. Er þessi skilningur lagður í tilvísunina á tilfærðri grein.

³⁴⁷ Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 105-106. Um hvað sé refsíðómur vísast til íslenskrar orðabókar og lögfræðiorðabókar.

³⁴⁸ Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 171, og Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 106.

orðalagi 2. mgr. 238. gr. verður ekki ráðið að gilt tilefni ummæla sem heyra undir greinina leiði til vítaleysis. Að því leyti virðist vernd hins ærumeidda vera ríkari í þeim afmörkuðu tilfellum sem falla undir 2. mgr. 238. gr.

Af dómasafni Hæstaréttar verður ekki séð að fyrir réttinum hafi reynt beinlínis á 2. mgr. 238. gr. eða henni verið beitt.³⁴⁹ Hafa má nokkra hliðsjón af *MDE, Schwabe gegn Austurríki, 28. ágúst 1992 (13704/88)* (sjá kafla 6.3.4) enda hafa úrlausnir mde. töluvert vægi að íslenskum rétti. Í 2. mgr. 271. gr. dönsku hegningarlöganna er að finna ákvæði keimlíkt 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. og kom það til kasta hæstaréttar Danmerkur í *UfR. 1946, bls. 58 (Hæstiréttur)* og *UfR. 1959, bls. 828 (Eystri Landsréttur)*. Má líta til þessa dóms og danska ákvæðisins til hliðsjónar en þar sem ákvæðið hefur ekki að geyma jafnskýra reglu og 2. mgr. 238. gr. alm. hgl., aðallega hvað varðar tímamörk, er ekki mikið hald í þeim.³⁵⁰

Aftur verður vikið að 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. í kafla 6.3.4.

6.2.2.3 Form og framsetning tjáningar

Áður er vikið að efni 237. gr. alm. hgl. eins og það hljóðaði í frumvarpi til laganna áður en ákvæðinu var breytt í meðförum Alþingis. Þó að efni frumvarpsákvæðisins hafi ekki ratað í alm. hgl. virðist vera nokkurt sammæli meðal fræðimanna um að ákveðins hófs verði að gæta við framsetningu sannra ummæla og að þau geti verið færð í svo ótilhlýðilegan eða móðgandi búning að þau verði ekki talin vítalaus.³⁵¹ Þessu má einnig finna nokkurn stað í dómafrankvæmd.³⁵² Oftlega virðast dómendur þó láta við það sitja að telja ummæli af þessu tagi óviðurkvæmileg og fella þau undir 241. gr. alm. hgl., frekar en ákvæði laganna um eiginlegar ærumeiðingar, en þá hafa sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðu gjarna komið við sögu og verið talin leiða til þess að mjög hvasst og jafnvel meiðandi orðbragð verði talið réttlætt (sjá nánar kafla 6.3.2).³⁵³ Er ekki fjarri lagi að ætla að grófari framsetning líðist og verði ekki talin ærumeiðandi þegar efni tjáningar er satt og styðst þetta við almenn sjónarmiða að baki *exceptio veritatis* (sjá kafla 5.1.3).

³⁴⁹ Hér má benda á tvo nýlega héraðsdóma, *Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)* og *Hérd. Rvk. 5. janúar 2012 (E-1451/2011)*, þar sem í málatilbúnaði stefnenda er m.a. byggt á 2. mgr. 238. gr. og stefndi tekur til varna. Í málunum var ekki vikið að ákvæðinu í forsendum og niðurstöðum.

³⁵⁰ Sjá Vagn Greve o.fl.: *Kommenteret straffelov*, bls. 473-475.

³⁵¹ Sjá Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“, bls. 168-169, og Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 204-205. Undir þetta virðist tekið í Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 45-46.

³⁵² Sbr. t.d. *Hrd. 1965, bls. 448; Hrd. 1967, bls. 264* og til hliðsjónar *Hrd. 2004, bls. 1553 (382/2003)*. Sjá Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru“, bls. 46-47.

³⁵³ Sjá t.d. *Hrd. 1955, bls. 540; Hrd. 1978, bls. 126; Hrd. 1985, bls. 1148; Hrd. 1997, bls. 3618* og *Hrd. 1998, bls. 1376*.

Svipuðum sjónarmiðum varðandi framsetningu tjáningar má finna stað í viðhorfum mde. til mjög meiðandi gildisdóma. Dómstóllinn hefur talið að þrátt fyrir að gildisdómar eigi sér næga stoð í staðreyndum máls geti þeir verið of meiðandi til að njóta verndar, samanber *MDE, Tammer gegn Eistlandi*, 6. febrúar 2001 (41205/98). Í málinu hafði töluverð áhrif að ummælin voru talin tilefnislaus og ekki eiga erindi til almennings.³⁵⁴ Talið hefur verið að áþekk sjónarmið hafi haft áhrif í *Hrd. 2004, bls. 1553 (382/2003)*.³⁵⁵

Þar sem ekki er að finna sett lagaákvæði um að *exceptio veritatis* eigi ekki við þegar sönn ummæli eru höfð í frammi á ótilhlýðilegan hátt, mætti ætla að það fyrirkomulag sem hér hefur verið lýst standist ekki 3. mgr. 73. gr. stjkskr. sem setur meðal annars það skilyrði fyrir hömlum á tjáningarfrelsi að þær eigi sér lagastoð (sjá kafla 3.3.3 og 3.3.3.2). Þessu verður þó að hafna þar sem að sönn ærumeiðandi ummæli sem sett eru fram á ótilhlýðilegan hátt eru í sjálfu sér vítalaus hvað varðar efnið en framsetning þeirra ein og sér felur í sér ærumeiðingu burtséð frá efninu. Þannig er í raun ekki um að ræða eiginlegt frávik frá *exceptio veritatis* heldur er hér komið út fyrir mörk reglunnar. Lagastoð fyrir takmörkun tjáningarinnar sem felst í hinni ótilhlýðilegu framsetningu er að finna í 234. gr. alm. hgl. um móðgun, samanber orðalag hennar (sjá kafla 4.2.1.1)³⁵⁶ en vandséð er að framsetningin ein og sér gæti átt undir orðalag 235. gr. um aðdróttun (sjá kafla 4.2.1.2). Hvað varðar heimfærslu ótilhlýðilegs forms eða framsetningar sannrar ærumeiðingar til 234. gr. alm. hgl. ber að lokum að minna á kenningar um að refsingar vegna móðgana í skilningi greinarinnar feli í sér óheimila takmörkun á tjáningarfrelsi (sjá kafla 4.2.1.1).

6.2.2.4 Friðhelgi einkalífs og fleira

Nú verða tínd til nokkur atriði, misveigamikil, sem á einhvern hátt fela eða geta falið í sér frávik frá eða takmarkanir á *exceptio veritatis* eða hafa svipuð áhrif. Upptalningunni er ekki ætlað að vera tæmandi.

Þegar skýrt er opinberlega frá einkamálefnum einhvers geta slík ummæli brotið gegn *fríðhelgi einkalífs* viðkomandi og varðað við 229. gr. eða, eftir atvikum, 230. gr. alm. hgl. Alla jafna væri hér um að tefla sönn ummæli enda varla hægt að tala um einkamálefni ef um uppspuna er að ræða og virðist í raun rökrétt að hér geti eingöngu verið um að ræða sönn ummæli, sjá þó *Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)*.³⁵⁷ Í það minnsta er ljóst að sannindi

³⁵⁴ Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“, bls. 375-376. Sjá einnig Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmastrar meingerðar gegn æru“, bls. 50.

³⁵⁵ Sjá Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmastrar meingerðar gegn æru“, bls. 50.

³⁵⁶ Gunnar Thoroddsen: *Fjölmaeli*, bls. 204-205. Í tilvitnuðu riti er ekki tekin skýr afstaða til heimfærslunnar en vegna inntaks hugtaksins móðgunar skv. 234. gr. alm. hgl. virðist önnur niðurstaða ótæk.

³⁵⁷ Í dóminum segir: „Þess verður og sérstaklega að gæta að frásögn áfrýjanda um að stefnda hafi gengið til geðlæknis í kjölfar þessa atviks styðst ekki nægilega við fyrirliggjandi gögn og hefur sætt andmælum af hálfu

ummæla leiða hér ekki til vítaleyfis, sjá til dæmis *Hrd. 4. október 2007 (37/2007)* og til hliðsjónar *MDE, Markt intern Verlag og Klaus Beerman gegn Þýskalandi, 20. nóvember 1989 (10572/83)*.³⁵⁸ Varðandi þetta er að athuga að ummæli sem varða við 229. eða 230. gr. geta hæglega verið ærumeiðandi auk þess að fela í sér einkamálefni. Þegar svo ber við eru hin ærumeiðandi ummæli ekki vítalaus og er því um að ræða frávik frá *exceptio veritatis* sem byggist á sjónarmiðum um að virða beri friðhelgi einkalífs manna. Hvað varðar ærumeiðandi ummæli um einkamálefni er efnisleg þýðing ákvæðanna í meginatriðum sú sama og 237. gr. um tilefnislaus brigslyrði nema að skilyrði er að skýrt sé opinberlega frá. Að auki bendir orðalag 229. gr. til þess að tilefni þurfi að vera ærnara en samkvæmt 237. gr., en um tilefni má vísa til kafla 6.2.2.1 eftir því sem við getur átt. Ákvæði 230. gr. eru svo öllu sértækari en um það vísast til greinarinnar sjálfrar. Myndu 229. og 230. gr. að jafnaði tæma sök gagnvart 237. gr. Þar sem hér er í raun komið út fyrir svið ærumeiðinga og efnisafmörkun þessarar ritgerðar og inn á svið friðhelgi einkalífs verður nú látið staðar numið í umfjöllun um þetta.

Í íslenskum lögum er ekki að finna ákvæði sem mælir fyrir um áhrif *illra hvata eða ills tilgangs* að baki sannri ærumeiðandi tjáningu. Hvatir eða tilgangur að baki tjáningu geta því ekki án þess að fleira komi til orðið þess valdandi að vikið verði frá *exceptio veritatis* þar sem lagastoð fyrir þess háttar takmörkun á tjáningarfrelsi skortir (sjá kafla 3.3.3 og 3.3.3.2). Aftur á móti geta þessi atriði eins og endranær haft áhrif á ákvörðun hegningar fyrir ærumeiðingu, samanber einkum 7. tl. 70. gr. alm. hgl., og í framkvæmd hafa hvatir og tilgangur að baki ummælum haft áhrif á ákvörðun miskabóta, samanber til dæmis *Hrd. 2. október 2008 (653/2007)*. Þá hefur því verið haldið fram að hvatir að baki tjáningu hafi þýðingu við túlkun 237. gr. en því hefur í meginráttum verið hafnað hér, sjá kafla 6.2.2.1.³⁵⁹ Fyrir mde. hefur tilgangur fjölmiðlaumfjöllunar verið látinn skipta máli við mat á góðri trú, samanber *MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)*.³⁶⁰

Líta má svo á að kröfur til sönnunar frásagna af *orðrómi eða sögusögnum*, sem sagt er frá í kafla 5.4.4, feli í sér frávik frá meginreglunni um *exceptio veritatis*. Sé staðhæft að orðrómur

stefndu. *Hvað sem liður sannleiksgildi þeirrar frásagnar gekk þó áfrýjandi með henni að ófyrirsynju á friðhelgi einkalífs stefndu.*“ Áhersla höfundar. Ekki er skýrt í dóminum á hvaða lagaákvæði er byggt varðandi þetta en í málatilbúnaði var bæði vísað til 230. gr. og 235. gr. Orðalag hins tilvitnaða texta bendir þó nokkuð sterklega til þess að hér sé byggt á 230. gr. Vegna þess að ummælin höfðu ekki verið sönnuð og var mótmælt af hálfu stefndu má, í ljósi þess sem í meginmáli segir um einkamálefni og sannindi, telja að rökréttara hefði verið líta á ummælin sem aðdróttun skv. 235. gr.

³⁵⁸ Sjá Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmeðrar meingerðar gegn æru“, bls. 47, og Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 115.

³⁵⁹ Sjá Gunnar Thoroddsen: *Fjölmeili*, bls. 190-193 og 206-207, og *Æran og vernd hennar*, bls. 103-104 og 107. Um hvatir, einkum skilgreiningu hugtaksins, vísast að öðru leyti til Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaðbyrgð II*, bls. 114-121.

³⁶⁰ Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar í meiðyrðamálum“, bls. 62.

sé um eitt eða annað en ekki beinlínis fullyrt um efni hans er eiginlegt efni ummælanna að tiltekinn kvittur sé á kreiki. Eiginlegt andlag sönnunar virðist því eiga að vera tilvist orðrómsins en ekki efni hans. Sönnun um tilvist hans leiðir þó ekki til vítaleysis ummælanna heldur þarf að íslenskum rétti að sanna efni hans. Hér leysir sönnun ummæla strangt til tekið ekki undan viðurlögum. Um þetta vísast að öðru leyti til nefnds kafla.

Sé refsínæmt verk unnið án vitneskju um að hlutræn refsileysisástæða sé fyrir hendi felur það almennt í sér pútatívt afbrot.³⁶¹ Að þessu virtu verður að telja að þegar maður hefur í frammi ærumeiðingu í þeirri trú að hún sé ósönn en hún reynist sönn þá sé um að ræða *pútatíva ærumeiðingu*. Hér væri því um að ræða fullframda tilraun til ærumeiðingar en þær lúta sömu reglum og tilraunir til annarra brota, sjá kafla 4.2.2.2, og eru því refsiverðar samkvæmt 20. gr. alm. hgl.³⁶² Sannindi ummæla virðast þannig ekki geta leitt til vítaleysis við þessar aðstæður og má því telja þetta til frávika frá meginreglunni um þau. Áhugavert er að bera þetta saman við þá aðstöðu þegar ærumeiðandi er í góðri trú um sannindi ummæla sinna en sú huglæga afstaða til brotsins leiðir ekki til vítaleysis eins og áður hefur verið sagt frá (sjá kafla 5.2 og 5.4.2).

6.3 Frávikin og fjölmiðlar

Nokkur þau atriði sem hér á undan hafa verið gaumgæfð gefa tilefni til sérstakrar umfjöllunar með tilliti til fjölmiðla vegna mikilvægis þessara atriða varðandi tjáningarfrelsi fjölmiðla, störf þeirra og hlutverk. Fyrst verður fjallað um almenna þýðingu takmarka *exceptio veritatis* fyrir fjölmiðla en svo vikið að afmarkaðri atriðum, nánar tiltekið banni við sannindasönnun annars vegar og samspili takmarkana og sjónarmiða um tjáningarfrelsi fjölmiðla hins vegar.

Ekki verður hjá því komist að líta allnokkuð til kafla 2.2, 3.3.2, 3.3.3.2, 6.2 og ekki síst ýmissa hluta 5. kafla, einkum kafla 5.4, varðandi það sem hér fer á eftir enda eru efnisleg tengsl tilgreindra kafla við umfjöllunina rík og margir mikilvægir snertifletir á þeim. Hæpið er að líta svo á að um tæmandi umfjöllun sé að ræða en telja verður að vikið sé að því helsta sem máli skiptir í samhenginu.

6.3.1 Þýðing takmarka *exceptio veritatis*, réttmæti þeirra og gagnsemi

Rétt eins og meginreglan sjálf um *exceptio veritatis* skipta takmörk hennar, hvernig þau eru skilgreind og hvernig þeim er beitt, miklu máli fyrir fjölmiðla enda ákvarða þau, ekki síður en reglan sem slík, hve langt fjölmiðlafólk og aðrir sem láta til sín taka á vettvangi þeirra

³⁶¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð I*, bls.122.

³⁶² Um pútatív brot almennt vísast til Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð I*, bls.121-122.

mega ganga í tjáningu og umfjöllun hverju sinni áður en til viðurlaga og bótaábyrgðar kemur. Fjölmiðlum og getu þeirra til að gegna hlutverki sínu, eins og því er lýst í kafla 2.2, stafar hætta af því að *exceptio veritatis* sé sniðinn of þröngur stakkur. Afleiðingar þess að hún myndi sæta of miklum takmörkunum gætu, í það minnsta að því marki sem vikið væri frá henni eða hún takmörkuð, orðið í líkingu við það ef reglunnar nyti ekki við, sjá kafla 5.4.1.

Þrátt fyrir það má telja að nokkurt sammæli sé um að rétt sé að *exceptio veritatis* gildi ekki óskoruð um fjölmiðla frekar en aðra og sæti hömlum. Nauðsynlegt þykir að tempru regluna, þannig séu sniðnir af henni vankantar og komið í veg fyrir að undir merkjum hennar skerði tjáning í fjölmiðlum um of réttindi fólks (sjá kafla 6.1 og 6.2). Gild rök hníga að því að takmarka og frávika sé sérstaklega þörf þegar fjölmiðlar eiga í hlut þar sem vettvangur þeirra er opinber og vegna þess til hversu gríðarlegs fjölda fólks þeir geta náð. Á móti kemur að fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi og rök um ríkt tjáningarfrelsi þeirra leiða til þess að játa verður þeim allmikið svigrúm. Hér ber þó að rifja það upp sem segir í kafla 3.3.3.3, að um þetta ræður efni tjáningar fyrst og fremst úrslitum, ekki það hvort fjölmiðill eigi í hlut eða ekki. Þegar efni tjáningar er ekki til þess fallið að þjóna tilgangi fjölmiðla og leiðir til strangara mats á takmörkun tjáningarfrelsis þeirra verður að telja að frávík frá *exceptio veritatis* og takmarkanir á henni eigi frekar rétt á sér. Að öðru leyti virðist erfitt eða jafnvel ómögulegt að slá föstum einhlítum og skýrum viðmiðum um hvenær teljist of langt gengið gagnvart *exceptio veritatis* hvað varðar fjölmiðla, rétt eins og endranær, en ljóst er að stíga verður varlega til jarðar og gæta meðalhófs í þessu samhengi. Markalínur um þetta verður að telja afar óljósar, breytilegar eftir aðstæðum og atvikum og að öllu leyti mjög tilviksbundnar (sjá að nokkru leyti kafla 6.3.2 og 6.3.3).

Temprun *exceptio veritatis* byggir að miklu leyti á siðferðilegum rökum (sjá kafla 6.1 og 6.2) og ætla má að það að ganga ekki of langt í sannri umfjöllun sem skert getur æru manna, burtséð frá lagareglum þar um, sé til þess fallið að auka og viðhalda virðingu fyrir fjölmiðlum og efla traust til þeirra. Ekki er víst að þeir yrðu litnir sömu augum ef þeir réðust miskunnarlítið og tilefnislaust gegn æru manna og orðspori án þessa að nokkuð annað en sannindi ummæla réttlættu það. Ætla má að þetta sjónarmið búi meðal annars að baki mjög ólíku viðhorfi fólks til ýmissa fjölmiðla hér á landi en sem kunnugt er munu sumir fjölmiðlar vera vægðarlausari en aðrir gagnvart þeim sem til umfjöllunar eru.

6.3.2 Frávikin í ljósi sjónarmiða um rýmkað tjáningarfrelsi

Sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðu eru viðurkennd að íslenskum rétti og hefur einnig verið slegið föstum í dómafrankvæmd mde., samanber kafla 3.3.3.3 og 4.2.3.3,

og varða þau fjölmiðla miklu. Þau fela meðal annars í sér að almannapersónur geta vænst þess að um þær líðist nærgöngulli, óvægnari og snarpari umræða, sér í lagi ef um er að ræða kjörna fulltrúa, og almennt má ganga nær mönnum ef tjáning felur í sér innlegg í þjóðmála-umræðu eða á með öðrum hætti erindi til almennings.³⁶³ Þetta getur vafalaust haft veruleg áhrif varðandi túlkun takmarka og frávika frá *exceptio veritatis* með sama hætti og endranær þegar metið er hvenær réttlætanlegt sé að leggja hömlur við tjáningarfrelsi.

Þýðing þessara sjónarmiða er augljós varðandi þær takmarkanir sem felast í 229., 237. gr. og að einhverju marki 230. gr. alm. hgl. (sjá kafla 6.2.2.1 og 6.2.2.4), þar sem gerð er krafa um nægt tilefni tjáningar, en tilefni getur hæglega falist í því að tjáningin sé mikilvægt innlegg í þjóðmálaumræðuna og eigi erindi til almennings á einhvern hátt, til dæmis vegna þess að hinn umtalaði er almannapersóna. Þannig geta sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi réttlætt ummæli sem annars væru talin brjóta gegn nefndum lagaákvæðum. Um þetta má líta til *Hrd. 1955, bls. 540* og *Hrd. 1982, bls. 1648* sem reifaðir eru hér áður en þó að í þeim sé ekki byggt berum orðum á sjónarmiðum um rýmkað tjáningarfrelsi hvað varðar 237. gr. má ráða af öllum atvikum málanna að þau séu að nokkru marki undirliggjandi. Einnig má benda á *MDE, Schwabe gegn Austurríki, 28. ágúst 1992 (13704/88)* sem nánar verður vikið að í kafla 6.3.4. Til hliðsjónar má að lokum benda á *Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)*. Í ljósi þess sem segir í kafla 6.2.2.1 um að lítið þurfi til að koma svo tilefni teljist fyrir hendi samkvæmt 237. gr.³⁶⁴ má ætla að umfjöllun í fjölmiðlum sem felur í sér innlegg í þjóðmálaumræðuna megi oftast en ekki telja vítalausa.

Sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi hafa einnig í för með sér að harðorð, ögrandi og gróf ummæli eru talin ásættanleg, einkum þegar gildisdómar eiga í hlut. Þessu má finna glöggan stað í framkvæmd mde. og í íslenskri dómaframkvæmd hefur líkra sjónarmiða gætt töluvert (sjá kafla 3.3.3.3, 4.2.3.3 og 5.2.2).³⁶⁵ Þegar sönn ummæli eru sett fram á móðgandi hátt (sjá kafla 6.2.2.3) verður með vísan til þess hvað felst í hugtakinu gildisdómur, eins og það er skilgreint í kafla 5.2.2, að telja að mat á því hvort í formi og framsetningu sannrar ærumeiðingar felist refsiverð móðgun samkvæmt 234. gr. sé að nokkru leyti háð því hvort sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsis eiga við eða ekki. Í *Hrd. 1997, bls. 3618* og *Hrd. 1998,*

³⁶³ Snert er við þessum atriðum í 3. og 5. kafla ritgerðarinnar en um nánari umfjöllun vísast til Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 379-384; Páls Sigurðssonar: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 64-65 og bls. 119-122, og Páls Þórhallssonar: „Tjáningarfrelsi“, bls. 371-374.

³⁶⁴ Sjá Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 205.

³⁶⁵ Af hérlendum dómum er rétt er að vísa sérstaklega til *Hrd. 1977, bls. 375*; *Hrd. 1978, bls. 414*; *Hrd. 1997, bls. 3618* og *Hrd. 1998, bls. 1376*. Um dómaframkvæmd mde. er bent á *MDE, Scharsach og News Verlagsgesellschaft gegn Austurríki, 13. nóvember 2003 (39394/98)*; *MDE, Oberschlick gegn Austurríki (2), 1. júlí 1997 (20834/92)* og ummæli í *MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09)* (65. egr.). Að öðru leyti vísast til nefndra kafla ritgerðarinnar.

bls. 1376 voru hvöss ummæli og hrakyrði ekki talin vera svo móðgandi að refska skyldi fyrir þau og var þó kveðið allfast að orði.³⁶⁶ Að framsetningu ummælanna var vikið í dómunum:

Hrd. 1997, bls. 3618: Málið varðaði harkaleg ummæli um Fangelsismálastofnun í Alþýðublaðinu. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Greinin snýr að samfélagslegu málefni, sem eðlilegt er, að komi til almennrar umræðu. Í slíkri umræðu verða stjórnvöld að þola, að gagnrýni sé beint að þeim, þótt orðfæri í því sambandi kunni að verða hvasst.“ Í héraðsdómi, sem Hæstiréttur lét óraskaðan, sagði ennfremur: „Þannig er höfundum, sem t.d. birta greinar í dagblöðum eða koma fram á annan hátt í fjölmiðlum, tryggður rúmur réttur til að fjalla um mál á þann hátt og með því orðfæri, sem höfundur telur viðeigandi hverju sinni, þótt takmarkanir séu á tjáningarfrelsinu.“³⁶⁷

Hrd. 1998, bls. 1376: Atvik málsins eru reifuð í kafla 5.1.2. „Sú líking, sem áfrýjandinn [S] dró með þessu upp af ástandi mála hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, er hvöss og óvæginn. Engu að síður verður að játa honum heimild til að setja fram skoðun sína á stofnuninni með þeim hætti, sem gert var, í ljósi þess, sem fram er komið.“

Þegar Hæstiréttur hefur ekki talið að um innlegg í þjóðmálaumræðu hafi verið að ræða hefur mátt greina annan tón, samanber *Hrd. 1985, bls. 1148* og til hliðsjónar *Hrd. 2004, bls. 1553 (382/2003)*.³⁶⁸ Um þetta má einnig líta til *MDE, Tammer gegn Eistlandi, 6. febrúar 2001 (41205/98)* þar sem tiltekin ummæli sem fólu í sér gildisdóm voru talin of meiðandi og gátu ekki réttlæst af sjónarmiðum um rýmkað tjáningarfrelsi. Athuga ber að í öllum málunum sem nefnd hafa verið var um að ræða gildisdóma sem töldust réttlættir en ekki verður séð í nýlegri dómafrankvæmd að framsetning sannra staðhæfinga um staðreyndir hafi komið til skoðunar. Þar sem meiðandi framsetningu og form ber að virða sjálfstætt virðast ekki forsendur til að líta meiðandi framsetningu staðhæfinga um staðreyndir öðrum augum og má því telja óhætt að líta svo á að sömu lögmál gildi í öllu verulegu um slíkar staðhæfingar. Um þetta má að nokkru leyti horfa til *Hrd. 1955, bls. 540* þar sem víðalæsi umfjöllun um sanna atburði var sérstaklega stórorð og hvassyrð án þess þó að framsetningin teldist varða viðurlögum. Það athugist að ekki var vikið sérstaklega að framsetningu ummæla í dómi Hæstaréttar.³⁶⁹

³⁶⁶ Hér ber að athuga að í síðarnefnda málinu voru nokkur ummæli ómerkt en það var byggt á að ummælin hefðu ekki haft nægan sannindagrundvöll án þess að vikið væri að framsetningunni sem þó var fremur stóryrt.

³⁶⁷ Áherslur höfundar.

³⁶⁸ Það athugist að í fyrra málinu var ekki gengið lengra en að dæma ummæli dauð og ómerk. Í hinu síðara má finna stað sjónarmiðum um að gildisdóma megi ekki setja fram með of móðgandi hætti en Hæstiréttur virðist þó aðallega byggja á að gildisdómana skorti staðreyndagrundvöll og segir ummælin „röng og meiðandi“ og „tilhæfuleg og óviðurkvæmleg í dómnefndaráliti“ (áherslur höfundar), sjá hins vegar Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn æru“, bls. 50. Hér má einnig benda á *Hrd. 1965, bls. 448* til hliðsjónar með þeim fyrirvara að mikið vatn hefur runnið til sjávar hvað varðar tjáningarfrelsi og æruvernd síðan hann var kveðinn upp.

³⁶⁹ Alls óvíst er um málalýktir ef sambærilegt mál kæmi upp nú, ekki síst vegna þróunar viðhorfa til mikilvægis tjáningarfrelsis og þess að orðræða í fjölmiðlum hefur almennt færst í mun kurteisari farveg síðan dómurinn féll.

Vikið verður að þýðingu rýmkaðs tjáningarfrelsis varðandi ákvæði 238. gr. alm. hgl. í köflum 6.3.3 og 6.3.4.

6.3.3 Sönnunarbann og fjölmiðlar

Í kafla 6.2.1 var vikið að sönnunarbanni 1. mgr. 238. gr. alm. hgl. Telja verður að hin almennu rök bannsins sem þar voru færð fram og reifuð eigi að mestu við um ummæli í fjölmiðlum en þau sérsjónarmið sem gilda um tjáningu á vettvangi þeirra geta þó haft áhrif eins og vikið verður að síðar. Leiðir þetta af því að það er ekki hlutverk fjölmiðla, í það minnsta ekki eins og því er lýst í kafla 2.2, að kveða upp úr um sekt eða sakleysi manna. Vandséð er réttlætning þess að rangdæmi um sýknu sé leiðrétt á vettvangi fjölmiðla frekar en dómstóla. Viðgengist slíkt gengju fjölmiðlar að nokkru leyti inn á valdsvið dómstóla og því er hér hægt að tala um aðskilnað fjórðu greinar ríkisvaldsins, eins og fjölmiðlar eru gjarna nefndir, frá hinum þremur.

Mikilvægt er fyrir fjölmiðla að sönnunarbannið virðist samkvæmt orðalagi sínu aðeins taka til sönnunarfærslu vegna ummæla sem talist geta ærumeiðandi. Af því leiðir að bannið girðir ekki fyrir að með almennum hætti sé fjallað um réttmæti sýknudóms og jafnvel mögulega sekt heldur verður eiginleg aðdróttun um að hinn sýknaði sé sekur um hinn refsiverða verknað að koma til. Þannig má telja að til dæmis sé óhætt, hvort sem er í fjölmiðlum eða almennt, að segja frá nýjum gögnum sem skipt hefðu getað sköpum um dómsniðurstöðu eða greina frá því að til athugunar sé hjá yfirvöldum að taka mál upp að nýju, að því gefnu að ekki felist í því aðdróttun um verknaðinn. Ekki virðast efni til annars en að sömu viðmið og almennt gildi í þessu samhengi um hvað teljist ærumeiðandi aðdróttun (sjá kafla 4.2.2.1) og er því erfitt að segja hve langt mætti ganga í umfjöllun. Vegna sjónarmiða um ríkt tjáningarfrelsi fjölmiðla (sjá kafla 3.3.2 og 3.3.3.3) er líklegt að þeim verði játað allrikt svigrúm til umfjöllunar af þessu tagi. Eins og áður er getið hefur ekki reynt á sönnunarbann 1. mgr. 238. gr. fyrir dómstólum og verður eftir því að gera nokkurn fyrirvara við það sem hér hefur verið ritað. Nokkra hliðsjón má þó hafa af *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)* en í því máli var sýknudómur kveðinn upp yfir hinum ákærða eftir að dróttað var að honum sekt.

6.3.4 Stjórnskipulegt gildi 2. mgr. 238. gr. alm. hgl.

Ákvæði 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. er skýrt og afdráttarlaust að efni og orðalagi; hafi maður hlotið uppreist æru vegna refsídóms leysir sönnun ekki undan refsingu fyrir brigsli um þann verknað sem dæmt var fyrir. Augljóst er hvernig þetta ákvæði getur haft veruleg áhrif á starf fjölmiðla enda vitað að oftlega fjalla þeir um fallna dóma og dæmda sakamenn eða rifja upp gömul lögreglumál og hverjir þar komu við sögu. Telja verður álitaefti hvort þetta ákvæði

skerði tjáningarfrelsi svo að ekki fái staðist 2. og 3. mgr. 73. gr. stjkskr. um tjáningarfrelsi. Ákvæðið uppfyllir skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjkskr. um að skorður séu settar með lögum, samanber ákvæðið sjálf, og einnig skilyrði um að réttmætt markmið búi því að baki en markmið þess er vernd mannorðs annarra. Áhöld eru hins vegar um hvort unnt sé að líta svo á að fullnægt sé skilyrði um að takmörkun sé nauðsynleg og samræmist lýðræðishefðum. Við mat á hvort svo sé koma ýmis sjónarmið til skoðunar en hér verður að telja að mestu skipti þau er varða meðalhóf, rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðu, hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og rétt almennings til upplýsinga.³⁷⁰

Í 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. felst ströng regla. Orðalag ákvæðisins gerir ekki ráð fyrir að sönn ummæli sem undir það heyra geti réttlæst af nægu tilefni, eins og ákvæði 229. og 237. gr. gera, eða á nokkurn annan hátt eftir því sem best verður séð.³⁷¹ Verður því að telja að sönnun geti aldrei leyst undan refsingu þegar 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. á að öðru leyti við. Þá fela ákvæði 84. og 85. gr. alm. hgl. í sér að uppreist æru geta menn öðlast tveimur til fimm árum eftir að refsing er úttekin, fyrnd eða uppgefin og glata sönn ummæli um misferli hins dæmda því fremur fljótt vítaleyfi sínu. Hér er sönn tjáning takmörkuð með víðtækum og einstrengingslegum hætti án þess að gert sé ráð fyrir tilliti til aðstæðna hverju sinni og virðist vel mögulegt að telja að meðalhófs sé hér ekki gætt nægilega. Þá er augljóst að góðar ástæður og brýnt tilefni geta hæglega staðið til þess að rifja upp afplánað afbrot, til dæmis ef hinn dæmdi sækist eftir starfi sem honum er tæplega trúandi fyrir í ljósi misferlis síns.³⁷² Einkum gæti verið brýnt að draga brot fram í dagsljósið ef vitneskja um það á erindi til almennings og varðar hann miklu, svo sem ef maður sækist eftir opinberu starfi, býður sig fram til embættis í kosningum eða lætur til sín taka í þjóðmálunum á annan hátt. Við slíkar aðstæður væri það ekki síst í verkahring fjölmiðla, samanber kafla 2.2, að vekja máls á hinum umdæmdu brotum og upplýsa almenning um þau og staðreyndir málsins. Hagsmunir almennings af því að fá upplýsingar og vitneskju um afplánaða refsidóma manna geta verið mjög miklir, jafnvel þó að langt sé um liðið frá misferlinu og afplánun þess, og ber fjölmiðlum alla jafna skylda til að miðla slíkum upplýsingum (sjá kafla 3.1 og 3.3). Þá eru ótaldir almennari hagsmunir á borð við fræðilega umræðu um dómsmál og mögulegt sagnfræðilegt gildi staðreynda um uppkveðna dóma.

Á móti þessu verður að vega rétt hins dæmda til æru sinnar sem nýtur stjórnskipulegrar verndar samkvæmt 71. gr. og 3. mgr. 73. gr. stjkskr. og 8. gr. og 2. mgr. 10. gr. mse. (samanber

³⁷⁰ Sjá Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 377-392 (einkum bls. 377-388).

³⁷¹ Það athugist að ef 2. mgr. 238. gr. nyti ekki við virðist ekkert því til fyrirstöðu að dæmdir menn sæktu rétt sinn eftir 237. gr. eða mögulega 229. gr. og gæti í það minnsta hin fyrri hæglega átt við, að því gefnu að brigsl séu að tilefnislausu. Að því leyti væri réttur þeirra ekki fyrir borð borinn.

³⁷² Sjá Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar*, bls. 105.

kafla 4.1.2). Nærtækt virðist að réttur hins dæmda, sem þrátt fyrir allt hefur orðið sannur að því sem honum er borið á brýn, verði að víkja fyrir réttinum til frjálsrar tjáningar vegna hinna veigamiklu sjónarmiða um rýmkað tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga sem áður eru reifuð. Sé fallist á þetta yrði að telja að takmörkun sú er 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. felur í sér á tjáningarfrelsi manna, sé hvorki nauðsynleg né í samræmi við lýðræðishefðir og að ákvæðið fái þannig ekki staðist ákvæði stjskr. og mse. um tjáningarfrelsi. Er þessi ályktun sett fram með öllum hefðbundnum fyrirvörum enda hvorki fyrir að fara réttarframkvæmd hérlendis né ítarlegum fræðaskrifum hvað þetta varðar. Þó er unnt að hafa töluverða hliðsjón af eftirfarandi dómi mde.:

MDE, Schwabe gegn Austurríki, 28. ágúst 1992 (13704/88): Málið varðaði ummæli stjórnámálamannsins S um að pólitískur andstæðingur hans, F, hefði fyrir tæpum tveimur áratugum valdið umferðarslysi sem kostaði einn mann lífið og slasað fleiri. F var dæmdur til sex mánaða fangavistar, skilorðbundinnar til þriggja ára, fyrir manndráp af gáleysi. Fyrir austurrískum dómstólum var S meðal annars fundinn sekur um ærumeiðingar og að hafa dróttað að F afbroti sem hann hafði þegar tekið út refsingu fyrir. Mde. taldi að ummælin yrði vegna samhengis þeirra að telja gildisdóm og að hann hefði nægilegan staðreyndagrundvöll. Vísað var til sjónarmiða um rýmkað tjáningarfrelsi, mikilvægi fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi, skyldu þeirra til að miðla upplýsingum og réttar almennings til að taka við þeim, og varð niðurstaða málsins sú að með því að sakfella S hefði verið brotið gegn 10. gr. mse. Í dómnum sagði um upprifjun S á broti F (32. egr.): „Fyrri sakfellingar stjórnámálamanns af því tagi sem hér er um að ræða, auk opinberrar framgöngu hans að öðru leyti, geta verið veigamiklir þættir þegar metið er hæfi hans til að gegna pólitísku starfi.“³⁷³

Fyrir austurrískum dómstólum var sakfelld fyrir brot gegn 113. gr. þarlendra hegningarlaga, *Strafgesetzbuch* frá 23. janúar 1974, en hún er svipuð að efni og 2. mgr. 238. gr. alm. hgl.³⁷⁴ og má því telja að í dómnum megi finna vísbendingu um hvort íslenska ákvæðið yrði talið stríða gegn ákvæðum mse. um tjáningarfrelsi kæmi það til kasta mde. Hér verður þó engu slegið föstu og hafa verður þann fyrirvara á að tilfærður dómur er um margt óskýr hvað varðar 113. gr. austurrísku hegningarlaganna.

Að lokum er vert að athuga að þó að 2. mgr. 238. gr. nái til fremur fárra og afmarkaðra tilfella vegna skilyrða sinna eru hugleiðingar um stjórnskipulegt gildi greinarinnar langt í frá aðeins fræðilegs eðlis. Komi upp þær aðstæður að fjölmiðlar fjalli um brot sem fengist hefur uppreist æru fyrir getur gildi lagaákvæðisins skipt þá verulegu máli og varðað miklu um hvernig þeir gegna hlutverki sínu og hafa sig í frammi í þjóðmálaumræðunni. Þá er alkunna að

³⁷³ Þýðing höfundar.

³⁷⁴ Ákvæðið er svohljóðandi: „Wer einem anderen in einer für einen Dritten wahrnehmbaren Weise eine strafbare Handlung vorwirft, für die die Strafe schon vollzogen oder wenn auch nur bedingt nachgesehen oder nachgelassen oder für die der Ausspruch der Strafe vorläufig aufgeschoben worden ist, ist mit Freiheitsstrafe bis zu drei Monaten oder mit Geldstrafe bis zu 180 Tagessätzen zu bestrafen.“

með *Hrd. 2003, bls. 435 (393/2002)* var alþingismaður dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi, aðallega fyrir brot í opinberu starfi. Alls var um að ræða sextán brot gegn ákvæðum alm. hgl., nánar tiltekið fjárdrátt, umboðssvik, rangar skýrslur til yfirvalda og mútupægni.³⁷⁵ Hinn dæmdi fékk uppreist æru samkvæmt ákvæði 3. mgr. 85. gr. alm. hgl.³⁷⁶ og tók síðar aftur sæti á þingi. Í kjölfar hvassra ummæla um afbrot hans sem blaðakona á Morgunblaðinu lét falla í útvarpsþætti á Bylgjunni stefndi hann henni fyrir brot gegn 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. Fallið var frá málsókninni áður en hún kom til kasta dómstóla.³⁷⁷ Hefði verið dæmt í málinu hefði mögulega reynt á stjórnskipulegt gildi 2. mgr. 238. gr. alm. hgl.

³⁷⁵ Það athugist að í þessum skrifum virðist strangt til tekið felast brot gegn ákvæði þeirrar greinar alm. hgl. sem hér er til umfjöllunar.

³⁷⁶ Sjá „Árni Johnsen hefur fengið uppreist æru“, bls. 14.

³⁷⁷ Una Sighvatsdóttir: „Agnesi Bragadóttur stefnt fyrir meiðyrði“, bls. 6, og Örlygur Steinn Sigurjónsson: „Árni hættir við málsókn á hendur Agnesi“, bls. 9. Heimfærslu ummælanna til 2. mgr. 238. gr. alm. hgl. í stefnu má ráða af yfirlýsingu hins dæmda sem er birt er í síðargreindu fréttinni.

7. Ályktarorð

Er þá lokið umfjöllun um *exceptio veritatis*, meginregluna um vítaleysi sannra ummæla, og frávik frá henni. Bæði hefur verið vikið nokkuð ýtarlega að efninu með almennum hætti og einnig með tilliti til fjölmiðla, hlutverks þeirra og mikilvægis í Lýðræðisþjóðfélagi. Verða nú tekin saman nokkur atriði ritgerðarinnar, helstu niðurstöður hennar reifaðar og lagt út af þeim.

Ekki leikur neinn vafi á því að í íslenskum rétti er *exceptio veritatis* meginreglan um sanna ærumeiðandi tjáningu, en í henni felst að slík ummæli eða tjáning varði ekki refsí- eða bótaábyrgð þótt þau uppfylli að öðru leyti skilyrði ærumeiðinga, að því gefnu að takist að sanna þau og þau séu ekki klædd í verri búning en tilefni standa til. Hún á sér bæði stoð í ákvæðum 73. gr. stjórnarskrár um tjáningarfrelsi og almennum hegningarlögum auk þess sem finna má henni glöggan stað í áratugalangri dómaframkvæmd og fræðaskrifum. Verður að telja þetta afar mikilvægt fyrir frjálsa umræðu og ekki síst frjálsa fjölmiðlun en væri reglan ekki fyrir hendi myndi það hamla störfum fjölmiðla mjög og aftra þeim frá að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Án hennar virðist óumflýjanlegt að frjáls fjölmiðlun eins og hún þekktist nú myndi leggjast af og því fylgir að lýðræðinu sjálfu væri stefnt í hættu.

Reglan gildir þó ekki óskoruð og gerðar eru undantekningar frá henni til verndar æru fólks og einkalífi, réttinda sem njóta verndar 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þessar undantekningar fela í sér takmarkanir á tjáningarfrelsi og skulu þær því uppfylla skilyrði 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrár. Niðurstaða um það hvenær rétt sé að takmarka sanna tjáningu er óhjákvæmilega þeim fyrirvara háð að erfitt hlýtur að reynast að draga fram algilda reglu í þessu efni þar sem aðstæður í hverju einstöku tilviki geta riðið baggamuninn; draga verður alla viðeigandi þætti inn í matið en líta þarf til þess um hvað er fjallað, hvenær það átti sér stað, hver á í hlut og þar fram eftir götunum. Mat um þetta getur reynst harla torvelt og ekki víst að allir séu sammála um niðurstöðuna hverju sinni, ekki síst hvað varðar fjölmiðlun en það má glögg sjá í ólíkum efnistöfum íslenskra fjölmiðla að deildar meiningar eru um hvar skuli draga línuna. Að sama skapi er mikilvægt að jafnvægi sé milli meginreglunnar og undantekninga frá henni og að hvert tilfelli sé rétt metið, enda eru í húfi stjórnarskrárvarin réttindi sem ekki skulu skert nema mikið liggja við. Hér verða þessi réttindi að mætast þannig á miðri leið að á engin þeirra halli meira en nauðsynlegt er og heimilt að lögum. Væri saumað um of að *exceptio veritatis* gæti það haft líkar afleiðingar og ef reglunnar nyti ekki við og verður því að stíga varlega til jarðar í að hamla sannri tjáningu á þeim grundvelli að hún sé ærumeiðandi. Væri fólki aftur á móti gefinn of laus taumurinn í að hafa í frammi sannar ærumeiðingar er hætt við að réttur þeirra sem um er rætt til æruverndar og einkalífs yrði fyrir borð borinn.

Í dómaframkvæmd hefur tiltölulega sjaldan verið talin ástæða til að víkja frá meginreglunni á grundvelli sjónarmiða um æruvernd og á sum lögfest frávik þar að lútandi virðist aldrei hafa reynt fyrir dómi. Þrátt fyrir þetta verður að telja að réttlátt sé og eðlilegt að setja sannri tjáningu einhverjar hömlur vegna æru manna enda styðjist þau við góð rök, en því er ekki svo farið að tjáning allra sanninda sé til þess fallin að þjóna þeim hagsmunum sem *exceptio veritatis* er ætlað að vernda eða eigi erindi í fjölmiðla og þjóðmálaumræðu. Má þess vegna í megindráttum fallast á frávik íslenskra laga frá hinni rótgrónu meginreglu. Athuga ber að þegar um er að ræða ummæli í þjóðmálaumræðu vegna sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi þungt og þrengja verulega að frávikunum, jafnvel svo mikið að þýðing þeirra verði hverfandi þegar um fjölmiðlun er að ræða. Þetta dregur þó ekki úr nauðsyn frávikanna sem geta þrátt fyrir allt átt við og hafa að auki meira vægi þar sem þjóðmálaumræðunni sleppir.

Gera verður nokkurn fyrirvara við það frávik frá *exceptio veritatis* sem felst í ákvæði 2. mgr. 238. gr. almennra hegningarlaga, en áhöld eru um stjórnskipulegt gildi þess gagnvart vernd tjáningarfrelsis fólks. Telja verður að hin einstrengingslega regla sem í ákvæðinu felst falli illa að seinni tíma viðhorfum til tjáningarfrelsis og einkum sjónarmiðum um rýmkað tjáningarfrelsi í þjóðmálaumræðu, þó að grunnhugsunin að baki því sé réttmæt. Svo virðist sem að þær sönnu ærumeiðingar sem undir ákvæðið gætu heyrt nýtu nægrar og hæfilegrar verndar samkvæmt 237. gr. laganna en þar sem henni sleppir og ákvæði 2. mgr. 238. gr. tekur við virðist í raun gengið lengra en nauðsynlegt má telja til að verja æru manna fyrir sannleikanum um þá.

Exceptio veritatis er útfærð með allströngum hætti að íslenskum rétti en góð trú um sannindi staðhæfinga um staðreyndir leiðir ekki til vítaleysis, eiginleg sönnun efnis staðhæfinga verður að koma til. Er þetta ólíkt því sem gerist í rétti margra annarra þjóða og einnig á skjön við viðhorf mannréttindadómstóls Evrópu til vítaleysis sannra ummæla. Hér á landi hefur þannig verið horft framhjá huglægri afstöðu þess sem staðhæfingu hefur í frammi en í dómum Hæstaréttar Íslands á allra síðustu misserum hillir þó mögulega undir að góð trú um sannindi staðhæfinga geti skipt máli. Ekki er þó hægt að tala um réttarþróun í því samhengi, að minnsta kosti ekki enn sem komið er. Þróun í þessa átt væri í samræmi við áralanga framkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu sem lagt hefur góða trú um sannindi staðhæfinga um staðreyndir að jöfnu við raunverulega sönnun þeirra. Í ljósi hinnar sérstöku þýðingar úrlausna mannréttindadómstólsins er hreint ekki fráleitt að ætla að héraendur dómstólar muni á næstunni breyta viðhorfi sínu í þessum efnum en nokkurri furðu sætir að þeir hafi ekki nú þegar tekið að hvika meira frá stefnu sinni en raun ber vitni. Er það ekki síst athyglivert í ljósi þess hve gjarna réttarframkvæmd hér hefur tekið mið af framkvæmd dómstólsins á undanförunum tveimur áratugum eða svo, ekki síst hvað varðar tjáningarfrelsi.

Æskilegt má telja að íslenskir dómstólar tileinki sér sjónarmið mannréttindadómstólsins um góða trú varðandi sannindi staðhæfinga um staðreyndir. Myndi það um margt fela í sér sanngjarnari og eðlilegri reglu sem að auki væri fullkomnari frá refsiréttarlegu sjónarmiði. Þessu til skýringar má tilfæra tilbúið dæmi sem bregður harla neikvæðu ljósi á regluna eins og hún er útfærð nú. Maður brigslar náunga sínum um glæp og færir fram til sönnunar staðhæfingu sinni myndband af verknaðinum sem hann komst yfir fyrir tilviljun og er ástæða þess að hann brigslar náunga sínum. Á myndbandinu má glögglega sjá náungann fremja þann glæp sem hann er sakaður um. Náunginn sýnir aftur á móti fram á með óyggjandi hætti að myndbandið sé afar vönduð fölsun sem aðeins er á færi mestu sérfræðinga að sjá í gegnum. Hér ætti góð trú mannsins strangt til tekið ekki að skipta neinu máli að íslenskum rétti og yrði að sakfella hann fyrir ærumeiðingu enda hefði hann ekki sannað aðdróttun sína á hendur náungann. Verður að telja þetta óeðlilega niðurstöðu enda skortir hér með öllu ásetning til ærumeiðingar og vart verður talið að gáleysi sé heldur fyrir að fara. Aftur á móti verður í þessu samhengi að athuga að einhvers konar regla um *exceptio bona fidei* væri öllu flóknari í framkvæmd auk þess sem færa má rök fyrir því að hún leiddi til of lítillar verndar æru þess sem fyrir aðdróttun verður.

Þýðing breytinga í þessa veru væri mikil fyrir frjálssa þjóðmálaumræðu almennt og ekki síst fyrir fjölmiðla. Væri þeim í skjóli slíkrar reglu, vegna óhjákvæmilegra starfshátta sinna, hægara um vik að gegna mikilvægu hlutverki sínu án þess að eiga á hættu að baka sér refsíabyrgð eða bótaskyldu. Þó yrði að fara varlega í sakirnar og tryggja að fjölmiðlamenn væru ekki ábyrgðarlausir í verkum sínum. Til að stemma stigu við því hefur mannréttindadómstóllinn gert nokkuð ríkar kröfur til huglægrar afstöðu fjölmiðlafólks, heimildaöflunar og forsvaranlegra vinnubragða þeirra almennt. Verður að telja þetta æskilegt enda miklir hagsmunir í húfi, bæði fyrir almenning og þá sem til umfjöllunar eru. Þá væri eðlilegt að sönnunarbyrði um góða trú um sannindi ummæla lægi hjá þeim sem hefur þau í frammi, hvort sem um er að ræða tjáningu í fjölmiðlum eða almennt.

Hvað varðar þýðingu góðrar trúar um gildisdóma hafa íslenskir dómstólar mun frekar fylgt stefnu mannréttindadómstólsins. Þannig virðist lítið svo á að ef sá sem fellir gildisdóm er talinn í góðri trú um staðreyndagrundvöll hans sé gildisdómurinn honum vítalaus. Skipta þessi sérsjónarmið um gildisdóma verulegu máli þar sem gildisdómar verða eðlis síns vegna ekki sannaðir en eru að sama skapi mikilvægir í frjálstri og opinni þjóðmálaumræðu. Hugtakið gildisdómur hefur verið skýrt mjög rúmt, bæði fyrir mannréttindadómstólnum og að íslenskum rétti, og hafa sjónarmið um þá jafnvel verið talin gilda um ummæli sem bera ýmis einkenni staðhæfinga um staðreyndir. Þá virðist mega ráða af dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins að hann telji að í sumum tilvikum geti verið rétt að meta staðhæfingar

um staðreyndir sem gildisdóma ef þær fela í sér innlegg í opinbera þjóðmálaumræðu. Felst í þessu allmikil tilslökun varðandi sönnun ærumeiðandi staðhæfinga um staðreyndir en ekki verður séð að reynt hafi á þetta efni fyrir íslenskum dómstólum þannig að unnt sé að draga afdráttarlausar ályktanir um íslenskan rétt hvað það varðar.

Í úrlausnum mannréttindadómstólsins hefur einnig borið á tilslökun varðandi sönnun þegar í fjölmiðlum er greint frá orðrómi eða sögusögnum og hefur dómstóllinn slegið því föstu að slík tjáning geti notið verndar 10. gr. mannréttinasáttmálans þótt ekki séu færðar beinar sönnur á hana. Að vissum skilyrðum uppfylltum hefur fjölmiðlafólki því ekki verið gert að færa sönnur á efni umfjallana sem byggðar eru á orðrómi eða sögusögnum án þess að vísað sé til heimildarmanns eða tiltekinnar heimildar. Hefðbundin sjónarmið um sönnun ummæla að íslenskum rétti leiða aftur á móti til þess að ummæli sem þessi beri að sanna efnislega með venjulegum hætti eigi þau að vera vítalaus. Á þetta hefur þó ekki reynt skýrlega fyrir dómi hér á landi og eins og endranær verður að telja líklegt að íslenskir dómendur feti í fótspor mannréttindadómstólsins komi álitafnið til kasta þeirra.

Af *Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)* má ráða að ef sönnun ummæla er óhæfilegum erfiðleikum bundin kunni það að leiða til þess að ekki verði krafist sönnunar þeirra svo þau verði talin vítalaus, að minnsta kosti ef sjónarmið um rýmkað tjáningarfrelsi eiga einnig við. Ekki eru forsendur til að draga víðtækar ályktanir af þessum dómi, ekki síst vegna þess að óljóst er hve mikla þýðingu Hæstiréttur telur sönnunarerfiðleikana hafa gagnvart sjónarmiðum um rýmkað tjáningarfrelsi og öðru sem hafði áhrif á niðurstöðu málsins. Ekki verður séð að sams konar sjónarmiðum hafi verið beitt í framkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu en þess eru dæmi að mikill aðstöðumunur aðila og sönnunarerfiðleikar sem honum fylgdi hafi leitt til þess að sönnunar ummæla var ekki krafist.

Ábyrgðarfyrirkomulag IX. kafla laga um fjölmiðla er nokkur réttarbót frá því sem áður var en felur þó í sér að fjölmiðlafólk, greinarhöfundar, efnisstjórar eða ábyrgðarmenn geta þurft að axla ábyrgð og sönnunarbyrði vegna ummæla viðmælenda sem höfð eru eftir í óbeinni ræðu og jafnvel, þegar útvarp á í hlut, beinni ræðu. Virðist hér engu skipta að efni ummæla sé komið óbjöguðu til skila og að viðmælandinn leggi blessun sína yfir birtingu eða útsendingu ummælanna. Sýnist þessi tilhögun ábyrgðar hvorki eðlileg né sanngjörn í ljósi hlutverks fjölmiðla, tjáningarfrellis þeirra og nauðsynlegra starfshátta. Er þetta sérlega þungbært vegna þess hve vægar kröfur eru gerðar um ásetning til ærumeiðinga. Af dómaframkvæmd mannréttindadómstóls Evrópu má ráða að þar er áhersla fyrst og fremst lögð á að efnislega rétt sé haft eftir viðmælenda og virðist fyrirkomulag fjölmiðlalaganna því í nokkru ósamræmi við viðhorf dómstólsins í þessum efnum. Alls ekki er útilokað að ef þessi tilhögun

sönnunarbyrðar rataði fyrir dómstólinn yrði hún talin brjóta í bága við tjáningarfrelsisákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og má að öllu virtu jafnvel telja það líklegt. Er því æskilegt að ábyrgðarreglur fjölmiðlalaga verði teknar til skoðunar með þetta að leiðarljósi.

Því má velta upp hvort hér á landi geti verið heppilegt að fara sömu leið og Norðmenn og gefa refsivernd ærunnar upp á bátinn. Sjónarmið að baki þessari miklu breytingu norskra hegningarlaga eru góð og gild og rétt er að ákvæði um friðhelgi einkalífs og einkaréttarleg úrræði geta að töluverðu leyti tryggt hagsmuni þeirra sem telja að æru sinni vegið. Ætla má að hér á landi séu að miklu leyti sömu forsendur fyrir hendi og í Noregi, lög og lagahefð hér eru lík og íslenska ríkið er, eins og hið norska, aðili að mannréttindasáttmála Evrópu. Að auki hafa refsingar við ærumeiðingum verið vægar hér og eftir því sem best verður séð af dómaframkvæmd hefur aldrei komið til fangavistar fyrir slík brot, að minnsta kosti ekki á seinni árum. Aftur á móti verður að athuga að vel er hugsanlegt að svo alvarlega sé brotið gegn æru einhvers, til dæmis með skipulegum rógburði eða ófrægingarherferð, að refsivörslu megi telja réttláta og nauðsynlega. Er þetta ekki síst raunhæft þegar fjölmiðlar eiga í hlut enda eru áhrif þeirra og útbreiðsla gífurleg og ábyrgð þeirra að sama skapi mikil. Að þessu virtu má telja æskilegt að æra manna njóti áfram refsiverndar að íslenskum lögum enda felast í henni mikilvæg persónuréttindi sem eðlilegt er að njóti ríkrar réttarverndar.

Telja má að vernd sannra ærumeiðandi ummæla yrði síst minni við almennt brottfall refsinga við ærumeiðingum þó að henni væri þá komið við með nokkuð öðrum hætti. Þar sem sönn ummæli geta auðveldlega skert æru manna á óréttmætan hátt, gildir í þessu samhengi það sama um þær og ærumeiðingar endranær og telst refsivarsla vegna þeirra því eðlileg.

HELSTU SKAMMSTAFANIR

<i>alm. hgl.</i>	Almenn hegningarlög nr. 19/1940
<i>BMI</i>	Blaðamannafélag Íslands
<i>egr.</i>	Efnisgrein
<i>fml.</i>	Lög um fjölmiðla nr. 38/2011
<i>Hérd.</i>	Héraðsdómur
<i>Hrd.</i>	Hæstaréttardómur
<i>MDE/mde.</i>	Mannréttindadómstóll Evrópu
<i>mse.</i>	Mannréttinasáttmáli Evrópu
<i>prl.</i>	Lög nr. 57/1956 um prentrétt
<i>stjskl. nr. 97/1995</i>	Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 97/1995
<i>stjskr.</i>	Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944
<i>UfR.</i>	Ugeskrift for Retsvæsen
<i>uppl.</i>	Upplýsingalög nr. 50/1996
<i>úvl.</i>	Útvarpslög á hverjum tíma, síðast lög nr. 53/2000

HEIMILDASKRÁ

A Free and Responsible Press. A General Report on Mass Communication: Newspapers, Radio, Motion Pictures, Magazines and Books. The University of Chicago Press. Chicago 1947.

Albertazzi, Daniele og Copley, Paul: „Introduction“. *The Media: An Introduction*. Daniele Albertazzi og Paul Copley ritstýrðu. Harlow 2010, bls. 1-12.

Albertazzi, Daniele og Copley, Paul: „What are the Media?“. *The Media: An Introduction*. Daniele Albertazzi og Paul Copley ritstýrðu. Harlow 2010, bls. 75-76.

Alþingistíðindi.

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*. Reykjavík 1989.

Bagdikian, Ben H.: *The Media Monopoly*. 4. útgáfa. Boston 1992.

Barendt, Eric: *Freedom of Speech*. New York 1985. (Endurprentun 1. útgáfu með viðbótum frá 1996.)

Barendt, Eric: *Freedom of Speech*. 2. útgáfa. New York. 2005.

Blackburn, Robert: „The Institutions and Processes of the Convention“. *Fundamental Rights in Europe. The The European Convention on Human Rights and its Member States, 1950-2000*. Robert Blackburn og Jörg Polakiewicz ritstýrðu. New York 2001, bls. 3-29.

Boronat Tormo, Mercedes: „Razones contra el entendimiento de la «exceptio veritatis» como mecanismo de tutela de la libertad de expresion“. *Boletín de Información. Ministerio de Justicia e Interior*, 5. mars 1994, bls. 103-110.

Björg Thorarensen: „Áhrif mannréttindasáttmála Evrópu á vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. tbl. 2003, bls. 373-420.

Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson o.fl. ritstýrðu. Reykjavík 2005, bls. 286-341.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson: *Þjóðaréttur*. Reykjavík 2011.

Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 1997, bls. 63-103.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*. Reykjavík 1996.

Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson o.fl. ritstýrðu. Reykjavík 2005, bls. 29-88.

- Einar Arnórsson: „Meiðyrði og meiðyrðamál“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 1952, bls. 123-178.
- Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila. Vernd lögaðila samkvæmt mannréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum 71. og 73. gr.* Reykjavík 2011.
- Eiríkur Jónsson: „Miskabætur vegna ólögætrar meingerðar gegn æru samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2007, bls. 25-96.
- Eiríkur Tómasson: „Meginreglur sakamálaréttarfars“ 2. útgáfa. *Sakamálaréttarfar. Ritsafn.* Reykjavík 2010, bls. 1-34.
- Feinberg, Joel: *Offence to Others. The Moral Limits of the Criminal Law.* New York 1985.
- Gaukur Jörundsson: „Mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 1969, bls. 38-48.
- Greve, Vagn o.fl.: *Kommenterat straffelov. Special del. 9.* útgáfa. Kaupmannahöfn 2008.
- Guðrún Gauksdóttir: „Iceland“. *Fundamental Rights in Europe. The European Convention on Human Rights and its Member States, 1950-2000.* Robert Blackburn og Jörg Polakiewicz ritstýrðu. New York 2001, bls. 399-422.
- Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur.* 2. útgáfa. Reykjavík 1999.
- Gunnar Thoroddsen: *Fjölmæli.* Reykjavík 1967.
- Gunnar Thoroddsen: „Málfrelsi og meiðyrði“. *Samtíð og saga III. Nokkrir háskólafrirlestrar.* Reykjavík 1946, bls. 138-165 (flutt 6. desember 1942).
- Gunnar Thoroddsen: *Æran og vernd hennar.* Reykjavík 1943.
- Halldóra Þorsteinsdóttir: „Vægari kröfur til sönnunar ummæla í meiðyrðamálum. Þróun dómaframkvæmdar mannréttindadómstóls Evrópu í tengslum við kröfur til sönnunar ummæla“. *Úlfjótur*, 1. tbl. 2012, bls. 45-100.
- Harrison, Jackie: „News Media“. *The Media: An Introduction.* Daniele Albertazzi og Paul Copley ritstýrðu. Harlow 2010, bls. 246-257.
- Herdís Thorgeirsdóttir: *Journalism Worthy of the Name. Freedom within the Press and the Affirmative Side of Article 10 of the European Convention on Human Rights.* Leiden 2005.
- Hörður Einarsson: *Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar.* Reykjavík 1997.
- Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð I.* Reykjavík 1999.
- Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II.* Reykjavík 2002.
- Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð III.* Reykjavík 2004.
- Lorimer, Rowland ásamt Scannell, Paddy: *Mass Communications: A Comparative Introduction.* Manchester 1994.

- MacKinnon, Catharine A.: *Only Words*. Cambridge 1993.
- Magnús Thoroddsen: „Sæmdarréttur“. *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994, bls. 397-406.
- Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*. 2. útgáfa. Reykjavík 2003.
- McQuail, Denis: *McQuail's Mass Communication Theory*. 4. útgáfa. Oxford 2000.
- McQuail, Denis: *McQuail's Mass Communication Theory*. 5. útgáfa. Oxfordshire 2005.
- Mill, John Stuart: *Frelsið*. Reykjavík 1970.
- Mills, C. Wright: *The Power Elite*. New York 1956.
- Nelson, Alvar: *Rätt och ära. Studier i svensk straffrätt*. Uppsala 1950.
- Nevelow Mart, Susan: „The Right to Receive Information“. *Law Library Journal*, 2. tbl. 2003, bls. 175-189.
- Ovey, Clare og White, Robin: *Jacobs and White, The European Convention on Human Rights*. 4. útgáfa. Oxford, 2006.
- Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipan Íslands*. Reykjavík 1960.
- Patai, Daphne: *What Price Utopia?* Lanham 2008.
- Páll Hreinsson: *Upplýsingalögin. Kennslurit*. Reykjavík 1996.
- Páll Sigurðsson: „Ábyrgð á meiðandi ummælum í prentfjölmiðli, sem höfð eru eftir nafngreindum viðmælanda. Umdeildur dómur Hæstaréttar“. *Lagásýn*. Reykjavík 2009, bls. 53-78.
- Páll Sigurðsson: „Fjölmiðlalögin nýju. Nokkrar athugasemdir“. *Lagavangur*. Reykjavík 2011, bls. 15-45.
- Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík 1997.
- Páll Sigurðsson: *Höfundaréttur. Meginreglur íslensks réttar um höfundarvernd*. Reykjavík 1994.
- Páll Sigurðsson: *Mannhelgi. Höfuðþættir almennrar persónuverndar*. Reykjavík 2010.
- Páll Sigurðsson: „Refsileyti meiðandi gildisdóma. Meiðyrðamál Kristmanns Guðmundssonar gegn Thor Vilhjálmsyni í ljósi nýrrar þróunar í dómsmálum, er varða æruvernd“. *Lagaskuggsjá. Greinar um lög og sögu*. Reykjavík 2004, bls. 97-126.
- Páll Þórhallsson: „Tjáningarfrelsi“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson o.fl. ritstýrðu. Reykjavík 2005, bls. 359-389.

Polakiewicz, Jörg: „The Execution of Judgments of the European Court of Human Rights“. *Fundamental Rights in Europe. The European Convention on Human Rights and its Member States, 1950-2000*. Robert Blackburn og Jörg Polakiewicz ritstýrðu. New York 2001, bls. 55-76.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Reykjavík 2007.

Robinson, O.F.: *The Criminal Law of Ancient Rome*. Trowbridge 1995.

Safn greinargerða með almennum hegningarlögum. Ragna Árnadóttir og Sigurbjörn Á. Þorbergsson höfðu umsjón með útgáfunni. Úlfjótur tímarit laganema, 1989.

Seaton, Jean: „A Diversity of Understanding: The Increasing Importance of Major Public Service Broadcasting Institutions“. *The Price of Plurality. Choice, Diversity and Broadcasting Institutions in the Digital Age*. Tim Gardam og David A.L. Levy ritstýrðu. Oxford 2008, bls. 120-124.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir*. 2. útgáfa. Reykjavík 2003.

Snow, Lisa K.: „A Broader Approach to the Substantial Truth Defence“. *Boston College Law Review*, 3. tbl., 1988, bls. 769-786.

Stefán Már Stefánsson: *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið*. Reykjavík 2000.

Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Reykjavík 2005.

Vinding Kruse, A.: *Erstatningsretten*. 5. útgáfa, Kaupmannahöfn 1989.

Þórður Eyjólfsson: *Persónuréttur*. 2. útgáfa. Reykjavík 1967.

Heimildir af veraldarvefnum:

Coronel, Sheila S.: „The Role of the Media in Deepening Democracy“. 2003.

<http://unpan1.un.org/intradoc/groups/public/documents/un/unpan010194.pdf>

(síðast skoðuð 2. júní 2012).

Culture, Media and Sport Committee - Second Report. Press standards, privacy and libel. House of Commons, 2010.

<http://www.publications.parliament.uk/pa/cm200910/cmselect/cmcomeds/362/36202.htm>

(síðast skoðuð 17. nóvember 2012).

de Villiers, Meiring: „Substantial Truth in Defamation Law“.

http://www.law.unsw.edu.au/sites/law.unsw.edu.au/files/pre/f/docs/pubs/unsw_mdevilliers_substantial_truth_in_defamation_law.pdf (síðast skoðuð 16. nóvember 2012).

„Defamation“. *Encyclopædia Britannica. Encyclopædia Britannica Online Academic Edition*.
<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/155602/defamation?anchor=ref282781> (síðast skoðuð 17. nóvember 2012).

Frumvarp til stjórnskipunarlags ásamt skýringum. Stjórnlagaráð, Reykjavík 2011.
http://www.stjornlagarad.is/other_files/stjornlagarad/Frumvarp_med_skyringum.pdf
(síðast skoðuð 23. júlí 2012).

Mill, David van: „Freedom of Speech“. *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*.
Haustútgáfa 2012. Edward N. Zalta ritstýrði.
<http://plato.stanford.edu/entries/freedom-speech> og <http://plato.stanford.edu/archives/fall2012/entries/freedom-speech> (síðast skoðuð 26. júlí 2012).

„General Laws“,
<http://www.malegislature.gov/Laws/GeneralLaws/PartIII/TitleII/Chapter231/Section92>
(síðast skoðuð 17. nóvember 2012)

„Om lov om endringer i straffeloven 20. mai 2005 nr. 28 (siste delproposisjon - slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)“. *Ot.prp. nr. 22 (2008-2009)*. Det Kongelige Justis- og politidepartment, 2008.
<http://www.regjeringen.no/pages/2138594/PDFS/OTP200820090022000DDDDPDFS.pdf>
(síðast skoðuð 14. nóvember 2012).

Steven, Daniel: „When Truth Is No Defence“. 2002.
<http://www.publishlawyer.com/carousel4.htm> (síðast skoðuð 16. nóvember 2012)

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um fjölmiðla. Blaðamannafélag Íslands, Reykjavík 2010. <http://press.is/static/files/umsogn.pdf> (síðast skoðuð 29. júní 2012).

„Uppreist æra“, <http://www.innanrikisraduneyti.is/fyrirspurnir/algengar/uppreistaera>
(síðast skoðuð 14. desember 2012)

Vefsíða Blaðamannafélags Íslands, <http://press.is/> (síðast skoðuð 29. júní 2012).

Vefsíða Stjórnlagaráðs, <http://www.stjornlagarad.is> (síðast skoðuð 24. júní 2012).

Þingskjal 215 frá 139. löggjafarþingi 2010-2011 (enn óbirt í A-deild Alþingistíðinda).
<http://www.althingi.is/alttext/139/s/pdf/0215.pdf> (síðast skoðuð 29. júní 2012).

Fréttir og greinar almenns efnis:

„Árni Johnsen hefur fengið uppreist æru“. *Morgunblaðið*, 31. ágúst 2006, bls. 14.

Björn Bjarnason: „Leiðrétting orða leiðir ekki til sýknu“. 6. mars 2012.
<http://www.bjorn.is/pistlar/nr/6229> (síðast skoðuð 26. nóvember 2012).

„Björn má áfrýja“. 5. júní 2012.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/06/05/bjorn_ma_afryja/ (síðast skoðað 26. nóvember 2012)

„Einhentur kennari sagður nauðga piltum“. *DV*, 10. janúar 2006, bls. 1.

„Heimakennari kærður fyrir að nauðga piltum“. *DV*, 10. janúar 2006, bls. 8.

Robert Gjerde: „Ærekrenkelse ikke straffbart lenger“, *Aftenposten*, 8. desember 2008.

<http://www.aftenposten.no/nyheter/iriks/article2813397.ece>
(síðast skoðuð 14. nóvember 2012).

Sunna Ósk Logadóttir: „Sagðist ekki geta staðið undir þessari fjölmiðlaatlögu“. *Morgunblaðið*, 12. janúar 2006, bls. 1.

Una Sighvatsdóttir: „Agnesi Bragadóttur stefnt fyrir meiðyrði“, *Morgunblaðið*, 6. september 2008, bls. 6.

„Við fjölluðum af sanngirni um þetta mál“. *Morgunblaðið*, 12. janúar 2006, bls. 4.

„Ytringsfriheten styrkes – straff for ærekrenkelser oppheves“. Justis- og beredskapsdepartementet, 19. desember 2008, nr. 157 – 2008.

<http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/pressemelder/pressemeldinger/2008/ytringsfriheten-styrkes--straff-for-arek.html?id=541159> (síðast skoðuð 14. nóvember 2012).

Örlygur Steinn Sigurjónsson: „Árni hættir við málsókn á hendur Agnesi“, *Morgunblaðið*, 10. september 2008, bls. 9.

DÓMASKRÁ*

Dómar Hæstaréttar Íslands:

<i>Hrd. 1926, bls. 368</i>	61
<i>Hrd. 1929, bls. 1242</i>	100, 103
<i>Hrd. 1939, bls. 285</i>	52
<i>Hrd. 1940, bls. 352</i>	53
<i>Hrd. 1943, bls. 237</i>	35
<i>Hrd. 1944, bls. 295</i>	44
<i>Hrd. 1953, bls. 503</i>	101
<i>Hrd. 1955, bls. 540</i>	59, 64, 70, 99, 101, 105, 110, 111
<i>Hrd. 1961, bls. 772</i>	61
<i>Hrd. 1961, bls. 815</i>	20
<i>Hrd. 1962, bls. 159</i>	59, 60
<i>Hrd. 1965, bls. 448</i>	98, 99, 101, 105, 111
<i>Hrd. 1967, bls. 264</i>	61, 105
<i>Hrd. 1968, bls. 1007</i>	35
<i>Hrd. 1971, bls. 1012</i>	61
<i>Hrd. 1975, bls. 578</i>	35, 51
<i>Hrd. 1976, bls. 4</i>	53
<i>Hrd. 1977, bls. 375</i>	39, 53, 90, 110
<i>Hrd. 1977, bls. 1184</i>	20
<i>Hrd. 1978, bls. 126</i>	105
<i>Hrd. 1978, bls. 414</i>	110
<i>Hrd. 1978, bls. 535</i>	45
<i>Hrd. 1979, bls. 588</i>	26, 51
<i>Hrd. 1981, bls. 490</i>	44
<i>Hrd. 1981, bls. 652</i>	61, 64

* Feitletraðir eru þeir dómar sem reifaðir eru, vitnað er orðrétt til eða á annan hátt gerð sérstök skil.

Hrd. 1982, bls. 1648	100, 110
<i>Hrd. 1984, bls. 855</i>	36, 52
<i>Hrd. 1985, bls. 1148</i>	105, 111
Hrd. 1987, bls. 748	27, 52
Hrd. 1987, bls. 757	27
<i>Hrd. 1990, bls. 2</i>	26
Hrd. 1990, bls. 1103	26, 27, 36
<i>Hrd. 1992, bls. 401</i>	26
<i>Hrd. 1993, bls. 565</i>	20, 26
<i>Hrd. 1993, bls. 932</i>	61
Hrd. 1995, bls. 408	26, 27, 34, 38, 64
<i>Hrd. 1995, bls. 752</i>	89
<i>Hrd. 1995, bls. 774</i>	45
<i>Hrd. 1996, bls. 40</i>	38, 39
Hrd. 1997, bls. 3618	39, 67, 105, 110, 111
Hrd. 1998, bls. 1376	52, 59, 60, 64, 67, 82, 105, 110, 111
Hrd. 1999, bls. 781	31, 36
<i>Hrd. 1999, bls. 857</i>	36
<i>Hrd. 1999, bls. 3386 (65/1999)</i>	31
Hrd. 2000, bls. 3412 (248/2000)	65
Hrd. 2000, bls. 4506 (272/2000)	39, 90, 91, 98, 119
<i>Hrd. 2002, bls. 1024 (397/2001)</i>	31
Hrd. 2002, bls. 1212 (306/2001)	42, 67, 106
<i>Hrd. 2002, bls. 1485 (461/2001)</i>	20, 47
Hrd. 2003, bls. 435 (393/2002)	115
<i>Hrd. 2003, bls. 3136 (36/2003)</i>	61
<i>Hrd. 2004, bls. 1553 (382/2003)</i>	42, 67, 105, 106, 111
Hrd. 2005, bls. 5105 (181/2005)	48, 59, 60, 61, 64, 67, 82
Hrd. 2006, bls. 1689 (220/2005)	31, 36
Hrd. 2006, bls. 2759 (541/2005)	39, 90
Hrd. 1. mars 2007 (278/2006)	39
<i>Hrd. 5. júní 2008 (385/2007)</i>	72
<i>Hrd. 4. október 2007 (37/2007)</i>	39, 107
<i>Hrd. 29. maí 2008 (435/2007)</i>	71
Hrd. 2. október 2008 (653/2007)	44, 70, 107

<i>Hrd. 23. október 2008 (491/2007)</i>	31, 36
<i>Hrd. 29. janúar 2009 (321/2008)</i>	44, 48, 67, 82
<i>Hrd. 5. mars 2009 (328/2008)</i>	20, 82, 89
<i>Hrd. 19. mars 2009 (448/2008)</i>	61, 64, 73
<i>Hrd. 30. apríl 2009 (475/2008)</i>	45, 82, 89
<i>Hrd. 18. febrúar 2010 (104/2009)</i>	59, 60, 64, 70, 73, 82, 100
<i>Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)</i>	45, 61, 71, 82, 112
<i>Hrd. 10. mars 2011 (329/2010)</i>	61
<i>Hrd. 10. nóvember 2011 (65/2011)</i>	39
<i>Hrd. 24. nóvember 2011 (100/2011)</i>	38, 39, 110
<i>Hrd. 24. nóvember 2011 (179/2011)</i>	84
<i>Hrd. 31. maí 2012 (591/2011)</i>	20
<i>Hrd. 14. júní 2012 (671/2011)</i>	71, 84
<i>Hrd. 18. október 2012 (673/2011)</i>	67, 84
<i>Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)</i>	65, 84
<i>Hrd. 6. desember 2012 (314/2012)</i>	71, 72, 84, 92

Íslenskir héraðsdómar

<i>Hérd. Rvk. 23. júní 2006 (E-7593/2005)</i>	67
<i>Hérd. Reykn. 5. júní 2007 (E-2299/2006)</i>	65, 71, 74
<i>Hérd. Rvk. 22. október 2008 (E-8596/2007)</i>	73
<i>Hérd. Rvk. 13. október 2011 (E-6524/2010)</i>	105
<i>Hérd. Rvk. 5. janúar 2012 (E-1451/2011)</i>	105
<i>Hérd. Rvk. 6. mars 2012 (E-3832/2011)</i>	50, 72
<i>Hérd. Reykn. 18. apríl 2012 (E-1572/2011)</i>	48, 50
<i>Hérd. Reykn. 27. júní 2012 (S-514/2012)</i>	44

Danskir dómur:

<i>UfR. 1943, bls. 66 (Hæstiréttur)</i>	95
<i>UfR. 1943, bls. 113 (Hæstiréttur)</i>	95
<i>UfR. 1946, bls. 58 (Hæstiréttur)</i>	105
<i>UfR. 1959, bls. 828 (Eystri Landsréttur)</i>	105

Bandarískir dómur:

Hæstiréttur Bandaríkjanna:

New York Times Co. gegn Sullivan, 376 US bls. 254 (1964) 77

Hæstiréttur Pennsylvania:

Jackson gegn Pittsburg Times, 152 Pa., bls. 406 (1893) 77

Hæstiréttur Tennessee:

Memphis Publishing Co. gegn Nichols, 569 S.W.2d, bls. 412 (1978) 78

Hæstiréttur Vermont:

Weisburgh gegn Mahady, 147 Vt. 70, 511 A.2d, bls. 304 (1986) 77

Áfrýjunarréttur í Illinois:

Vachet gegn Central Newspapers, Inc., 816 F.2d, bls 313 (1987) 78

Áfrýjunarréttar í Massachusetts:

Noonan gegn Staples, Inc., 561 F.3d, bls. 4 (2009) 78

Franski stjórnlagadómstóllinn:

Ákvörðun nr. 2011-131 QPC, 20. maí 2011 79

Úrlausnir Mannréttindadómstóls Evrópu:

***MDE, Sunday Times gegn Bretlandi*, 26. apríl 1979 (6538/74) 37**

MDE, Barthold gegn Þýskalandi, 25. mars 1985 (8734/79) 33

MDE, Lingens gegn Austurríki, 8. júlí 1986 (9815/82) 31, 38, 66, 69

MDE, Müller o.fl. gegn Sviss, 24. maí 1988 (10757/84) 31

MDE, Markt intern Verlag og Klaus Beerman gegn Þýskalandi, 20. nóvember 1989
(10572/83) 107

MDE, Autronic gegn Sviss, 22. maí 1990 (12726/87) 31

MDE, Oberschlick gegn Austurríki (1), 23. maí 1991 (11662/85) 31, 38, 66

***MDE, Observer og Guardian gegn Bretlandi*, 26. nóvember 1991 (13585/88) 34, 35, 38**

MDE, Castells gegn Spáni, 23. apríl 1992 (11798/85) 38, 66

MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88) 40, 74, 87

***MDE, Schwabe gegn Austurríki*, 28. ágúst 1992 (13704/88) 66, 105, 110, 114**

MDE, Jersild gegn Danmörku, 23. september 1994 (15890/89)	21, 34, 38, 47, 87
MDE, Prager og Oberschlick gegn Austurríki, 26. apríl 1995 (15974/90)	38, 40
MDE, De Haes og Gijssels gegn Belgíu, 24. febrúar 1997 (19983/92)	66, 67
MDE, Oberschlick gegn Austurríki (2), 1. júlí 1997 (20834/92)	67, 110
MDE, Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi, 20. maí 1999 (21980/93)	65, 83, 107
MDE, Du Roy og Malaurie gegn Frakklandi, 3. október 2000 (34000/96)	36
MDE, Özgür Gündem gegn Tyrklandi, 16. mars 2000 (23144/93)	40
MDE, Bergens Tidende o.fl. gegn Noregi, 2. maí 2000 (26132/95)	88
MDE, Feldek gegn Slóvakíu, 12. júlí 2000 (29032/95)	40, 66
MDE, Tammer gegn Eistlandi, 6. febrúar 2001 (41205/98)	106, 111
MDE, Jerusalem gegn Austurríki, 27. febrúar 2001 (26958/95)	67, 97
MDE, Thoma gegn Luxemborg, 29. mars 2001 (38432/97)	88
MDE, Refah Partisi o.fl. gegn Tyrklandi, 13. febrúar 2003 (41340/98, 41342/98, 41343/98 og 41344/98)	32
MDE, McVicar gegn Bretlandi, 7. maí 2002 (46311/99)	65, 69
MDE, Murphy gegn Írlandi, 10. júlí 2003 (44179/98)	31
MDE, Scharsach og News Verlagsgesellschaft gegn Austurríki, 13. nóvember 2003 (39394/98)	66, 67, 68, 110
MDE, Radio France o.fl. gegn Frakklandi, 30. mars 2004 (53984/00)	32
MDE, Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku, 17. desember 2004 (49017/99)	36, 40
MDE, Busuioc gegn Moldavíu, 21. desember 2004 (61513/00)	66, 97
MDE, Steel og Morris gegn Bretlandi, 15. febrúar 2005 (68416/01)	65, 92
Ákvörðun MDE, Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi, 20. október 2005 (4591/04)	39, 42
MDE, White gegn Svíþjóð, 19. september 2006 (42435/02)	83, 90
MDE, Verlagsgruppe News GmbH gegn Austurríki, 14. desember 2006 (76918/01)	87
MDE, Tønsberg Blad AS og Haukom gegn Noregi, 1. mars 2007 (510/04)	83
MDE, Lombardo gegn Möltu, 24. apríl 2007 (7333/2007)	90
MDE, Flux og Samson gegn Moldavíu, 23. október 2007 (28700/03)	97
MDE, Timpul Infomagazin og Anghel gegn Moldavíu, 27. nóvember 2007 (42864/05)	89
MDE, Alithia Publishing Company Ltd. og Constantinides gegn Kýpur, 22. maí 2008 (17550/03)	83
MDE, Kita gegn Póllandi, 8. júlí 2008 (57659/00)	66, 90
MDE, Bodrozic gegn Serbíu, 23. júní 2009 (32550/05)	68
MDE, Dyundin gegn Rússlandi, 14. október 2008 (37406/03)	87
MDE, Godlevskiy gegn Rússlandi 23. október 2008 (14888/03)	87

<i>MDE, Europress Holding D.O.O. gegn Króatíu , 22. október 2009 (25333/06)</i>	83
<i>MDE, Flux gegn Moldavíu, 24. nóvember 2009 (25367/05)</i>	83, 89
<i>MDE Aqualina o.fl. gegn Möltu, 14. júní 2011 (28040/08)</i>	97
<i>MDE, Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (46443/09)</i>	21, 38, 83, 85, 88, 110
<i>MDE, Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi, 10. júlí 2012 (43380/10)</i>	21, 38, 85, 88

LAGASKRÁ

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

2. gr.	96
49. gr.	54
70. gr.	65
71. gr.	42, 43, 54, 113, 116
72. gr. (nú 73. gr.)	26
73. gr.	25, 27, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 41, 42, 44, 54, 59, 68, 106, 113, 116

Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands frá 1874	26
---	----

Lög nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum

1. gr.	48
------------------	----

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

1. gr.	101
18. gr.	50
20. gr.	108
70. gr.	82, 107
84. gr.	103, 104, 113
85. gr.	103, 104, 113, 115
88. gr.	7
91. gr.	7
92. gr.	7
94. gr.	48
95. gr.	48
101. gr.	48
108. gr. (niður fallin)	64
210. gr.	36
229. gr.	106, 107, 110, 113
230. gr.	106, 107, 110
233. gr. a.	46, 47
233. gr. b.	47
234. gr.	44, 46, 47, 48, 50, 52, 55, 66, 86, 97, 98, 100, 102, 103, 106, 110

235. gr.	44, 45, 46, 47, 48, 50, 51, 52, 55, 70, 71, 72, 86, 103, 106, 107
236. gr.	46, 47, 50, 51
237. gr.	47, 51, 59, 61, 64, 75, 76, 77, 97, 98, 99, 100, 101, 102, 104, 105, 107, 110, 113, 117
238. gr.	59, 64, 76, 95, 96, 97, 103, 104, 105, 112, 113, 114, 115, 117
239. gr.	52, 53
240. gr.	47, 50
241. gr.	52, 58, 60, 105
242. gr.	51
247. gr.	72
262. gr.	72
IV. kafli	51
VII. kafli A	51
X. kafli	36
XIII. kafli	36
XXV. kafli	36, 43, 49, 59
Lög nr. 57/1956 um prentrétt	
14. gr.	20
15. gr.	20
Erfðalög nr. 8/1962	
23. gr.	52
Höfundalög nr. 73/1972	
4. gr.	47
Lög nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.	
24. gr.	51
IV. kafli	51
Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 (niður fallin)	
45. gr.	65

Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála	51
44. gr.	64
47. gr.	64
59. gr.	64
66. gr.	64
2. þáttur	64
 Stjórnsýslulög nr. 37/1993	
1. gr.	22
2. gr.	22
 Skaðabótalög nr. 50/1993	
26. gr.	52
 Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994	
2. gr.	29
 Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 97/1995	
11. gr.	31, 33
 Upplýsingalög nr. 50/1996	
1. gr.	21
3. gr.	21
II. kafli	21
 Áfengislög nr. 75/1998	36
 Útvarpslög nr. 53/2000.	19, 22, 86
 Lög nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun	22
 Lög nr. 81/2003 um fjarskipti	22
 Lög nr. 48/2004 breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993	19
 Samkeppnislög nr. 44/2005	22

Lög nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.

1. gr.	22
3. gr.	22

Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála

108. gr.	65
111. gr.	64
112. gr.	64
115. gr.	64
126. gr.	64
133. gr.	64
137. gr.	64
186. gr.	96
3. þáttur	64
5. þáttur	96

Lög nr. 38/2011 um fjölmiðla

1. gr.	19
2. gr.	12, 20
3. gr.	20
4. gr.	20
7. gr.	20, 22
10. gr.	20
11. gr.	22
14. gr.	20
36. gr.	51
48. gr.	23
50. gr.	20, 55, 86, 88
51. gr.	20, 55, 86, 88
59. gr.	52
62. gr.	23
IX. kafli	20, 119

Erlend lög

Dönsku grunnlögin, *grundloven* frá 1849

91. gr.	26
-----------------	----

Þýsk hegningarlög, <i>Strafgesetzbuch</i> frá 15. maí 1871	
186. gr.	78
Frönsk lög um frelsi fjölmiðla, <i>loi sur la liberté de la presse</i> frá 29. júlí 1881	
35. gr.	79
Eldri norsk hegningarlög, <i>lov om straff</i> frá 22. maí 1902 nr. 10 (niður fallin)	
249. gr.	74, 75, 79
Dönsk hegningarlög, <i>straffeloven</i> nr. 1007 frá 15. apríl 1930	
266. gr. c.	76
269. gr.	75
270. gr.	75, 76, 77
271. gr.	76, 77, 105
272. gr.	95
Sænsk hegningarlög, <i>brottsbalk</i> nr. 1962:700 frá 21. desember 1962	
1. gr. 5. kafla	78
Austurrísk hegningarlög, <i>Strafgesetzbuch</i> frá 23. janúar 1974	
113. gr.	114
Spænsk hegningarlög, <i>Codigo Penal</i> nr. 10/1995 frá 23. nóvember 1995	
208. gr.	79
Norsk hegningarlög, <i>lov om straff</i> frá 20. maí 2005 nr. 28	
266. gr.	75
267. gr.	75
Almenn lög Massachusetts-fylkis, <i>Massachusetts General Law</i>	
92. gr. 231. kafla	78
Annað	
Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn mála réttindi frá 1966	
19. gr.	30, 33

Mannréttindasáttmáli Evrópu

6. gr.	97
8. gr.	42, 43, 113, 116
10. gr.	25, 28, 30, 31, 32, 33, 35, 36, 37, 42, 44, 65, 66, 74, 83, 89, 113, 114, 119
13. gr.	97
II. kafli	29

Síðareglur Bláðamannafélags Íslands

1. gr.	7
6. gr.	23

Tilskipun Evrópuþingsins og –ráðsins nr. 2007/65/EB frá 11. desember 2007

um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur	19
---	----